



Landsbankinn

Ársskýrsla 2007

Lykiltölur úr ársreikningi

Rekstrarreikningur	Í milljónum evra		Í milljónum króna			
	2007	2007	2006	2005	2004	2003
Vaxtatekjur	2.306	202.095	133.102	66.437	34.252	21.871
Vaxtagjöld	1.689	148.044	91.611	43.441	19.517	12.540
Hreinar vaxtatekjur	617	54.052	41.491	22.996	14.734	9.331
Þjónustutekjur	516	45.247	32.459	18.479	10.234	6.959
Þjónustugjöld	67	5.878	4.092	1.754	1.344	843
Hreinar þjónustutekjur	449	39.369	28.366	16.726	8.891	6.116
Aðrar rekstrartekjur	189	16.605	19.568	21.257	9.842	3.535
Hreinar rekstrartekjur	1.255	110.025	89.426	60.978	33.467	18.982
Laun og tengd gjöld	430	37.688	24.458	12.682	7.794	5.656
Rekstrarkostnaður	226	19.827	14.130	8.284	6.667	5.158
Rekstrargjöld alls	656	57.515	38.588	20.967	14.460	10.815
Virðisrýrnun viðskiptavildar		0	0	3.033	0	0
Virðisrýrnun útlána og krafna og eigna í sölumeðferð	79	6.956	6.144	6.197	4.485	4.656
Hagnaður fyrir skatta	520	45.555	44.694	30.781	14.521	3.512
Tekjuskattur	64	5.605	4.479	5.764	1.798	457
Hagnaður ársins	456	39.949	40.215	25.017	12.723	3.055
Tilheyrandi:						
Hluthöfum Landsbanka Íslands hf.	443	38.800	38.906	24.740	12.574	2.956
Minnihluta	13	1.150	1.309	277	149	99
Efnahagsreikningur	2007	2007	2006	2005	2004	2003
Sjóður og innstæður í seðlabanka	890	81.559	31.669	16.611	18.237	11.642
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	1.778	162.929	215.618	86.919	72.060	37.130
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	22.070	2.022.738	1.438.395	984.593	542.215	326.400
Fjáreignir á gangvirði og hlutdeildarfélag	7.288	667.941	376.809	218.894	64.730	63.744
Aðrar eignir	1.335	122.379	110.432	98.443	39.900	9.323
Eignir samtals	33.361	3.057.546	2.172.924	1.405.460	737.141	448.239
Innlán frá fjármálafyrirtækjum	3.687	337.915	141.105	144.596	63.476	43.840
Innlán frá viðskiptavinum	15.509	1.421.410	682.846	334.163	215.730	152.320
Lántaka	9.121	835.985	1.014.976	689.989	375.084	209.357
Víkjandi lán	1.221	111.890	89.754	49.074	22.570	13.090
Aðrar skuldir	1.815	166.342	94.785	74.022	21.572	6.389
Eigið fé	1.964	180.008	144.282	110.059	37.705	22.382
Hlutdeild minnihluta	44	3.996	5.175	3.557	1.004	862
Skuldir og eigið fé samtals	33.361	3.057.546	2.172.924	1.405.460	737.141	448.239
Kennitölur		2007	2006	2005	2004	2003
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta		30,9%	40,3%	56,3%	57,2%	20,9%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta		27,1%	36,3%	45,8%	49,5%	17,6%
Eiginfjárfáttur A		10,1%	13,0%	11,9%	7,8%	6,9%
Eiginfjárlutfall (CAD)		11,7%	14,8%	13,1%	10,4%	9,9%
Hlutfall rekstrarkostnaðar af hreinum rekstrartekjum		52,3%	43,2%	34,4%	43,2%	57,0%
Hlutfall rekstrarkostnaðar af meðalstöðu heildarfrjármagns		2,2%	2,1%	2,0%	2,5%	3,0%
Vaxtamunur af meðalstöðu heildarfrjármagns		2,1%	2,3%	2,2%	2,6%	2,6%
Hlutfall innlána af útlánnum til viðskiptamanna		70,3%	47,5%	33,9%	39,6%	48,0%
Hlutfall innlána af heildareignum		46,5%	31,4%	23,8%	29,3%	34,0%
Hlutfall framlags í afskriftareikning af stöðu útlána í lok árs		0,32%	0,37%	0,58%	0,73%	1,47%
Hlutfall endanlegra afskrifta af lánnum og kröfum		0,07%	0,13%	0,19%	0,33%	0,55%
Gengi hlutabréfa í lok tímabils		35,50	26,50	25,30	12,10	5,80
Breyting hlutabréfaverðs að teknu t.t. arðgreiðslna		35,5%	5,9%	110,7%	110,3%	61,6%
Stöðugildi í lok tímabils		2.640	2.117	1.725	1.121	1.025
Myntgengi						
Meðalgengi ISK / EUR í rekstrarreikningi ársins		87,64	87,57	76,59	86,97	87,39
Meðalgengi ISK / EUR í efnahagsreikningi í lok árs		91,65	93,72	74,7	83,51	89,76

Efnisyfirlit

Áfram siglt þótt á móti blási	3
Vel í stakk búinn til að takast á við erfiða tíma	7
Efnahagsmál og fjármálamarkaðir	13
Fjármögnun og lausafjárstaða 2007	23
Áhættustýring	31
Starfsmannamál	51
Afkoma ársins 2007	55
Fyrirtækjaviðskipti	61
Fjárfestingabankastarfsemi	71
Einstaklingsviðskipti	77
Eignastýring og einkabankastarfsemi	83
Upplýsingar til hluthafa	87
Stjórnarhættir Landsbankans	93
Samfélagsleg ábyrgð	101
Upplýsingatæknisvið	106
Bankastjórar	108
Framkvæmdastjórar	109
Bankaráð	112
Framkvæmdastjórar dótturfyrirtækja og erlendra starfsstöðva Landsbankans	114
Skipurit Landsbankans	117
Ársreikningur 2007	119



ÓLÍKIR HEIMAR. EINN HEIMUR. – Gherkin í London. England.

Áfram siglt þótt á móti blási

Undanfarin fimm ár hafa verið þau alfarsælustu í 121 árs sögu Landsbankans. Þau hafa jafnframt verið fengsæl íslensku þjóðarbúi. Saman hafa farið umbætur og framkvæmdagleði heima fyrir og lengst af hagstæðar ytri aðstæður. Bankinn hefur nýtt meðbyrinn og vaxið hratt en örugglega. Hann hefur styrkt stöðu sína sem alhliða banki í þjónustu sinni við íslenskan almenn- ing og íslensk fyrirtæki eins og fram kemur í nýlegum könn- unum virtra aðila. Þar er bankinn eitt allra vinsælasta fyrirtæki landsins. Þá hefur bankinn eflt til mikilla muna fyrirtækja- og fjárfestingabankastarfsemi sína á alþjóðavísu. Á síðasta ári var opnað útibú í Finnlandi og skrifstofa í Hong Kong auk þess sem starfsemin var efld til mikilla muna í Noregi. Þá jók bank- inn starfsemi sína í Kanada með opnun nýrrar starfsstöðvar á slóðum Vestur-Íslendinga í Winnipeg í Manitoba.



*Björgólfur Guðmundsson,
formaður bankaráðs.*

En velgengnin hefur ekki komið af sjálfu sér. Þó að meðbyr hafi verið mikill fyrst eftir einkavæðingu bankanna fyrir rúmum fimm árum þá er ekki hægt að segja það sama um síðustu tvö árin.

Á árinu 2006 fór að gæta vaxandi tortryggni á alþjóðavettvangi vegna þess hve íslenskir bankar höfðu aukið umsvif sín hratt. Strax þá brást Landsbankinn við þeirri uppbyggilegu gagnrýni sem kom fram og styrkti grunnþætti starfsemi sinnar og jók gagnsæi og flæði upplýsinga. Á miðju síðasta ári fór síðan að bera á vaxandi óróa á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og minnkandi framboði lánsfjármagns. Allar götur síðan hafa markaðir einkennst af óvissu og ótta. Þeir sem bera ábyrgð á fjármunum hafa haldið að sér höndum og bankar hafa átt æ erfiðara með að fjármagna sig og því dregið úr útlánum og skuldbindingum. Þá hefur eftirspurn á verðbréfamörkuðum dregist saman með þeim afleiðingum að verðmæti eigna hefur rýrnað.

Eins og þeir sem muna tímanna tvenna í íslensku atvinnulífi vita, þá virðast öldutopparnir alltaf verða hærrí í íslensku efnahagskerfi en annars staðar þegar veðrabrigði eru á alþjóðamörkuðum. Svo er nú, eina ferðina enn. Þegar framboð á fjármagni var mikið á alþjóðamörkuðum reis vísitala hlutabréfa hvergi hærra í heiminum en á Íslandi og íslensk fyrirtæki fóru með ýmsum hætti að láta finna fyrir sér í samkeppni víða um heim. Og nú þegar saman hefur dregið á heimsmarkaði verður dýfan dýpri á Íslandi en annars staðar. Og þar erum við stödd um þessar mundir, - í öldudal. Íslenskt efnahagslíf er sterkt og rikulegar auðlindir lands og þjóðar skapa fjölmörg tækifæri til að viðhalda hagvexti til lengri tíma á sama tíma og jafnvægi er náð.

Landsbankinn hefur, eins og góðum banka sæmir, staðið af sér storma. Áfram hefur hann siglt að settu marki þó í tvö ár hafi á móti blásið og er ekki annað að sjá en að hann eflist við hverja raun.

Bankinn hefur sett sér markmið um ávöxtun eigin fjár um 15 – 17% eftir skatta og náði hann þeim og rúmlega það á síðasta ári þegar ávöxtunin var 27% sem er vel við unandi í ljósi andstreymis. Í fimm ár samfleytt hefur Landsbankinn farið fram úr markmiðum sínum um ávöxtun eigin fjár en hún hefur að meðaltali verið 36% eftir skatta á því tímabili. Þá hefur samþætting allra starfseininga bankans í 16 löndum gengið vonum framar og stendur Landsbankinn nú traustum fótum og er vel undir áframhaldandi vöxt búinn, einkum erlendis.

Landsbankinn er eitt fjölmennasta almenningshlutafélag á Íslandi en hluthafar voru 27.753 við lok síðasta árs. 30 stærstu hluthafar eru nær flestir fagfjárfestar, þar á meðal fjárfestingarfélag, tryggingafélag og lífeyrissjóðir. Landsbankinn var næststærsta félagið sem skráð var í Kauphöll Íslands á liðnu ári, og var markaðs-

virðið 397,3 milljarðar íslenskra króna í lok árs 2007. Jókst það um 36,1% á árinu sem var yfir meðallagi 15 stærstu fyrirtækjanna í Kauphöllinni. Ávöxtun bréfa í Landsbankanum hefur verið að meðaltali 51,2% á ári síðustu þrjú árin. Hlutabréfin í Landsbankanum eru með þeim seljanlegustu og liflegustu í kauphöllinni en að meðaltali voru um 42 milljón bréf seld á hverjum degi á síðasta ári.

Landsbankinn, banki allra landsmanna, hefur að mínum dómi sýnt í verki á síðustu mánuðum að hann verðskuldar þann sess sem hann hefur ítrekað hlotið, að vera eitt traustasta fjármálafyrirtæki landsins.

Landsbankinn hefur staðfest Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð, Kauphöll Íslands og SA hafa gefið út til að leiðbeina skráðum fyrirtækjum og stjórnnum þeirra í samskiptum sínum við hluthafa og stuðla að trúverðugleika skráðra fyrirtækja gagnvart verðbréfamarkaðnum.

Landsbankinn uppfyllir ákvæði tilmælanna um skipan stjórnar. Allir fimm aðalmenn í bankaráði eru óháðir félaginu í skilningi tilmælanna og þrír eru óháðir bæði félaginu og stærstu hluthöfum. Þá leggur bankinn sig fram um uppbyggilega samvinnu við fjármálaeftirlit á hverju því svæði sem bankinn starfar á.

Landsbankinn gegnir veigamiklu hlutverki í íslensku samfélagi. Höfuðábyrgð bankans er að tryggja ábatasaman rekstur og veita viðskiptavinum sínum örugga og sífellt betri þjónustu. Þar að auki leggur bankinn sitt af mörkum til að efla og styrkja það samfélag sem hann starfar í enda veitir ekkert fyrirtæki á Íslandi meiri fjármunum til að styðja menningu, menntun, íþróttir og mannúðarmál. Þá tekur bankinn þátt í endursköpun miðborgar Reykjavíkur m.a. með uppbyggingu tónlistarhúss við höfnina. Hjá fámennri þjóð geta stór og öflug fyrirtæki átt mikinn þátt í að skapa lifandi og skemmtilegt samfélag þar sem allir eru hvattir til að hlúa að mannauði framtíðar

Ég vil óska öllu starfsfólki og hluthöfum Landsbankans til hamingju með enn eitt árangursríkt ár sem að þessu sinni var erfiðara en oftast áður. Lið Landsbankans, hvar sem það er að finna í veröldinni, hefur staðið sig með sóma enn einu sinni og fyrir það er ég þakklátur. Ég vona að framtíðin beri áfram í skauti sér áskoranir, gleði og ríkulega uppskeru fyrir öll okkar sem komum að Landsbankanum.



Björgólfur Guðmundsson
Formaður bankaráðs



ÓLÍKIR HEIMAR. EINN HEIMUR. – Minnimerki um Sibelius. Finland.

Vel í stakk búinn til að takast á við erfiða tíma

Það þarf sterk bein til að þola vonda daga. Þrátt fyrir að stemmningin á alþjóðlega fjármálasviðinu hafi breyst skyndilega í ágúst 2007 skilaði Landsbankinn mjög góðum árangri árið 2007. Hagnaður eftir skatta var 39,9 milljarðar króna sem jafnaðist næstum á við methagnað bankans árið 2006, 40,2 milljarða króna, og arðsemi kjarnastarfsemi bankans efldist til muna. Grunnafkoma bankans hækkaði í 34,7 milljarða króna sem er 21% hækkun milli ára.



*Sigurjón Þ. Arnason og
Halldór J. Kristjánsson,
bankastjórar Landsbankans.*

Grunnaðfokoma – hagnaður fyrir skatta

í milljónum króna	2007	2006
Leiðréttingar		
Hreinar vaxtatekjur	5.753	3.640
Hreinn hagnaður af hlutabréfum, skuldabréfum og gjaldreyri	(16.605)	(19.568)
Virðisrýrnun viðskiptavildar	0	0
	(10.852)	(15.929)
Grunnaðfokoma		
Hreinar vaxtatekjur	59.804	45.131
Hreinar þjónustutekjur	39.369	28.366
	99.173	73.497
Rekstrargjöld	57.515	38.588
Virðisrýrnun útlána	6.956	6.144
	34.703	28.765
Hagnaður fyrir skatta		
Kostnaðarhlutfall	58%	53%
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta – grunnaðfokoma	24%	26%


Innlán umbreyta efnahagsreikningnum

Undirmálslánakreppan í Bandaríkjunum og lausafjárþurrðin sem fylgdi í kjölfarið hafa haft bein og óbein áhrif á fjármálastofnanir um allan heim. Óvissa og svartsýni valda miklum sviptingum á markaði. Landsbankinn hefur búið sig vel undir þetta með því að styrkja verulega fjármögnunargrunn sinn og draga mjög úr vægi markaðsfjármögnunar en leggja þeim mun meiri áherslu á almenn innlán. Hann er því vel í stakk búinn til að takast á við erfiða tíma. Hlutfall innlána af heildarútlánnum hefur hækkað í 70% sem setur Landsbankann í öfundsverða stöðu. Ákvörðun um aukna áherslu á innlán var andsvar við því að markaðsgreinendur höfðu áhyggjur af íslensku efnahagslífi í byrjun árs 2006 og reyndist tímabær þar sem hún gerði Landsbankann sjálfstæðari gagnvart erfiðum fjármálamörkuðum. Margar nýjungar tókust vel, sérstaklega stofnun Icesave netreikninga á breskum smásölumarkaði, og leggja þær traustan grunn þar sem Landsbankinn getur leitað nýrra tækifæra í breyttu fjármálaumhverfi. Í árslok 2007 bauð Icesave upp á bundna innlánsreikninga og í árslok voru 14% af heildarinnlánum Icesave í bundum reikningum.


Í árslok 2007 var lausafjárstaða Landsbankans mjög góð. Lausafjäreignir numu 8,97 milljörðum evra á meðan endurgreiðslur af langtímalánnum á gjalddaga árið 2008 eru aðeins 749 milljónir evra. Landsbankinn á nægilegt lausafé til að þola auðveldlega lokun fjármagnsmarkaða í meira en 12 mánuði án þess að það kæmi niður á rekstrinum.

Hagnaður Landsbankans eftir skatta árið 2007 var 39,9 milljarðar króna. Hreinar rekstrartekjur voru 110,0 milljarðar króna en það er 23% aukning milli ára. Tekju-myndun er vel dreifð bæði eftir tegundum og löndum. Hreinar vaxtatekjur og hreinar þjónustutekjur mynda saman 85% af hreinum rekstrartekjum og staðfestir það hve góður og staðfastur hagnaðurinn er. Tekjur frá starfseminni utan Íslands voru 46% af heildartekjum. Þar af voru 19% frá meginlandi Evrópu og Norðurlöndum, 20% frá Bretlandi og Írlandi og það sem eftir er frá Landsbanki Luxembourg og Norður-Ameríku.


Hagnaður fyrir skatta



Hagnaður eftir skatta



Heildareignir



Hagnaður af grunnbankastarfsemi, þ.e. fyrir utan gengismun vegna verðbréfa, var 34,7 milljarðar króna. Á meðan virk þátttaka á verðbréfamörkuðum er hluti af starfsemi Landsbankans ber þessi tala vott um mikinn hagnað jafnvel þó að hagnaður af viðskiptum með eigin hlutabréf sé ekki talinn með.

Öll viðskiptasvið greindu frá myndarlegum hagnaði. Hluti Fyrirtækjasviðs var 51% af hreinum hagnaði bankans fyrir skatta, hlutur fjárfestingabanka var 26%, hlutur Eignastýringar og einkabankapjónustu 7% og viðskiptabankastarfsemi 16%. Heildareignir voru samtals 3.058 milljarðar króna og jukust um 41% frá síðasta ári.

Landsbankinn náði vel arðsemismarkmiði sínu upp á 15–17% arðsemi eigin fjár árið 2007 en arðsemi eigin fjár var 27% eftir skatta og arðsemi eigin fjár fyrir skatta miðað við grunntekjur var 24%.

Varkár stefna í áhættustýringu

Á undanförunum árum hefur Landsbankinn smám saman dregið úr markaðsáhættu og breytt samsetningu á hlutabréfasafni sínu. Hlutabréfastöður í efnahagsreikningi bankans voru 2,1% í árslok, vel fyrir neðan 3% markið sem sett var árið 2006 og miklu lægri en þær voru fyrr á árum. Innlend hlutabréf eru nú aðeins þriðjungur hlutabréfasafnsins og tveir þriðju af þeim eru skráð hlutabréf.

Taka skal fram að Landsbankinn hefur ekki neinar áhættuskuldbindingar í tengslum við ótrygg fasteignalán eða skuldavafninga af neinu tagi.

Bankinn hefur gott áhættueftirlit og er forsjáll varðandi framlög í afskriftareikning útlána. Í árslok nam virðisrýrnunarreikningur 1,02% af útlánum.


Eigið fé Landsbankans er í íslenskum krónum en meira en 60% af áhættuvegnum eiginfjárgrunni bankans er í erlendri mynt. Til að verja eigið fé gagnvart gengissveiflum hefur bankinn byggt upp 1,2 milljarð evra stöðu á móti krónunni árið 2007 til að viðhalda stöðugu eiginfjárhlutfalli þegar krónan sveiflast.

Bankinn er vel yfir lögbundnu lágmarki um eigið fé og lausafé og stenst vel ströng álagsspróf Fjármálaeftirlitsins. Eiginfjárhlutfall Landsbankans er í raun með því hæsta sem gerist hjá evrópskum bönkum.


Arðsemi og eigið fé – markmið

Markmið Landsbankans um arðsemi og eiginfjárhlutfall endurspeglar tvíþætt hlutverk hans sem alhliða banki á Íslandi og alþjóðlegur fyrirtækja- og fjárfestingabanki.


Eiginfjárhlutfall samkvæmt eiginfjárákvæðum laga (CAD)




Eigið fé



Arðsemi eigin fjár fyrir skatta



Arðsemi eigin fjár eftir skatta



Bankinn hefur sett skýr markmið um arðsemi – sem hefur alltaf verið umfram væntingar – og um áhættu, eigið fé og lausafé – en þar hefur hann verið vel innan skilgreindra marka.

- Markmið um arðsemi eigin fjár bankans er 15–17%. Síðustu fimm ár hefur Landsbankinn farið langt fram úr þessum markmiðum. Árið 2007 var arðsemi eigin fjár fyrir skatta 31% og eftir skatta 27%.
- Eiginfjárhlutfall ætti ekki að vera lægra en 10%. Í lok síðasta árs var þessi tala 11,7% og eiginfjárpáttur A 10,1%.
- Bankinn á að hafa lausafé til að mæta skuldbindingum og halda óbreyttri starfsemi í allt að 12 mánuðum þótt fjármagnsmörkuðum væri lokað. Bankinn nær þessu markmiði auðveldlega, eins og nýjustu álagspróf eftirlitsaðila og matsfyrirtækja hafa staðfest.

Árangursríkt viðskiptamódel

Landsbankinn hefur breyst úr innlendum viðskiptabanka í gífurlega arðbæran viðskipta- og fjárfestingabanka með starfsemi austur til Evrópu og vestur yfir Atlantshaf. Bankinn hefur fylgt yfirvegaðri stefnu og hefur stækkun bankans að mestu leyti verið innri vöxtur sem næst með því að kaupa valda, litla fjárfestingabankastarfsemi í Bretlandi, á Írlandi og meginlandi Evrópu. Þessi starfsemi hefur síðan verið grunnur að framboði á fjölbreyttari bankaþjónustu fyrir markhópin, millistór evrópsk fyrirtæki. Landsbankinn sérhæfir sig í að veita fyrirtækjum af þessari stærð, sem áður þurftu að leita sér þjónustu á mörgum stöðum, heildstæða þjónustu sem er sambærileg við þá sem stórir fyrirtækjaþjónustubankar veita.

Áframhaldandi samþætting á starfsemi Landsbankans og dótturfélaga hans var meginviðfangsefni árið 2007. Í maí eignaðist Landsbankinn Bridgewell, breskan verðbréfa- og fyrirtækjabanka, en starfsemi hans var strax sameinuð Teather & Greenwood Landsbanki til að mynda Landsbanki Securities UK Ltd. Starfsemi fyrirtækjaráðgjafar í London, sem áður var skipt milli útibús Landsbankans í London og dótturfyrirtækisins, var sameinuð í eitt svið. Þessi breyting hefur eflt starfsemiina í London, bætt verkefnastöðuna og gert henni kleift að taka að sér verðmeiri verkefni. Krosssala milli starfseininga hefur leitt til nýrra viðskipta en um leið veitt núverandi viðskiptavinum heildstæðari þjónustu.

Í dótturfyrirtækjum okkar í Evrópu voru vörumerki samþætt. Kepler Landsbanki gegnir nú nafninu Landsbanki Kepler og Merrion Capital er nú Merrion Landsbanki. Banki okkar í Bretlandi, sem sér um sérhæfða fjármögnun, hefur líka fengið nafn Landsbankans og heitir nú Landsbanki Heritable.

Landsbankinn opnaði nýtt fyrirtækja- og fjárfestingaútibú í Finnlandi í ágúst. Í október var opnuð skrifstofa í Hong Kong og starfsemi okkar í Noregi var eflað með ráðningu tuttugu og fimm manna starfshóps reyndra greinenda og sérfræðinga í fjárfestingabankastarfsemi.

Að sigla á ókunnum slóðum

Niðursveifla í heimsbúskapnum hefur að vonum einhver áhrif á starfsemi bankans árið 2008. Horfur í efnahagslífi heimsins eru ekki eins bjartar og þær hafa verið, aðallega vegna óvissu á fasteignamarkaði tengdri útlánastarfsemi sem enn á eftir að leysa.

Eins og við mátti búast er íslenskt efnahagslíf að ná jafnvægi eftir af hafa vaxið gríðarlega og mun þetta ár bera þess nokkur merki. Þrátt fyrir alþjóðavæðingu og vaxandi fjármálastarfsemi á undanförunum árum er mikilvægt að hafa í huga að íslenskt efnahagslíf grundvallast á greinum sem verða ekki fyrir áhrifum af núverandi niðursveiflu á markaði, eins og matvælaframleiðu og tækni ásamt framleiðslu og nýtingu orku. Skuldastaða ríkissjóðs er sterk með hverfandi skuldir og lífeyriskerfi sem er að fullu fjármagnað með framlögum.

Lausafjár- og eiginfjárstaða Landsbankans er sterk og endurgreiðsla á lánum á gjalddaga árið 2008 er mjög viðráðanleg. Eignir eru traustar og bankinn hefur engar áhættuskuldbindingar í tengslum við undirmáslán í Bandaríkjunum eða skuldavafninga af neinu tagi. Landsbankinn er því í öfundsverðri stöðu þegar hann siglir nú um ókunna slóðir á fjármálamörkuðum heimsins. Á yfirstandandi ári mun verða meiri samþjöppun og samþætting í starfsemi bankans. Núverandi markaðsaðstæður munu líklega takmarka vöxt og umfang efnahagsreiknings. Frekari þróun innlánastarfsemi á völdum evrópskum mörkuðum mun styrkja grunninn enn frekar. Meðan Landsbankinn bíður af sér storminn mun hann leita leiða til hagræðingar, með því að ná samlegðaráhrifum í starfsemi sinni.


Samkvæmt spám mun á næstunni hægjast um í fjárfestingabankastarfsemi þar sem ekki er gert ráð fyrir að sú blómlega starfsemi, sem einkennt hefur undanfarin ár, muni haldast til frambúðar. Búast má við að endurmat áhættu á fjármálamörkuðum heimsins geti orðið til þess að sjónum verði beint að hefðbundinni bankastarfsemi. Slíkt umhverfi mun verða hagstætt fyrir stofnun eins Landsbankann en styrkur hans felst einkum í fyrirtækjabankastarfsemi og sérhæfðri útlánastarfsemi.

Bankastjórar Landsbankans


Halldór J. Kristjánsson


Sigurjón Þ. Árnason

Gengisþróun hlutabréfa í Landsbankanum og þróun Úrvalsvisitölnunnar



Heimild: Mentis hf.



ÓLÍKIR HEIMAR. EINN HEIMUR. – Chur. Sviss.

Efnahagsmál og fjármálamarkaðir

Á fyrri hluta ársins 2007 voru aðstæður á fjármálamörkuðum Landsbankanum hagstæðar, vöxtur var stöðugur og almenn bjartsýni ríkjandi. Á sama tíma dró úr umsvifum á fasteignamörkuðum víða um heim eins og vænst hafði verið. Þegar leið á árið komu fram vandamál vegna hratt vaxandi greiðslubyrði svokallaðra undirmáslána í Bandaríkjunum þegar vextir á þeim hækkuðu verulega. Með haustinu breytti undirmáslánakreppan í Bandaríkjunum aðstæðum á mörkuðum verulega; fjármögnunarkostnaður hækkaði og í kjölfarið fór eignaverð lækkandi. Þrátt fyrir þetta var vöxtur í íslenska hagkerfinu umfram spár en almennt hafði verið reiknað með því að verulega myndi hægja á hagkerfinu á árinu.


Mikill vöxtur var enn í fjárfestingum öðrum en stóriðju sem og einkaneyslu sem var knúin áfram af vaxandi kaupmætti og auðsáhrifum. Nú lítur út fyrir að hagvöxtur á árinu 2007 hafi verið tæplega 4%. Viðskiptahallinn minnkaði á árinu í kjölfar þess að innflutningur fjárfestingarvara dróst saman og álútflutningur fór vaxandi. Vextir af íbúðalánnum hækkuðu á árinu og undir lok árs sáust merki um minnkandi umsvif á innlendum fasteignamarkaði. Fjármögnunarkostnaður hér á landi hækkaði eins og víðar en versnandi lánskjör má rekja til aukinnar áhættufælni í kjölfar undirmáslánakreppunnar.

Íslenska hagkerfið

Búist var við minnkandi hagvexti árið 2007 eftir áralanga uppsveiflu. Hagvöxtur árið 2007 virðist hins vegar hafa verið vel yfir flestum spám, eða 3,8%. Í upphafi árs bentu ýmsar vísbendingar til þess að hægt hefði á hagkerfinu en á öðrum ársfjórðungi hafði hagkerfið tekið við sér á nýjan leik og innlend eftirspurn jókst á ný.


Fjárfesting í álframleiðslu og tengdum orkuverum minnkaði á árinu þótt samdrátturinn hafi verið hægari en búist hafði verið við vegna tafa á byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Fjárfesting í húsnæði jókst áfram á meðan húsnæðisverð hækkaði hratt þar til 12 mánaða aukning hennar náði 15% í lok árs.

Hagvöxtur á Íslandi




*Bráðabirgðatölur Heimild: Hagstofa Íslands

Vísitala neysluverðs



— Vísitala neysluverðs
 - - - Vísitala neysluverðs án húsnæðis
 Heimild: Hagstofa Íslands

Viðskiptajöfnuður á Íslandi, % af VLF



*Bráðabirgðatölur **Spá
 Heimild: Seðlabanki Íslands og Fjármálaráðuneyti

Fjárfestingar umfram væntingar og áframhaldandi vöxtur einkaneyslu héldu uppi innflutningi. Útflutningur jókst auk þess verulega, sérstaklega á þjónustu og áli. Álútflutningur var þó undir væntingum vegna seinkunar á því að framleiðsla gæti hafist á Reyðarfirði, eins og minnst var á hér að ofan.

Viðskiptahallinn árið 2007 var 15,6% af landsframleiðslu samanborið við 25,4% af landsframleiðslu metárið 2006. Aðlögun viðskiptahallans að jafnvægi hefur verið nokkuð hægari en vonast hafði verið til en frekari bata er að vænta árið 2008 þegar útflutningur á áli mun aukast vegna aukinnar framleiðslu.

Nokkrir mikilvægir þættir, bæði hagsveiflutengdir og tölfraðilegir, virðast hafa ýkt viðskiptahallann á árunum 2006 og 2007. Innflutningur vegna stóriðjuþjófninga skýrir stóran hluta hallans. Þessi innflutningur á fjárfestingarvörum mun þegar fram líða stundir auka framleiðslugetu hagkerfisins og útflutningstekjur þess. Breytingar á húsnæðislánamarkaði, hækkandi íbúðaverð, endurfjármögnun og að lokum aukin neysla á varanlegum og hálf-varanlegum vörum standa einnig fyrir stórum hluta hallans. Hallinn, sem af þessu leiðir, er tímabundið ójafnvægi sem mun krefjast einhverrar aðlögunar. Staðlaðar aðferðir við skráningu þáttatækna skekktu myndina enn frekar. Útgjöld vegna vaxtar íslenskra banka og annarra fyrirtækja á erlendum mörkuðum, fjölgun íslenskra eignarhaldsfélaga sem skráð eru erlendis, vöxtur lífeyrissjóðakerfisins og íslenskra eignarhaldsfélaga juku verulega við viðskiptahallann. Á sama tíma virðast tekjur af þessum þáttum vera vantaldar.


Aukin fjölbreytni hefur styrkt hagkerfið á undanförunum árum. Þessi þróun hefur aukið sveigjanleika hagkerfisins gagnvart framboðsskellum sem hafa hingað til verið helsta orsök efnahagslegs óstöðugleika. Þetta kom vel í ljós sumarið 2007 þegar veiðiheimildir fyrir þorsk og aðrar fisktegundir voru skornar verulega niður í samræmi við ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar. Fyrir aðeins örfáum árum hefði krónan fallið skarpt í kjölfar slíkra fréttu en að þessu sinni voru áhrifin á krónuna hverfandi. Aukið vægi framleiðslugreina, ferðaþjónustu og fjármálaþjónustu í þjóðartekjum til viðbótar við sjávarútveg gera hagkerfinu kleift að standast staðbundin áföll betur en áður.

Hagvöxtur ársins 2007 skýrðist af miklum vexti í byggingarstarfsemi, hækkandi íbúðaverði, vaxandi kaupmætti launa og verulegri einkaneyslu. Atvinnuleysi var 1,3% í upphafi árs. Það minnkaði jafnt og þétt og var 0,8% í lok árs eða að meðaltali 1% á árinu. Þrátt fyrir að launakostnaður hækkaði hæggar en laun vegna mikils innflutnings á vinnuafli, sem kom til móts við mikla eftirspurn, settu þessar aðstæður þrýsting á innlent verðlag. Hlutfall erlendra ríkisborgara í vinnuafli hefur næstum tvöfaldast á undanförunum þremur árum og hækkað frá tæplega 5% í nærri 10% árið 2007.

Metafgangur var af rekstri ríkissjóðs árin 2005 og 2006 þegar hann nam 4,5% og 5,3% af vergri landsframleiðslu (VLF). Rekstur hins opinbera (þ.m.t. sveitarfélög) skilaði líka 6,3% afgangi af VLF árið 2006. Undir lok árs 2007 voru vergar skuldir ríkissjóðs samtals 302 milljarðar króna eða um 24% af VLF. Þar af voru 155 milljarðar í erlendum gjaldmiðlum. Þar er meðtalið lán upp á 1 milljarð evra sem tekið var árið 2006 til þess að styrkja Seðlabankann. Lánið er á gjalddaga árið 2011. Auk þess nýtti ríkið 44 milljarða af uppsöfnuðum afgangi til þess að styrkja Seðlabankann enn frekar árið 2007 með því að auka eigið fé hans. Þar fyrir utan átti ríkissjóður innistæður í Seðlabankanum sem námu 94 milljörðum króna í árslok 2007. Aðeins litlum hluta þessa afgangshafur verið varið til þess að vinna gegn neikvæðum áhrifum minnkandi aflaheimilda. Ríkisstjórnin áætlað að á árinu 2007 nemi afgangurinn 4% af vergri landsframleiðslu.

Þótt erlendar skuldir ríkissjóðs séu frekar litlar þá hafa heildarskuldir þjóðarbúsins vaxið verulega undanfarin ár. Skuldarnar voru orðnar yfir 500% af VLF við lok þriðja ársfjórðungs 2007. Þær höfðu þá vaxið úr 105% af VLF við árslok 2000 og 135% af VLF árið 2003. Stærstur hluti þessarar aukningar er vegna fjármálastofnana sem hafa – frá því einkavæðingu þeirra lauk árið 2003 – aukið við starfsemi sína erlendis með góðum árangri. Sameiginlegur efnahagsreikningur stærstu viðskiptabankanna hækkaði úr 180% af VLF árið 2003 í 900% við árslok 2007. Í lok september 2007 komu 55% af tekjum þeirra erlendis frá. Um 85% af erlendum skuldum þjóðarbúsins við lok þriðja ársfjórðungs 2007 eru á vegum bankanna, þar af eru um 2/3 langtímaskuldir og 1/4 innlán. Í skýrslu Seðlabankans, Peningamálum 2008:1, er hrein erlend staða þjóðarbúsins endurmetin og miðað við markaðsverð fremur en bókfært verð eigna og skulda. Samkvæmt þeirri rannsókn er erlend staða þjóðarbúsins neikvæð um tæplega 30% af VLF, en ekki 120% eins og opinberar tölur hafa áður sýnt.

Bein erlend fjárfesting % af VLF



Heimild: Seðlabanki Íslands

Gengisvísitala krónunnar



Heimild: Seðlabanki Íslands

Gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum

Mynt	Vægi í gengisvísitölu*	31.12. 2006	31.12. 2007	Breyting í %
EUR	41,14%	94,610	91,200	26,65%
USD	23,03%	71,830	62,000	13,78%
GBP	12,10%	140,980	124,290	29,52%
DKK	8,13%	12,687	12,230	26,69%
NOK	6,04%	11,453	11,442	22,57%
SEK	3,87%	10,446	9,685	31,48%
JPY	3,38%	0,604	0,553	12,41%
CHF	1,21%	58,870	55,110	22,57%
CAD	1,10%	61,890	64,170	14,00%

*Samsetning gengisvísitölu krónunnar

Heimild: Seðlabanki Íslands


Landsframleiðsla á íbúa í völdum löndum 2006 í USD, miðað við kaupmáttarjafnvægi

Land	VLÍ á íbúa	Staða*
Lúxemborg	81.511	1
Írland	44.676	2
Noregur	44.648	3
Bandaríkin	43.223	4
Ísland	40.112	5
Sviss	38.706	7
Holland	36.937	8
Danmörk	36.920	9
Finnland	35.559	12
Kanada	35.514	13
Bretland	35.486	14
Svíþjóð	34.735	16
Japan	32.530	21
Frakkland	31.825	22
Þýskaland	31.390	24
Ítalía	31.051	25
Spánn	27.914	28

*Staða á lista 180 landa

Heimild: IMF, World Economic Outlook Database, okt. 2007

Mánaðar REIBOR vextir og stýrivextir Seðlabanka Íslands



Heimild: Seðlabanki Íslands

Íslenskum bönkum hefur á undanförunum árum tekist að auka fjölbreytni í fjármögnun með aukinni áherslu á innlánatöku, sérstaklega í erlendum starfstöðvum. Þessi þróun, sem hófst árið 2006 og hélt áfram árið 2007, hefur styrkt lausafjárstöðu bankanna. Þrátt fyrir hverfandi þátttöku í undirmálslánnum, samsettum fjármögnunarafurðum (e. SIV) eða öðrum áhættusömum skuldavafningum hafa bankarnir orðið fyrir neikvæðum áhrifum af aukinni áhættufælni á alþjóðamörkuðum. Vaxtaálag á íslensku bankana hækkaði samhliða álagi annarra evrópskra banka. Þetta gerðist þrátt fyrir að íslensku bankarnir hefðu bætt fjármögnun sína verulega í tengslum við smákreppuna árið 2006 sem átti að miklu leyti rætur að rekja til þess að útlendingar fengu ekki nógu ítarlegar upplýsingar um íslensk efnahagsmál. Áhyggjur af undirmálslánnum komu aftur fram af fullum þunga í október þegar margir helstu alþjóðlegu bankarnir tilkynntu að þeir bæru meiri vanskilaáhættu vegna ýmissa skuldabréfavafninga en áður hafði verið tilkynnt eða áætlað. Millibankavextir hækkuðu á nýjan leik með vaxandi áhyggjum af umfangi þessara vandamála og olli það lánaþurrð á millibankamarkaði. Vaxtaálag íslensku bankanna hækkaði meira en áður var talið mögulegt.

Í mars 2007 lækkaði matsfyrirtækið Fitch Ratings lánshæfismat ríkissjóðs úr AA-/F1+ í A+/F1 vegna aukins ytra ójafnvægis hagkerfisins. Moody's staðfesti Aaa/P-1 lánshæfismat sitt með stöðugar horfur í ágúst. Í nóvember breytti hins vegar Standard & Poor's mati sínu á horfum ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar en staðfesti einkunnina A+/A-1. Japanska matsfyrirtækið R&I birti fyrsta mat sitt á lánshæfi ríkissjóðs í júní. Fyrirtækið gaf ríkissjóði einkunnina AA+ með stöðugum horfum.

Íslenskur fjármálamarkaður

Seðlabankinn hækkaði stýrivexti einu sinni árið 2007, þann 1. nóvember, um 0,45% í 13,75%. Bankinn tilkynnti þá einnig um viðbótavaxtaákvörðunardag þann 20. desember en hélt vöxtum óbreyttum þrátt fyrir slæmar verðbólguhorfur. Ákvörðun bankans var rökstudd með tilvísun til versnandi aðstæðna á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og væntinga um að lækkandi húsnæðisverð myndi draga úr verðbólgu. Í marsmánuði 2007 breytti Seðlabankinn framsetningu verðbólguþáttar bankans þannig að grunnverðbólguþátturinn byggir nú á stýrivaxtaferli sem sérfræðingar bankans telja samrýmast hjöðnun verðbólgu í 2,5% verðbólguþáttar bankans á þriggja ára spátímabili. Auk þess breytti bankinn framsetningu á stýrivöxtum úr ávöxtun á ári til forvaxta til þess að auðvelda alþjóðlegan samanburð.


Í upphafi árs 2007 voru þriggja mánaða millibankavextir (e. REIBOR) yfir 15% vegna lausafjárskorts. Vextir lækkuðu svo í 14% í mars þegar framboð á fjármagni jókst á ný. Með versnandi ástandi á alþjóðlegum lánamörkuðum og hækkun innlendra stýrivaxta hækkuðu þriggja mánaða millibankavextir á nýjan leik og voru í

lok árs um 14,3%. Hinn mikli skammtíavaxtamunur milli Íslands og helstu viðskiptalanda minnkaði hratt í lok fyrsta ársfjórðungs með lækkandi þriggja mánaða vöxtum á millibankamarkaði. Vaxtamunurinn milli krónu og evru var 9,5% í árslok 2007.

Velta á gjaldeyrismarkaði var 5.103 milljarðar króna árið 2007 og jókst því um 16,2% frá fyrra ári eftir riflega 100% árlegan vöxt árin tvö þar á undan. Aukið flökt frá seinni hluta júlí örvaði veltu á gjaldeyrismarkaði og varð til þess að veltumet voru slegin í ágúst þegar veltan var 737 milljarðar króna og í nóvember þegar veltan nam 655 milljörðum króna.

Hár og viðvarandi vaxtamunur við útlönd ýtti undir útgáfu jöklabréfa í ársbyrjun 2007 og var sett met í útgáfu slíkra bréfa fyrir 71,5 milljarð í janúar. Verulega hægdist á útgáfunni á seinni hluta ársins þegar áhættufælni á alþjóðamörkuðum jókst. Jöklabréf fyrir 86 milljarða króna féllu á gjalddaga í september en aldrei fyrr hafa jöklabréf fyrir jafnháa upphæð verið á gjalddaga í einum mánuði. Áhrifin á gengi krónunnar voru þrátt fyrir það hverfandi. Heildarupphæð útistandandi jöklabréfa hækkaði þó árið 2007 þar sem bréf voru gefin út fyrir samtals 278 milljarða á meðan bréf fyrir 173,8 milljarða féllu á gjalddaga. Í árslok var heildarupphæð útistandandi jöklabréfa 376 milljarðar.

Jöklabréf




Ávöxtunarkrafa RIKB 13 ríkisbréfa



Heimild: Mentis hf.

Ávöxtunarkrafa HFF 14 og HFF 44 íbúðabréfa



Heimild: Mentis hf.

Krónan styrktist um 7% í janúar 2007 samkvæmt gengisvísitölunni. Krónan hélt áfram að styrkjast og í lok júlí hafði gengi hennar hækkað um 17% frá ársbyrjun. Krónan breytti svo um stefnu við upphaf alþjóðlegu undirmáslánakreppunnar þegar aukin áhættufælni á alþjóðamörkuðum dró úr áhuga á hávaxtamýntum. Breyttum áherslum fjárfesta fylgdi svo aukið flókt. Við árslok 2007 var krónan þó enn 7,7% yfir upphafsgildi ársins.

Ávöxtunarkrafa allra markflokka skuldabréfa hækkaði verulega árið 2007, ekki síst eftir að Seðlabankanum tókst að ýta upp vaxtavæntingum með nýrri framsetningu verðbólguþáttar og 45 punkta hækkun stýrivaxta í nóvember. Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa fór hækkanandi stærstan hluta ársins 2007 og einkenndist þróunin af verulegu flókti. Ávöxtunarkrafa tveggja ára ríkisbréfa hækkaði um 335 punkta (RIKB 08 0613) og 316 punkta (RIKB 08 1212) og krafa lengsta flokksins, RIKB 13, um 156 punkta. Alls voru gefnir út 15 milljarðar króna í nýjum flokki ríkisbréfa, RIKB 09, en annað ríkisbréf, RIKB 07, féll á gjalddaga fyrr á árinu.

Ávöxtunarkrafa verðtryggðra markflokka skuldabréfa, íbúðabréfa Íbúðalánasjóðs, hækkaði verulega á árinu. Mest hækkaði krafa stysta flokksins, HFF14, um 122 punkta og var krafan í lok árs 7,32%. Ávöxtunarkrafa lengsta flokksins, HFF44, hækkaði um 76 punkta og var 4,89% við árslok. Íbúðalánasjóður gaf á árinu út ný bréf í lengstu flokkunum sínum, fyrir 46,7 milljarða í HFF44 og 1,1 milljarð í HFF34.

Miklar sveiflur voru á verði hlutabréfa á árinu. OMXI15-vísitalan hækkaði um 40% á fyrri helmingi ársins áður en hún tók að falla á síðari helmingi ársins. Í lok 2007 var vísitalan 1,4% undir upphafsgildi ársins. Niðursveiflan var leidd af lækkandi verði hlutabréfa í fjármála- og fjárfestingarfyrirtækjum. Hlutabréf í Landsbankanum stóðu sig betur en annarra fjármálafyrirtækja yfir árið. Mikið flókt átti ríkan þátt í því að nýtt met var slegið á hlutabréfamarkaði með veltu upp á 3.078 milljarða króna sem er 40% aukning milli ára. Stór hluti þessa var vegna yfirtöku og afskráningar á Actavis Group í júlí. Velta á skuldabréfamarkaði jókst um 7% milli ára og nam 2.430 milljörðum króna.

Í árslok 2007 voru 27 fyrirtæki skráð á OMX Nordic Exchange á Íslandi (áður ICEX). Heildarmarkaðsvirði þeirra var 2.500 milljarðar. Þar af eru 11 bankar og önnur fjármálafyrirtæki sem standa fyrir 81% af heildarmarkaðsvirði skráðra fyrirtækja. Það er aukning frá 67% árið 2006. Fjögur fyrirtæki voru nýskráð á markaðinn árið 2007 og tvö voru afskráð. Auk þess er unnið að afskráningu tveggja annarra fyrirtækja. Þrjú af nýskráðu fyrirtækjunum eru færeysk og eitt þeirra er bandarískt (með aðalskráningu á NASDAQ). Hlutabréfaverð 13 fyrirtækja á íslenska markaðnum hækkaði árið 2007 en verð 15 fyrirtækja lækkaði. Í árslok var V/H gildi íslenska markaðsins 11,1 miðað við spá greiningardeildar Landsbankans um hagnað ársins 2008.

Fyrirtæki sóttu 546 milljarða á íslenskan verðbréfamarkað árið 2007, þar af 85 milljarða með útgáfu hlutafjár. Skuldabréf voru gefin út fyrir 460 milljarða. Langstærstu útgefendur skuldabréfa voru bankar og önnur fjármálafyrirtæki. Innlend skuldabréfaútgáfa íslenskra fyrirtækja hefur í auknum mæli færst frá meðallöngum verðtryggðum bréfum yfir í skammtímaabréf. Þessi þróun hófst í mars 2006 vegna hækkandi stýrivaxta sem leiddu til þess að sparnaður færðist í auknum mæli yfir á peningamarkað og eftirspurn eftir löngum verðtryggðum bréfum minnkaði hratt.

Alþjóðleg efnahagsmál og fjármálamarkaðir


Yfirstandandi óróa í alþjóðlegum efnahagsmálum og fjármálamörkuðum má að stórum hluta rekja til aðlögunar á bandarískum húsnæðismarkaði. Húsnæðisverð er nú þegar farið að lækka í Bandaríkjunum, Bretlandi og Írlandi og húsnæðismarkaðir í Mið-Evrópu og á Norðurlöndum bera þess merki að vera mettaðir. Óvissa um umfang og áhættu undirmáslána og aðra áhættu á lánamörkuðum, auk hækkandi olíuverðs, hefur aukið líkur á samdrætti í bandarísku efnahagslífi.

Staðan við árslok 2007 er gjörólík þeirri sem var á fyrstu mánuðum ársins þegar bjartsýni ríkti, þó sérstaklega í Evrópu. Nokkrar áhyggjur voru að vísu af horfum í bandarísku efnahagslífi þar sem vísbendingar höfðu birst um samdrátt á einkaneyslu og vanskil á bandaríska undirmáslánamarkaðinum voru að koma fram. Eftir því sem undirmálskreppan þróaðist og stórar fjármálastofnanir beggja vegna Atlantshafs tilkynntu um veruleg töp vegna undirmáslána byggðist vaxandi lausafjárekreppa upp yfir sumarmánuðina.

Ástandið á lánamörkuðum batnaði til skamms tíma í lok sumars. Það versnaði þó á ný í lok nóvember. Upphaflegur bati var vafalítið afrakstur gríðarlegrar innspýtingar lánsfjár frá seðlabönkum heims inn á millibankamarkaði og lækkun stýrivaxta í Bandaríkjunum. Vaxtamunur á millibankamarkaði fór í 81 punkt í Bandaríkjunum og 67 punkta í Evrópu í lok júlí. Munurinn lækkaði svo í 45 punkta og 29 punkta um miðjan október en hækkaði aftur í 88 punkta og 62 punkta þann 22. nóvember. Í árslok hafði vaxtamunurinn lækkað á ný í 78 og 50 punkta eftir áframhaldandi innspýtingu lánsfjár og frekari lækkun stýrivaxta í Bandaríkjunum og Bretlandi.


Einkaneysla í Bandaríkjunum hélst áfram sterk þrátt fyrir umbreytingu á húsnæðismarkaði. Samt sem áður féll vöxtur landsframléiðslunnar árið 2007 niður í 2,2% vegna hratt minnkandi byggingaframkvæmda. Hafði vöxturinn þá ekki verið lægri frá árinu 2002. Verðbólga hefur aukist vegna hækkandi orku- og matvælavæðs. Grunnverðbólga hefur hins vegar áfram haldist lág eða í kringum 2% og verðbólguvæntingir virðast stöðugar þegar litið er til framtíðar.

Stýrivextir




Heimild: Reuters EcoWin

Gengisþróun evru gagnvart nokkrum myntum



Heimild: Reuters EcoWin

Ávöxtunarkrafa 10 ára ríkisskuldabréfa



Vöxtur á evrusvæðinu hefur haldið áfram en þó hægar en árið 2006. Minnkandi aðgangur að lánsfjármagni og styrking evrunnar hefur dregið úr frekari vaxtarmöguleikum. Í Evrópu líkt og Bandaríkjunum hefur verðbólguþrýstingur fyrst og fremst stafað af hækkandi verði á olíu og matvöru.

Hagvöxtur í Bretlandi var nærri 3% fyrstu níu mánuði ársins en dróst saman undir lok árs þegar hægja tók á einkaneyslu og fjárfestingum vegna erfiðari aðstæðna á lánsfjármörkuðum. Með lækkandi stýrivöxtum ættu áhrif veikingar hagkerfisins, sérstaklega húsnæðismarkaðarins, að vera frekar takmörkuð og hættan á hærri verðbólgu að vera fremur lítil.

Hagvaxtarskeiðið í Japan, það lengsta frá lokum seinni heimsstyrjaldar, hefur haldið áfram þótt hægt hafi á hraðanum. Aukinn þrýstingur virðist vera að myndast á vinnumarkaði sem ýtir undir líkur á áframhaldandi hækkun launa. Það ætti svo að valda nokkrum, og jákvæðum, verðbólguþrýstingi.

Heimsmarkaðsverð á olíu (raunverð)



Gjaldeyrismarkaðir hafa ekki farið varhluta af óróanum á lánsfjármörkuðum og í raun er ekki hægt að búast við öðru en að verðlagning gjaldmiðla breytist við slíkar aðstæður. Fjárfestar hafa losað um hluta af stöðum sínum í vaxtamunaviðskiptum vegna minnkandi áhættusækni og aukins flökts. Lágvaxtamýntir á borð við japanska jenið og svissneska frankann hafa styrkst á kostnað hefðbundinna hávaxtamýnta líkt og nýsjálenska og ástralska dalsins. Hávaxtamýntum nýmarkaðsríkja eins og tyrknesku lírunni hefur hins vegar vegnað betur. Þessi þróun endurspeglar ákveðna aðgreiningu (e. decoupling) sem nýmarkaðsríki eru talin hafa frá lánsfjárræppunni. Stærsta breytingin á gjaldeyrismarkaði hefur hins vegar verið fall Bandaríkjadals sem veiktist um 7,5% gagnvart myntum helstu viðskiptalanda árið 2007 og náði sögulegu lágmarki gagnvart evru og margra ára lágmarki gagnvart japönsku jeni og fjölda annarra gjaldmiðla.

Bandaríska S&P 500-hlutabréfavisitalan náði hámarki 9. október eftir niðursveiflu í upphafi vandræðanna á lánsfjármarkaði frá miðju sumri til loka sumars. Á sama hátt lækkaði evrópska DJ Euro STOXX-vísitalan á sumarmánuðum en rétti svo tímabundið úr kútnum á nýjan leik. Helstu hlutabréfamarkaðir lækkuðu síðan hratt á síðustu mánuðum ársins eftir að áhyggjur af lánsfjármörkuðum jukust um miðjan októbermánuð. Heildarávöxtun ársins var mjög mismunandi eftir mörkuðum: S&P 500-vísitalan hækkaði um 3,5% miðað við 9,3% meðalársávöxtun síðastliðinna tuttugu ára. DJ Euro STOXX 50 hækkaði um 6,8% og breska FTSE 100-vísitalan hækkaði um 3,8% miðað við 6,9% meðalársávöxtun frá 1987.


Mikil útbreiðsla lánsfjárræppunnar og mikil hnattvæðing helstu fjármálafyrirtækja jók enn á neikvæð áhrif undirmálskrisunnar. Afskriftir upp á marga milljarða dala, sem eru tengdar þessum málum, hafa haft djúpstæð áhrif á fjármálamarkaði. Í

sumum tilfellum voru breytingar á stjórnnum fyrirtækjanna óhjákvæmilegar og með lækkun á væntum og tilkynntum hagnaði fyrirtækjanna mátti búast við verulegri lækkun hlutabréfa. Undirvísitala S&P 500 fyrir fjármálafyrirtæki féll um 15% frá byrjun sumars fram í miðjan ágústmánuð og féll svo aftur frá byrjun október fram að áramótum. Á heildina litið féll undirvísitalan um 20,8% árið 2007. Þróunin var svipuð í Evrópu. Euro STOXX-undirvísitalan fyrir fjármálafyrirtæki lækkaði um 12,7% á árinu. Mest var lækkunin meðal þýskra og breskra banka.

Ávöxtunarkrafa langra skuldabréfa í helstu hagkerfum heims lækkaði á árinu. Þessi þróun endurspegladi almennt þróun á lánsfjármörkuðum og breytt viðhorf til áhættu. Eftir því sem fjárfestar gerðu sér í auknum mæli grein fyrir vandamálum á lánsfjármörkuðum síðastliðið sumar lækkaði ávöxtunarkrafan verulega en hækkaði á nýjan leik í september og október þegar aðstæður á fjármálamörkuðum virtust batna. Ávöxtunarkrafa á löngum bréfum tók svo að falla á ný eftir því sem aðstæður á markaði versnuðu aftur og fjárfestar sóttust eftir auknu öryggi. Við árslok hafði ávöxtunarkrafa tíu ára bandarískra ríkisbréfa lækkað um 63 punkta frá upphafi árs og um 123 punkta frá miðjum júní þegar krafan náði hámarki sínu.

Einn af athyglisverðustu þáttum núverandi lánsfjárfestingu er sú útbreidda skoðun að neikvæð áhætta, sem öll helstu iðnríkin standa frammi fyrir, muni hafa minni áhrif á nýmarkaðsríki. Þetta kemur skýrt fram í gengi hlutabréfa í nýmarkaðshagkerfum og að því virðist takmarkaðri fylgni milli þróaðra hagkerfa og nýmarkaðshagkerfa. Í þessu sambandi gæti áframhaldandi vöxtur nýmarkaðshagkerfa og aukin starfsemi ríkisfjárfestingasjóða (e. sovereign wealth funds), auk lausari peningamálastjórnar í helstu hagkerfum, valdið því að hagkerfi helstu iðnríkja kæmst aftur á réttan kjöl fyrr en nú er talið.

Breytingar á hlutabréfavisitölum árið 2007 í nokkrum löndum



*Vísitölurnar eru: Irish Overall, OMX Stockholm 30, Swiss Market, OMX Iceland 15, CAC 40, OMX Helsinki 25, S&P 500, FTSE 100, Amsterdam Exchanges, OMX Copenhagen 20, IBEX 35 og DAX

Heimild: Bloomberg



Fjármögnun og lausafjárstaða 2007

Landsbankinn hefur fylgt þeirri stefnu að tryggja fjármögnun og lausafé með fjölbreyttum leiðum, að halda skynsamlega utan um stýringu lausafjár og draga úr vægi lánsfjármögnunar á markaði, sem og að halda áfram að auka landfræðilega dreifingu fjármögnunar.

Á árinu 2007 fylgdi bankinn þessari stefnu eftir með góðum árangri. Frumkvöðla- starf Landsbankans á sviði alþjóðlegrar innlánastarfsemi hefur átt stærstan þátt í endurskipulagningu efnahagsreiknings bankans og þeirri þróun að bankinn þarf nú í mun minni mæli að treysta á alþjóðlega lánamarkaði til fjármögnunar. Kostir þessarar stefnu eru augljósir þegar litið er til þess óróa sem ríkt hefur á fjármálamörkuðum á seinni hluta ársins, þegar bankinn reyndist vel í stakk búinn til að takast á við samdrátt á lánsfjármarkaði.

Fjármögnun og lausafjárstefna

Fjármögnunarstefna Landsbankans er óaðskiljanlegur hluti lausafjárstýringar bankans. Fjármögnun á alþjóðlegum lánamörkuðum er eðlilegt svar bankans við aukinni landfræðilegri dreifingu eignasafnsins en stöðugt og áreiðanlegt aðgengi að fjármagni er mikilvægur þáttur í að halda utan um lausafjárahættu. Landsbankinn stýrir fjármögnun sinni á virkan hátt til þess að ná fram þessari dreifingu og áreiðanleika með því að fylgjast vel með aðstæðum á markaði til að að geta með sem bestu móti stýrt fjármögnun bankans á sem hagkvæmastan hátt.

Á árinu 2007 hélt Landsbankinn áfram að auka fjölbreytni fjármögnunarleiða bankans og bæta almennt aðgengi að fjármögnun. Lögð er áhersla á alþjóðleg innlán einstaklinga til að ná fram ákjósanlegu jafnvægi á milli fjármögnunar með innlánnum og fjármögnunar á alþjóðlegum lánamörkuðum. Hlutfall innlána einstaklinga var 70% af heildarútlánnum til viðskiptavina í lok árs 2007, samanborið við 46% í byrjun árs.

Lausafjárstýring samstæðunnar

Samhliða vexti Landsbankans á undanförunum árum hefur lausafjárstýring samstæðunnar verð efla og umtalsvert aukið við lausafé. Sá órói sem skapaðist í kringum íslensku bankana á árinu 2006, aukin alþjóðleg starfsemi Landsbankans, sem og aukin áhrif alþjóðlegra lánamarkaða á íslenska hagkerfið, ýttu undir þá ákvörðun að efla lausafjárstöðu bankans. Nýjar innri reglur bankans um lausafjárstýringu, sem segja til um stýringu lausafjárahættu, eru settar af fjármála-

nefnd bankans. Bankinn beitir ýmsum lausafjárslagsprófum á stutt tímabil svo sem 0-8 daga og 8-30 daga og eru viðmið bankans nokkru strangari en kröfur Seðlabanka Íslands.

Ramminn útheimtir einnig að bankinn eigi nægilegt lausafé til að standast að lágmarki 12 mánaða tímabil án aðgengis að fjármögnunarmörkuðum og halda um leið óbreyttri starfsemi. Ekkert aðgengi að fjármögnunarmörkuðum þýðir að allar skuldir skuli greiddar á gjalddaga og innlán sem viðkvæm eru fyrir breytingum verði tekin út.

Á árinu 2007 var bankinn vel yfir þessum takmörkum og hafði í lok árs nægilegt lausafé fyrir næstu 12 mánuði, byggt á þeim mælikvarða sem lýst er hér að ofan. Þegar á heildina er litið var lausafjárstaða bankans samtals 8.973 milljarðar evra í lok árs, samanborið við 7.213 milljarða evra í lok árs 2006. Langtímalán á gjalddaga á árinu 2008 nema aðeins 749 milljónum evra en með núverandi lausafjárstöðu getur bankinn auðveldlega mætt þessum gjalddögum án þess að sækja sér fjármagn á alþjóðlegum lánamörkuðum.

Landsbankinn hefur fjárfest að verulegu leyti í auðseljanlegum skuldabréfum, að hluta til vegna mikillar aukningar alþjóðlegra innlána. Skuldabréfasafn bankans samanstendur aðallega af verðbréfum með breytilegum vöxtum sem gefin eru út af fjármálastofnunum eða ríkisstjórnunum með háa lánshæfiseinkunn; 76% af safninu hefur lánshæfiseinkunn sem samsvarar AA eða hærra. Landsbankinn hefur í hyggju að eiga þessi skuldabréf fram að gjalddaga en þar sem bréfin eru gerð upp á markaðsgengi kemur fram óinnleyst tap á eignasafninu sem hefur haft áhrif á rekstarreikning bankans. Það var skoðun bankans að bregðast við þessu á varfærinn hátt og taka tapið í gegnum rekstarreikning bankans í stað efnahagsreiknings. Í lok árs 2007, nam lausafé bankans í skuldabréfaeign 4,5 milljörðum evra samanborið við 2,3 milljarða evra í lok árs 2006.

Lánarammar og nýjar leiðir til fjármögnunar

Landsbankinn reiðir sig að mestu leyti á EMTN fjármögnunarramma bankans og MTN lánaramma í Bandaríkjunum og vinnu við uppsetningu á fleiri lánarömmum var einnig hrundið af stað. Á árinu 2007 gaf Landsbankinn út samtals 402 milljónir dollara í þremur útgáfum undir MTN ramma bankans og 1.035 milljónir evra undir EMTN lánarammanum í 42 útgáfum.

Á fyrsta ársfjórðungi 2007, setti Landsbankinn upp 2 milljarða ástralíudollara Medium Term Note (AMTN) „Kengúru“ lánaramma í Ástralíu. Uppsetning á rammamannum var í höndum ABN Amro Bank NV en lánaramminn veitir bankanum beinan aðgang að skuldabréfamörkuðum í Ástralíu og Nýja Sjálandi. Enn sem komið er hefur ekkert verið gefið út undir þessum ramma.

Landsbankinn fól Daiwa Bank og Nomura að hafa umsjón með uppsetningu á svokölluðum „Samurai“, japönskum lánaramma, sem búist er við að verði tilbúinn til útgáfu á árinu 2008.

Landsbankinn heldur áfram að þróa innviði alþjóðlegrar fjármögnunarstefnu sinnar. Fjármögnunarteymi bankans í Reykjavík teygir nú anga sína til helstu fjármálamiðstöðva heims, svo sem London, Hong Kong og New York, sem færir starfsemina nær helstu mörkuðum og er viðbót við starfsemi bankans í öðrum tímabeltum.

Fjármögnun árið 2007

Takmarkað aðgengi að fjármögnunarmörkuðum á árinu 2006 reyndist góður undirbúningur fyrir íslenska banka þegar þeir þurftu að takast á við þá erfiðleika sem settu sinn svip á fjármálamarkaði á árinu 2007. Landsbankinn gerði ýmsar breytingar á fjármögnunar- og lausafjárstefnu sinni, og bætti einnig gagnsæi og samskipti við fjárfesta. Eins og afkoma annars ársfjórðungs 2007 sýndi, getur umrót á fjármálamörkuðum takmarkað aðgengi að fjármagni sem sannreynir hve mikilvægt er að auka fjölbreytni í fjármögnunarleiðum hvað varðar markaði, vörur og landfræðilega dreifingu. Sterk fjármögnunarstaða bankans fyrir þessa atburði og það þolgæði sem bankinn sýndi á meðan markaðsaðstæður fóru smám saman versnandi, hefur sýnt að fjármögnunarstefna bankans hefur borið góðan árangur.

Innlán

Átak Landsbankans til að auka innlán einstaklinga hefur óneitanlega reynt árangursríkt. Fjármögnun með innlánnum, sér í lagi innlánnum einstaklinga, hefur í sögulegu samhengi tryggt bankanum stöðugri fjármögnun en lánsfjármarkaðir. Landsbankinn hefur sett af stað frekari vinnu við að stækka og auka fjölbreytni innlánasafnins og ný áform þessu tengd verða kynnt á árinu 2008. Innlán á Íslandi náðu yfir 25% af heildarinnlánnum viðskiptavina í lok árs 2007. Innlán í Bretlandi og á svæðum þar sem hagstætt skattaumhverfi ríkir námu 61% og innlán í Lúxemborg og Amsterdam 14%. Þegar á heildina er litið fjármögnuðu innlán einstaklinga 70% af heildarútlánnum á árinu 2007, samanborið við 34% í lok árs 2005 sem er mikilvæg breyting á fjármögnun bankans.

Icesave

Innlánareikningur Landsbankans í Bretlandi, Icesave, sem settur var á laggirnar í október 2006, hefur leikið lykilhlutverk í þeirri umbreytingu sem átt hefur sér stað í fjármögnun bankans. Í lok árs 2007 nam fjöldi stofnaðra Icesave reikninga 128.000. Velgengni Icesave má að stórum hluta þakka háum vöxtum sem við-

Skuldabréf í lausafjäreign Landsbankans

Sundurliðun eftir útgefanda

Fjármálaþjónusta	66%
Ríkisskuldabréf	25%
Fyirtækjaskuldabréf	9%

Sundurliðun eftir lánshæfismatseinkunn

AAA	32%
AA	44%
A	16%
BBB	4%
NR	4%

skiptavinir fá tryggða í ákveðinn tíma og aðferðum sem best þjóna viðskiptavinum. Icesave er einnig einfaldur og þægilegur í notkun. Auglýsinga- og kynningarefni hefur átt sinn þátt í þeim árangri sem náðst hefur við uppbyggingu vörumerkisins og áframhaldandi grósku þess þrátt fyrir gríðarlega samkeppni á þessum markaði þegar líða tók á árið. Á fjórða ársfjórðungi var vöruúrvalið aukið en fleiri svokallaðra „easy access“ reikninga hefur nú verið breytt í bundna reikninga. Í lok árs voru 12% af heildarinnlánum á fastvaxta reikningum sem bundnir eru frá sex mánuðum til þriggja ára. Búist er við að hlutfall bundinna reikninga Icesave muni hækka enn frekar en nýjar vörur eru væntanlegar á árinu 2008, þar á meðal ISA netreikningur sem hannaður er fyrir Bretlandsmarkað.

Landsbankinn Guernsey


Landsbankinn á Guernsey var keyptur í ágúst 2006 en hann býður upp á ýmsa sparnaðarmöguleika fyrir einstaklinga á markaði í Bretlandi þar sem hagstætt skattaumhverfi ríkir. Á árinu 2007 var vörulína Landsbankans á Guernsey endurbætt þar sem fastvaxta skuldabréfum var bætt við vöruframboðið. Innistæður hækkuðu jafnt og þétt yfir árið.

Staðreyndir um fjármögnun

Aukið innstreymi innlána varð til þess að á árinu 2007 dró verulega úr fjármögnun á lánamörkuðum. Landsbankinn gaf út skuldabréf á alþjóðlegum mörkuðum sem námu 1.444 milljónum evra á árinu 2007, samanborið við 3.878 milljónir evra á árinu 2006. Gengið var frá tveimur almennum skuldabréfaútgáfum: 400 milljón dollara vikjandi útgáfu, sem að stærstum hluta var seld til fjárfesta í Bandaríkjunum, og 500 milljón evra skuldabréf. Alls voru 17 bankar í hlutverki umsjónaraðila en þrátt fyrir að 84% af útgáfum ársins hafi verið í bandaríkjadollurum og evrum voru gefin út skuldabréf í 8 mismunandi myntum. Meðaltímalengd útgáfa á árinu 2007 var 5,2 ár, samanborið við 8,4 ár á árinu 2006.

Endurfjármögnunarþörf er mjög lítil til skamms tíma, samanborið við fyrri ár. Á árinu 2008 eru einungis 749 milljónir evra á gjalddaga og 2.190 milljónir evra eru á gjalddaga á árinu 2009. Frá árinu 2009 er heildarendurfjármögnun á bilinu 750 milljónir evra til rétt ríflega 1.900 milljóna evra. Heildarskuldabréfaútgáfur Landsbankans erlendis, að vikjandi útgáfum undanskildum, nema 9.405 milljónum evra.

Útgáfa skráðra skuldabréfa 2007 eftir mynt



Skuldabréfaútgáfur

Í fyrsta sinn frá því í nóvember 2005 sneri Landsbankinn aftur inn á skuldabréfa-markaði Evrópu í maí með 500 milljón evra útgáfu til fimm ára sem verðlögð var

á 26 punktum yfir EURIBOR vöxtum. Umsjón með útgáfunni var í höndum Royal Bank of Scotland, Credit Suisse og Société Générale. Útgáfan var keypt af stórum fjárfestum víða úr Evrópu (39% í Þýskalandi, 25% í Bretlandi og 12% í Austurríki).

Þann 12. október lauk Landsbankinn við 400 milljón dollara víkjandi skuldabréfaútgáfu í Bandaríkjunum undir 144A MTN ramma bankans. Útgáfan er án gjalddaga og er innkallanleg að 10 árum liðnum. Vextir nema +275 punktum yfir bandarískum ríkisskuldabréfum sem samsvarar 213 punktum yfir LIBOR vöxtum. Umsjón með útgáfunni var í höndum Citigroup, Credit Suisse og JP Morgan. Útgáfan vakti áhuga stofnanafjárfesta í Bandaríkjunum og Evrópu en alls tóku 32 fjárfestar þátt í útboðinu. Tímasetning útgáfunnar var áhugaverð, sérstaklega í ljósi þess að hún var framkvæmd á miklum óróatímum á mörkuðum þar sem Landsbankinn, í samvinnu við umsjónaraðila útgáfunnar, gat með góðu móti nýtt sér þann glugga sem opnaðist til útgáfu skuldabréfa í kjölfar vaxtalækkunar Seðlabanka Bandaríkjanna.

Landsbankinn hefur einnig verið virkur í að gefa út og meta aðra fjármögnunarkosti með það að markmiði að ná til nýrra fjárfesta. Í þessu samhengi er vert að geta þess að í mars 2008 voru samþykkt ný íslensk lög um sértryggt skuldabréf.

LÁNSHÆFISEINKUNNIR

Breytingar leiða til jákvæðrar niðurstöðu


Þrátt fyrir erfiðar markaðsaðstæður á árinu 2006 héldust lánsþæfiseinkunnir Landsbankans stöðugar þegar á heildina er litið. Það var einnig raunin á árinu 2007 þrátt fyrir að breytingar á aðferðafræði Moody's hefðu áhrif til hækkunar á langtímaeinkunn bankans.

Mikilvægur þáttur í fjármögnunarstefnu Landsbankans er að viðhalda sterkri lánsþæfiseinkunn. Sá eiginleiki að geta byggt upp og viðhaldið sterkum efnahagsreikningi þarf að styðjast við góðar lánsþæfiseinkunnir.

Moody's

Endurskoðun Moody's á aðferðafræði sinni varðandi lánsþæfiseinkunnir náði hámarki á árinu 2007 með svokölluðu Joint Default Analysis (JDA) og uppfærslu á lánsþæfiseinkunn fjárhagslegs styrks (BFSR). Þann 26. febrúar tilkynnti Moody's um nýja langtímaeinkunn Landsbankans sem og nýja einkunn fyrir fjárhagslegan styrk bankans. Langtímaeinkunn var hækkuð úr A2 í Aaa og horfum um fjárhagslegan styrk var breytt úr neikvæðum í stöðugar með samsvarandi C einkunn.

Útgáfa skráðra skuldabréfa 2007 eftir flokkum



Lánsþæfismatseinkunn Landsbankans

Moody's	Einkunn
Langtímaskuldbindingar	Aa3
Skammtímaskuldbindingar	P-1
Horfur	Stöðugar
Fjárhagslegur styrkur*	C
Víkjandi skuldabréf A	A1
Víkjandi skuldabréf B	A2
<small>* Moody's breytti horfum sínum úr neikvæðum í stöðugar í febrúar 2007</small>	
Fitch	Einkunn
Langtímaskuldbindingar	A
Skammtímaskuldbindingar	F1
Fjárhagslegur styrkur	B/C
Stuðningur	2
Horfur	Stöðugar

Langtíma lánsþæfiseinkunn Landsbankans var sett einu þrepi ofar en einkunn hinna íslensku bankanna. Þessi nýja aðferðafræði var gagnrýnd harðlega, ekki síst af þeim sem töldu þessa miklu hækkun á lánsþæfi íslensku bankanna vera með öllu óeðlilega.

Þann 11. apríl tilkynnti Moody's um endurskoðun á JDA aðferðafræði sinni ásamt nokkrum breytingum á reglum um fjárhagslegan styrk (BSFR) og í kjölfarið voru lánsþæfiseinkunnir endurskoðaðar. Langtímaeinkunn Landsbankans var breytt úr Aaa í Aa3 með stöðugum horfum. Þann 22. maí staðfesti Moody's svo lánsþæfiseinkunnir Landsbankans í kjölfar yfirtöku á Bridgewell plc í Bretlandi. Í lok árs voru lánsþæfiseinkunnir Landsbankans Aa3 / P-1 / C og horfur stöðugar.

Fitch

Þann 15. mars staðfesti Fitch A / F1 / B/C lánsþæfiseinkunnir Landsbankans með stöðugum horfum í kjölfar breytinga á lánsþæfi íslenska ríkisins. Þann 23. nóvember staðfesti Fitch enn á ný lánsþæfiseinkunnir Landsbankans í kjölfar árlegrar yfirferðar lánsþæfiseinkunnna en þær voru staðfestar A / F1 / B/C og horfur stöðugar. Samkvæmt Fitch endurspeglar lánsþæfiseinkunnir Landsbankans leiðandi stöðu hans á heimamarkaði, aukna tekjudreifingu, íhaldssamar reglur varðandi framlög í afskriftasjóð, sterka eiginfjárstöðu og greinilegar endurbætur á fjármögnun bankans. Fitch tekur einnig til greina stórt safn hlutabréfa og mögulegar sveiflur á starfsemi bankans á heimamarkaði sem og óvissu á fjármögnunarmörkuðum.

Heritable Bank

Þann 25. september staðfesti Fitch lánsþæfiseinkunnir Heritable Bank A / F1 / C með stuðningi 1. Samkvæmt Fitch eru þessar einkunnir byggðar á því að allar skuldbindingar bankans séu tryggðar af móðurfélaginu. Sjálfstæð einkunn Heritable endurspeglar góða afkomu bankans, gott eignasafn og góða eiginfjárstöðu en einkunnin tekur einnig tillit til mikils vaxtar, smæðar og takmarkaðs hreyfianleika efnahagsreikningsins.



ÓLÍKIR HEIMAR. EINN HEIMUR. – Styttta af Filippusi III í Madríd. Spánn.

Áhættustýring

Hlutverk fjármálastofnana er að takast á við og stjórna áhættu. Til að vernda fjárhagslegan styrk Landsbankans vinnur áhættustýring bankans með skilgreint áhættustjórnskipulag og óháð áhættueftirlit. Aðferðir við mat og mælingu á áhættu eru í stöðugri þróun.

Áhættureglur og ferlar bankans tryggja að áhættan sé bæði þekkt og mæld og að eftirlit sé haft með henni. Áhættunni er stýrt til að hún haldist innan þeirra marka sem bankinn hefur sett sér og samræmist kröfum eftirlitsaðila á fjármálamarkaði. Bankinn setur sér stefnu um áhættusamsetningu þannig að sveiflur vegna óvæntra atburða, sem hafa áhrif á bæði eigið fé bankans og afkomu, séu takmarkaðar og viðráðanlegar.

Áhættuþættir

Landsbankinn flokkar áhættustöður eftir því hvers eðlis áhættan er og skiptir áhættuþáttunum upp í útlánaáhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu og áhættu vegna samsetningar eigna og skulda.

Áhættustjórnskipulag

Bankaráð ber ábyrgð á almennri stefnumótun bankans varðandi áhættu og sér til þess að hún falli að stefnu bankans, reynslu stjórnenda hans, eiginfjárlutfalli og áhættusækni. Bankastjórar bera ábyrgð á daglegri stjórnun bankans gagnvart bankaráði og stýra áhættu bankans í gegnum fastanefndir hans. Auk þess bera framkvæmdastjórar ábyrgð á starfsemi hvers sviðs gagnvart bankastjórum og því að áhættan sé í samræmi við starfsreglur bankans. Fastanefndir bankans eru fimm: Fjármálanefnd, lánanefnd, eignastýringarnefnd, rekstrarnefnd og áhættunefnd Landsbankasamstæðunnar. Í hverri fastanefnd eru lykilstjórnendur og áhættustjórar hvers sviðs ásamt bankastjórum.

Fjármálanefnd: Fjármálanefnd bankans hefur eftirlit með áhættuþáttum í starfsemi bankans og setur takmörk á áhættuskuldbindingar. Nefndin ákvarðar stefnu varðandi markaðsáhættu. Einnig hefur hún sett nákvæmar reglur um hámarksáhættu samstæðunnar. Áður en ráðist er í nýjar tegundir viðskipta, nýja gerð samninga við viðskiptavini eða í eigin reikning bankans þarf að leggja skriflega greinargerð um áformuð viðskipti fyrir nefndina til umsagnar og ákvarðanatöku. Fjármálanefnd mótar stefnu í lausafjárstýringu, hefur eftirlit með lausafjárstöðu og er ráðgefandi um eigna- og skuldasamsetningu bankans.

Lánanefnd: Lánanefnd bankans setur ítarlegar útlánareglur sem byggja á grunnreglum bankaráðs. Útlánaheimildir starfsmanna eru vel skilgreindar og þrepaskiptar. Lánanefnd framselur og endurskoðar útlánaheimildir til starfsmanna bankans ásamt því að bera ábyrgð á endurskoðun útlánareglna. Lánanefnd fundar reglulega og í henni sitja bankastjórar auk framkvæmdastjóra bankans. Lánanefnd fjallar um allar útlánaákvæðanir sem eru utan heimilda útibúa, dótturfélaga eða fyrirtækjasviðs. Nefndin fylgist með útlánaþróun með tilliti til atvinnugreina, landsvæða, trygginga og annarra þátta ásamt því að fylgjast með vanskilum og vanskilaþróun. Ítarlegar skýrslur um stöður stærstu viðskiptavina bankans eru til umfjöllunar í lánanefnd. Nefndin fjallar einnig um sérstakar skýrslur á borð við úttektir á stöðu hagkerfisins, einstakra atvinnugreina o.fl.


Eignastýringarnefnd: Eignastýringarnefnd bankans tekur þátt í öllum meiriháttar ákvörðunum sem tengjast eignastýringu og einkabankaþjónustu. Auk bankastjóra eiga framkvæmdastjórar rekstrarsviðs, eignastýringarsviðs og einkabankasviðs sæti í nefndinni. Á mánaðarlegum fundum er farið yfir heildareignir í stýringu, þróun viðskipta og markaðshlutdeild sjóða bankans. Nefndin samþykkir allar nýjar afurðir eignastýringar og einkabankaþjónustu.

Rekstrarnefnd: Rekstrarnefnd bankans samræmir aðgerðir bankans. Nefndin stjórnar afkastamælingum, tækniþróun, viðskiptabankaþróun og fasteignamálum. Nefndin tekur einnig ákvarðanir um skuldbindingu og gæðastjórnun innan viðskiptabankahluta Landsbankans, breytingar á vöxtum og verðskrá og um nýjar vörur og þjónustu hjá útibúum bankans.

Áhættunefnd: Áhættunefnd bankans aðstoðar bankastjóra við að tryggja árangursríka stjórnun á áhættu samstæðunnar. Þetta felur meðal annars í sér samþættingu á reglum áhættustýringar eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum, reglugerðum, viðmiðunum og innanhússreglum. Fyrir hvert viðskiptasvið hefur verið tilnefnd deild innan áhættustýringaeininga samstæðunnar sem hefur eftirlit með að viðmiðunum um áhættuþætti sé fylgt. Áhættunefnd fylgist með innleiðingunni og tryggir að öll tæki, stefnumótun, starfsreglur og starfsfólk séu í stakk búin til að greina, fylgjast með, mæla og stjórna eðlislægri áhættu í viðkomandi afurðum, vinnuferlum og kerfum.

Auk ofantalinna nefnda eru framkvæmdastjórafundir samráðsvettvangur bankastjóra og framkvæmdastjóra. Innan bankaráðs starfa tvær nefndir, endurskoðunarnefnd og kjaranefnd.

Áhættustýring Landsbankasamstæðunnar




Markaðsáhætta

Markaðsáhætta felur í sér að verðbreytingar á mörkuðum geti haft áhrif á virði eigna og skulda bankans innan og utan efnahags. Hér er um að ræða vaxta- og hlutabréfaáhættu í veltubók og gjaldeyrisáhættu í öllum bókum bankans. Markaðsáhætta er þó að mestu leyti bundin við veltubókarviðskipti bankans.

Bankaráð hefur skilgreint hámark markaðsáhættu bankans og má hún ekki vera hærri en 15% af heildaráhættugrunni bankans. Áhættugrunnurinn er ákvarðaður með því að setja tiltekna áhættuvigt á eignir samstæðunnar samkvæmt aðferðafræði sem þróuð er af Basel-nefndinni um bankaeftirlit (Basel Committee on Banking Supervision). Þar af má áhætta vegna hlutabréfa ekki vera hærri en 12%, gjaldeyrisáhætta má ekki vera hærri en 7,6% í gnóttstöðu eða 3,3% í skortstöðu og áhætta skuldabréfa má ekki vera hærri en 6%. Heimildir til stöðutöku í erlendum gjaldeyri voru að hámarki 2% í gnótt- og skortstöðu í árslok 2006. Ný heimild er til komin vegna þeirrar stefnuákvörðunar fjármálanefndar að verja eiginfjárhlutfall bankans fyrir óstöðugleika í gengi íslensku krónunnar. Þar sem ört vaxandi hluti efnahagsreiknings bankans er til kominn vegna erlendra gjaldmiðla og eigið fé bankans er skráð í krónum getur flókt krónunnar haft töluverð áhrif á eiginfjárhlutfall bankans. Með því byggja upp umtalsverða gjaldeyrisstöðu kemur bankinn jafnvægi á eiginfjárhlutfallið.

Áhættueftirlit er á samstæðugrundvelli og er í höndum Áhættustýringar. Heimildir til stöðutöku tengdrar markaðsáhættu eru að mestu leyti bundnar við Verðbréfasvið í höfuðstöðvum samstæðunnar, en sviðið stýrir jafnframt heildarmarkaðsáhættu samstæðunnar. Auk Verðbréfasviðs í höfuðstöðvum hafa viðskiptaborð í dótturfélögnum Landsbanki Kepler, Landsbanki Securities UK Ltd. og Merrion Landsbanki takmarkaðar heimildir til markaðsáhættu í eigin reikningum.

Heildarvágildi



Vágildisgreining

í milljónum króna	1. jan. 2007 til 31. des. 2007			31. des. 2007
	Meðaltal	Hæsta	Lægsta	Staða
Vaxtaáhætta	401	886	169	886
Gjaldeyrisáhætta	791	2.067	2	2.064
Hlutabréfaáhætta	1.482	3.288	501	2.081
Samtals (99%, eins dags tímabil)	2.673	5.808	844	5.031
Samtals (99%, 10 daga tímabil)	8.453	18.367	2.669	15.909

Vágildisgreining
(án fjáreigna á gangvirði í gegnum rekstrarreikning)

í milljónum króna	1. jan. 2007 til 31. des. 2007			31. des. 2007
	Meðaltal	Hæsta	Lægsta	Staða
Vaxtaáhætta	401	886	169	886
Gjaldeyrisáhætta	791	2.067	2	2.064
Hlutabréfaáhætta	1.088	2.910	330	1.110
Samtals (99%, eins dags tímabil)	2.280	5.433	604	4.060
Samtals (99%, 10 daga tímabil)	7.210	17.181	1.910	12.839

Vágildisgreining
(án fjáreigna á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og óskráðra hlutabréfa)

í milljónum króna	1. jan. 2007 to 31. des. 2007			31. des. 2007
	Meðaltal	Hæsta	Lægsta	Staða
Vaxtaáhætta	401	886	169	886
Gjaldeyrisáhætta	791	2.067	2	2.064
Hlutabréfaáhætta	675	1.531	278	607
Samtals (99%, eins dags tímabil)	1.866	4.025	551	3.557
Samtals (99%, 10 daga tímabil)	5.901	12.728	1.742	11.248

Heildaráhætta vegna markaðsáhættu er reiknuð fyrir samstæðuna í lok hvers vinnudags og henni stýrt með heimildakerfi sem fjármálanefnd hefur innleitt. Þar sem enginn einn mælikvarði nær til allra þátta markaðsáhættu notar bankinn nokkrar aðferðir í daglegum áhættumælingum, þar á meðal vágreiningu (e. VaR, value at risk), álagsprófanir (e. stress testing) og kennistærðir, m.a. nettóstöðu og virði á hvern „basispunkt“.

Vágreining

Vágreining er tölfræðilegur mælikvarði sem metur mesta vænta tap bankans vegna óhagstæðrar þróunar á mörkuðum horft til ákveðins tímabils og við ákveðin líkindamörk.

Bankinn notar vágreiningu til þess að mæla markaðsáhættu í veltubók. Eftirfarandi töflur sýna mesta vænta tap bankans næsta vinnudag við eðlilegar markaðsaðstæður og miðað við 99% líkindamörk. Mælikvarðinn gefur til kynna að tap bankans verði ekki hærra en vágildið fyrir einn vinnudag af hverjum hundrað. Vágreining er gerð fyrir vaxta-, gjaldeyris- og hlutabréfaáhættu.

Við vágreininguna notar bankinn söguleg gögn og eru gögnin vegin til að auka vægi nýjustu talna. Þar sem vágreining metur áhættu út frá liðnum markaðsaðstæðum geta stórvægilegar breytingar á markaðsaðstæðum gefið ónákvæmt mat. Vágildislíkön bankans eru áreiðanleikaprófuð samkvæmt viðmiðunarreglum Basel- nefndarinnar um bankaefirlit og voru þau tölfræðilega marktæk allt árið 2007.

Með vágildisgreiningu metur bankinn reglulega hversu árangursríkt vágildislíkanið er. Greiningin byggir á bakprófun og er fjöldi daga, þar sem tap fer yfir áætlað vágildi, talinn. Samkvæmt viðmiðunarreglum Basel- nefndarinnar fyrir vágildisgreiningu skal meta vágildi fyrir einn dag með 99% líkindamörkum. Í veltubók bankans fóru tvö tilvik á síðustu 12 mánuðum fram úr tilsvarandi vágildi.

Í lok árs 2007 voru heimildir vágildis 1.100 milljónir króna fyrir vaxtaáhættu, 2.500 milljónir fyrir gjaldeyrisáhættu og 3.000 milljónir fyrir hlutabréfaáhættu. Til samanburðar má nefna að heimildirnar voru 300 milljónir króna fyrir vaxtaáhættu, 200 milljónir fyrir gjaldeyrisáhættu og 3.000 milljónir fyrir hlutabréfaáhættu í lok árs 2006.

Í lok árs 2007 var vágildi fyrir markaðsáhættu 5.031 milljónir króna, en að meðaltali jókst vágildi í 2.673 milljónir árið 2007, úr 1.524 milljónum fyrir árið 2006. Aukningin í vágildi stafar aðallega vegna þeirrar stefnuákvörðunar bankans að verja eiginfjárhlutfallið fyrir óstöðugleika í gengi íslensku krónunnar. Aukin hlutabréfastaða bankans og aukin markaðsflókt á síðari hluta ársins jók vágildið. Hlutabréfastaðan sem hlutfall af heildareignum bankans minnkaði yfir árið.

Hlutabréfaáhætta

Hlutabréfaáhætta er áhætta sem felst í breytingum á hlutabréfasafni bankans og stafar af breytingum á markaðsvirði hlutabréfa og flökki á hlutabréfaverði. Hlutabréfaáhætta er, ásamt gjaldeyrisáhættu, stærsti markaðsáhættuþáttur bankans og meginhluti hennar tengist starfsemi höfuðstöðva. Hámarksáhætta vegna hlutabréfa er takmörkuð við 12% af áhættugrunni bankans. Í lok síðasta árs var hún 4,07% miðað við 4,75% í árslok 2006. Frá árinu 2006 hefur bankinn starfað samkvæmt hertari takmörkunum á hlutabréfastöðu sem fjármálanefnd setti. Heildarstaða hlutabréfa má ekki vera meiri en 3% af heildareignum bankans eða 6,5% af áhættugrunni. Heildarhlutabréfastaða var 2,1% af heildareignum í árslok 2007 samanborið við 2,3% árið 2006.

Hlutabréfastaða bankans í árslok 2007 var 64,4 milljarðar króna. Af heildarhlutabréfaeign er 66% í skráðum bréfum. Í árslok 2007 var hlutabréfastaða bankans 70% í erlendum bréfum og 30% í innlendum. Að auki geymir bankinn hlutabréf vegna framvirkra samninga og skiptasamninga fyrir viðskiptavinum að upphæð 89,1 milljarðar króna í árslok. Hlutabréf þessi eru færð undir liðnum veltufjáreignir á móti framvirkum samningum í efnahagsreikningi bankans.


Hlutabréfastaða

Í milljónum króna	Staða	Vágildisgreining (99% 10 daga tímabil)	Vágildisgreining (99%, 10 daga tímabil), % af áhættufé	Staða % af áhættufé	Staða % af eiginfjárbætti A	Staða % af efnahagsreikningi
Alls	64,4	6,6	2,4%	23,8%	27,6%	2,1%
Skráð	42,4	3,3	1,2%	15,7%	18,2%	1,4%
Óskráð	22,0	4,5	1,7%	8,1%	9,4%	0,7%
Innanlands	19,6	2,1	0,8%	7,3%	8,4%	0,6%
Skráð	13,5	0,6	0,2%	5,0%	5,8%	0,4%
Óskráð	6,1	1,7	0,6%	2,3%	2,6%	0,2%
Erlendis	44,8	4,8	1,8%	16,5%	19,2%	1,5%
Skráð	28,9	2,9	1,1%	10,7%	12,4%	0,9%
Óskráð	15,9	3,1	1,1%	5,9%	6,8%	0,5%


Í árslok 2007 var vágildi fyrir hlutabréf 2.081 milljónir króna. Bankinn metur hlutabréfavágildi á þrjú vegu: Í fyrsta lagi heildarhlutabréfavágildi, í öðru lagi heildarhlutabréfavágildi fyrir utan fjáreignir á gangvirði og í síðasta lagi heildarhlutabréfavágildi fyrir utan fjáreignir á gangvirði og óskráð hlutabréf. Vágildið fyrir utan fjáreignir á gangvirði mælir áhættu á eignum sem átt er viðskipti með í veltubók. Af fjáreignum á gangvirði eru 46% óskráð hlutabréf.

Þar sem óskráð hlutabréf eru oftast illseljanlegri og markaðsvirði þeirra óljósara eru þau meðhöndluð varfærnislega í áætlun á vágildi. Óskráð hlutabréf eru


Vágildisgreining hlutabréfa



Vágildisgreining hlutabréfa (án fjáreigna á gangvirði í gegnum rekstrarreikning)




Vágildi hlutabréfa
(án fjáreigna á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og óskráðra hlutabréfa)



Gengisbundnar eignir og skuldir

Gengisbundnar eignir	2.122,4 milljarðar króna
Gengisbundnar skuldir	2.414,7 milljarðar króna
Nettó staða innan efnahags	(292,3) milljarðar króna
Nettó staða utan efnahags	406,5 milljarðar króna
Nettó staða	114,2 milljarðar króna

Vágildi fyrir gjaldeyri



tengd við viðeigandi hlutabréfavísitölur og frammistaða þeirra kvörðuð með því að nota viðeigandi betagildi. Vegna þessarar varfærnislegu aðferðar hafa óskráð hlutabréf hlutfallslega meiri áhrif á vágildið. Þriðja vágildisreikniaðferðin undanskilur óskráð hlutabréf og endurspeglar því áhættuna í veltubók þar sem áhættan er gagnsærri.

Áhrifin af undirmálslánakreppunni í Bandaríkjunum endurspeglast greinilega í vágildum fyrir árið 2007. Eftir tiltölulega rólegan fyrri ársþelming jókst flökt á fjármálamörkuðum umtalsvert eftir því sem áhrif kreppunnar urðu ljósari og hélt flöktið mikið. Flökt helstu vísitalna hefur tvöfaldast og jafnvel þrefaldast frá byrjun kreppunnar. Þrátt fyrir þessa aukningu á flökti sýnir vágildisgreiningin að tap hefur ekki orðið meira en spáð var á þessu tímabili og fjöldi brota yfir árið er vel innan þeirra marka sem krafist er.

Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta er áhætta vegna flökts á gjaldmiðlum. Gjaldeyrisáhættu bankans er stýrt samkvæmt því markmiði að halda áhættuþáttum innan skilgreindra marka, sem ákvörðuð eru af fjármálanefnd. Breyting á gjaldeyrishlutfalli á móti krónu mun hafa áhrif á eiginfjárlutfall samstæðunnar, þar sem eignir í erlendra mynt eru 69% af eignum samstæðunnar á meðan eigið fé er í íslenskum krónum. Gjaldeyrisstaða samstæðunnar er verulega jákvæð og hefur hún gefið út víkjandi lán í erlendra mynt til að verja þá áhættu. Þak á gjaldeyrisáhættu er 7,6% af áhættugrunni bankans fyrir gnóttstöðu eða 3,3% fyrir skortstöðu. Í árslok 2007 nam löng staða í gjaldeyri 4,97% af áhættugrunni.

Í árslok 2007 var vágildi fyrir gjaldeyrisáhættu 2.064 milljónir króna. Daglegt meðaltalsvágildi bankans jókst í 791 milljónir árið 2007, úr 67 milljónum árið 2006. Aukningin er til komin vegna þeirrar ákvörðunar bankans árið 2007 að byggja upp umtalsverða gjaldeyrisstöðu til að verja eiginfjárlutfallið gegn flökti íslensku krónunnar.

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan sem stafar af áhrifum hugsanlegra breytinga á grunnvöxtum, á vaxtamun tveggja vaxtastiga, á lögun vaxtaferla eða af annars konar vaxtaáhrifum. Virði vaxtatengdra fjármálagerninga veltur á gildi áhættulausra vaxta, láns hæfi sem tengist þessum fjármálagerningum og því vaxtaálagi sem af hlýst. Breytingar á grunnvöxtum eru meðhöndlaðar sem hluti af markaðsáhættu. Breytingar á láns hæfi og vanefnir eru meðhöndlaðar sem hluti af mótaðilaáhættu. Í árslok 2007 reyndist vágildi vegna vaxtaáhættu 886 milljónir króna.

Vaxtaáhætta veltubókar

Vaxtaáhætta veltubókar er að mestu leyti vegna eigna bankans í íslenskum skuldabréfum. Skuldabréfaeign er lykilkpáttur í lausafjárstýringu bankans. Að auki er Landsbankinn aðalmiðlari og viðskiptavaki með innlend ríkisskuldabréf. Bankinn tekur einnig stöður í innlendum skuldabréfum ásamt mjög seljanlegum og hátt metnum erlendum skuldabréfum þegar bankinn sér fram á breytingar á ávöxtun þeirra. Hluti af lausafjárstýringu bankans hefur falist í því að byggja upp umtalsvert safn erlendra skuldabréfa á árinu. Vegna skamms binditíma safnsins er vágildi vegna þessara bréfa lágt.

Staða skuldabréfa

Í milljörðum króna	Staða	Vágildisgreining (99% 10 daga tímabil)	Vágildisgreining (99%, 10 daga tímabil), % af áhættufé	Staða % af áhættufé	Staða % af eiginfjárfætti A	Staða % af efnahagsreikningi
Alls	362,6	2,8	1,0%	134,0%	155,2%	11,9%
Skráð	360,5	2,8	1,0%	133,2%	154,3%	11,8%
Óskráð	2,1	0,0	0,0%	0,8%	0,9%	0,1%
Innanlands	43,2	1,5	0,5%	15,9%	18,5%	1,4%
Skráð	43,2	1,5	0,5%	15,9%	18,5%	1,4%
Óskráð	0,0	0,0	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Erlendis	319,5	1,3	0,5%	118,0%	136,8%	10,4%
Skráð	317,4	1,3	0,5%	117,3%	135,9%	10,4%
Óskráð	2,1	0,0	0,0%	0,8%	0,9%	0,1%

Vaxtaáhætta annarra safna

Vaxtaáhætta bankabókar felst í þeim áhrifum sem vaxtabreytingar eigna og skulda utan veltubókar hafa á vaxtamun og/eða markaðsvirði eigin fjár. Sú áhætta felst aðallega í misvægi milli tímalengdar vaxtabindingar eigna og skulda. Vaxtaáhætta bankabókar er einn af mikilvægari áhættuþáttum bankans. Vaxtaviðmið eru að jafnaði endurstíllt með reglulegu millibili, þó með tveimur undantekningum. Í fyrsta lagi býður Heritable Bank upp á langtímalán með föstum vöxtum. Vaxtaáhætta þessa lánasafns er varin með vaxtaskiptasamningum. Í öðru lagi býður móðurfélag bankans fastvaxtalán í íslenskum krónum og tilheyrir stærstur hluti þeirra íbúðalánum til einstaklinga. Bankinn hefur varið meirihluta vaxtaáhættu íbúðalánanna. Fjárstýring í höfuðstöðvum stýrir vaxtaáhættu samstæðunnar.

Verðtryggingajöfnuður

Áhætta bankans vegna verðtryggingar stafar af ójöfnuði milli verðtryggðra eigna og skulda, innan og utan efnahags. Meirihluti fasteigna- og neytendalána bankans eru bundin við íslensku neysliverðsvisitöluna til verðtryggingar. Neysliverðsvisitala er aðallega notuð á langtímalán í íslenskum krónum. Fjárstýring annast stýringu áhættu vegna verðtryggingar. Í efnahagsreikningi Landsbankans voru verðtryggðar eignir umfram skuldir 148,9 milljarðar í árslok.

Áhættuvarnarreikningsskil

Áhættuvarnarreikningsskil er verklag sem breytir hinni venjulegu aðferð að færa hagnað og tap vegna áhættuvarðra fjármálagerna og áhættuvarnarinnar. Áhættuvarnarreikningsskil heimila að hagnaður og tap vegna áhættuvarnarinnar séu færð í gegnum rekstur á sama tíma og samsvarandi hagnaður og tap á áhættuvörðum lið eru færð í gegnum rekstur. Áhættuvarnarreikningsskil eru undantekning frá hinni hefðbundnu reikningsskilaaðferð fjármálastofnana. Þess vegna þarf að uppfylla ströng skilyrði áður en hægt er að nýta áhættuvarnarreikningsskil. Yfirstjórn bankans skal skilgreina, skjalfesta og prófa virkni þeirra liða sem færa á samkvæmt áhættuvarnarreikningsskilum.

Landsbankinn notar áhættuvarnarreikningsskil skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (e. IFRS) til að minnka flókt vegna breytinga á markaðsvöxtum í rekstrarreikningi bankans. Bankinn ver framtíðarsjóðsflæði af fastvaxtagreiðslum með því að gera vaxtaskiptasamninga og gjaldmiðlavaxtaskiptasamninga. Þetta breytir í raun fastvaxtasjóðsstreymi í fljótandi, venjulegu ársfjórðungslegu LIBOR-vextina í viðkomandi mynt eða í samsvarandi EURIBOR-vexti. Hreint gangvirði þessara skiptasamninga í árslok 2007 var að fjárhæð 1.765 milljónir króna.

Bankinn ver gjaldeyrisáhættu, sem fylgir hreinni fjárfestingu í erlendri starfsemi, með lántöku í erlendri mynt. Lántökur að fjárhæð 86.469 milljónir króna voru færðar sem áhættuvarnir og leiddu til gengishagnaðar á árinu að fjárhæð 2.504 milljónir króna, sem er fært á eigið fé, á móti gengismun af dótturfélögum.

Markaðsafleiður og veltufjárskuldir

í milljónum króna	Samningur/ grundvallar- fjárhæð	31. des. 2007 Gangvirði	
		Eignir	Skuldir
Hrávöruafleiður	695	110	0
Skuldaafleiður	89.099	0	2.435
Gjaldeyrisafleiður	1.789.315	22.362	34.463
Vaxtaafleiður	1.490.765	11.622	13.437
Hlutabréfaafleiður	92.891	16.103	6.229
Aðrar veltufjárskuldir	5.598	0	5.598
Markaðsafleiður samtals	3.468.364	50.198	62.161

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er sú áhætta sem felst í því að bankinn geti ekki staðið við skuldbindingar á réttum tíma, annað hvort með því að auka skuldir og ráðstafa þeim fjármunum í lausafjäreignir eða breyta eignum án þess að verða fyrir verulegu tapi. Á sama hátt krefst þetta áreiðanlegs aðgengis að nægjanlegu reiðufé, á óútreiknanlegum tímum og vegna ófyrirsjáanlegra atburða, til að standa skil á ófyrirséðum skuldbindingum. Slíkur aðgangur, og í raun skuldbindingin sjálf, ræðst af markaðsaðstæðum, öðrum utanaðkomandi atburðum og því sem utanaðkomandi aðilar gera.

Afleiðusamningar vegna áhættuvarna

í milljónum króna	Samningur/ grundvallar- fjárhæð	31. des. 2007 Gangvirði	
		Eignir	Skuldir
Vaxtaafleiður	393.705	8.719	6.953
Afleiðusamningar vegna áhættuvarna, samtals	393.705	8.719	6.953

Fjármálanefnd bankans mótar stefnu í lausafjárstýringu, hefur eftirlit með lausafjárstöðu samstæðunnar og er ráðgefandi um eigna- og skuldasamsetningu bankans. Markmiðið er að lágmarka sveiflur í lausafjárstöðu og tryggja að bankinn hafi ávallt nægilegt aðgengi að fjármagni til að mæta útstreymi vegna skuldbindinga næsta mánaðar. Fjárstýring annast lausafjárstýringu bankans og metur áætlað greiðslufleði fram í tímann í samvinnu við Áhættustýringu.

Við lausafjárstýringu fer bankinn eftir reglum Seðlabankans um lausafjárhlutfall, það er hlutfall veginna lausafjáreigna af lausafjárskuldum. Reglurnar kveða á um að hlutfallið skuli vera hærra en 1 þegar litið er til næstu þriggja mánaða. Reglur Seðlabankans fela í sér nokkurs konar álagspróf þar sem eigna- og skuldaliðir eru vegnir með stuðlum. Álagsprófið endurspeglar hversu aðgengileg eign í lausafjárkreppu er og hversu mikil þörf er á að greiða viðkomandi skuldbindingu tímanlega.

Lausafjárhlutfall bankans var 2,23 í lok árs 2007 og er það reiknað með því að vege og meta eignir og skuldir bankans samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands nr. 317/2006 um lausafjárhlutfall.

Landsbankinn hefur sett sér innri reglur um erlenda lausafjárstöðu. Reglurnar taka til lausafjárahættu til skamms tíma og lengri tíma. Lykilviðmiðun þessara reglna er að tryggja að bankinn eigi lausafé til að mæta aðstæðum þar sem aðgengi að fjármagni er lokað í allt að 12 mánuði á meðan bankinn borgar allar skuldbindingar, sem falla á gjalddaga, auk annarra innlána, sem eru viðkvæm fyrir breytingum, og heldur um leið óbreyttri starfsemi. Frekari umfjöllum má finna í kaflanum um fjármögnun og lausafé.

Eigið fé og álagspróf FME

Landsbankinn stýrir eigin fé sínu til að uppfylla kröfur Fjármálaeftirlitsins (FME) um eigið fé. FME gerir kröfu um að Landsbankinn haldi nægu eigin fé til að uppfylla lágmarkskröfur um eiginfjárhlutfall skv. reglum um eiginfjárkröfu og áhættugrunn fjármálaþyrirtækja, nr. 215/2007. Þessar reglur eru byggðar á viðmiðunarreglum Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit í Basel II-reglunum. Lágmarkskröfur eru sýndar sem hlutfall af eigin fé af áhættuvegnum eignum.

Landsbankinn hefur sett sér viðmiðanir um eiginfjárhlutfall (eiginfjárpátt B) yfir 10%, sem er töluvert umfram 8% lágmarkskröfur FME. Að mati bankans er með þessu tekið tillit til samsetningar á rekstri bankans með hliðsjón af viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi annars vegar og af þeirri áhættu sem bankinn er reiðubúinn að taka í markaðsverðbréfum hins vegar. Eiginfjárhlutfall Landsbanka Íslands skv. reglum um eiginfjárhlutfall var í árslok 2007 11,7%, þar af 10,1% eiginfjárpáttur A.

Íslensku bankarnir eru reglulega álagsprófaðir af FME til að meta getu þeirra til að takast á við áföll í efnahagsmálum. Álagsprófið gerir ráð fyrir að eftirtaldir atburðir gerist allir á sama tíma: i) 35% lækkun á virði innlendra hlutabréfa og 25% lækkun á virði erlendra hlutabréfa í eigin áhættu, ii) 20% lækkun á virði vaxtafrystra/virðisrýrðra útlána og fullnustueigna, iii) 7% lækkun á virði markaðsskuldabréfa í eigin áhættu og iv) 20% veiking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Gert er ráð fyrir að bankarnir standist það að þessir atburðir gerist samtímis á sama tíma og bankarnir viðhaldi 8% hlutfalli í eiginfjárbætti B. Nýjustu niðurstöður álagsprófs FME, byggðar á árslokatalum 2007, höfðu áhrif upp á 1,2% á eiginfjárlutfall Landsbankans, eða 10,5% eiginfjárlutfall. Ákvörðun Landsbankans um að verja eigið fé sitt gegn sveiflum í gjaldeyri hefur gert það að verkum að áhrifin eru minni en áður.

Álagspróf Fjármálaeftirlitsins

		Eiginfjár- hlutfall		Eiginfjár- þáttur A
Fyrir álagspröfun		11,7%		10,1%
35% verðlækkun innlendra hlutabréfa og 25% verðlækkun erlendra hlutabréfa	-0,63%	11,07%	-0,65%	9,45%
20% tap á lánasafni	-0,25%	10,70%	-0,25%	9,20%
7% verðlækkun skuldabréfa	-0,29%	10,41%	-0,30%	8,90%
20% veiking íslenskrar krónu	-0,02%	10,39%	-0,10%	8,80%
Breyting		1,2%		1,3%
Staða eftir álagspröfun 31. des. 2007		10,5%		8,8%

Útlánaáhætta

Þar sem útlán bankans eru bæði mikilvægasta og stærsta eign bankans er útlánaáhætta stærsti einstaki áhættuþátturinn sem bankinn stendur frammi fyrir. Útlánaáhætta er hættan á að bankinn verði fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þess að mótaðili uppfylli ekki samningsbundna skyldu sína og möguleg veð verndi ekki kröfu Landsbankans að fullu.

Útlánaáhætta á uppruna sinn að mestu í útlánum samstæðunnar til fyrirtækja og einstaklinga, sem og vegna ábyrgða. Útlánaáhætta er einnig til komin vegna fjármálagerna eins og afleiðna. Landsbankinn þarf þóknun fyrir þá áhættu sem hann tekur á sig og verðlagning útlána endurspeglar áhættuna eins og bankinn metur hana á hverjum tíma. Traust ákvörðunarferli við veitingu útlána og stuðningur frá nákvæmum áhættugreiningarkerfum er lykilatriði fyrir nákvæma greiningu á áhættu og verðlagningu útlána. Útlánaáhætta Landsbankans er í sífelldri athugun og stýringu auk þess sem allt regluverk, sem lýtur að útlánaáhættu, er reglulega yfirfarið.

Ábyrgðarsvið og útlánareglur


Útlánaáhættu Landsbankans er stjórnað miðlægt af lánanefnd samstæðu bankans. Nefndin setur lánareglur sem eru í samræmi við stefnu bankaráðs, setur útlána-

mörk fyrir einstaka lántakendur eða hóp lántakenda, landsvæði og atvinnugreinar. Útlánaheimildir eru stigvaxandi, sérstaklega skilgreindar og skjalaðar. Lánanefndir í dótturfélögum (sjá mynd) úthluta heimildum innan sinna marka og eru ábyrgar fyrir því að endurskoða reglur er varða útlán.

Skipulag ákvörðunarferlis útlána og útlánaáhætta

Útlánaáhætta er metin og henni stjórnað á samstæðugrunni með reglulegu mati á viðskiptamönnum, breytingum á útlánaheimildum og útlánareglum.

Ákvarðanataga um útlán hjá Landsbankanum



Ákvörðunarferli útlána

Bankaráð setur almennar útlánareglur bankans sem meðal annars fjalla um hámarksskuldbindingar einstakra viðskiptavina og tengdra aðila. Þessar reglur eru studdar nánar af innri reglum bankans er setja heildaráhættu útlána samstæðunnar skorður. Þessar reglur taka á heildaráhættu viðskiptavina þar sem óbein og bein áhætta er mæld fyrir samstæðu bankans. Fjármálagerningum, sem gefnir hafa verið út af viðskiptavini og eru til tryggingar skuldbindingum annarra aðila, er bætt við beinar kröfur.

Innri reglur Landsbankans takmarka heildaráhættu við 20% af eigin fé bankans. Útlán til aðila, sem eru flokkaðir í bestu áhættuflokkum samkvæmt áhættuflokkunarkerfi bankans, mega þó vera allt að 25% af eigin fé, en það sem er yfir 20% má þó aðeins vera til skamms tíma. Aðilum í lægri áhættuflokkum er heimilt að hafa heildaráhættu sem nemur allt að 10% af eigin fé bankans. Þó er heimilt með sama hætti að hækka þá áhættustöðu í allt að 15% og skal þá sá hluti, sem er yfir 10%, flokkast meðal skammtímaskuldbindinga.

Stýring útlánaáhættu


Þar sem útlán Landsbankans hafa vaxið og eru dreifð innan mismunandi atvinnuflokka og landa er mikilvægt að greina og stjórna útlánaáhættu á samstæðugrunni. Virk stýring útlánaáhættu er grundvallaratriði góðrar og áreiðanlegrar bankastarfsemi. Áreiðanleg áhættustýring felur í sér að saman fari áhætta og

umbun. Eftirlitskerfi hafa verið bætt og sérhæfðir sérfræðingahópar fengnir til að fylgjast með einstökum útlánaflokkum. Gagnagrunnar útlána og upplýsingakerfi hafa á sama tíma verið bætt og samhæfð í samstæðunni til að gera bankanum kleift að greina einstaka hluta lánasafnsins sem og einstök lán.

Bankinn hefur sérhæfða hópa sérfræðinga sem fylgjast með útlánaáhættu í útibúanetinu og dótturfélögum. Útlánaáhætta samstæðunnar er metin með samfelldum hætti með því að meta getu viðskiptavina til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart bankanum. Þetta er gert með reglulegum skýrslum um þróun og gæði útlánasafns bankans til stjórnar, lánanefndar, æðstu stjórnenda og opinberra eftirlitsaðila.

Útlánaáhættudeild metur gæði og þróun útlánasafnsins á samstæðugrunni og sér um smíðar og viðhald á flokkunarkerfum útlána og líkönum. Þá sér deildin um að viðhalda miðlægum gagnagrunni samstæðunnar um útlánaáhættu. Sérstök starfseining um útlánaáhættu fyrirtækjalána fylgist með útlánum til stærstu fyrirtækja á samstæðugrunni.

Innri áhættuflokkun samstæðunnar



Röð	Líkur á greiðslufalli	
	Frá	Til
1	0%	0,55%
2	0,55%	2,29%
3	2,29% +	
4	Lán í vanskilum (e. problem loans)	

Flokkun útlánaáhættu

Eitt grundvallaratriði í mælingu á útlánagæðum er mæling á líkum á greiðslufalli (90 daga vanskilum) viðskiptavina með fljótvirku og nákvæmu kerfi. Mismunandi innri og ytri kerfi eru notuð til að meta viðskiptavini og útlán. Það er sammerkt með öllum kerfunum að þau flokka útlán eftir áhættu og spá fyrir um líkur á greiðslufalli. Flokkun Landsbankans samanstendur af fjórum yfirflokkum, þar sem hver flokkur stendur fyrir líkur á greiðslufalli. Flokkunin er yfirfarin reglulega og breytingar gerðar þegar við á.

Þróun útlánaáhættu

Útlán bankans jukust um 41% árið 2007. Fjárhagslega sterkir lántakendur, einkum alþjóðleg fyrirtæki, eru stór hluti af þessum vexti. Þetta er í samræmi við eitt af þeim aðalmarkmiðum, sem bankinn setti sér fyrir 2007, um frekari dreifingu útlánasafnsins eftir atvinnugreinum og landsvæðum. Vexti útlána til fyrirtækja með rekstur erlendis má skipta upp í nokkra flokka: Útlán veitt í tengslum við vöxt íslenskra fyrirtækja erlendis, sjóðstreymislán (e. structured finance) veitt til sterkra alþjóðlegra fyrirtækja, eignatryggt útlán (e. asset backed) og fjármögnun viðskipta (e. trade finance) í gegnum fyrirgreiðslu útibús Landsbankans í London, útlán til einkabankaviðskiptavina Landsbankans í Lúxemborg og Heritable Bank í London.


Frekari áhættudreifing ætti að minnka samsöfnunaráhættu og afskriftaframlög í framtíðinni. Allar mælistikur, sem notaðar eru, gefa til kynna að gæði útlána Landsbankans hafi aukist á síðustu árum.

Heildarútlán til viðskiptavina voru 2.023 milljarðar króna í árslok og þar af voru 1.665 milljarðar útlán til fyrirtækja, sem samsvarar 44% vexti frá árinu áður, á meðan útlán til heimila námu 379 milljörðum, sem var vöxtur uppá 27%.

Útlánaáhhætta

Útlánaáhhætta vegna ýmissa liða efnahagsreiknings:	2007 (milljarðar króna)	2006 (milljarðar króna)	Breyting í %
Útlán og kröfur til viðskiptavina:			
Útlán til einstaklinga:			
– Fasteignaveðlán	262	194	35%
– Önnur lán	118	105	12%
Útlán til fyrirtækja og opinberra aðila	1.665	1.156	44%
Virðisrýrnun útlána og krafna	(22)	(17)	32%
Samtals útlán og kröfur á viðskiptavinum	2.023	1.438	41%

Landaskipting útlána



Útlán til viðskiptavina eftir atvinnugreinum

Landsbankinn jók enn á dreifingu útlána þegar horft er til landfræðilegrar skiptingar á árinu 2007. Í lok árs voru útlán tengd alþjóðlegri starfsemi bankans 42% af heildarútlánunum á móti 37% í lok 2006. Hér um bil þriðjungur útlána til íslenskra fyrirtækja eru lán til erlendar starfsemi þeirra og félaga.

Útlán til fyrirtækja hafa vaxið umtalsvert, bæði á Íslandi og erlendis. Mestur hefur vöxturinn verið í þjónustu, byggingariðnaði og iðnaði. Í lok árs voru 26% útlána í flokki bestu útlána. Stærsta einstaka lánasafnið í lánasafninu, þegar miðað er við atvinnugreinar, er þjónusta. Í þeirri atvinnugrein eru lán til íslenskra og evrópskra fyrirtækja, en rekstur þessara fyrirtækja er fjölbreyttur og m.a. má nefna fjarskipti og flutninga. Mikilvægt er að geta þess að eignarhaldsfélög eru flokkuð með þjónustu.

Framkvæmda- og framleiðslugeirarnir uxu töluvert árið 2007. Stór hluti þessa vaxtar á rætur að rekja til fasteignatengdra lánveitinga Heritable Bank og lánveitinga til framleiðslufyrirtækja í gegnum útibúin í London og Amsterdam.

Útlán til verslunar stóðu nánast í stað árið 2007; útlán í lok árs voru 12% samborið við 15% í lok árs 2006. Hluti af útlánunum í þessari atvinnugrein eru lán til verslunarfyrirtækja í Bretlandi, á Íslandi og í Norður-Evrópu. Fiskveiðar og fiskvinnsla er sá geiri sem í heild mælist best, með tilliti til áhættu, í útlánasafni bankans og nam 9% af heildarútlánunum til viðskiptavina í lok árs 2007.

Útlán til einstaklinga

í milljörðum króna	Veðlán	Önnur lán
Ísland	146,4	103,3
Bretland og Írland	80,6	7,9
Önnur Evrópulönd	34,4	5,5
Bandaríkin og Kanada/ önnur lönd	0,4	0,8
Samtals	261,8	117,6

Útlán til einstaklinga

Árið 2007 voru 66% af útlánunum til einstaklinga innanlands, 23% til Bretlands og Írlands og 11% til Vestur-Evrópu í gegnum Landsbanki Luxembourg.


Fasteignaveðlán námu 262 milljörðum króna í árslok 2007 og námu 69% af útlánunum til einstaklinga. Fasteignaveðlán eru áhættulítill útlán, þar sem 93% af lánunum eru í tveimur áhættuminnstu flokkunum. Veðhlutfall er lágt í bæði fasteignalánunum og eignatryggðum lánunum. Önnur lán til einstaklinga eru yfirleitt með minni formlegum tryggingum. Landsbankinn notar afleiður til að draga úr útlána-áhættu sinni í tengslum við hluta af fasteignaveðlánunum sínum.

Veð

Hin hefðbundna leið til að draga úr útlánaáhættu er að taka veð sem tryggingu á móti útlánunum. Bankinn leitar eftir því að fá veð þegar það er talið nauðsynlegt. Þegar talið er nauðsynlegt að bankinn taki veð í eignum, þá er það bæði til tryggingar núverandi lántöku og framtíðarlántöku viðskiptavinarins.

Útlán bankans eru tryggð með margvíslegum hætti, m.a. með veði í atvinnuhús-næði og íbúðarhúsnaði, verðbréfum, landi, flutningaskipum, veiðiskipum ásamt

Atvinnugreinaskipting útlána 31. desember 2007*



*Lán til fjármálastofnana meðtalin

óframseljanlegum veiðiheimildum, flugvélum o.s.frv. Landsbankinn tekur einnig veð í birgðum, hrávöru, kröfum og lausafjármunum eins og vélum og tækjum. Lán með veði í íbúðarhúsnæði eru venjulega að fullu tryggð með húsnæðinu sem lánið er tekið út á. Ekki eru gerðar jafn strangar kröfur um veð þegar um er að ræða styttri lán til einstaklinga eins og yfirdráttarlán og kreditkortalán.

Stórar áhættuskuldbindingar

Í lok árs 2007 voru níu viðskiptamenn skilgreindir með stórar áhættuskuldbindingar hjá bankasamstæðunni. Viðskiptamenn eða fjárhagslega tengdir aðilar eru skilgreindir með stórar áhættuskuldbindingar ef heildarskuldbindingar fara yfir 10% af eigin fé bankans samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum. Þessar reglur kveða á um að samtala skuldbindinga umfram 10% af eigin fé banka megi ekki nema meira en 800% af eigin fé bankans. Að hámarki má hver viðskiptavinur eða tengdur aðili ekki hafa heildarskuldbindingu sem nemur meira en 25% af eigin fé bankans. Allar stórar áhættuskuldbindingar Landsbankans voru innan þessara marka í árslok 2007. Bankaráð fær reglulega ítarlegar skýrslur um stærstu viðskiptavinum bankans. Þá fer lánanefnd yfir skýrslur um stærstu áhættuskuldbindingar ásamt öðrum skýrslum er fjalla um lánasafnið. Þessar skýrslur fjalla m.a. um áhrif efnahagsmála á lánasafnið í heild og einstaka hluta þess.

Próun vanskila

Í lok árs 2007 námu vanskil 9,5 milljörðum eða 0,47% af heildarútlánum, í samræmi við það lága hlutfall vanskila sem hefur verið síðustu ár. Vanskil eru breytileg eftir tegundum útlána, staðsetningu og eðli viðskiptavina.

Vanskil í útibúum á Íslandi eru hæst í útlánnum til einstaklinga og vegna lána til smærri fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Á fyrirtækjasviði eru vanskilin hlutfallslega minnst í útlánnum til stórra fyrirtækja. Vanskil vegna lána, sem veitt eru af erlendum starfsstöðum eru lág. Vel er fylgst með útlánnum til viðskiptavina sem eru í vanskilum og gripið er til viðeigandi ráðstafana jafn skjótt og auðið er. Þau viðbrögð geta verið endurfjármögnun, sala eigna eða kröfur um að viðskiptamenn leggi fram aukin veð.


Innheimta

Bætt eftirlit og innheimtuferlar hafa dregið verulega úr vanskilum, hvort sem miðað er við hlutfall af heildarútlánnum eða upphæðir. Þegar talið er að aukin hætta sé á vanskilum er nú tekið fyrir á málum en áður. Vegna þessara breyttu vinnubragða hefur dregið verulega úr vanskilum. Þegar um stór vanskilamál er að ræða, eða þegar aukin hætta er talin á vanskilum einstakra viðskiptavina, er

Útlán til viðskiptavina


í milljörðum króna	31. des. 07	31. des. 06	31. des. 05
Opinberir aðilar	24	9	8
Fyrirtæki	1.642	1.147	745
Einstaklingar	379	299	245
Virðisrýrnunar-reikningur	(22)	(17)	(13)
Samtals	2.023	1.438	985
Breyting milli tímabila %	40,6%	46,1%	

Stórar áhættuskuldbindingar



□ Fjöldi stórra áhættuskuldbindinga
 ● Hlutfall af eigin fé (hægri ás)

Vanskil útlána



— > 90 dagar

lögð áhersla á að fá auknar tryggingar. Þá er einnig mögulegt að viðskiptavinir séu aðstoðaðir við að endurskipuleggja skuldir til að auðvelda þeim að standa við skuldbindingar sínar.

Útreikningur virðisrýrnunar

Framlög eru sett í virðisrýrnunarsjóði (afskriftasjóð) til að mæta hugsanlegu útlánatapi á hverjum tíma samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Útlán og aðrar skuldbindingar eru metnar með tilliti til hættu á framtíðartapi. Á grundvelli þess er myndaður virðisrýrnunarreikningur sem færður er til frádráttar á viðkomandi lið í efnahagsreikningi. Við útreikning á stærð virðisrýrnunarreiknings útlána er framkvæmt virðisrýrnunarpróf (e. impairment test) á þeim lánum sem uppfylla ákveðin skilyrði um metna, aukna áhættu. Er þá lagt mat á framtíðargreiðslustreymi einstakra lána eða lánasafna. Ef matið reynist lægra en uppgreiðsluverðmæti lánsins á uppgjörsdegi er mismunurinn gjaldfærður í virðisrýrnunarreikning. Þetta mat er annars vegar framkvæmt þannig að öll útlán bankans yfir ákveðinni upphæð eru skoðuð nákvæmlega og áhættumælikvarðar metnir; hins vegar er öllum öðrum útlánnum bankans skipt upp í útlánasöfn með sömu eða svipaða áhættumælikvarða. Með þessum hætti eru öll útlán bankans metin reglulega með tilliti til gæða og stærð virðisrýrnunarreiknings þar með ákveðin. Framlag í virðisrýrnunarreikning ársins 2007 var 7,645 milljónir króna eða 0,37% af heildarútlánnum í lok árs. Endanlega töpuð útlán ársins 2007 námu 1,5 milljörðum. Virðisrýrnunarreikningur sem hlutfall af útlánnum og veittum ábyrgðum nam 1,02% í árslok, en var 1,07% í lok árs 2006 og 1,17% í lok árs 2005. Í lok árs 2004 og 2003 var virðisrýrnunarreikningur 1,29% og 2,25%.

BASEL II

Landsbankinn hefur fylgt staðalaðferð (e. standardised approach) Basel II-reglnanna frá fyrsta fjórðungi 2007. Innleiðing reglnanna hafði lítil áhrif á bindingu eigin fjár vegna útlánastarfsemi. Til að uppfylla skilyrði þessara reglna hafa upplýsingakerfi og gagnagrunnar verið uppfærðir.

Landsbankinn notar aðferðafræði Basel II-reglnanna til að áhættumeta viðskiptavini, meta líkur á greiðslufalli út frá sögulegum gögnum og huglægu mati sérfræðinga. Áhersla hefur verið lögð á að meta gæði veða og að reikna út tapsáhættu (e. loss given default) fyrir hluta af útlánasafninu. Landsbankinn áformar að taka síðar upp innri matsaðferðir (e. advanced internal rating approach) til að reikna nauðsynlega bindingu eigin fjár. Sú aðferð felur í sér notkun tölfræðilíkana við mat á útlánaáhættu. Mikið starf hefur verið unnið við uppbyggingu gagnagrunna bankans til að undirbúa notkun innri matsaðferðar. Til að það sé hægt hefur mikil áhersla verið lögð á að nauðsynleg gögn um lánasögu viðskiptavina séu vistuð og aðgengileg í gagnagrunnum.

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á því að bankinn verði fyrir fjárhagslegu tjóni vegna ófullnægjandi eða gallaðra verkferla eða kerfa, mistökum starfsfólks eða vegna utanaðkomandi atvika. Lagaleg áhætta telst til rekstraráhættu, en ekki hætta á rýrnun orðstírs. Rekstraráhætta er því til staðar í allri starfsemi Landsbankans.

Framkvæmdastjóri hvers sviðs ber ábyrgð á rekstraráhættu sviðsins, en dagleg stjórn á rekstraráhættu er á ábyrgð forstöðumanna deilda. Landsbankinn hefur umsjón með og samræmir stýringu á rekstraráhættu á samstæðugrunni. Áhættustýringarferlið er í samræmi við „Sound Practice for the Management and Supervision of Operational Risk“ sem Basel-nefndin gaf út árið 2003 og uppfyllir einnig nýjar reglur um gjaldþol sem tóku gildi 1. janúar 2008. Samstæðan hefur ákveðið að nota grundvallaraðferð (e. „Basic Indicator approach“) til að reikna út lögbundið eiginfjárlutfall sitt.

Til að tryggja samhæfða stjórn rekstraráhættu á samstæðugrunni notar Landsbankinn kerfi sem er bæði fyrirbyggjandi og felur í sér eftirlit. Um er að ræða ítarlega verkferla, stöðuga umsjón og tryggingar, ásamt virku eftirliti sem er í höndum innri endurskoðunar. Slíkri umsjón með rekstraráhættu er ætlað að tryggja að allar starfseiningar bankans séu vel meðvitaðar um rekstraráhættu, að stöndugt eftirlitskerfi sé til staðar og að eftirlitsþáttum sé framfylgt á skilvirkan og áhrifaríkan hátt.

Við mat á rekstraráhættu styðst bankinn við ýmsar aðferðir sem þróaðar hafa verið síðastliðin ár. Þar á meðal er reglubundið sjálfsmat framkvæmt af stjórnendum allra starfseininga, þar sem metin er líkleg tíðni og mögulegar fjárhagslegar afleiðingar, til að greina helstu áhættuþætti eininganna. Góð undirstaða að mati og greiningu á rekstraráhættu fæst með því að rekja fjárhagslegt tjón sem af henni hefur hlotist. Nota má ýmsa áhættuvísa til að greina breytingar á rekstraráhættu.

Ítarlegar reglur og verklagsferlar mæla fyrir um hvernig starfsmenn eigi að haga vinnu sinni fyrir bankann. Innri reglur bankans eru sífellt til endurskoðunar og er reglum og ferlum breytt í samræmi við nýjar áherslur. Bankinn býður starfsmönnum sínum einnig aðgang að viðtækri þjálfun og menntun til að auka enn frekar á þekkingu og færni þeirra.

Talsverð áhætta tengist upplýsingatæknikerfum sem fjármálafyrirtæki nota í starfsemi sinni. Stöðugt er unnið að þróun og endurbótum á upplýsingatæknikerfum Landsbankans. Áhætta þeim tengd er metin reglulega og er mótvægisáðgerðum til að draga úr áhættu beitt hvar sem því verður við komið. Öryggisafrit eru tekin af öllum helstu hlutum kerfisins, á borð við aðalgagnageymslur, og eru afritin samkeyrð og hýst á sérstökum stöðum, í samræmi við stefnu bankans um stýringu á rekstraráhættu.

Mikil áhersla er lögð á öryggis- og aðgangsstýringarkerfi bankans og er starfsmönnum í framlínu kennt að bregðast við aðstæðum sem kunna að koma upp. Ýmis utanaðkomandi atvik, eins og náttúruhamfarir, eldsvoði og skemmdarverk, geta haft mikil áhrif á rekstur og afkomu bankans.

Bankinn getur gripið til viðlagaáætlunar sem ætlað er að koma í veg fyrir rask á bankastarfsemi og halda fjárhagslegu tjóni vegna alvarlegra truflana í lágmarki.

Landsbankinn býr við flókið laga- og regluhverfi, líkt og aðrar fjármálastofnanir. Hröð þróun á sér stað á fjármálamörkuðum og eru lög og reglur því sífellt til endurskoðunar. Lagabreytingar geta haft umtalsverð áhrif á rekstur bankans og starfsumhverfi. Fylgst er náið með öllum laga- og reglubreytingum og metið á hvaða hátt best er að bregðast við á hverjum tíma.

Regluvörsluáhætta

Regluvörsluáhættu má skilgreina sem áhættuna á lagalegum viðurlögum, fjárhagslegu tjóni eða skaða á ímynd bankans vegna brota gegn lögum, reglugerðum, siðareglum og því sem teljast góðir starfshættir.

Ráðning regluvarðar Landsbankasamstæðunnar er staðfest af bankaráði, en regluvörður ber ábyrgð á regluvörslu í móðurfélaginu, útibúum og umboðsskrifstofum. Regluvörður móðurfélags hefur eftirfylgni með regluvörslu innan samstæðunnar. Innan erlendra dótturfélaga starfa regluverðir en regluvörður móðurfélags hefur yfirumsjón með störfum þeirra og samræmir vinnu þeirra. Regluvörður móðurfélags gerir yfirstjórn Landsbankans reglulega grein fyrir starfi regluvarða dótturfélaganna.

Regluvörsluáhætta er undirflokkur rekstraráhættu þar sem áherslan er á markaðsmisnotkun, svik, misferli, aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, siðareglur, reglur um hagsmunaárekstra og bestu framkvæmd.

Regluvörður hefur eftirlit með því að reglum bankans um verðbréfavíðskipti, hagsmunaárekstra, víðskipti innherja og flokkun víðskiptavina sé framfylgt og að starfsemi samstæðunnar sé í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti, lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem og önnur lög sem um starfsemina gilda.

Regluvarsla Landsbankans greinir, skjalar og metur regluvörsluáhættu í starfsemi bankans, þar með talið við þróun á nýjum vörum og víðskiptaháttum.

Regluvarsla starfar samkvæmt eftirlitsáætlun til að fylgjast með og lágmarka regluvörsluáhættu. Áætlunin tekur á þeim frávikum sem kunna að verða við framkvæmd reglna og verkferla í starfsemi bankans.

Regluvarsla uppfærir reglulega reglur og verkferla bankans. Regluvarsla sér um gerð verkferla, myndrænna lýsinga á verklagi í höfuðstöðvum og dótturfélögum bankans. Verkferlum er ætlað að tryggja að ávallt sé farið að þeim lögum og reglum sem bankinn starfar eftir. Mögulegir hagsmunaárekstrar í starfsemi bankans eru metnir og er vernd fjárfesta ávallt forgangsatriði.

Eitt af megin viðfangsefnum regluvörslu árið 2007 var innleiðing á tilskipun Evrópusambandsins um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID). MiFID tók gildi 1. nóvember 2007 og hafði í för með sér viðtækar breytingar á viðskiptaháttum með fjármálagerninga. Tilskipunin veitir almennum viðskiptavinum aukna vernd og gerð er krafa um að bankarnir búi yfir meiri upplýsingum um viðskiptavinum og flokki þá til að tryggja að þeim bjóðist viðeigandi þjónusta. Innleiðing á MiFID-tilskipuninni var stórt verkefni og að því unnu starfsmenn regluvörslu ásamt öðrum starfsmönnum samstæðunnar.




ÓLÍKIR HEIMAR. EINN HEIMUR. – Jökulá. Ísland.

Starfsmannamál

Landsbanki lítur á hvern starfsmann sem mikilvæga auðlind og leitast því við að ráða einungis til sín framúrskarandi starfsfólk. Til að laða að, efla og halda í bestu sérfræðingana á hverju sviði er lögð áhersla á starfsánægju, gott starfsumhverfi og markvissa starfsþróun. Skemmtilegur og áhugaverður vinnustaður, þar sem aðstæður, tækjabúnaður og starfsumhverfi eru eins og best verður á kosið, er lykilatriði í þessu samhengi. Mikil áhersla er lögð á að laun og aðbúnaður séu samkeppnishæf og að hagsmunir starfsfólks og bankans fari saman með árangurstengdu launakerfi.

Skipting stöðugilda Landsbankans eftir starfsstöðvum



Starfsmannahópur bankans er að stækka

Síðastliðin ár hefur Landsbankinn stækkað hratt og örugglega og starfar nú í 16 löndum. Á Íslandi starfa 55% af mannafla bankans, 22% í Bretlandi og Írlandi, 20% eru á meginlandi Evrópu og 1% í Bandaríkjunum, Kanada og Asíu. Vöxturinn hefur verið mestur í fyrirtækja- og fjárfestingarbankastarfsemi og verðbréfavíðskiptum, en vöxtur á þessum sviðum kallar á aukna miðlæga þjónustu. Starfsmönnum, sem sinna þessari þjónustu í höfuðstöðvum Landsbankans, hefur því fjölgað mjög og mannaáðningin árið 2007 hafa miðast við að styðja aukin umsvif sem rekja má til samþættingar og samræmingar á öllum sviðum fyrirtækjasamstæðunnar. Starfsfólki fjölgaði í 2.771 á árinu og er það 20% aukning á milli ára. Af nýjum stöðugildum voru 112 á Íslandi og 346 erlendis.


Mannafla æ fjölbreyttari

Samhliða hröðum vexti Landsbankans og auknum umsvifum erlendis hefur samsetning í hópi starfsfólks bankans breyst mikið. Breytingarnar hafa stuðlað að meiri fjölbreytni í menntun, þekkingu og reynslu starfsfólks. Í starfsemi bankans mætast því margvíslegir straumar og stefnur, bæði í daglegu starfi og við mótun framtíðaráforma.

Hnitmiðuð starfsmannastefna

Starfsmannastefna Landsbankans er ein af helstu ástæðunum fyrir leiðandi stöðu bankans á innanlandsmarkaði og á henni grundvallast einnig frekari þróun. Drifkraftur og metnaður starfsmanna Landsbankans hafa átt mikinn þátt í velgengni bankans síðastliðin ár.

Skipting stöðugilda Landsbankans eftir löndum



Starfsþróun og fræðsla

Landsbankinn leggur mikla áherslu á að starfsfólk sé jákvætt gagnvart því að þróast og vaxa í starfi og að það fái tækifæri til þess. Starfsfólk hefur aðgang að öflugri fræðslu sem er sniðin að mismunandi þörfum og markmiðum einstaklinga. Boðið er upp á námskeið á ýmsum sviðum, svo sem sölu og þjónustu við viðskiptavinum, tækni og tækjanotkun auk fjölbreyttra hópnámskeiða og sérsniðinna námskeiða fyrir einstaklinga og sérfræðingahópa.

Árangurstengd þóknun og launakerfi


Til að laða að, efla og halda í framúrskarandi starfsfólk býður Landsbankinn upp á árangurstengt launakerfi. Helstu markmið launakerfis bankans eru að tryggja að hagsmunir starfsfólksins og bankans fari saman og að viðhalda jafnvægi á milli árangurs fyrirtækisins og þóknunar starfsmanna.

Þóknunir stjórnenda eru nátengdar ávöxtun hluthafa með hagsmuni hluthafa í huga. Launakerfi bankans er þannig hannað til að ýta undir frumkvæði og árangur og styðja samhæfða viðskiptastefnu bankans.

Áhersla á heilsu starfsmanna

Gott heilsufar starfsmanna skiptir bankann miklu máli og því hefur bankinn í fjölda ára endurgreitt starfsmönnum kostnað vegna líkamsræktar. Bankinn hefur auk þess lagt áherslu á að starfsmenn hafi stöðugt aðgang að ferskum ávöxtum endurgjaldslaut. Í starfsstöðvum Landsbankans á Íslandi var gert sérstakt heilsuáttak árið 2007. Þátttakendum í áttakinu var boðið upp á almennt heilsufarsmat og stutt námskeið í hollustuháttum. Meira en 500 starfsmenn sóttu fyrirlestra, rúmlega 1.000 starfsmenn létu meta heilsufar sitt og eftirfylgniathuganir hafa verið skipulagðar 2008. Átök á borð við þetta eru mikilvægur liður í þjónustu bankans við starfsfólk sitt.

Jákvæðari svör við kjarnaspurningum



Meðalaldur starfsmanna er frekar lágur og stór hluti starfsmanna er á barnseignaraldri. Í fjölskyldustefnu Landsbankans er lögð áhersla á að skapa starfsumhverfi þar sem komið er til móts við þarfir starfsmanna með ung börn, t.d. með starfsfyrirkomulagi sem byggir á fjarvinnu. Landsbankinn hvetur karlmenn meðal íslenskra starfsmanna til að nýta þriggja mánaða feðraorlof sem þeir eiga rétt á. Til að styðja fjölskyldur enn frekar greiðir bankinn foreldrum í fæðingarorlofi mismun-

inn milli greiðslna frá Fæðingarorlofssjóði og launa þeirra hjá bankanum. Þannig geta nýir foreldrar tekið fæðingarorlof á fullum launum.

Árangursmat

– Landsbankinn fær góða einkunn í könnunum meðal starfsmanna


Capacent Gallup hefur framkvæmt starfsmannarannsóknir fyrir Landsbankann árlega síðan 2000. Útkoma þessara kannanna hefur leitt í ljós að ánægja meðal starfsmanna bankans er að aukast. Einkunnir bankans eru talsvert hærri en almennt meðaltal á Íslandi og einnig hærri en meðaleinkunnir í fjármála- og tryggingageiranum. Undanfarin ár hefur könnunin verið framkvæmd meðal allra starfsmanna á Íslandi, hjá Landsbankanum í Lúxemborg og útibúi bankans í London. Þátttaka hefur verið rúmlega 90% og markmiðið er að framkvæma könnunina í allri banka-samstæðunni á næstu árum.

Könnunin samanstendur af 80 staðhæfingum sem flestar byggja á Likert-skala með fimm svarmöguleikum á bilinu „mjög sammála“ til „mjög ósammála“. Spurt eru um atriði sem lúta að starfsánægju, vinnuumhverfi, aðstöðu og tækjabúnaði, stjórnendum, starfsþróun, þjálfun og fræðslu. Prettán af þessum 80 spurningum eru svokallaðar kjarnaspurningar sem eru afrakstur viðtækra þróunarvinnu Gallup í Bandaríkjunum. Rannsóknir hafa sýnt að viðbrögð við kjarnaspurningunum geti gefið vísbendingar um ánægju viðskiptavina, framleiðni, ágóða og starfsmannaveltu.

Samanburður á niðurstöðum könnunarinnar hjá Landsbankanum og gagnagrunni Capacent Gallup á Íslandi sýnir að bankinn er í hópi 5% efstu fyrirtækja á landinu. Meðaleinkunn aðila í gagnagrunninum er 3,94 og Landsbankinn fær 4,27 þar sem 5,0 er hæsta einkunn. Landsbankinn kemur líka vel út í samanburði við niðurstöður annarra evrópskra fyrirtækja. Í flokknum, þar sem spurt er um hollustu starfsmanna, er Landsbankinn í hópi 5% hæstu fyrirtækja í Evrópu.


Einnig er áhugavert að skoða TRI*M-aðferðafræðina sem Capacent Gallup notar til að meta hollustu starfsmanna. TRI*M-aðferðafræðin skilar bæði niðurstöðum á TRI*M-skala á bilinu 0–100 og með TRI*M-formgerðarflokkun þar sem starfsmönnum er skipt í fjóra lýsandi hópa („talsmenn“, „ég á heima hér“, „fráhverfir“ og „gagnrýnendur“) út frá ánægju þeirra og hvetjandi starfsumhverfi. Meðaleinkunn Landsbankans var 85 sem þýðir að bankinn er í fimm efstu prósentunum á TRI*M-skalanum á heimsvísu. Formgerðarflokkun starfsmannahópa hjá Landsbankanum er jákvæð, bæði miðað við evrópskar niðurstöður almennt sem og evrópsk fjármálafyrirtæki. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að stór hluti starfsmanna Landsbankans eru í áhugasamasta hópnum („talsmenn“) og að fáir starfsmenn lenda í hópi áhugalítilla og óánægðra starfsmanna („fráhverfir“).

Landsbankinn í heild 2007




Heimild: Vinnustaðagreining Capacent fyrir Landsbankann

Viðmið - Fjármálafyrirtæki



Heimild: Vinnustaðagreining Capacent fyrir Landsbankann

Viðmið - Evrópa



Heimild: Vinnustaðagreining Capacent fyrir Landsbankann



ÓLÍKIR HEIMAR, EINN HEIMUR. – Notre Dame í París. Frakkland.

Afkoma ársins 2007

Hagnaður Landsbankans eftir skatta árið 2007 nam 39,9 milljörðum króna sem er nánast óbreytt frá fyrra ári. Fyrir skatta nam hagnaður 45,6 milljörðum króna og hækkar þar með lítillega samanborið við 44,7 milljarða króna árið 2006. Arðsemi eigin fjár var 27,1% en 36,3% 2006.

Á þriðja ársfjórðungi 2007 keypti Landsbankinn verðbréfafyrirtækið Bridgewell Group plc og sameinaði það Teather & Greenwood Ltd. Sameinað fyrirtækið heitir nú Landsbanki Securities UK. Bridgewell plc er hluti af samstæðureikningi Landsbankans frá og með miðjum þriðja ársfjórðungi 2007.

Gengi íslensku krónunnar hefur áhrif á þróun talna í efnahags- og rekstrarreikningi. Gengisbundnir eigna- og skuldaliðir eru gerðir upp á gengi í lok árs 2007 á meðan stærðir í rekstrarreikningi eru gerðar upp á meðalgengi ársins.

Niðurstöður rekstrarreiknings

Hreinar rekstrartekjur ársins 2007 námu 110,0 milljörðum króna samanborið við 89,4 milljarða króna árið á undan. Tekjuaukningin nemur því 23% milli ára.

Hreinar vaxtatekjur jukust um 12,6 milljarða króna og voru 54,1 milljarður króna 2007 en 41,5 milljarðar króna 2006. Auknar vaxtatekjur endurspegla 41% vöxt lánabókar bankans. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildarfjármagns lækkaði úr 2,3% 2006 niður í 2,1%.

Þóknunartekjur aukast um 39%

Þóknunartekjur Landsbankans námu 39,4 milljörðum króna samanborið við 28,4 milljarða króna 2006 og jukust því um 39%. Þjónustutekjur vegna erlendrar starfsemi námu 25,3 milljörðum króna árið 2007, eða 64% af heildarupphæðinni, en voru 17,0 milljarðar, eða 60% árið 2006. Auknar þjónustutekjur koma að mestu leyti frá fjárfestingabankastarfsemi samstæðunnar. Tekjur af fyrirtækjaviðskiptum og eignastýringu jukust einnig en þjónustutekjur viðskiptabankastarfsemi breyttust lítið. **Fjárfestingatekjur bankans** námu 16,6 milljörðum króna samanborið við 19,6 milljarða króna árið 2006. **Hreinar rekstrartekjur, sem mynduðust utan Íslands,** námu 50,6 milljörðum króna 2007 samanborið við 46,6 milljarða króna árið á undan og voru 46% af heildartekjum samstæðunnar.

Rekstrargjöld samstæðunnar 2007 námu 57,5 milljörðum króna og reiknast kostnaðarhlutfall bankans 52,3% fyrir árið. Stöðugildi samstæðu Landsbankans í árslok 2007 voru 2.640 og fjölgaði úr 2.117 í ársbyrjun.

Virðisrýrnun útlána nam 7,0 milljörðum króna samanborið við 6,1 milljarð árið 2006. Virðisrýrnun sem hlutfall af útlánnum og kröfum í árslok 2007 var 0,32% á ársgrundvelli.

GRUNNAFKOMA

24% arðsemi eigin fjár fyrir skatta

Hagnaður Landsbankans af grunnstarfsemi fyrir skatta nam 34,7 milljörðum króna á árinu 2007 samanborið við 28,8 milljarða króna 2006. Grunnarðsemi eigin fjár á árinu var 24%. Þegar grunnarðsemi eigin fjár er reiknuð út er hagnaður af hlutabréfum, sem og gengishagnaður vegna skuldabréfa og gjaldeyris, dreginn frá og hreinar vaxtatekjur auknar til að endurspegla fjármögnun á skuldabréfa- og hlutabréfastöðum samstæðunnar. Eftir sem áður er það ávallt markmið bankans og hluti af virkri áhættustýringu að vera með ákveðnar stöður í hlutabréfum og skuldabréfum.

Útreikningur á grunnafkomu bankans tekur ekki mið af neikvæðum áhrifum verðtryggingarjöfnuðar samstæðunnar. Verðtryggðar eignir umfram skuldir voru að meðaltali 135 milljarðar króna árið 2007. Bankinn fjármagnar mismuninn með óverðtryggðum vöxtum. Við það vaxtastig og verðbólgu sem ríkti á árinu 2007 má ætla að bankinn hafi tapað um 2,2 milljörðum króna á verðtryggingarjöfnuði sínum. Ekki er heldur tekið tillit til þess vaxtaóhagræðis sem felst í jákvæðri (eignir umfram skuldir) gjaldeyrisstöðu bankans. Bankinn var að meðaltali með um 42 milljarða króna í gengisbundnum eignaliðum umfram gengisbundna skuldaliði á árinu 2007. Umframeignirnar eru fjármagnaðar í íslenskum krónum og nemur vaxtaóhagræðið um 3,5 milljörðum í krónum talið.

Gengi íslensku krónunnar

	Meðaltal 2006	Meðaltal 2007	%
EUR/ISK	87,57	87,64	0,1%
GBP/ISK	128,39	127,77	-0,5%
GVT*	121,00	118,21	-2,3%
	31. des. 06	31. des. 07	%
EUR/ISK	93,72	91,65	-2,2%
GBP/ISK	139,08	124,64	-10,4%
GVT*	127,90	120,85	-5,5%

*GVT= Gengisvísitala íslensku krónunnar

Afkoma rekstrarstarfspáttta

Afkomu samstæðu Landsbankans er skipt í fjóra rekstrarstarfspætti:

- Viðskiptabankastarfsemi
- Fyrirtækjaviðskipti
- Fjárfestingabankastarfsemi
- Eignastýringu og einkabankþjónustu


Undir **viðskiptabankastarfsemi** fellur útibúanet móðurfélagsins, veðlánastarfsemi Heritable Bank, SP-Fjármögnun og Landsbanki Guernsey Ltd. Hagnaður starfspáttarins nam 7,9 milljörðum króna fyrir skatta á árinu 2007 samanborið við 8,1 milljarða króna á fyrra ári. Heildareignir starfspáttarins námu 523 milljörðum króna í árslok 2007.

Undir **fyrirtækjaviðskipti** fellur fyrirtækjasvið móðurfélagsins, þ.m.t. lánastarfsemi bankans í London, Amsterdam, Kanada og Noregi, fyrirtækjaviðskipti Heritable Bank og Landsbanki Luxembourg SA. Hagnaður af fyrirtækjaviðskiptum á árinu 2007 nam 24,6 milljörðum króna fyrir skatta samanborið við 15,7 milljarða króna á árinu 2006. Heildareignir fyrirtækjaviðskipta námu 1.334 milljörðum króna í lok árs 2007.

Í **fjárfestingabankastarfsemi** er verðbréfasvið móðurfélagsins, bæði á Íslandi og á meginlandi Evrópu og dótturfélögin Landsbanki Securities UK, Landsbanki Kepler SA og Merrion Capital. Undir starfsþáttinn fellur verðbréfamiðlun, fyrirtækjaráðgjöf, gjaldeyris- og afleiðumiðlun, skuldastýring, fjárfstýring og eigin viðskipti með hlutabréf og skuldabréf. Hagnaður af verðbréfaviðskiptum á árinu 2007 nam 12,8 milljörðum króna fyrir skatta samanborið við 19,3 milljarða króna á árinu 2006. Heildareignir fyrirtækjaviðskipta námu 742 milljörðum króna í árslok 2007.

Eignastýring og einkabankapjónusta samanstendur af eignastýringarsviði móðurfélagsins, Landsvaka hf. og eignastýringu og einkabankapjónustu Landsbanki Luxembourg SA. Hagnaður af eignastýringu og einkabankapjónustu á árinu 2007 nam 3,4 milljörðum króna fyrir skatta samanborið við 3,1 milljarða króna árið 2006. Heildareignir starfsþáttarins námu 429 milljörðum króna í árslok 2007.

Hagnaður rekstrarstarfsþátta fyrir skatta



Efnahagsreikningur 31. desember 2007

Heildareignir samstæðunnar námu 3.058 milljörðum króna í lok árs 2007 samanborið við 2.173 milljarða króna í upphafi ársins og hafa þær aukist um 885 milljarða króna eða 41% á árinu.

Kröfur á fjármálastofnanir námu 163 milljörðum króna samanborið við 216 milljarða króna í upphafi ársins.

Útlán til viðskiptavina námu 2.023 milljörðum króna í árslok 2007 samanborið við 1.438 milljarða króna í byrjun ársins og jukust þau um 41%.

Afskriftareikningur útlána var 22,0 milljarður króna eða 1,02% af heildarútlánnum og veittum ábyrgðum í lok árs 2007. Afskriftareikningur útlána endurspeglar ekki töpuð útlán, heldur er um að ræða fjárhæðir sem lagðar hafa verið til hliðar gegn reiknuðum útlánatöpum framtíðar. Þegar og ef útlán tapast eru þau færð út af afskriftareikningi útlána.

Veltufjáreignir samstæðunnar námu 582 milljörðum króna í lok árs samanborið við 344 milljarða króna í ársbyrjun. Undir þennan lið falla markaðsskuldabréf, veltuhlutabréf og jákvæðar stöður afleiðusamninga. Markaðsskuldabréf námu 361

milljarði króna samanborið við 170 milljarða króna í ársbyrjun 2007. Endurspeglar aukningin sterka lausafjárstöðu bankans. Veltuhlutabréf námu 31,1 milljarði króna í árslok 2007. Þar af voru 24,4 milljarðar króna í skráðum félögum og 6,7 milljarðar króna í óskráðum félögum. Innlend veltuhlutabréf voru 10,0 milljarðar króna og erlend 21,1 milljarður í árslok 2007.

Aðrar fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning námu 71,1 milljarði króna í lok árs 2007. Hlutabréf námu 67,1 milljörðum króna, þar af voru 33,8 milljarðar króna á móti framvirkum samningum.

Fastafjármunir til sölu og eignasamstæður í sölumeðferð námu 3,6 milljörðum króna í árslok 2007 í samanburði við 21,3 milljarð króna í byrjun ársins. Lækkunin skýrist að mestu af sölu bankans á fasteignafélaginu Landsafli.

Heildareignir í stýringu námu 513 milljörðum króna í lok árs 2007 í samanburði við 377 milljarða króna í byrjun ársins og hafa þær aukist um 36% á árinu. Heildareignir í vörslu samstæðunnar voru 2.109 milljarðar króna í samanburði við 1.751 milljarð króna í ársbyrjun.

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

Innlán frá viðskiptavinum aukast um 108%

Heildarinnlán samstæðunnar námu 1.759 milljörðum króna í árslok 2007. Þar af námu innlán frá viðskiptavinum 1.421 milljarði króna samanborið við 683 milljarða króna í upphafi ársins og jukust því um 108% á árinu. Innlán viðskiptavina á erlendum mörkuðum bankans námu 1.054 milljörðum króna í árslok 2007 í samanburði við 417 milljarða króna í ársbyrjun og nemur aukningin 152% á árinu.

Hlutfall innlána viðskiptavina af útlánum til viðskiptavina í árslok nam um $\frac{3}{4}$ samanborið við nær $\frac{1}{2}$ í upphafi árs. Þá var hlutfall innlána viðskiptavina af heildareignum samstæðunnar um helmingur í árslok 2007.

Heildarlántökur í lok árs 2007 námu 775 milljörðum króna í samanburði við 1.015 milljarða króna í ársbyrjun. Lækkunin skýrist af uppgreiðslum lána á árinu auk gengisáhrifa en vöxtur bankans á árinu 2007 hefur verið fjármagnaður með innlánum.

Víkjandi lán námu 111,9 milljörðum króna í árslok 2007 samanborið við 90 milljarða króna í byrjun ársins. Í byrjun fjórða ársfjórðungs 2007 gekk bankinn frá víkjandi lántöku að fjárhæð 400 milljónum bandaríkjadala eða sem svarar um það bil 24 milljörðum króna.

Eiginfjárlutfall (CAD) 11,7%

Eigið fé samstæðunnar í árslok 2007 nam 180 milljörðum króna í samanburði við 144 milljarða króna í ársbyrjun. Í tengslum við yfirtökuna á Bridgewell Group plc gaf bankinn út nýtt hlutafé að nafnverði 172 milljónir króna á genginu 39,4. Að öðru leyti skýrast breytingar á eigin fé af hagnaði tímabilsins, viðskiptum með eigin bréf og arðgreiðslum.

Eiginfjárlutfall samstæðunnar samkvæmt CAD-reglum var 11,7% í lok árs 2007, þar af 10,1% samkvæmt eiginfjárpætti A.



Fyrirtækjaviðskipti

Á árinu 2007 gegndi Landsbankinn enn sem fyrr meginhlutverki í fjármögnun atvinnulífs á Íslandi með um 40% hlutdeild í fyrirtækjaviðskiptum á innanlandsmarkaði. Landsbankinn hélt einnig áfram sókn sinni inn á alþjóðlega markaði á sviði fyrirtækjaviðskipta. Ný útibú voru opnuð þar sem megináhersla er lögð á fyrirtækjaviðskipti, t.d. í Osló og Halifax í Kanada. Útibúin, sem opnuð voru í Helsinki í Finnlandi og Hong Kong, munu að hluta til helga sig fyrirtækjaviðskiptum.

Á árinu 2007 var af hálfu Landsbankans lögð meiri áhersla á bæði eignatengd lán (e. asset-based lending) og hráefnis- og birgðafjármögnun (e. trade finance). Hráefnis- og birgðafjármögnun mun verða mikilvægur hluti af starfsemi nýju útibúanna í Kanada og Noregi. Skrifstofan í Hong Kong mun líka leggja áherslu á þessa starfsemi. Landsbankinn styrkti stöðu sína í lánastarfsemi, bæði innanlands og erlendis, og jók mjög við þessa starfsemi á árinu í útibúum sínum utan Íslands.


Traust og vel dreift útlánasafn

Styrkur og gæði lánasafns Landsbankans er forsenda fyrir vexti hans og stöðu sem alþjóðlegs fyrirtækjabanka. Aukin dreifing áhættu hefur verið mikilvægur þáttur í vaxandi starfsemi bankans erlendis á undanförunum árum. Útlán til fyrirtækja í lok árs 2007 námu 1.665 milljörðum króna (18,2 milljónum evra) og var hlutfall þeirra 82% af heildarútlánum bankans. Þetta hlutfall hækkaði úr 79% árið 2006. Útlán samstæðunnar til fyrirtækja jukust um 44% á milli ára. Ítarlega er fjallað um ýmsa áhættuþætti fyrirtækjaútlána Landsbankans í kaflanum um áhættustýringu.

Útlán bankans til fyrirtækja eru af ýmsum gerðum. Þar má nefna hefðbundin lán til innlendra fyrirtækja í öllum greinum með starfsemi á Íslandi og erlendis en einnig er um að ræða þátttöku erlendra útibúa bankans í fjármögnun alþjóðlegra fyrirtækja. Auk þess býður Landsbanki Heritable Bank í London litlum og meðalstórum fyrirtækjum upp á fjölbreytta fjármögnunarmöguleika. Fyrirtækjalán Landsbankans dreifast þannig á nær allar atvinnugreinar og til fjölda landa.

Til þess að fylgja eftir árangursríkri starfsemi útibúa á Bretlandi og á meginlandi Evrópu, auk innkomu á norrænan markað, stefnir Landsbankinn að því að dreifa útlánum enn frekar milli landa og atvinnugreina. Opnun nýrra útibúa í Noregi og Kanada á árinu er liður í þeim áherslum. Það er því rökrétt skref í vexti bankans að horfa til Bandaríkjanna og Kyrrahafssvæðis Asíu og í lok ársins opnaði Landsbankinn skrifstofu í Hong Kong. Þessar nýju starfsstöðvar munu leggja megináherslu á hráefnis- og birgðafjármögnun.

Útlán samstæðunnar til innlendra og erlendra fyrirtækja



Samhliða útrás Landsbankans og annarra íslenskra fyrirtækja á erlend markaðs-
svæði hefur hlutur útlána til erlendra fyrirtækja farið ört vaxandi. Í framhaldi af
verulegri aukningu á þessu sviði á undanförunum árum jók bankinn enn útlán til
erlendra fyrirtækja á árinu 2007. Í lok ársins fóru 43% af fyrirtækjaútlánunum til
erlendra viðskiptavina, hækkun úr 40% á árinu á undan og þar af leiðandi 57% til
íslenskra fyrirtækja. Hluti af útlánunum til íslenskra fyrirtækja er notaður í starfsemi
þeirra utan Íslands sem þýðir að mun lægra hlutfall en 57% af útlánunum er til notk-
unar á innlendum markaði.

Stærstur hluti fyrirtækjalána Landsbankans er til fyrirtækja á sviði þjónustu og
byggingarstarfsemi og þar á eftir koma fyrirtæki í verslun og sjávarútvegi. Mest
aukning varð í útlánunum til þjónustufyrirtækja á árinu og þar næst til fyrirtækja
í byggingarstarfsemi og iðnaði. Þessi þróun sýnir að Landsbankinn er stöðugt
að efla starfsemi sína í útlánunum til fyrirtækja samtímis því sem áhættu er dreift
markvisst á skilgreinda markaði.

Gengisvarnir

Stærstur hluti útlána Landsbankans til íslenskra fyrirtækja er í erlendri mynt.
Flestir þessara skuldunauta eru með eðlilegar varnir beint í gegnum starfsemi
sína. Verulegur hluti tekna margra af stærstu fyrirtækjum Íslands er í erlendri
mynt þar sem hátt hlutfall íslenskra fyrirtækja á í erlendum viðskiptum. Þessi
fyrirtæki eru varin með eðlilegum hætti gegn gengisbreytingum krónunnar þar
sem fjármögnun þeirra í erlendri mynt er venjulega á þann veg að hún myndar
jafnvægi við sjóðstreymi þeirra í viðkomandi myntum. Þar að auki býður bank-
inn þeim fyrirtækjum, sem hafa stóran hluta skulda sinna en tiltölulega lítinn
hluta af tekjum í erlendri mynt, margs konar leiðir til að verjast gengissveiflum,
allt eftir stöðu og þörfum hvers viðskiptavinar. Því er hægt að fullyrða að inn-
lend fyrirtæki í viðskiptum hjá Landsbankanum eru mjög vel varin gegn geng-
isáhættu.

Breytilegir vextir

Útlána- og vaxtakjör bankans eru mjög sveigjanleg og löguð að aðstæðum við-
skiptavina. Lán í erlendri mynt eru venjulega með breytilegum vöxtum. Lán í
íslenskum krónum eru aðallega með breytilegum, óverðtryggðum vöxtum eða
breytilegum, verðtryggðum vöxtum. Í árslok voru gengisbundin lán 80% af
útlánunum Landsbankans til fyrirtækja. Þarna er um að ræða lán sem veitt eru
erlendis en einnig hafa lán í erlendri mynt verið mjög eftirsótt á Íslandi und-
anfarin ár vegna hagstæðs gengis og mikils vaxtamunar á milli Íslands og ann-
arra landa.

Alhliða fyrirtækjaþjónusta

Í meira en 120 ár hefur Landsbankinn gegnt forystuhlutverki við fjármögnun atvinnulífs á Íslandi. Landsbankinn hefur það að markmiði að vera ætíð fremstur í alhliða þjónustu við íslensk fyrirtæki. Á innanlandsmarkaði hafa starfsemi Fyrirtækjasviðs og útlán útibúa lagt grunninn að styrk bankans með uppbyggingu trausts og vel dreifðs útlánasafns. Fyrirtækjaútlán Landsbankans skiluðu hagnaði fyrir skatta upp á 24,6 milljarða króna árið 2007, samanborið við 16,6 milljarða króna árið áður.

Landsbankinn hefur langa hefð fyrir því að veita öllum greinum íslensks efnahagslífs trausta og örugga fjármálaþjónustu. Í Landsbankanum er fyrir hendi mikil reynsla og alhliða þekking á lánamálum fyrirtækja. Starfsmenn búa jafnframt yfir mikilli sérþekkingu á einstökum atvinnugreinum. Sérfræðingar bankans veita fyrirtækjum alhliða þjónustu og einnig sérhæfðar lausnir sniðnar að þeirra þörfum, persónulega leiðsögn og sérfræðilega ráðgjöf. Fyrirtækjasérfræðingum í innlendum útibúum bankans hefur fjölgað mikið á undanförunum árum sem hefur bætt þjónustuna við smærri og meðalstór fyrirtæki. Fyrirtækjasviði Landsbankans á Íslandi er skipt upp í margar sérhæfðar einingar. Á Fyrirtækjasviði hafa öll fyrirtæki í viðskiptum fasta viðskiptastjóra sem veita alhliða og sérhæfða þjónustu.

Varfærin útlánastefna

Allar ákvarðanir um útlán til fyrirtækja eru samhæfðar í allri bankasamstæðunni í lánanefnd bankans sem starfar í Reykjavík. Starf lánanefndar tryggir samræmi og góða heildarsýn yfir alla útlánastarfsemina. Samfara auknum útlánnum til starfsemi viðskiptavina erlendis hefur bankinn ráðið fleiri sérfræðinga staðsetta á Íslandi til þess að aðstoða við útlán af þessu tagi.

Landsbankinn fylgist vel með stöðu og rekstrarhorfum í einstökum atvinnugreinum og er það hluti af stefnu bankans um að hvetja til ábyrgra viðhorfa um fjármál. Með því að fylgjast grannt með þróuninni innan ákveðinna atvinnugreina getur bankinn greint hættumerki og gætt meiri varfærni en ella við lánveitingar. Til að gera slíkt eftirlit sem best úr garði hefur greiningarstarf varðandi atvinnugreinar og markaði verið eflt auk þess sem skýrslugerð til lánanefnda um þróun áhættu og gæði útlánasafns hefur verið augin mikið. Enn fremur hafa ýmis útlána- og eftirlitskerfi vegna fyrirtækjalána verið endurbætt til að bæta áhættumat og fá nákvæmari mynd af stöðu útlána. Mikið starf hefur líka verið unnið við uppbyggingu kerfa og þekkingar til að mæta kröfum vegna nýrra reglna sem byggja á Basel II. Vöruframboð bankans í fyrirtækjaviðskiptum er í sífelldri endurskoðun til að tryggja að þær vörur, sem í boði eru, byggja á traustum rekstrargrunni til að geta áfram stutt við innri vöxt og starfsemi á nýjum stöðum.

Traust markaðshlutdeild á heimamarkaði

Landsbankinn hefur alltaf haft leiðandi markaðshlutdeild í fyrirtækjaútlánum á heimamarkaði og var með um 40% markaðshlutdeild í lok ársins 2007. Þegar horft er til einstakra atvinnugreina er markaðshlutdeild bankans í útlánum hæst í smá-söluverslun. Staðan er einnig mjög góð í útlánum til vinnslu sjávarafurða og fiskveiða auk flutningastarfsemi.

Um 70% fyrirtækja – fyrir utan fjármálafyrirtæki –, sem skráð voru í Kauphöll Íslands í lok ársins 2007, höfðu Landsbankann annaðhvort sem aðalviðskiptabanka eða sem annan af tveimur. Sama gilti um 50 stærstu fyrirtæki landsins samkvæmt úttekt Frjálsrar verslunar: 76% þeirra höfðu Landsbankann sem aðalviðskiptabanka eða annan af tveimur. Séu 100 stærstu fyrirtæki landsins skoðuð með sama hætti eru 74% þeirra í viðskiptum við Landsbankann.

Þar sem mörg af stærstu fyrirtækjum Íslands eiga í viðtækum viðskiptum við Landsbankann byggjast tekjur af slíkum viðskiptum ekki aðeins á útlánum heldur líka á tekjuþáttum eins og gjaldeyrisviðskiptum og eigna- og skuldastýringu. Þjónusta fyrirtækjaviðskipta nær því til miklu fleiri þátta en útlánastarfsemi.

Ánægja viðskiptavina

Landsbankinn hlaut margs konar viðurkenningar fyrir fyrirtækjaþjónustu árið 2007. Samkvæmt niðurstöðum mælinga Íslensku ánægjuvogarinnar, sem er hinn íslenski hluti af European Performance Satisfaction Index (EPSI), árið 2007 voru íslenskir viðskiptavinir ánægðastir með Landsbankann á sviði fyrirtækjaþjónustu. Landsbankinn var í fyrsta sæti meðal íslenskra banka í könnuninni sem gerð var í fyrsta sinn um fyrirtækjaþjónustu banka. Fyrirtækjastarfsemi bankans í London fékk líka nokkur verðlaun. Útibú Landsbankans í London fékk verðlaun frá Islamic Finance News sem „Best Qatar Deal“. Teymi Landsbankans í útibúinu í London, sem sjá um eignatengda lánastarfsemi, hlutu verðlaun frá Enthweb.co.uk fyrir „Best Deal Under £20m“ og einnig frá ACQ Finance Magazine fyrir að vera „Best Alternative Debt Provider of the Year“.

Alþjóðleg lánastarfsemi

Árið 2007 opnaði Landsbankinn ný erlend útibú sem bjóða upp á útlán til fyrirtækja og fleiri slíkar opnanir eru á döfinni. Útibúið í Osló mun veita alhliða fyrirtækjaþjónustu, í upphafi með megináherslu á fyrirtækjaráðgjöf en síðar á eignatengd lán og hráefnis- og birgðafjármögnun. Útibúið mun halda áfram að veita viðskiptavinum í sjávarútvegi lánaþyrngreiðslu og tengda fjármálaráðgjöf eins og kröfufjármögnun (e. factoring) og fjármögnun birgða. Árið 2007 fékk Landsbankinn leyfi kanadískra yfirvalda til að opna útibú í Halifax í Kanada. Landsbankinn er fyrsti íslenski bankinn

sem fær leyfi til bankastarfsemi í Kanada. Útibúið í Halifax mun leggja megináherslu á útlán til fyrirtækja þar sem sérþekking Landsbankans á fiskveiðum og vinnslu sjávarafurða mun veita honum forskot í samkeppninni á kanadíska markaðnum. Ein ástæða þess að Landsbankinn ákvað að staðsetja fyrstu skrifstofu sína í Asíu í Hong Kong var að bankinn hafði þá þegar stofnað til traustra viðskiptasambanda við þarlend fyrirtæki sem sérhæfa sig í viðskiptum með sjávarafurðir.

Landsbankinn stefnir markvisst að því að auka fjölbreytni í útlánum og dreifa starfsemi enn frekar milli landsvæða og atvinnugreina. Slíkt skapar ekki aðeins nýja möguleika til tekjumyndunar heldur bætir einnig áhættudreifingu bankans. Skrifstofan í Hong Kong verður miðstöð viðskipta á Kyrrahafssvæði Asíu og mun kynna þjónustu bankans með sérstaka áherslu á hráefnis- og birgðafjármögnun og fyrirtækjaráðgjöf.

Þjónusta Landsbankans við alþjóðleg fyrirtæki

Landsbankinn leggur áherslu á að þjóna litlum og meðalstórum alþjóðlegum fyrirtækjum í útlánastarfsemi sinni og byggir þar á góðum grunni og reynslu við alhliða þjónustu við allar atvinnugreinar á heimamarkaði. Það er trú bankans að lykillinn að velgengi felist í sveigjanleika og hæfni til að veita viðskiptavinum allsherjarlausnir með ábyrgum hætti.

Í útibúum Landsbankans erlendis er einkum lögð áhersla á fjögur viðskiptasvið: Eignatengd lán, sjóðstreymislán, hráefnis- og birgðafjármögnun og fjármálamarkaði (fjallað er sérstaklega um fjármálamarkaði í kaflanum um fjárfestingarbankastarfsemi). Öll þessi svið njóta stuðnings frá Fyrirtækjaráðgjöf bankans og ýmissi þjónustu sem tengjast samruna og yfirtöku fyrirtækja og ýmsum öðrum fjármála- lausnum sem saman skapa fjármálalega „verkfærakistu“ fyrir sérsniðnar lausnir.

Eignatengd lán

Eignatengd lánastarfsemi (e. Asset Based Lending) hefur aukist gríðarlega á flestum starfssviðum Landsbankans og jókst lánasafn þessarar starfsemi um 150% milli 2006 og 2007. Þessi vara, þar sem fjármagnað er á grunni krafna fyrirtækis, birgða, húnæðis og annarra eigna, er að verða mikilvægur þáttur í skuldasetningu í fjárfestingarbankastarfsemi. Landsbankinn er nú þegar orðinn viðurkenndur þátttakandi á þessu sviði á markaðnum í Bretlandi og Þýskalandi og er í góðri stöðu til að nýta sér mikinn vöxt í eignatengdri lánastarfsemi bæði í Bretlandi og Evrópu. Landsbankinn hefur yfir að ráða nokkrum teymum á sviði eignatengdra lána sem eru staðsett í helstu fjármálamiðstöðvum Bretlands (London, Birmingham og Manchester) og í Þýskalandi (Frankfurt) og stefnan hefur einnig verið sett á á Spán og Bandaríkjamarkað.

Lesendur tímaritsins ACQ í Bretlandi völdu Landsbankann „The Alternative Debt Provider“ ársins 2007 og North West Insider kaus bankann sem „Asset based Lender of the Year“. Ein viðskipti bankans unnu verðlaun Entrepreneur Magazine sem „Medium-sized“ viðskipti ársins. Þessar viðurkenningar sýna bæði hæfni Landsbankans til að sniða skuldasetningu vel að þörfum viðskiptavinarins og einnig hve mikilvægt er að bjóða upp á þessa vöru í fjárfestingarbankaviðskiptum.

Landsbankinn lokaði eignatengdum viðskiptum við fleiri en 20 hópa fjárfesta á einkamarkaði sem sýnir aukna útbreiðslu þessarar vöru en staðfestir ekki síður mjög góða stöðu bankans á þessu sviði þar sem mikil samkeppni ríkir. Vöxtur Landsbankans á þessum markaði var 20% umfram almenna þróun samkvæmt mælingum ABFA, Commercial Finance Association and Asset Based Finance Association, fram til desember 2007.

Annað meiri háttar afrek á árinu 2007 var að koma á traustu og stefnumarkandi sambandi milli Landsbankans og Wachovia-bankans í Bandaríkjunum. Þetta samband opnar aðgang að nýjum mörkuðum fyrir viðskiptavinum bankanna sem byggja á þeim samböndum sem fyrir eru og þetta samstarf hefur gagnast báðum bönkunum mikið.

Sjóðstreymislán

Teymi Landsbankans sem annast sjóðstreymislán í London og Amsterdam eru orðin virkir þátttakendur á evrópskum lánamarkaði á sviði sjóðstreymislána. Teymin hafa myndað sterk viðskiptasambönd við sterka hópa fjárfesta og leiðandi banka á þessu sviði og þeim er oft boðið að taka þátt í samningum víða á þessum markaði. Teymi bankans hafa einnig nýtt sambönd sín til þess að styrkja eigin markaðsstöðu með því að hafa umsjón með sífelld fleiri sjóðstreymislánum.

Sjóðstreymislán eru yfirleitt notuð við kaup og yfirtökur og eru þess vegna mikilvægur þáttur í markmiðum Landsbankans um að verða leiðandi í fjármögnun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Sjóðstreymislánateymum bankans hefur gengið mjög vel við samningsgerð og njóta þá oft samvinnu við Fyrirtækjaráðgjöf og eignatengd útán Landsbankans. Krosssala og samlegðaráhrif frá vörum og þjónustu frá Fyrirtækjasviði, Fyrirtækjaráðgjöf og öðrum fjármálalausnum hafa kallað fram fjölda góðra dæma um góðan árangur Landsbankans við að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum þá heildarþjónustu sem sóst er eftir.

Uppsetningarteymi bankans, sem staðsett eru í útibúunum í London og Amsterdam, hafa sýnt fram á að þau eru hæf til þess að stilla upp og ná samstöðu um samkeppnishæfa og hagfellda samsetningu lána á markaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Bretlandi og Evrópu. Nýjasta framtakið á þessu sviði er opnun útíbús

í Madrid. Þar er undirbúningur vel á veg kominn og leyfi fengin og þar á að koma á fót uppsetningarteymi til að treysta stöðu Landsbankans enn frekar á þessum markaði. Landsbankinn hefur fengið orð á sig fyrir að veita áreiðanlega þjónustu og hefur þegar byggt upp traust samband við marga af stærstu fjárfestum heimsins.

Með þátttöku í sjóðstreymislánum hefur Landsbankinn byggt upp stórt eignasafn og komið sér upp traustu tengslaneti sem nær til allra helstu fjárfestingarbanka á þessu sviði. Með því að starfa á öllum helstu lánamörkuðum er bankinn í stöðu til að nýta sér bestu tækifærin sem gefast á hverjum tíma. Lánasafn sjóðstreymislána dreifist á mörg lönd og atvinnugreinar og endurspeglar vel almennt framboð á þessum lánum í Evrópu. Með því að efla starfsemi og þekkingu á þessu sviði hefur Landsbankanum tekist að opna leiðir til að fá samstarfsaðila að lánum sem hann hefur stillt upp sjálfur. Þannig fæst bæði öflugt tekjustreymi samtímis því að fjölbreytni í lánasafnsins eykst.

Hráefnis- og birgðafjármögnun

Landsbankinn hefur alltaf leitast við að veita sjávarútvegsfyrirtækjum alhliða fjármálaþjónustu, bæði á Íslandi og erlendis. Landsbankinn hefur getið sér gott orð meðal alþjóðlegra fyrirtækja sem vinna sjávarafurðir og hefur styrkt stöðu sína sem leiðandi sjávarútvegsbanki.

Ein helsta varan, sem Landsbankinn býður alþjóðlegum sjávarútvegsfyrirtækjum, er hráefnis- og birgðafjármögnun (e. Trade Finance) sem nær yfir alla virðis-keðjuna frá framleiðslu til endanlegrar afhendingar. Hér hefur Landsbankinn búið til einstæða vöru sem auðveldar fyrirtækjum að efla viðskipti sín hraðar og með skilvirkari hætti en ella. Starfsemi bankans í hráefnis- og birgðafjármögnun hefur verið afar árangursrík og starfa teymi á þessu sviði í Reykjavík, London, Amsterdam, Halifax og Hong Kong. Meðal viðskiptavina eru stærstu sjávarútvegsfyrirtæki frá helstu sjávarútvegsstöðvum heimsins og búið er við örum vexti á þessu sviði. Bankinn hefur byggt á þessari sérhæfingu við að veita sjávarafurðafyrirtækjum hráefnis- og birgðafjármögnun og aðlagð þessa vöru að öðrum hrávöruiðnaði um allan heim. Þar má nefna landbúnaðarvörur eins og sykur, kaffi, mais og sojabaunir. Eins er um að ræða málma eins og ál og stál. Þó að áherslan verði áfram aðallega lögð á sjávarafurðir mun þessi þjónusta einnig ná til annarrar hrávöru í náninni framtíð.

Árið 2007 treysti Landsbankinn möguleika sína við hráefnis- og birgðafjármögnun með því að ráða til starfa í London teymi fólks með afar mikla reynslu á þessu sviði. Teymið í London ber ábyrgð á þessari þjónustu í Evrópu, Suður-Afríku og Austur-Evrópuríkjunum. Teymið veitir alhliða þjónustu í hráefnis- og birgðafjármögnun, þar á meðal skjalaábyrgðir og tengingu hráefnis- og birgðafjármögnunar við sam-

Markaðshlutdeild Landsbankans í fyrirtækjalánum innanlands, sterkustu greinar

	2007	2006
Fyrirtækjalán	43%	40%
Verslun	60%	54%
Fiskveiðar	50%	47%
Byggingarstarfsemi	45%	39%
Þjónusta	42%	40%
Fiskvinnsla	33%	40%

bankalán. Teymið hóf störf síðla árs 2007 og hefur á stuttum starfstíma sínum komið á traustum viðskiptasamböndum við helstu fyrirtæki og banka á þessu sviði og treyst orðstír Landsbankans á þessum markaði. Ætlunin er að þetta teymi hefji starfsemi í Hong Kong snemma árs 2008.

Landsbanki Heritable Bank

Landsbanki Heritable Bank var stofnaður árið 1877 og sérhæfir sig í útlánum til einstaklinga og fyrirtækja frá höfuðstöðvum sínum í London. Landsbankinn keypti bankann árið 2000 en hann heyrir undir breska fjármálaeftirlitið (FSA) hvað eftirlit varðar og starfar eftir breskum reglum um bankastarfsemi, t.d. um eiginfjárhluðfall. Heritable Bank er algerlega fjármagnaður með eigin innlánum og eru útlánin fjármöggnuð með blöndu af innlánum frá einstaklingum og heildsöluinnlánum sem hafa farið stöðugt vaxandi samhliða því sem efnahagsreikningur bankans hefur stækkað. Bankinn er einnig ábyrgur fyrir allri innlánastarfsemi Landsbankasamstæðunnar í Bretlandi og á aflandsmörkuðum. Heildareignir Heritable Bank hafa að meðaltali aukist um 60% árlega á síðustu fimm árum og rekstrarhagnaður fyrir skatta var 47% á árinu 2007.

Í útlánum Heritable Bank til fyrirtækja er lögð áhersla á verkefnafjármögnun fyrir litla og meðalstóra byggingaverktaka, einkum á breskum byggingarmarkaði fyrir íbúðir og verslunarhúsnæði, Mikill vöxtur og góð arðsemi hefur verið í þessari starfsemi, m.a. vegna stórra viðskiptasamninga sem náðust á árinu 2007. Bankinn lánar líka fagfjárfestum í fasteignaviðskiptum og fleirum á Bretlandi og víðar gegn tryggingum í íbúðarhúsnæði á Bretlandi. Sérfræðingar bankans í fasteignaveðlánum vanda sérstaklega til staðsetningar þeirra byggingaverkefna sem lánað er til. Starfsemin jókst stöðugt árið 2007 á markaði þar sem mikil samkeppni ríkir. Framlegð í þessari starfsemi batnaði þegar leið að lokum ársins 2007 og búist er við að sú staða haldist á árinu 2008. Eignafjármögnunardeild Heritable Bank, sem sett var á fót árið 2005, sér um kaupleigu og leigusamninga fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í Bretlandi. Key Business Finance, sem bankinn keypti árið 2005, sérhæfir sig í skammtímafjármögnun til lögfræðistofa í Bretlandi. Rekstrarhagnaður Heritable Bank árið 2007 hækkaði um 54% og jukust eignir um 43% í 1,25 milljarða breskra punda – og innlán hækkuðu um 26% í 897 milljónir breskra punda.


Fyrirtækjabankinn

Fyrirtækjabanki Landsbankans hélt á árinu 2007 áfram að styðja við starfsemi Fyrirtækjasviðs og útlán útibúanna með ýmiss konar netbankaþjónustu og eflidist þjónustan verulega. Ný tækni var innleidd, margvíslegar endurbætur voru gerðar á nokkrum vörum og þjónustan aukin að öllu leyti. Veltan hélt enn áfram að aukast á árinu bæði með nýjum fyrirtækjum, sem nota Fyrirtækjabankann, og aukinni

notkun innan fyrirtækjanna. Niðurstaðan var 39% aukning á fyrirtækjum og 49% fjölgun skráðra notenda á árinu sem var áframhaldandi þróun upp á við frá síðasta ári. Jafnframt hefur notkun erlendra viðskiptavina á Fyrirtækjabanka Landsbankans aukist mikið á undanförunum árum.

Fyrirtækjabankinn reynir stöðugt að mæta aukinni eftirspurn eftir rauntímaupplýsingum og viðskiptalausnum á netinu. Landsbankinn hóf samstarf við fyrirtæki sem sérhæfir sig í umsjón og útsendingu rafrænna reikninga og stefnir að frekari þróun í þessa átt á næstunni. Önnur þjónusta, sem kynnt var á árinu, voru sjálfvirkar lausnir um kröfukaup, betri leiðir til að skoða yfirlit og upplýsingar og nýtt „hjálpaborð“ fyrir viðskiptavinum Fyrirtækjabankans. Landsbankinn var fyrstur til að gefa út rafræn gjafakort á íslenskum markaði sem tók vel við þeim og fór sala þeirra fram úr björtustu vonum. Árangurinn eftir fyrsta árið var sá að allar helstu verslunarmiðstöðvar og verslunargötur á Íslandi hafa nú gert samning um rafræn gjafakort við Landsbankann.

Fjöldi notenda Fyrirtækjabanka Landsbankans á Íslandi





ÓLÍKIR HEIMAR. EINN HEIMUR. – Dómkirkjan í Milanó. Ítalía.

Fjárfestingabankastarfsemi

Til fjárfestingarbankastarfsemi Landsbankans heyra verðbréfa-
viðskipti móðurfélagsins, þrjú dótturfélög sem voru keypt árið
2005: Landsbanki Teather & Greenwood, Landsbanki Kepler
og Merrion Landsbanki, ásamt Bridgewell Group sem keypt var
árið 2007. Landsbanki Teather & Greenwood og Bridgewell
Group voru sameinuð í Landsbanki Securities UK.

Fjárfestingabanki veitir stórum fyrirtækjum, sveitarfélögum og fagfjárfestum við-
tæka fjármálaþjónustu, þar á meðal verðbréfamiðlun, fyrirtækjaráðgjöf, gjald-
eyriviðskipti og afleiðuviðskipti. Fjárfestingabanki hefur einnig umsjón með
fjárfestingu bankans, skuldastýringu og eigin viðskiptum bankans. Fjárfestinga-
bankastarfsemi Landsbankans jókst hröðum skrefum á árinu og námu hreinar
þóknatekjur 31,4 milljörðum króna á árinu sem er aukning um 53% á milli ára.

Samþætting og vöxtur þjónustupátta

Fjárfestingabankastarfsemi samstæðunnar gekk vel árið 2007 þrátt fyrir nið-
ursveiflu á fjármálamörkuðum á seinni hluta ársins. Fyrst og fremst var um
innri vöxt að ræða þar sem starfsstöðvar, sem Landsbankinn hafði þegar eignast,
Landsbanki Kepler og Merrion Landsbanki ásamt Landsbanki Securities í London
víkkuðu út og þróðu nýja þjónustu. Nýjar deildir voru einnig opnaðar í útibúi
Landsbankans í London.

Eina fyrirtækið sem Landsbankinn keypti árið 2007 var Bridgewell, verðbréfa-
fyrirtæki í London. Bridgewell var sameinað Teather og Greenwood á árinu og
saman mynda fyrirtækin nú nýtt dótturfélag í London, Landsbanki Securities UK.
Í útibúi bankans í London var sett á laggirnar deild miðlunar og þróunar á fjár-
málaafurðum, auk skuldabréfaborðs sem leggur áherslu á miðlun skuldabréfa og
stýringu á vaxandi lausafjár safni bankans. Nýtt útibú var opnað í Helsinki með
aðaláherslu á verðbréfamiðlun. Í lok árs réð Landsbankinn hóp af verðbréfamiðl-
urum og hlutabréfagreinendum í Osló, en verðbréfamiðlun er viðbót við starfsem-
ina í útibúi Landsbankans þar.

Frá því Landsbankinn keypti Landsbanki Kepler hefur fyrirtækið breyst úr því að
vera hrein hlutabréfamiðlun yfir í fjárfestingabanka með fimm viðskiptasviðum:
hlutabréfamiðlun, afleiðumiðlun, fyrirtækjaráðgjöf, eignastýringu og skuldabréfa-
viðskiptum. Nýjasta viðskiptasviðið, skuldabréfaviðskipti, efl-dist mjög þegar við
bættist hópur sérfræðinga frá Anthium Finance í París en starfsreynsla þeirra er að
meðaltali 15 ár. Þetta markar upphaf skuldabréfamiðlunar fyrir Landsbanki Kepler
sem stundað hefur hlutabréfamiðlun síðastliðin 10 ár. Þannig hefur skapast tæki-

færi til krossölu til viðskiptavina nýja skuldabréfateymisins annars vegar og viðskiptavina hlutabréfamíðlunar hins vegar. Auk þess eru samlegðaráhrif milli skuldabréfaviðskipta og hópsins sem sér um viðskipti með breytanleg skuldabréf hjá Landsbanki Kepler. Ráðning skuldabréfateymisins er framhald af starfsemi Landsbanki Kepler sem stofnuð var Genf í júní 2006 og telur nú 40 manns. Hópurinn í Genf sérhæfir sig í miðlun skuldabréfa og gjaldeyrisaflleiðna frá nýmarkaðslöndum. Nýlega var bætt við þessa starfsemi þegar hafin var miðlun samsettra fjármálaafurða.

Fjárfesting í verðbréfum

Sviptingar á alþjóðlegum mörkuðum á seinni hluta ársins 2007 höfðu veruleg áhrif á ávöxtun skuldabréfa- og hlutabréfasafns Landsbankans. Áhrifanna gætti sérstaklega á fjórða ársfjórðungi. Fjárfestingatekjur voru engar á fjórða ársfjórðungi miðað við 16,5 milljarða króna ávöxtun á fyrstu þremur fjórðungunum.

Þegar horft er til þróunar á hlutabréfamörkuðum síðustu mánuði ársins var hlutabréfasafn Landsbankans vel dreift og heppilega samsett. Heildareign í hlutabréfum nam 2,1% af heildareignum í árslok sem er vel innan við það 3% mark sem bankinn hefur sett sér. Um er að ræða nokkra lækkun milli ára, en hlutabréfasafnið var 2,6% af heildareignum í upphafi ársins.

Staða Landsbankans í skráðum íslenskum hlutabréfum var minnkuð á árinu. Eini stóri innlendi hluturinn í safninu var hlutur bankans í Marel, framleiðanda matvinnslukerfa. Marel hefur fylgt árangursríkri stefnu á alþjóðlegum vettvangi og aukið starfsemi sína með innri vexti og yfirtökum, síðast með kaupum á Stork Food Systems, keppinauti sínum í Hollandi. Marel, eins og mörg framleiðslufyrirtæki, hefur komist tiltölulega vel frá þeirri lækkun sem orðið hefur á hlutabréfmarkaðinum. Stærsti eignarhlutur bankans, sem skráður er erlendis, er Intrum Justica, sænskt innheimtufyrirtæki, en það hefur einnig komið hlutfallslega vel frá núverandi ókyrrð á markaði. Hlutabréfastaða bankans skilaði 26% ávöxtun á árinu sem er vel viðunandi samanborið við viðmið.

Skuldabréfasafn Landsbankans jókst enn á árinu frá 169 milljörðum króna í byrjun árs í 363 milljarða króna í árslok. Mest varð aukningin í erlendum skuldabréfum sem endurspeglar hvernig bankinn hefur byggt upp lausafjástöðu sína. Erlenda skuldabréfasafnið nam 294 milljörðum króna í árslok miðað við 133 milljarða króna í upphafi árs en það samanstendur eingöngu af ríkisskuldabréfum og skuldabréfum fjármálastofnana. Bankinn hefur engar áhættuskuldbindingar í tengslum við skuldavafninga af neinu tagi (SIV, ABS, CDO, Monolines) eða undir málslán í Bandaríkjunum.

Hækkun stýrivaxta á Íslandi og mikil hækkun á vaxtaálagi fjármálastofnana í Evrópu, leiddi til neikvæðrar ávöxtunar á skuldabréfasafninu á árinu. Tapið nam 8,1 milljörðum króna.

Verðbréfamíðlun

Landsbankinn starfrækir verðbréfamíðlun um alla Evrópu, með milligöngu fyrir fagfjárfesta sem eiga viðskipti með hlutabréf og skuldabréf auk þess að annast útgáfu og sölu skuldabréfa fyrir fyrirtæki, sveitarfélög og ríki.

Umfang viðskipta Landsbankans með hlutabréf og skuldabréf á Íslandi hefur stöðugt aukist frá árinu 2004. Á árunum 2004 til 2007 jukust hlutabréfaviðskipti bankans í Kauphöllinni úr 245 milljörðum króna í 735 milljarða og viðskipti með skuldabréf úr 342 milljörðum króna í 422 milljarða. Miðlun erlendra verðbréfa hefur einnig aukist hratt á undanförunum árum, bæði í gegnum milliliðalaus netviðskipti viðskiptavina og verðbréfamíðlun bankans. Síðla árs 2005 gerðist Landsbankinn aðili að viðskiptakerfi kauphallanna í Stokkhólmi, Kaupmannahöfn og Helsinki. Gerir það bankanum kleift að eiga milliliðalaus viðskipti í þessum kauphöllum.

Árið 2007 opnaði Landsbankinn útibú í Helsinki þar sem áhersla er lögð á greiningu og miðlun hlutabréfa fyrir finnska og alþjóðlega fjárfesta. Finnskir fjárfestar fá aðgang að evrópskum hlutabréfamörkuðum fyrir milligöngu miðlara Landsbankans og jafnframt eflist starfsemi Landsbankans með því að bjóða viðskiptavinum í Evrópu og Norður-Ameríku finnsk hlutabréf.

Velta Landsbanki Kepler árið 2007 jókst um 26% í þeim sex evrópsku kauphöllum sem hann hefur markaðsaðild að. Heildarumfang viðskipta nam 143 milljörðum evra og markaðshlutdeild var á bilinu 0,5 – 2,4%.


Heildarumfang kauphallarviðskipta Landsbanki Securities í London var 10,1 milljarðar punda árið 2007 og jókst um 96% frá árinu 2006. Markaðshlutdeild Landsbankans í viðskiptum við fyrirtæki í FTSE 250, vísitölu meðalstórra fyrirtækja, var 3,2% og 2,8% í FTSE vísitölunni fyrir lítil fyrirtæki (e. FTSE SmallCap).

Fyrirtækjagreiningar

Greining á fyrirtækjum og mörkuðum er afar mikilvæg í miðlun verðbréfa fyrir viðskiptavinum.


Miklar framfarir urðu árið 2006 með samræmingu greiningarvinnu Landsbankans og dótturfélaganna, Landsbanki Kepler, Landsbanki Securities UK og Merrion

Hlutdeild Landsbankans í skuldabréfaveitu á OMX Nordic Exchange Ísland



Heimild: OMX Nordic Exchange Ísland

Hlutdeild Landsbankans í hlutabréfaveitu á OMX Nordic Exchange Ísland



Heimild: OMX Nordic Exchange Ísland

Landsbanki. Þar munar mest um sameiginlegan gagnagrunn fyrir fyrirtækjagrein-
ingar sem greiðir fyrir samræmdri kynningu á gögnum og auðveldar samanburð
milli markaða. Gagnagrunnurinn auðveldar verðbréfamiðlurum og öðrum sér-
fræðingum Landsbankans aðgang að greiningarvinnu hópsins. Bæði efni og form
útgáfunnar var staðlað. Deildirnar gefa nú sameiginlega út skýrslur um einstakar
greinar sem ná yfir markaðssvæði bankans, auk þess að skipuleggja málþing og
kynningar fyrir viðskiptavinum í sameiningu. Mikil gæði greiningarvinnu Landsbank-
ans hafa verið staðfest með vali Bloomberg á Landsbanki Kepler sem fremsta
miðlara Evrópu fyrir áreiðanleika ráðleggingar miðað við fjölda þeirra fyrirtækja
sem fylgst er með.

Fyrirtækjagreininger hjá Landsbankasamstæðunni

	Frakk- land	Þýska- land	Ísland	Írland	Ítalía	Holland	Spánn	Sviss	Bretland	Finnland	Önnur lönd ¹	Samstæðan í heild
Fjöldi fyrirtækja sem fylgst er með	154	57	18	30	64	44	49	63	245	20	25	769
% af virði markaðar	97%	65%	80,3% ²	95%	74%	64%	95%	84%	25%	34%	-	25-97%
Miðgildi markaðsvirðis fyrirtækjanna í milljörðum evra	3,1	3,6	0,5	2,9	2,9	2,5	3,6	2,6	0,3	2,4	13,4	-
Fjöldi greinenda	20	10	6	6	6	5	7	9	21	5	-	95

1) Til að mynda önnur Norðurlönd og Austur-Evrópa

2) Greiningardeild Landsbankans gefur ekki út verðmatsgreiningar á Landsbanka Íslands, sem vegur um 15% af markaðsvirði OMX Nordic Exchange Ísland

Gjaldeyris- og afleiðumiðlun

Gjaldeyris-, afleiðu- og skuldastýring (GAS) veitir viðskiptavinum sérhæfða þjón-
ustu á þessum sviðum. Landsbankinn á langa sögu í fjármögnun fyrirtækja, ekki
síst í sjávarútvegi og verslun, sem gerir stöðu hans í gjaldeyrisviðskiptum á Íslandi
sterka. Í gjaldeyris- og afleiðuviðskiptum eru bæði stundarviðskipti með gjald-
eyri og framvirk viðskipti. Skulda- og gjaldeyrisstýring veitir fyrirtækjum, sveit-
arstjórnnum og lífeyrissjóðum alhliða ráðgjöf um gjaldeyris- og vaxtaáhættu.
Áhættustýring byggist á viðurkenndri aðferðafræði sem fylgt er eftir með ráðgjöf
um hvað hægt er að gera til að lágmarka bæði áhættu og fjármagnskostnað.
Umfang gjaldeyrisviðskipta og afleiðumiðlunar Landsbankans á Íslandi jókst um
16% árið 2007 eftir metvöxt upp á 141% árið 2006.

Á sviði verðbréfa og afleiðuviðskipta eru mikil tækifæri til samlegðaráhrifa. Lands-
bankinn leggur mikla áherslu á að auka tekjur af verðbréfa-/afleiðusölu og við-
skiptum þvert á samstæðuna með því að bjóða viðskiptavinum heildstætt úrval
af vörum og þjónustu sem þeir hafa í mörgum tilfellum ekki haft kost á áður.
Til að nota þessa möguleika opnaði bankinn deild miðlunar og þróunar á fjár-
málaafurðum í London snemma árs 2007. Deildin býður gömlum og nýjum við-
skiptavinum bankans hlutabréfaafleiður, fjármögnun verðbréfaakaupa, samsettar
fjármálaafurðir og fyrirtækjalausnir.

Fyrirtækjaráðgjöf

Fyrirtækjaráðgjöf veitir fyrirtækjum og stofnunum sjálfstæða ráðgjafarþjónustu í tengslum við kaup, sölu og samruna fyrirtækja og starfseininga. Hún veitir einnig ráðgjöf og hefur umsjón með útboðum og skráningu.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að efla erlenda starfsemi fyrirtækjaráðgjafar og í því skyni hefur starfsmönnum í Fyrirtækjaráðgjöf verið fjölgað. Öll dótturfélög, sem Landsbankinn hefur nýlega keypt erlendis, hafa aukið fyrirtækjaráðgjöf sína undanfarin tvö ár. Mikilvægt skref í þessa átt var stigið þegar nýr fyrirtækjaráðgjafarhópur bættist við Landsbanki Kepler í París árið 2006. Árin 2006 og 2007 voru starfshópar í fyrirtækjaráðgjöf einnig eflir í London, Dublin, Zürich, Amsterdam og Frankfurt.

Í kjölfarið á eflingu starfsemi Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans hefur viðskiptum fjölgað og verðmæti þeirra aukist. Heildarverðmæti viðskipta í umsjón starfsmanna Fyrirtækjaráðgjafar árið 2007 var 14,8 milljarðar evra og fjöldi viðskipta var 53. Árið 2006 var fjöldi viðskipta 71 og verðmæti þeirra 15,9 milljarðar evra. Árið 2007 varð Landsbankinn í 16. sæti hjá Bloomberg um markaðsaðila á sviði fyrirtækjaráðgjafar á norrænum markaði miðað við 41. sæti árið 2006 og markaðshlutdeild bankans hækkaði frá 0,5% árið 2006 í 4% árið 2007.

Fjöldi verkefna Fyrirtækjaráðgjafar

	Landsbanka- samstæðan
Fjöldi verkefna 2005	86
Heildarvirði 2005 í milljónum evra	6.181
Fjöldi verkefna 2006	71
Heildarvirði 2006 í milljónum evra	15.860*
Fjöldi verkefna 2007	53
Heildarvirði 2007 í milljónum evra	14.775

*Aðkoma Merlion að samningi Natixis (5,3 milljarðar evra), hlutfjárútbót Aer Lingus og afskráning eircom meðtalið.



ÓLÍKIR HEIMAR. EINN HEIMUR. – Safn siömenningarinnar. Kanada.

Einstaklingsviðskipti

Landsbankinn er og hefur verið leiðandi viðskiptabanki á íslenskum bankamarkaði. Áhersla á góða þjónustu og ábyrga fjármálaráðgjöf hefur verið leiðarljós bankans undanfarin ár og ánægja viðskiptavina hefur aukist verulega með þessum áherslum. Starfsumhverfi bankans breytist mjög hratt og eru vörur hans og þjónusta í sífelldri endurskoðun í samræmi við þarfir viðskiptavina. Útibú miða að því að veita fjölbreytta þjónustu til að sinna margvíslegum þörfum viðskiptavina. Ráðgjafa- og þjónustuver hefur verið eftt til að mæta æ fleiri viðskiptavinum sem vilja eiga bankaviðskipti í gegnum síma. Jafnframt hefur þróun á Einkabanka og vefsvæðum bankans verið forgangsatríði til að tryggja einfaldleika í þjónustu við viðskiptavinum á netinu.


Viðskiptabankastarfsemi hefur vaxið og dafnað með útrás bankans en mikil velgengi á Bretlandsmarkaði hefur meira en tvöfaldað fjölda einstaklinga og lítilla fyrirtækja í viðskiptum á árinu. Jafnframt hafa heildarinnlán bankans aukist um 108% milli ára, þar af er stærstur hluti vegna innlána einstaklinga. Árið 2007 er fyrsta árið í sögu Landsbankans sem umsvif í viðskiptabankaþjónustu eru umtalsverð utan Íslands. Um áramót 2007/2008 áttu um 150 þúsund manns í Bretlandi sparnaðarreikning á netinu undir vörumerkinu Icesave. Þótt hér sé um ákaflega takmarkaðan þátt af viðskiptabankastarfsemi að ræða hefur myndast verðmæt reynsla innan bankans sem mun nýtast vel ef aukin áhersla verður lögð á einstaklingsviðskipti í starfsemi bankans utan Íslands.

Markaðshlutdeild og lykilmælikvarðar 2007


Niðurstöður markaðsrannsóknna, framkvæmdra af Capacent Gallup, sýna að Landsbankinn var með um 28% hlutdeild á innlendum markaði í árslok 2007. Sömu sögu er að segja af hlutdeild bankans í veltu á debet- og kreditkortum. Hlutdeild í debetkortaveltu var um 28% á árinu en hlutdeild í kreditkortaveltu var um 27%. Þessi staða tryggir bankanum leiðandi markaðshlutdeild á íslenskum viðskiptabankamarkaði en bankinn hefur sett sér markmið um að leiða áfram viðskiptabankamarkaðinn á Íslandi líkt og hann hefur gert í áráraðir.

Útlán útibúa á árinu námu 392 milljörðum króna í árslok og jukust um 33% árinu. Lán til einstaklinga námu um 206 milljörðum króna en lán til fyrirtækja og annarra

Eignir einstaklinga í verðbréfasjóðum og lífeyrissparnaði



Fjöldi einstaklinga í vildarkerfi Landsbankans



lögaðila um 186 milljörðum króna og var aukningin um 46% árinu. Verulega hægði á aukningu íbúðalána bankans á árinu. Í árslok námu útistandandi lán alls um 114 milljörðum króna en höfðu verið um 99 milljarðar króna árið áður.

Innlán útibúa á Íslandi jukust um 39% á árinu og námu 367 milljörðum króna í árslok. Smásöluinnlán í Landsbanki Heritable Bank í Bretlandi námu 42 milljörðum króna en innlán í Icesave jukust í 610 milljarða á árinu. Í heild námu smásöluinnlán Landsbankasamstæðunnar um 1.064 milljörðum króna í árslok. Þessu til viðbótar sækir Landsbankinn einnig innlán á svonefndan heildsöluinnlánamarkað á í Bretlandi og á meginlandi Evrópu þar sem innstæðueigendur eru einkum ýmiss konar sjóðir, sveitarfélög og hálfopinber félög. Alls námu heildsöluinnlán um 358 milljörðum króna í árslok.

Dreifileiðir

Dreifileiðanet bankans er í stöðugri þróun og viðskiptavinum bjóðast fjölbreyttar leiðir til að sinna bankaviðskiptum sínum.

Starfsmenn útibúa Landsbankans eru framverðir hans í samskiptum við viðskiptavinum og mynda grunn að upplifun þeirra á þjónustu hans. Útibú Landsbankans og afgreiðslur eru 40 talsins og hafa viðskiptavinir hans aðgang að víðfeðmasta útibúaneti á landinu. Starfsemi útibúanna hefur breyst verulega á undanfönum árum. Til að mæta breyttum þörfum viðskiptavina hefur markvisst verið unnið að því að flytja þau verkefni, sem hægt er, í miðlæga vinnslu. Starfsmenn útibúanna veita í auknum mæli flóknari þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina bankans. Þessum breytingum hefur verið mætt með því að breyta skipulagi starfa og húsnæðis og þróa upplýsingakerfi bankans.

Sífelld fleiri viðskiptavinir Landsbankans hafa kosið að sinna almennum bankaviðskiptum sínum í gegnum Einkabankann sem hefur verið í mikilli þróun að undanförunu. Nokkrar nýjungar og viðbætur voru kynntar á árinu og var tilboði um tengingu viðskiptavina við skattframtal mjög vel tekið. Með slíkri tengingu gátu viðskiptavinir í fyrsta skipti sent gögn um fjárhag sinn með rafrænum hætti til skattstjóra og sparað þannig mikinn tíma og innslátt við framtalsgerð; einnig hafa viðskiptavinir bankans í miklum mæli nýtt sér þá nýjung að geta stofnað sparireikninga í gegnum Einkabankann, svo dæmi séu nefnd.

Sú þróun hefur átt sér stað undanfarin ár að viðskiptavinir kjósa í auknum mæli að eiga almenn bankaviðskipti og fá margvíslega ráðgjöf í gegnum síma. Til að mæta þessu hefur Ráðgjafa- og þjónustuver bankans verið eftt til muna á árinu. Stefnt hefur verið að því markmiði að ná 90% svarhlutfalli í Ráðgjafa- og þjónustuveri og hefur það gengið eftir en opnunartími þess er lengri en opnunartími útibúa.

Vörur/vildarþjónusta

Landsbankinn býður viðskiptavinum sínum upp á ýmsar tegundir vildarþjónustu til að mæta mismunandi þörfum þeirra á lífsbrautinni. Á árinu bættust tvær nýjar tegundir vildarþjónustu við framboðið. Varðan – út í lífið er þjónusta fyrir ungt fólk sem er að ljúka námi og koma undir sig fótunum. Auk hagstæðra kjara stendur þessum viðskiptavinum til boða ýmis fríðindi sem létta undir með þeim á þessum tímamótum. Viðbrögð við þjónustunni voru mjög góð og jókst markaðshlutdeild bankans í þessum aldurshópi verulega á milli ára.

Aukakrónur er heiti á nýrri vildarþjónustu fyrir kreditkorthafa Landsbankans sem geta nú valið um aukakrónur, vildarpunkta Icelandair eða ferðaávisun MasterCard í kortatengdum fríðindum. Aukakrónukerfið er öflug vildarþjónusta þar sem viðskiptavinir fá endurgreiðslu af allri veltu kortsins. Fjöldi samstarfsaðila er í aukakrónukerfinu sem gefur viðskiptavinum fleiri tækifæri til að fá endurgreiðslur. Inn eignin er alltaf laus til ráðstöfunar og nýtingarmöguleikar fjölmargir auk þess sem ekki þarf að safna háum upphæðum til að njóta fríðindanna.

Landsbankinn hefur um árabíl verið leiðandi á íslenskum bankamarkaði í framboði vandaðrar skaða- og persónuþryggingar á hagstæðum kjörum. Á árinu var tekið upp samstarf við félagið Vörð tryggingar í kjölfar kaupa bankans á ráðandi hlut í félaginu í árslok 2006. Í árslok 2007 fékkst starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins fyrir nýju líftryggingafélagi, Verði líftryggingum, í eigu Landsbankans og Varðar trygginga hf. Eignarhlutur bankans í þessum félögum treystir enn frekar stöðuna til að halda áfram að samtvinna banka- og tryggingaþjónustu og veita heildstæða fjármálaráðgjöf til viðskiptavina bankans.


Áhersla á aukinn sparnað landsmanna

Landsbankinn hefur á undanförunum árum lagt sérstaka áherslu á að kynna fyrir viðskiptavinum sínum fjölbreyttar leiðir til sparnaðar. Eyddu í sparnað er heiti á árlegu markaðsátaki bankans í þeim tilgangi og var árangurinn afar góður á árinu. Enn fremur hefur lífeyrissparnaður vaxið mikið undanfarin ár og eru eignir í lífeyrissparnaði og verðbréfasjóðum einstaklinga komnar yfir 100 milljarða króna.


Markaðsfyrirtæki ársins

Í nóvember var Landsbankinn valinn markaðsfyrirtæki ársins á Íslandi af ÍMARK, félagi íslensks markaðsfólks. Þetta eru ákveðin tímamót þar sem þetta er í fyrsta sinn sem fjármálafyrirtæki hlýtur þennan titil en fimm þættir eru jafnan lagðir til grundvallar verðlaununum: Markaðsárangur, markaðshlutdeild og þróun hennar sl. fimm ár, ánægjustig viðskiptavina miðað við samkeppnisaðila, markaðsherferðir og árangur þeirra á árinu og innra markaðsstarf. Einnig er litið til annarra atriða, svo sem ánægju starfsmanna og stefnumörkunar.

Viðskiptavinir með netbankaþjónustu



Afgreiðslufjöldi í þjónustuveru



Verðlaunin sýna glöggð hvernig íslenski bankamarkaðurinn hefur breyst á síðastliðnum fjórum árum þar sem bankarnir hafa breyst úr því að vera stofnanir yfir í að vera þjónustufyrirtæki. Í þessu hefur Landsbankinn haft forystu líkt og þessi viðurkenning sýnir. Bankinn hefur nálgast markaðinn með það að leiðarljósi að veita viðskiptavinum framúrskarandi ráðgjöf, þjónustu og vöruúrval sem hefur skilað bankanum ánægðari viðskiptavinum.

Mikið er lagt upp úr samhæfingu á öllu markaðsefni sem kemur frá bankanum og talað er af ábyrgð en um leið léttleika þannig að markaðsefni nái greiðlega til viðskiptavina. Bankinn hefur löngum skipað stóran sess í íslensku samfélagi. Undanfarnin ár hefur hann m.a. stutt vel við íslenska knattspyrnu og íþróttalífið í landinu og verið einn öflugasti stuðningsaðili menningar- og listalífs á Íslandi um nokkurt skeið. Mikilvægt er fyrir starfsemi bankans að láta gott af sér leiða í samfélaginu.

Viðurkenning af þessu tagi er hvatning fyrir starfsfólk bankans um að halda áfram á sömu braut og tryggja Landsbankanum áfram sess sem banki allra landsmanna.




Eignastýring og einkabankastarfsemi

Mikill vöxtur var áfram einkennandi á þessu ári hjá Eignastýringu og Einkabankastarfsemi Landsbankasamstæðunnar. Þetta var alfarið innri vöxtur vegna nýrra verkefna í eignastýringu og einkabankastarfsemi ásamt stofnun margra nýrra sjóða.

Í starfsemi þessa árs var aðallega lögð áhersla á að styrkja undirstöður ört vaxandi reksturs Landsbankans. Frá árinu 2003 hafa eignir í stýringu aukist um 397%. Sérstakur gaumur var gefinn að málefnum er varða áhættu og regluvörslu í sambandi við innleiðingu á MiFID-reglunum en einnig var lögð áhersla á bætta þjónustu við viðskiptavinum. Nýtt vöruúrval hefur verið þróað með rekstri og skráningu sjóða í Lúxemborg og Dublin ásamt starfseminni á Íslandi. Eignastýring safna þriðju aðila var aukin verulega. Eignastýring leggur áfram áherslu á framsækna fjárfestingarkosti og hefur á sama tíma lagt aukna áherslu á rekstur alþjóðlegra og evrópskra hlutabréfasjóða með því að styðjast við yfirgripsmikla greiningarvinnu Landsbankasamstæðunnar.

Eignir í stýringu




Alls voru 513 milljarðar króna í eignastýringu hjá samstæðu Landsbankans í árslok en það er hækkun um 3% frá árinu áður. Eignir í stýringu hjá verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum samstæðunnar jukust um 41% upp í 230 milljarða króna í árslok. Eignir einkabankaþjónustu jukust um 73%.

Aukin samvinna milli starfssviða Landsbankans og dótturfyrirtækja hans hefur leitt af sér heildstæðari þjónustu við viðskiptavinum og styrkt þannig enn frekar verðmæti Landsbankans. Landsbankinn var áfram leiðandi á íslenskum markaði í stýringu verðbréfa- og fjárfestingarsjóða með 35% markaðshlutdeild héraendis.

Vöruþróun

Framúrskarandi þjónusta, sem byggir á faglegri sérþekkingu og vörusafni sem þjónar fjölbreyttum viðskiptavinahópum, er leiðarljós vöruþróunar hjá Eignastýringu Landsbankans. Á sama tíma og Eignastýring Landsbankans hefur víkkað út starfsemi sína og þjónustu til erlendra viðskiptavina með því að skrifa undir dreifingarsamninga og leggja meiri áherslu á fagfjárfesta, var vöruúrvalið aukið enn frekar með stofnun fjögurra nýrra hlutabréfasjóða í Lúxemborg til að mæta þörfum erlendra viðskiptavina. Þessir sjóðir einbeita sér að þýskum, norrænum, evrópskum og alþjóðlegum mörkuðum. Til að fylgja eftir góðum árangri Peningabréfa Landsbankans stofnaði Eignastýring tvo nýja peningabréfasjóði í dönskum krónum og kanadískum dollurum. Á árinu hleypti Eignastýringarsvið af stökunum tveimur nýjum fagfjárfestingsjóðum, annars vegar einkaframtakssjóði nr. 2 í röðinni og hins vegar vogunarsjóði sem sérhæfir sig í gjaldeyri.

Markaðshlutdeild innlendra verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Landsbankans



Sjóðastýring Merrion Landsbanki

Sjóðastýring Merrion var formlega stofnuð sem sjálfstæð eining innan Merrion Landsbanka árið 2007 þó að fyrirtækið hafi með góðum árangri stýrt hlutabréfasjóðum frá árinu 2003 og byggt upp árangursrika hlutabréfastýringu og vöruþróun á hlutabréfatengdum fjármálagerningum. Frá 31. desember árið 2007 bauð sjóðastýring Merrion upp á sex úrvalssjóði (the High Yield Fund, the Active Fund, the Discovery Fund, the Irish Value Fund, the European Value Fund and the Fintra Leveraged Fund). The Merrion Fintra Leveraged Fund var stofnaður í nóvember 2007 og aflaði 65 milljóna evra í hlutafé í útboði sínu og styrkir sjóðurinn enn frekar vöruúrval Merrion. Þessir sjóðir eru fjárfestingarsjóðir og hafa heimild frá írsku fjármálaeftirlitinu.

Landsbankinn í Lúxemborg

Starfsemi Landsbankans í Lúxemborg jókst áfram árið 2007 með fjölbreyttri þjónustu til markhóps síns á enn fleiri stöðum en áður. Landsbankinn í Lúxemborg lagði sitt af mörkum til að fjölga tekjulindum og bæta útlánaáhættu Landsbankasamstæðunnar. Arðsemi var áfram góð og enn á ný fjölgaði starfsmönnum bankans hratt á meðan kostnaður var í samræmi við markmið um ávöxtun eigin fjár. Áfram verður haldið að ráða starfsfólk til að styðja við vaxandi starfsemi og halda utan um auknar kröfur varðandi regluverk og regluvörslu.

Útlána- og fjármögnunarstarfsemi jókst, aðallega sem liður í einkabankþjónustu. Landsbankinn í Lúxemborg fór inn á nýjan markað í Frakklandi þar sem fjármögnun fasteignalána og lán gegn veði í fasteignum efdust svo um munaði. Fjármögnun fasteigna, sérsníðin eignatryggð lán og verkefnafjármögnun í Norður-Evrópu voru áfram helstu þættir í þjónustu Eignastýringar.

Sjóðir samstæðunnar

Innlendir skuldabréfasjóðir

Markaðsbréf - stutt

Markaðsbréf - millilöng

Markaðsbréf - löng

Peningabréf

Sparibréf

Skuldabréf

Fyrirtækjabréf

Erlendir skuldabréfasjóðir

Peningabréf GBP

Peningabréf USD

Peningabréf EUR

Peningabréf DKK

Peningabréf CAD

Landsbanki Diversified Yield Fund

Blandaðir sjóðir

Safnbréf - varfærin

Safnbréf - blönduð

Safnbréf - framsækin

LLIF - varfærin (LUX)

LLIF - blönduð (LUX)

LLIF - framsækin (LUX)

Innlendir hlutabréfasjóðir

Úrvalsbréf

Vísitölubréf

Erlendir hlutabréfasjóðir

Landsbanki Global Equity

Kepler European Opportunity (LUX)

Kepler European Small/Midcap (LUX)

Kepler German Equities (LUX)

Merrion High Yield fund (IE)

Merrion Active Fund (IE)

Merrion Discovery Fund (IE)

Landsbanki LN 40

Landsbanki Global Opportunity (LUX)

Landsbanki Active Nordic Fund (LUX)

Landsbanki European Opportunity Fund (LUX)

KE German Opportunities Fund RR (LUX)

Merrion Irish Value (IE)

Merrion European Value (IE)

Fagfjárfestastjóðir

Landsbanki Mezzanine Fund 1

Landsbanki Mezzanine Fund 2

Landsbanki Aquila Real Estate Fund

Landsbanki Private Equity Fund I

Landsbanki Private Equity Fund II

Landsbanki Absolute Return Fund

Merrion Fintra Leveraged Fund (IE)

Landsbanki Currency Fund

Boreas Capital Fund

Sjóðir stofnaðir fyrir 2006

Sjóðir stofnaðir 2006

Sjóðir stofnaðir 2007



ÓLÍKIR HEIMAR. EINN HEIMUR. – Myllan í Smock. Holland.

Upplýsingar til hluthafa

Það er stefna Landsbankans að hagsmunaaðilar hafi greiðan aðgang að upplýsingum og fái nákvæmar og tímanlegar fréttir af starfi bankans, dótturfyrirtækjum hans og samstarfsaðilum, sem og bankageiranum almennt. Landsbankinn er næststærsta fyrirtækið í NASDAQ OMX á Íslandi (Kauphöllinni). Markaðsvirði Landsbankans var 397,3 milljarðar króna í árslok 2007 og er hluthafahópur bankans einn sá stærsti á Íslandi. Mikill veltuhraði með hlutabréf bankans gefur til kynna góða lausafjárstöðu og virka verðmyndun.

Tölur um hlutabréf Landsbankans 2007

Markaðsvirði í árslok í milljónum króna	397.343
Verð hluta í árslok 2007	35,50
Hæst/lægst	44,6 / 27,5
Arður á hlut, í krónum	0,40
Hagnaður á hlut, í krónum	3,56
V/H hlutfall	9,94
V/I hlutfall	2,21
Útgefin hlutabréf	11.192.754.087


Markaðsvirði

Í árslok 2007 var Landsbankinn næststærsta fyrirtækið í Kauphöllinni og var markaðsvirði bankans 397,3 milljarðar króna. Markaðsvirði félagsins hækkaði um 36,1% milli ára vegna 1,6% aukningar hlutfjár og 34% hækkunar á hlutabréfaverði. Heildarársávöxtun bankans var 35,5%, leiðrétt fyrir útgreiddum arði.

Afkoma hlutabréfa og lausafjárstaða

Á árinu 2007 var mikill órói á hlutabréfamarkaði um allan heim og hefur óvissa og stemning markaðarins valdið miklum verðsveiflum. Hlutabréf Landsbankans hækkuðu jafnt og þétt fyrri hluta ársins. Í kjölfarið á verðsveiflum náðu hlutabréfin hámarki í október en lækkuðu síðan vegna kreppu tengdum undirmáslánum í Bandaríkjunum og þess samdráttar sem hún leiddi af sér í lánveitingum fjármálastofnana um allan heim. Það þarf engan að undra þótt verð hlutabréfa í árslok hafi lækkað síðan í október, en þau fóru engu að síður fram úr OMX I15 vísitölunni.

Verð hlutabréfa Landsbankans og velta



— Verð hlutabréfa — Velta með hlutabréf Landsbanka (hægri ás)

Heimild: Mentis hf.

Dagsveltan var að meðaltali 42 milljónir hluta og eru hlutabréf Landsbankans því meðal þeirra auðseljanlegustu og veltumestu í Kauphöllinni. Heildarvelta ársins 2007 var 10.420 milljón hlutir í 17.070 viðskiptum, sem jafngildir 361,2 milljarði króna. Viðskiptin teljast sérlega mikil í ljósi þess að meira en 40% hlutabréfa í Landsbankanum eru í eigu sama kjölfestuhluthafa.

Arðgreiðslustefna


Arðgreiðslustefna Landsbankans hefur jafnan verið varfærin og falið í sér að stór huti tekna fer í að styrkja eiginfjárstöðu og leggja grunn að vexti. Að undirlagi bankaráðs taka arðgreiðslur mið af afkomu, eiginfjárstöðu bankans og vaxtar-möguleikum hans.

Aðalfundur í febrúar 2007 samþykkti arðgreiðslu sem nam 40% af nafnverði, eða 11% af hagnaði, alls 4.408 milljónir króna. Taflan hér fyrir neðan lýsir arðgreiðslum Landsbankans árin 2002-2006. Á þessu tímabili var útgreiddur arður að meðaltali 19,2% af hagnaði.

Arðgreiðslur síðustu ára

	2006	2005	2004	2003	2002
Arður á hlut í íslenskum krónum	0,4	0,3	0,2	0,1	0,1
A/V hlutfall %	1,5	1,2	1,7	1,7	2,7
Arðgreiðsluhlutfall	11	13	13	25	34
Arðleysisdagur	12. feb. 07	6. feb. 06	7. feb. 05	16. feb. 04	15. feb. 03
Arðsréttindadagur	12. feb. 07	6. feb. 06	7. feb. 05	16. feb. 04	15. feb. 03
Útborgunardagur arðs	3. mars 07	7. mars 06	9. mars 05	9. mars 04	7. mars 03

Skipting hluthafa 31. desember 2007



Stuðningur frá hluthöfum

Hluthafahópur Landsbankans er einn sá fjölmennasti meðal íslenskra fyrirtækja og voru hluthafar 27.753 talsins í árslok 2007. Þrjátíu stærstu hluthafarnir eru langflestir fagfjárfestar, þar á meðal fjárfestingarfélag, tryggingarfélag, lífeyrissjóðir og verðbréfasjóðir. Aðeins einn kjölfestuhluthafi á meira en 10% hlut sem hann eignaðist í kjölfar einkavæðingarferlis bankans árið 2003.

Stærstu hluthafar

Samson Eignarhaldsfélag ehf., sem er eignarhaldsfélag á fjármálasviði og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, átti 40,7% af heildarhlutafé Landsbankans í árslok 2007. Samson eignaðist kjölfestuhlut árið 2003 og hefur síðan tekið fullan þátt í öllum hlutfjárauðingum Landsbankans. Ekkert beint viðskiptasamband, svo sem lánveitingar, er til staðar á milli Landsbankans og Samson.

Sem safnfjárfestir er Landsbanki Luxembourg SA skráður hluthafi 6,60% allra útgefinna hlutabréfa Landsbankans 31. desember 2007. LI-Hedge átti alls 4,5% af hlutafé í lok árs 2007 og hefur félagið til vörslu hluti viðskiptavina sem vörn gegn framvirkum samningum um hlutabréfaviðskipti. Eigin hlutabréf Landsbankans, skráð á nafn Landsbanka Íslands hf. aðalstöðvar, voru 1,57% af heildarhlutafé.

Krosseignarhald

Gagnkvæm hlutafjäreign Landsbankans og annarra félaga er ekki umfram 1% af gagnkvæmu hlutafé eða atkvæðarétti. Slík eign telst óveruleg og eðlilegur hluti af virkri stýringu á stöðum veltubókar bankans.

Bankaráð

Á aðalfundi bankans 9. febrúar 2007 voru eftirtaldir aðilar kjörnir í bankaráð: Björgólfur Guðmundsson (formaður), Kjartan Gunnarsson (varaformaður), Svafa Grönfeldt, Þorgeir Baldursson og Þór Kristjánsson. Svafa Grönfeldt kom í stað Guðbjargar M. Matthíasdóttur.

Allir bankaráðsmennirnir fimm teljast óháðir félaginu og þrír þeirra, Þorgeir Baldursson, Svafa Grönfeldt og Kjartan Gunnarsson, teljast óháðir bæði félaginu og stærstu hluthöfum þess samkvæmt skilgreiningu Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Hlutafé

Heildarhlutafé Landsbankans frá og með 31. desember 2007 var 11.192.754.087 krónur að nafnverði og er skráð í Kauphöllinni. Öll hlutabréf eru í sama flokki og hafa jafnt vægi. Nafnverð hvers hlutar er 1 króna og tryggir eigandanum eitt atkvæði.

Aukning hlutafjár

Í tengslum við kaup bankans á breska miðlaranum Bridgewell plc ákvað bankaráð Landsbankans að nýta heimild, sem því var veitt á aðalfundi 2007, til að auka hlutafé í bankanum. Hlutafé Landsbankans var því aukið um 172.076.284 krónur af nafnverði, það er úr 11.020.677.803 krónum í 11.192.754.087 krónur, og er þetta 1,6% aukning. Nýju hlutabréfin voru notuð sem hluti af greiðslunni til hluthafa Bridgewell.


Hagnaður á hlut

Heildarhagnaður hluthafa Landsbankans var 38.800 milljónir árið 2007, en það samsvarar 3,56 krónum á hlut. Heildarhlutafé samstæðunnar var 184.004 milljónir króna í árslok.

Dreifing hlutabréfa Landsbankans

Hluthafi	Skráðir hlutir	
	Fjöldi	%
1	4.559.048.058	40,7%
2-30	4.766.698.989	42,6%
31-27.753	1.867.007.040	16,7%
Samtals	11.192.754.087	100,0%

Hagnaður á hlut hjá Landsbankanum



Fjárhagsdagatal árið 2008

Fyrsti ársfjórðungur	6. maí 2008
Annar ársfjórðungur	29. júlí 2008
Þriðji ársfjórðungur	4. nóvember 2008
Fjórdi ársfjórðungur	3. febrúar 2009
Ársskýrsla 2008	Nánar tilkynnt síðar
Aðalfundur 2008	Nánar tilkynnt síðar

Upplýsingaveita til fjárfesta

Það er stefna Landsbankans að fjárfestatengsl séu eins og best verður á kosið og bankinn vinnur að því markmiði með því að endurbæta sífellt gæði, gagnsæi og samræmi í upplýsingagjöf. Fjárfestar geta fylgst með kynningu á árlegri og ársfjórðungslegri afkomu í beinni vefútsendingu, en auk þess skoðað eldri reikningsskil, netvarp, hlaðvarp (podcast) og RSS-strauma sem finna má á www.landsbanki.com/ir.

Ársskýrsla

Í ársskýrslunni má finna heildstætt yfirlit yfir starfsemi Landsbankans og nákvæma útlitun á afkomu bankans ár hvert. Skýrslan er gefin út bæði á íslensku og ensku og hana er auðvelt að sækja á heimasíðu bankans sem pdf eða html-skjal.

Fjárhagsupplýsingar

Nákvæmar ársfjórðungslegar og árlegar upplýsingar um og greining á fjárhagsstöðu, þar með taldar athugasemdir tengdar framvindu viðskipta Landsbankans, eru til á heimasíðu bankans sem pdf eða html-skjal.

Afkomukynning

Í lok hvers ársfjórðungs kynnir yfirstjórn afkomu Landsbankans fyrir greiningaraðilum og fjárfestum á ensku. Kynningarnar fara fram í beinni útsendingu á netinu.

Netvarp, hlaðvarp og innhringiaðgangur

Mikilvægar kynningar á borð við árshlutauppgjör, ársafkomu og aðalfundi fara fram í beinni útsendingu á netinu auk þess sem boðið er upp á innhringiaðgang.

Á vefsvæði okkar, sem tileinkað er fjárfestatengslum, má finna nýjustu netvörp, hlaðvörp og upptökur sem hægt er að hlaða niður og einnig skráasafn yfir eldri atburði.

RSS-straumar

Á vefsvæðinu sem tileinkað er fjárfestatengslum er boðið er upp á RSS-strauma með fréttum á ensku. Notendur geta valið úr efnisatriðum í hlutanum sem heitir áskriftir.

Vefsvæðið

Á vefsvæðinu fyrir fjárfestatengsl, www.landsbanki.com/IR, má finna viðtækar fréttir og upplýsingar um Landsbankann sem sniðnar eru að þörfum bæði grein-

enda og fjárfesta. Þetta vefsvæði er til bæði á íslensku og ensku og inniheldur eldri fjárhagsupplýsingar á borð við lögbundnar tilkynningar, atburði hjá fyrirtækjum, upplýsingar um hlutabréf, þar með talið gengi, lista yfir hlutafjáreigendur, arðgreiðslustefnur og fjárhagsdagatalið.

Kauphöllin

Landsbankinn hefur verið skráður hjá Nasdaq OMX Nordic Exchange Iceland - Kauphöllinni síðan 1998 og allar reglubundnar tilkynningar félagsins má finna á www.omxnordicexchange.com

Auðkenni

Hjá Bloomberg og Reuters má finna upplýsingar um Landsbankann undir auðkennunum LAIS IR og LAIS.IC.

Pöntun á skýrslum

Allar fjárhagsskýrslur, meðal annars ársskýrslur, árleg rekstrarafkoma og ársfjórðungsuppgjör má sækja sem pdf og excel-skjöl undir hlutanum fjárhagsupplýsingar á netinu. Á sama vefsvæði er einnig hægt að panta prentaðar útgáfur af þessum skjölum.

Hafa samband

Frekari upplýsingar fást hjá fjárfestatenglum á Alþjóðasviði Landsbankans, með því að senda tölvupóst á ir@landsbanki.is eða hringja í 410 7200.



ÓLÍKIR HEIMAR. EINN HEIMUR. – Fílharmónían. Lúxemborg.

Stjórnarhættir Landsbankans

Landsbankinn er í fararbroddi íslenskra fyrirtækja við að fylgja góðum stjórnarháttum og tryggja að þeir séu í samræmi við bestu framkvæmd á hverjum tíma. Innan Landsbankans nær hugtakið góðir stjórnarhættir til ýmissa þátta í starfsemi bankans. Þar má nefna stjórnskipulag, upplýsingagjöf, reglur og verkferla sem eru hluti af starfsemi og rekstri bankans.

Bankaráð Landsbankans átti frumkvæði að því að bankinn var eitt fyrsta íslenska fyrirtækið sem innleiddi Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem OMX Nordic Stock Exchange á Íslandi, Samtök atvinnulífsins og Verslunarráð Íslands gáfu út árið 2004. Landsbankinn hefur einnig tekið upp innri siða- og verklagsreglur og gaf út regluhandbók þar sem finna má greinargott yfirlit yfir innri reglur bankans. Innri reglur Landsbankans hafa verið settar til þess að bankinn uppfylli ströngustu kröfur um stjórnarhætti sem gerðar eru á alþjóðavettvangi og er ætlað að tryggja gagnsæi og gott upplýsingaflæði.

Landsbankinn endurskoðar innri reglur sínar og innra skipulag reglulega til þess að tryggja að þær séu ávallt í samræmi við gildandi lög og reglur. Árið 2007 var mikil vinna lögð í að endurskoða og koma á nýjum reglum og verkferlum á samstæðugrunni.

Góðir stjórnarhættir Landsbankans endurspeglast meðal annars í traustri uppbyggingu starfseminnar á samstæðugrunni, góðu aðgengi að upplýsingum, vandaðri ákvarðanatöku og öflugum eftirliti með öllum áhættuþáttum. Markmið bankans er að tryggja heilbrigðan og traustan rekstur sem og viðeigandi upplýsingaflæði til hluthafa, annarra markaðsaðila og eftirlitsaðila í þeim lögsögum þar sem Landsbankinn er með starfsemi. Að auki styðst bankinn við vandaða umgjörð sem ætlað er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í ákvarðanatökufærum og tryggja að starfsemin sé í samræmi við mismunandi lagalegan áskilnað og ströngustu kröfur um góða starfshætti.

Þær reglur um stjórnarhætti sem bankaráð Landsbankans hefur innleitt eru einnig notaðar sem meginviðmið um góða stjórnarhætti innan dótturfélaga Landsbankans.

Hluthafafundur

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum Landsbankans innan þess ramma sem samþykktir bankans og landslög mæla fyrir um. Þátttökurétt á hluthafafundum eiga hluthafar, umboðsmenn þeirra og ráðgjafar, en auk þess eru fundirnir opnir fjölmiðlum og fulltrúum Kauphallarinnar. Allir hluthafar eiga jafnan rétt

á að taka til máls, leggja fram tillögur og greiða atkvæði. Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé og ræður afl atkvæða nema kveðið sé á um annað í samþykktum eða landslögum. Í ákveðnum tilvikum er samþykkis allra hluthafa þó krafist. Aukahluthafafundi skal halda þegar bankaráði þykir við þurfa, samkvæmt fundarályktun eða ef kjörinn endurskoðandi eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjár krefjast þess. Aðalfund skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Hluthafafundi skal auglýsa í útvarpi og dagblöðum, eða á annan sannanlegan hátt, með minnst viku en lengst fjögurra vikna fyrirvara. Fundarefni aðalfundar er birt með fundarboði en endanleg dagskrá og tillögur skulu liggja frammi hluthöfum til sýnis minnst viku fyrir fundinn. Mál sem ekki eru auglýst í dagskrá fundarins er ekki unnt að taka til úrlausnar á aðalfundi nema með samþykki allra viðstaddra hluthafa.

Samþykktir

Í samþykktum Landsbankans er meðal annars lagður grunnur að stjórn bankans og því hvernig innri málefnum hans skuli háttáð. Í samþykktunum eru, auk ákvæða um reikningshald bankans og endurskoðun, ákvæði um heiti félagsins, hlutafé þess, hluthafafundi, kosningu stjórnarmanna, starfsemi bankaráðs og þá ábyrgð og skyldu sem hvílir á bankaráði og bankastjórn.

Bankaráð Landsbankans

Bankaráð Landsbankans fer með æðsta vald í málefnum bankans á milli hluthafafunda og ber ábyrgð á starfsemi hans. Í bankaráði sitja fimm bankaráðsmenn og fimm varamenn sem aðalfundur kys til eins árs í senn. Ávallt er leitast við að skipan bankaráðsmanna sé í samræmi við skilgreiningu á óhæði stjórnarmanna sem finna má í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í ákvæðum Leiðbeininganna kemur fram að æskilegt sé að meirihluti stjórnarmanna séu óháðir félaginu og að minnst tveir stjórnendanna skuli vera óháðir stórum hluthöfum. Bankaráð metur óhæði einstakra bankaráðsmanna og kynnir niðurstöður matsins í ársskýrslu bankans. Hver sá sem valinn er til setu í bankaráði skal búa yfir þeirri menntun og reynslu, auk þekkingar á núgildandi lögum og reglugerðum á sviði fjármálafyrirtækja, sem telst nauðsynleg til að taka vel upplýstar og meðvitaðar ákvarðanir með tilliti til hagsmuna hluthafa. Samkvæmt lögum og samþykktum Landsbankans skal bankaráð setja sér skriflegar starfsreglur. Bankaráð hefur í samræmi við það sett sér skýrar starfsreglur sem sendar eru Fjármálaeftirlitinu, í samræmi við lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Starfsreglur bankaráðs kveða á um að bankaráð skuli í árlegu árangursmati meta störf sín og verklag og annað sem betur má fara í starfsemi þess svo uppfylltar séu þær skyldur sem á því hvíla samkvæmt lögum, reglum og samþykktum bankans. Bankaráð endurskoðar einnig starfsreglur sínar og aðra þætti stjórnunarstarfa sinna árlega.

Bankaráðsfundir

Í samræmi við starfsreglur bankaráðs eru fundir ráðsins skipulagðir ár fram í tímann. Bankaráð kýs sér formann og varaformann á fyrsta fundi sínum eftir kjör bankaráðs á aðalfundi. Formaður bankaráðs, eða varaformaður sé formaður fjarstaddur, stýrir fundum bankaráðs sem alla jafna eru haldnir mánaðarlega. Þó má boða til aukafundar með þriggja daga fyrirvara.

Starfsreglur bankaráðs

Starfsreglurnar innihalda ítarleg ákvæði um hlutverk bankaráðs og bankastjóra. Bankastjórar bera ábyrgð á daglegum rekstri, en yfirumsjón með starfseminni og ákvarðanir um ráðstafanir sem teljast óvenjulegar eða mikilvægar eru í höndum bankaráðs. Helstu verkefni bankaráðs eru að taka stefnumarkandi ákvarðanir um helstu þætti í starfsemi bankans og tryggja að öll umsvif hans séu í samræmi við lög og reglur. Til þess að bankaráð geti sinnt þessu eftirlitshlutverki sínu er í starfsreglunum að finna ítarleg ákvæði um upplýsingagjöf til bankaráðs. Í starfsreglunum er einnig að finna upptalningu á þeim ráðstöfunum sem teljast óvenjulegar eða mikilsháttar. Ennfremur innihalda starfsreglurnar ákvæði um hagsmunarárekstra sem geta komið upp í tengslum við eigin viðskipti bankaráðsmanna eða félaga sem þeir eiga virkan hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta. Í slíku tilfalli telst bankaráðsmaður vanhæfur og skal ekki taka þátt í umræðu eða meðferð málsins. Sama gildir um aðila sem eru fjárhagslega eða persónulega tengdir bankaráðsmönnum og um samkeppnisaðila þeirra eða aðila þeim tengdum.

Ofangreindum ákvæðum er ætlað að koma í veg fyrir að hagsmunir bankaráðsmanna hafi óeðlileg áhrif á ákvarðanir þeirra og að tryggja jafnan algert óhæði þeirra. Bankaráðsmaður sem telst vanhæfur samkvæmt fyrrnefndum ástæðum skal hvorki taka þátt í meðferð hlutaðeigandi máls né hafa aðgang að upplýsingum sem málið varða.

Bankastjórar bera ábyrgð á upplýsingagjöf til bankaráðs. Meðal upplýsinga sem lagðar eru fyrir bankaráð eru regluleg fjárhagsuppgjör bankans og endurskoðaðir eða kannaðir samstæðureikningar fyrir hvern árshluta. Bankaráð fær einnig upplýsingar um 100 stærstu viðskiptavini bankans sem og vanskil og greiningu á vanskilum. Upplýsingar um öll viðskipti bankaráðsmanna og kjör þeirra eru ennfremur lagðar fyrir bankaráð, auk sundurliðaðra upplýsinga um fyrirgreiðslur til venslaðra aðila. Innri endurskoðandi bankans sinnir einnig endurskoðun á fyrirgreiðslum til venslaðra aðila og ber þær meðal annars saman við sambærileg viðskipti annarra viðskiptavina. Til venslaðra aðila teljast meðal annars bankaráðsmenn, bankastjórar, framkvæmdastjórar, innri endurskoðandi og regluvörður, ásamt nánum fjölskyldumeðlimum þessara aðila. Hliðstæðir aðilar í dótturfélögum og tengdum

félögum teljast einnig til venslaðra aðila sem og hluthafar sem eiga 5% eða stærri hlut í bankanum eða teljast til 10 stærstu hluthafa bankans eins og nánar er kveðið á um í starfsreglum fyrir bankaráð.

Starfsnefndir bankaráðs

Bankaráð hefur skipað tvær starfsnefndir, endurskoðunarnefnd og kjaranefnd. Hlutverk nefndanna er að fjalla sérstaklega um og undirbúa ákveðin málefni fyrir fundi bankaráðs. Skilgreiningu um óhæði stjórnenda í Leiðbeiningunum er fylgt við val bankaráðsmanna til setu í þessum nefndum.

Endurskoðunarnefnd

Í endurskoðunarnefnd sitja þrjú bankaráðsmenn, sem eru allir óháðir Landsbankanum, eins og mælt er með í Leiðbeiningunum. Framkvæmdastjórar Lögfræðisviðs og Rekstrarsviðs og innri endurskoðandi starfa með nefndinni. Endurskoðunarnefnd undirbýr m.a. umfjöllun bankaráðs um ársfjórðungsuppgjör og ársreikninga bankans. Eftirfarandi bankaráðsmenn sitja í endurskoðunarnefnd: Kjartan Gunnarsson (formaður nefndarinnar), Þór Kristjánsson og Þorgeir Baldursson.

Kjaranefnd

Í kjaranefnd sitja þrjú bankaráðsmenn, sem allir eru óháðir Landsbankanum, í samræmi við tilmæli Leiðbeininganna. Kjaranefnd semur um launakjör og önnur starfskjör bankastjóranna. Árlega gerir nefndin tillögu að starfskjarastefnu Landsbankans sem síðan er borin undir aðalfund Landsbankans til samþykktar. Eftirfarandi bankaráðsmenn sitja í kjaranefnd: Björgólfur Guðmundsson (formaður nefndarinnar), Þór Kristjánsson og Andri Sveinsson

Bankastjórar

Bankastjórar Landsbankans eru tveir og bera þeir ábyrgð á daglegri starfsemi bankans auk þess að þjóna sem talsmenn bankans um öll rekstrar- og viðskiptaleg málefni. Þeir hafa umboð til ákvarðanatöku hvað varðar alla starfsemi bankans sem ekki er öðrum falin með lögum, samþykktum bankans eða ákvörðun bankaráðs. Bankastjórar skulu fullnægja öllum þeim hæfisskilyrðum sem lög um fjármálafyrirtæki og lög um hlutafélög kveða á um á hverjum tíma.

Framkvæmdastjórar

Hjá Landsbankanum starfa tíu framkvæmdastjórar. Þeir heyra undir bankastjóra og bera ábyrgð á daglegum rekstri deilda sinna. Framkvæmdastjórar og bankastjórar funda reglulega.

Fastanefndir

Bankastjórar bera ábyrgð á daglegum rekstri og áhættustýringu bankans í gegnum fimm fastanefndir: Lánanefnd, fjármálanefnd, eignastýringarnefnd, rekstrarnefnd og áhættunefnd samstæðunnar. Nefndirnar eru vettvangur ákvarðanatöku, stýringar og eftirlits með umsvifum samstæðunnar, t.a.m. útlánaeftirliti, markaðs-áhættu og rekstrarumhverfi.

Lánanefnd hefur umsjón með og samræmir útlánaferli samstæðunnar með útlána-reglum sem byggja á grunnreglum frá bankaráði. Þetta skipulag tryggir að nefndin hafi góða yfirsýn yfir útlán allrar starfsemi bankans. Lánanefnd ákveður einnig hámarks útlánaheimild bankans og nýjar lánategundir eru háðar samþykki hennar.

Hlutverk fjármálanefndar er m.a. að hafa eftirlit með fjárfestingarbankastarfsemi og áhættuþáttum í starfsemi bankans, auk þess að setja reglur um áhættustýringu. Fjármálanefnd fer einnig yfir fjármögnun bankans og samþykkir nýjar vörur sem bjóða á viðskiptavinum í tengslum við verðbréfavíðskipti.

Eignastýringarnefnd hefur eftirlit með Eignastýringarsviði Landsbankans og yfirumsjón með mikilvægum þáttum í tengslum við þau viðskipti. Nefndin fer yfir mánaðarlega skýrslu Eignastýringarsviðs þar sem fjallað er um eignastýringu, tekjur og stöðu verðbréfasjóða Landsbankans. Mikilvægar breytingar á störfum Eignastýringarsviðs eru einnig háðar samþykki nefndarinnar.

Rekstrarnefnd samræmir rekstur bankans, stýrir hagræðingu, tækniþróun, þróun útibúa og eignamálum. Nefndin tekur einnig ákvarðanir um áhættutakmarkanir og gæðaeftirlit í útibúunum, vaxtabreytingar og verðlag og nýjar vörur og þjónustu sem útibú Landsbankans bjóða upp á.

Áhættunefnd samstæðunnar var stofnuð til að tryggja að áhætta sé metin fyrir samstæðuna sem heild. Hlutverk áhættunefndar er að þróa viðeigandi áhættustýringarkerfi og samræma og hafa eftirlit með vinnu ýmissa áhættustýringardeilda og -aðgerða innan bankasamstæðunnar. Nefndin á að tryggja að næg tól og starfslíð séu til staðar til að meta, mæla, fylgjast með og stýra vörum, starfsemi, verkferlum og kerfum samstæðunnar. Frekari upplýsingar um áhættustýringu má finna í sérstökum kafla um áhættustýringu.

Ytri og innri endurskoðun

Aðalfundur kýs óháðan löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að endurskoða ársreikninga bankans og fara yfir árshlutauppgjör í samræmi við lög og alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Innri endurskoðun bankasamstæðunnar þjónar sem sjálfstæður og óháður eftirlitsaðili og ráðgjafi. Hlutverk innri endurskoðunar er að hafa eftirlit með starfsemi bankans og koma með tillögum að úrbótum. Kerfisbundið og reglulegt mat innri endurskoðunar gerir Landsbankanum kleift að auka skilvirkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttanna og færir bankann þannig nær markmiðum sínum.

Bankaráð skipar innri endurskoðanda og heyrir hann beint undir bankaráð samkvæmt sérstöku erindisbréfi, í samræmi við lög um fjármála fyrirtæki og samþykktir Landsbankans. Innri endurskoðandi fer með innri endurskoðun Landsbankans í samræmi við viðurkenndar innri endurskoðunarreglur og viðmið. Hluti af skyldum innri endurskoðanda er að ráðleggja bankaráði á sviði endurskoðunar, innra eftirlits, áhættustýringar og –skuldbindinga. Einnig beinir innri endurskoðandi tillögum um úrbætur eða nýjar reglur á þessum sviðum til bankaráðs og bankastjóra. Innri endurskoðun framkvæmir úttektir og rannsóknir samkvæmt beiðni eða í samvinnu við bankaráð og bankastjóra og ber ábyrgð á innri endurskoðun samstæðunnar í heild.

Innri endurskoðun metur einnig hvort fullnægjandi og skilvirkt eftirlit sé með stjórnarháttum, starfsemi og upplýsingakerfum bankans. Þetta mat tekur til áreiðanleika og heildstæðis upplýsingagjafar í tengslum við fjárhag og rekstur, skilvirkni og áhrifa starfseminnar og eignavörslu. Einnig er lagt mat á hvort ákvæðum laga, reglna og samninga sé fylgt í starfseminni.

Starfsáætlun innri endurskoðunar er háð samþykki endurskoðunarnefndar bankaráðs.



ÓLÍKIR HEIMAR. BINN HEIMUR. – Vegamót. Þýskaland.

Samfélagsleg ábyrgð

Landsbankinn á sterkar rætur á Íslandi en síðastliðin ár hefur bankinn þróast og orðið alþjóðlegri. Þannig bregst bankinn við breyttu viðskiptaumhverfi í kjölfar hnattvæðingar. Breytingarnar eru víðtækar og fela í sér að bankinn er ábyrgur gagnvart sífelld fjölbreyttari hluthafahópi. Af þessu leiðir að samfélagsleg ábyrgð Landsbankans tekur nú til hópa sem hafa talsvert breyst og eru stærri en á undanförunum áratugum.

Helstu þættir í stefnu Landsbankans um samfélagslega ábyrgð eru:

- Forsjal náttúru- og auðlindastefna auk virkrar þátttöku í samstarfi um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja á alþjóðavettvangi
- Öflug fjárfestingarstefna, byggð á siðferðilegum viðmiðum
- Áhrifaríkar innanhússreglur um samfélagslega ábyrgð
- Rausnarlegar skattgreiðslur
- Mikill fjárhagslegur stuðningur við samfélagið
- Gagnsærir stjórnarhættir

Staðið við gefin loforð

Virkur þátttakandi í Global Compact Sameinuðu þjóðanna

Virkur þátttakandi í norrænu tengslaneti Global Compact

Stofnaðili að alþjóðlegri yfirlýsingu fjármálastofnana (UNEP-FI)

Hefur lýst yfir stuðningi við tilmæli OECD til fjölþjóðlegra fyrirtækja

Eitt 153 fyrirtækja sem undirrituðu „Caring for Climate“ yfirlýsinguna árið 2007

Landsbankinn hefur ávallt lagt áherslu á samfélagslega ábyrgð og sú stefna er hluti af framtíðaráformum sem og menningu og gildum fyrirtækisins. Helstu viðskiptamarkmið bankans eru að veita hluthöfum góða ávöxtun og viðskiptavinum framúrskarandi fjármálþjónustu, en einnig að vinna samkvæmt góðum stjórnarhátum og sýna ábyrgð gagnvart samfélaginu. Stefnu Landsbankans um samfélagslega ábyrgð er því ætlað að miðla verðmætunum, sem bankinn skapar, út í samfélagið þar sem hann er með starfsemi.

Í samræmi við þessi markmið hefur Landsbankinn verið framarlega í flokki þeirra sem stuðla að miklum lífsgæðum á Íslandi. Styrkveitingar og fjárhagsleg aðstoð, sem bankinn veitir, hafa aukist samhliða vexti hans. Bankinn styður sjálfbæra þróun með því að tryggja að eigin starfsemi sé náttúruvæn og félagslega og siðferðilega ábyrg. Landsbankinn býður ekki upp á vörur eða þjónustu, né tekur hann þátt í framkvæmdum sem kunna að fela í sér umhverfisspjöll, ósiðlega framkomu, brot gegn grundvallarmannréttindum og félagslegum réttindum eða spillingu.

Hnattvæðing og umhverfisstefna

Alþjóðlegum fyrirtækjum ber skylda til að taka markvissa afstöðu til mikilvægra félagslegra, siðferðilegra og umhverfislegra málefna. Þar á meðal er glíman við loftslagsbreytingar, fátækt, mansal, skipulagða glæpastarfsemi og mannréttindabrot.

Landsbankinn er virkur aðili að stærstu frjálsu samtökum fyrirtækja um samfélagslega ábyrgð, Hnattrænum samningi Sameinuðu þjóðanna (UN Global Compact). Á þessum samstarfsvettvangi vinna fyrirtæki, stofnanir Sameinuðu þjóðanna, verkalýðshreyfingar, fulltrúar samfélaga og ríkisstjórnir í sameiningu að því að kynna viðmið á sviði mannréttinda, atvinnu- og umhverfismála og vinna gegn spillingu. Landsbankinn hefur einnig lýst yfir stuðningi við Leiðbeiningar OECD fyrir fjölbjóðleg fyrirtæki og var meðal þeirra fyrstu sem skrifuðu undir Alþjóðlega yfirlýsingu fjármálastofnana (International Declaration of Financial Institutions (UNEP-FI)) um umhverfismál og sjálfbæra þróun.

Á komandi árum mun umhverfisvernd verða æ mikilvægari í stefnuskrá bankans. Landsbankinn hefur mótað sína eigin umhverfisstefnu sem er ætlað að bæta frammistöðu bankans í umhverfismálum.

Árið 2007 stofnaði Landsbankinn HydroKraft Invest í samvinnu við Landsvirkjun. Tilgangur þessa nýja fyrirtækis er að fjárfesta í orkuverkefnum erlendis. Flest þessara verkefna tengjast nýtingu vatnsafls en nokkur þeirra snúa að vinnslu á annars konar endurnýjanlegri orku. Á Íslandi og hjá íslenskum orkuframleiðendum, þar sem Landsvirkjun er langstærsta fyrirtækið, er mikil reynsla og þekking á orkuframleiðslu. Þetta sést meðal annars á því að 72% af allri frumorkuneyslu á Íslandi kemur frá endurnýjanlegum orkulindum á meðan alþjóðlegt meðaltal er einungis 13%. Landsbankinn hefur fyrir sitt leyti tekið virkan þátt í fjármögnun verkefna á sviði endurnýjanlegrar orku og er HydroKraft Invest til marks um aukna áherslu bankans á þessa mikilvægu grein. Það er mat Landsbankans að eftirspurn eftir endurnýjanlegri orku muni aukast umtalsvert á næstu árum. HydroKraft Invest byggir á sameinaðri fjármálaþekkingu starfsmanna bankans og tæknilegri þekkingu Landsvirkjunar á byggingu og rekstri orkuvera og -kerfa og því má búast við að fyrirtækinu séu flestir vegir færir í framtíðinni.

Í fyrstu mun HydroKraft Invest aðallega fjárfesta í vatnsorkuverum í Evrópu þar sem auka má framleiðni og skilvirkni, hvort sem er með því að endurbæta tækjakost eða stjórnarhætti.

Með fjárfestingarstefnu sinni vill Landsbankinn styðja nýjar hugmyndir, tækni og lausnir til að koma til móts við sívaxandi kröfur um að efnahagsleg þróun styðji góða umgengni um náttúruna og umhverfið.

Aðgerðir gegn loftslagsbreytingum

Bankastjórar Landsbankans voru í hópi fulltrúa þeirra 153 fyrirtækja sem skrifuðu undir yfirlýsingu sem hvatti ríkisstjórnir til að samþykkja, eins fljótt og auðið yrði, aðgerðir til að tryggja raunhæfar heildarlausnir í loftslagsmálum eftir árið 2012 þegar Kyoto-bókunin rennur út.

Yfirlýsingin var undirrituð og birt í kjölfar leiðtogafundar forsvarsmanna fyrirtækja á vegum Sameinuðu þjóðanna (UN Global Compact Leaders Summit), sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki Moon, boðaði til dagana 5.–6. júlí 2007 í Genf. Yfirlýsingin, „Caring for Climate: The Business Leadership Platform“, er alþjóðlegt ákall forsvarsmanna fyrirtækja sem margir hverjir tóku þátt í leiðtogafundinum. Hnattrænn samningur (UN Global Compact) og Umhverfisáætlun Sameinuðu þjóðanna (UNEP), ásamt Alþjóðaviðskiptaráðinu fyrir sjálfbæra þróun (WBCSD), stuðluðu að tilurð yfirlýsingarinnar.

Þau fyrirtæki, sem standa að yfirlýsingunni, og í þeim hópi eru 30 fyrirtæki af Fortune Global 500-listanum, skuldbinda sig til að „taka raunhæf skref til að auka skilvirkni í orkuneyslu, minnka hlut kolefnis í vörum, þjónustu og verkferlum, setja sér af frjálsum vilja markmið í þeim efnum og birta upplýsingar um árangurinn opinberlega á hverju ári“. Einnig hafa þessi fyrirtæki skuldbundið sig til að takast á við loftslagsbreytingar með skipulegum hætti og byggja upp viðeigandi starfsgetu. Fyrirtækin hafa samþykkt að vinna með öðrum fyrirtækjum á sama sviði og öðrum alþjóðlegum viðskiptavinum sínum að því að kynna viðurkennda staðla og setja á stofn sameiginleg verkefni til að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið.

Ráðstefnur

Landsbanki Kepler, sem er fjárfestingarbanki og dótturfélag Landsbankans í Evrópu, hélt alþjóðlega ráðstefnu um nýja orkugjafa í París í febrúar 2007. Á ráðstefnunni bauðst 200 fag- og fyrirtækjafjárfestum einstakt tækifæri til að hlusta á og hitta fulltrúa 22 fyrirtækja sem starfa við framleiðslu á endurnýjanlegri og kolefnislausri orku. Framleiðendur sólarorku voru áberandi og átta evrópsk fyrirtæki, sem starfa á því sviði, kynntu starfsemi sína. Landsbanki Kepler hélt aðra ráðstefnu um orkumál í febrúar 2008.

Al Gore, 45. varaforseti Bandaríkjanna og handhafi friðarverðlauna Nóbels, ávarpaði Orku- og umhverfisráðstefnu Merrion Landsbanki í Dublin á Írlandi, laugardaginn 1. desember 2007. Rúmlega 400 manns hlustuðu á framsöguræðu Gore, „Græn hugsun: Efnahagsstefna fyrir 21. öldina“.

Ábyrg fjárfestingarstefna

Síðaxandi umsvif Landsbankans á alþjóðlegum mörkuðum ýta undir mikilvægi þess að marka skýra og ábyrga fjárfestingarstefnu. Hingað til hafa helstu fjárfestingar og aðalstarfsvettvangur bankans verið á heimamarkaði þar sem þörfin á reglum um ábyrgar fjárfestingar hefur ekki verið mikil. Hér veita samfélagið og lagaumhverfið sjálfkrafa aðhald auk þess sem bankinn gjörþekkir sinn heimamarkað. Í ljósi aukinnar þátttöku á alþjóðlegum markaði vinnur Landsbankinn nú stöðugt að því að skoða viðmið, ferli og siðareglur sem liggja að baki ábyrgri fjárfestingarstefnu bankans.

Viðmið um siðferðilegt athæfi eru nú hluti af lánveitinga- og fjárfestingarathugun bankans, sem framkvæmd er í tengslum við öll viðskipti. Sérstaklega er fylgst með athæfi sem kann að hafa neikvæð áhrif á umhverfið og sjálfbæra þróun, svo sem ofnýtingu sjávarauðlinda og veiðum á fiskistofnum sem kunna að vera umdeildar út frá sjónarhóli umhverfisverndar eða vegna siðferðilegra sjónarmiða. Árið 2006 herti bankinn reglur sínar um lánveitingar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að að fjármagn frá bankanum sé nýtt á skjön við ofangreind markmið.

Innanhússreglur um samfélagslega ábyrgð

Í Landsbankanum starfar nefnd um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja undir forystu yfirstjórnenda. Nefndin hefur umsjón með yfirgripsmiklum styrkveitingum bankans á Íslandi og fylgist með því hvort starfsemi bankans sé í samræmi við væntingar hagsmunasamtaka á svæðinu. Stefnan um samfélagslega ábyrgð er mikilvægur liður í allri starfsemi Landsbankans og er reglulega til umræðu í fasta-nefndum á borð við lána- og fjármálanefnd.

Eitt af meginmarkmiðum samfélagsstefnu bankans er að laða að starfsfólk sem hefur svipaðar hugmyndir um samfélagslega ábyrgð og finna má í fyrirtækjamenningu bankans. Auk formlegra verkferla og viðmiða hvetur Landsbankinn starfsfólk sitt til að taka virkan þátt í starfi sem stuðlar að félagslegri velferð.

Skattgreiðslur og styrkveitingar

Skattgreiðslur Landsbankans og starfsfólks hafa aukist verulega í samræmi við aukin umsvif og hagnað bæði hérlendis og utan landsteinanna. Auknar skatttekjur sem rekja má til stækkunar bankans bæta afkomu ríkissjóðs og skila sér þannig beint til samfélagsins.

Styrkveitingar hafa verið einn mikilvægasti liðurinn í samfélagsverkefnum Landsbankans. Á Íslandi hefur Landsbankinn verið framarlega í því að styrkja verkefni á sviði mannúðar, menningar, menntunar og íþróttar- og æskulýðsmála. Á 120 ára afmæli Landsbankans 2006–2007 var stuðningur bankans við samfélagsmál meiri en hjá nokkru öðru fyrirtæki í Íslandssögunni.

Stuðningur við Makeba-stúlknaathvarfið í Jóhannesborg

Í tilefni opunar hins nýja sendiráðs Íslands í Pretoríu í Suður-Afríku í febrúar 2007 ákváðu Landsbankinn og fleiri aðilar að styðja gott þarlent málefni. Ákveðið var að veita Makeba-stúlknaathvarfinu í Midrand í nágrenni Jóhannesborgar umtalsverðan stuðning. Athvarfið hefur verið starfrækt síðan 2003 og hefur bjargað lífi fjölda stúlkna sem hafa orðið fyrir líkamlegu og andlegu ofbeldi.

Stuðningur við menningarstarf

Listaverkasafn Landsbankans er eitt hið stærsta í eigu og umsjón einkafyrirtækis á Íslandi. Það er skýr stefna bankans að viðhalda safninu og gera það aðgengilegt almenningi, m.a. í gegnum útibúin, með sýningum og listaverkavef á netinu.

Landsbankinn hefur lagt menningu og listum mikið lið og hefur m.a. stutt Listahátíð í Reykjavík, Íslenska dansflokkinn, Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Menningarnótt í Reykjavík. Bankinn hefur einnig lagt grasrótastarfi mikið lið og styrkt hópa á borð við Nýhil og Klink & Bang.

Leggðu góðu málefni lið er nettengd styrktarþjónusta sem bankinn stofnaði árið 2006. Í gegnum þessa þjónustu geta bæði viðskiptavinir Einka- og Fyrirtækjabankans styrkt góð málefni með því annað hvort að gerast áskrifendur að mánaðarlegum styrkgreiðslum eða inna af hendi staka greiðslu til eins af 70 skráðum góðgerðasamtökum.

Auk fjárhagslegra styrkja og aðstoðar Landsbankans á Íslandi taka dótturfyrirtæki og útibú bankans erlendis þátt í margs konar félagsstarfi í sinni heimabyggð.

Stjórnarhættir fyrirtækja

Það er staðföst stefna Landsbankans að ástunda góða stjórnarhætti og hefur bankinn verið leiðandi fyrirtæki á þessu sviði á Íslandi. Góðir stjórnarhættir fyrirtækja endurspeglast meðal annars í styrki viðskiptaþróun samstæðunnar, góðu aðgengi að upplýsingum, upplýstri ákvarðanatöku og áhrifaríkri stjórnun allra áhættuþátta. Frekari upplýsingar má finna í kaflanum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Samkeppnishæfni Íslands á tilteknum sviðum félags- og umhverfismála

Eftirfarandi niðurstöður úr árbók IMD World Competitiveness 2007 sýna stöðu Íslands meðal 55 iðn- og þróunarríkja. Einkunnaskalinn er á bilinu frá núlli til tíu.

Flokkar	Einkunn (0–10)	Röð (1–55)
Mengunarvandamál hafa ekki alvarleg áhrif á efnahag	8,97	1
Áreitni truflar ekki vinnuumhverfi	8,50	2
Mútur og spilling fyrirfinnast ekki í efnahagskerfinu	8,80	3
Misrétti hefur ekki hamlandi áhrif í samfélaginu	8,72	1
Almennt ríkir skilningur á þörf fyrir félagslegar úrbætur	7,66	2
Lög um umhverfismál draga ekki úr samkeppnishæfni fyrirtækja	8,17	2
Sjálfbær þróun er forgangsmál hjá fyrirtækjum	7,89	2
Skrifinnnska hamlar ekki starfsemi fyrirtækja	7,00	2
Skattsvik hamla ekki starfsemi fyrirtækja	7,09	5

Upplýsingatæknisvið

Árangur ársins leiddi af sér jafnt tækifæri sem ógnanir fyrir upplýsingatækni og bakvinnslu verðbréfa og eignastýringar sem saman mynda Upplýsingatæknisvið. Á árinu var megináhersla lögð á að fylgja eftir vexti bankans með uppbyggingu á nýjum útibúum og stuðningi við þróunarverkefni, en á sama tíma var unnið áfram í að samþætta og einfalda ferli og kerfi innan bankans.

Upplýsingatæknisviðið var endurskipulagt á árinu með það að markmiði að styðja beint við undirliggjandi viðskiptaferli bankans og mikla nálægð við notendur í stað þess að horfa á einstök kerfi og stuðning við þau. Í þessu ljósi voru öll verkefni flokkuð eftir einstökum einingum bankans með það að markmiði að auka sérhæfingu og tryggja skýra ábyrgð á einstökum málaflokkum frá upphafi til enda. Þetta gefur aukin tækifæri til að styrkja ferli, draga þannig úr rekstraráhættu og stytta viðbragðstíma.

Á liðnum árum hefur mikil vinna verið lögð í að styrkja innri ferli sem er forsenda þess að bankinn geti staðið undir þeim vexti sem hefur einkennt hann. Viðurkenning á þessari vinnu kom á árinu þegar starfsemi bankans á Íslandi hlaut vottun frá vottunarfyrirtækinu BSI samkvæmt ISO27001 sem er alþjóðlegur staðall á sviði upplýsingaöryggis. Vottunin náði ekki eingöngu til Upplýsingatæknisviðs heldur allrar starfsemi bankans á landinu, hvort heldur var í útibúum eða höfuðstöðvum.

Endurbætt ferli, ný kerfi og aukin sjálfvirkni hafa verið lykillinn að því að bakvinnsla bankans hafi náð að fylgja eftir vexti bankans og gríðarlega auknu viðskiptamagni samhliða því að dregið hefur verið úr rekstraráhættu með ýmsum hætti. Sem dæmi um þetta má nefna að fjöldi viðskipta í innlendum skráðum bréfum hefur tvöfaldast á árunum 2004 til 2007, úr 200 þúsund í 400 þúsund. Þá hefur fjöldi gjaldeyrisviðskipta fimmfaldast frá árinu 2005 í nærri 200 þúsund. Þrátt fyrir verulega aukningu í viðskiptamagni hefur tekist að mæta henni án samsvarandi fjölgunar starfsfólks.

Eins og undanfarin ár var mikil áhersla lögð á að þróa áfram lausnir bankans á internetinu og fer meginhluti viðskipta bankans nú fram þar. Að jafnaði kom bankinn út með stórar útgáfur á netlausnum annan hvern mánuð viðskiptavinum bankans til hagsbóta. Meðal annars var öryggi Einkabanka stóraukið með dreifingu svokallaðra auðkennislykla til allra notenda. Þá hefur verið lögð sérstök áhersla á að auka upplýsingagjöf til viðskiptavina um viðskipti á fjármálamörkuðum og meðal annars var fyrsta lausnin til stofnanafjórðinga gefin út á samstæðugrunni


á árinu. Netlausnir bankans eru í mikilli sókn og hefur notendum fjölgað um 11% í Einkabanka og um 34% í Fyrirtækjbanka þrátt fyrir mikla mettun á innlendum markaði.

Breytingar á reglugerðarumhverfi bankans hafa haft mikil áhrif á þau verkefni sem sviðið hefur sinnt. Þannig var lokið vinnu við kerfi sem mæta kröfum vegna Basel II-reglnanna í tengslum við útlánaáættu og vegna MiFID sem lýtur að viðskiptum á fjármálamörkuðum. Af öðrum stærri verkefnum ársins má nefna að grunnur var lagður að nýju vöruhúsi gagna fyrir samstæðuna, lánamatskerfi var komið á legg auk þess sem komið var fram með ýmsar nýjungar á kortamarkaði en alls leysti hugbúnaðarteymið í Reykjavík um 7.000 mál á árinu. Þrátt fyrir að stærsti hluti hugbúnaðargerðar bankans fari fram í Reykjavík þá fer talsverð þróun fram í öllum helstu starfsstöðvum bankans, einkum í London og Lúxemborg.


Stækkun bankans og sífellt auknar kröfur um stöðugleika og rekstraröryggi hafa leitt til þess að uppbygging á innviðum bankans hefur verið hraðari en ráð var fyrir gert og mun hraðari en til dæmis aukning í starfsmannafjölda. Þannig hefur starfsmannafjöldi bankans tvöfaldast á síðustu fjórum árum en á sama tíma hefur diskarými hundrafaldast og umfang tölvupósts starfsmanna tvöhundruðfaldast. Aukna fjölbreytni í starfsemi bankans má einnig greina á því að fjöldi tölvuþjóna hefur farið úr 176 í árslok 2006 í 1.024 ári síðar og fjöldi kerfa í rekstri hefur nærri fjórfaldast á sama tíma; kerfin voru í árslok 2007 um 450 talsins og sinntu afar ólíkum verkefnum.

Nýjar starfsstöðvar bankans, svo sem í Halifax, Helsinki, Hong Kong og Osló, eru byggðar upp á þeim innviðum sem fyrir eru en það bæði styttrir tíma og einfaldar ferlið við opnun. Þá er áfram unnið að því að færa dótturfélög bankans á sömu innviði til að ná fram auknum samlegðaráhrifum.

Viðskipti með skráða fjármálagerninga að undanskildum dótturfélögum



Fjöldi netþjóna og forrita í samstæðunni



Bankastjórar



Halldór J. Kristjánsson lauk lagaprófi (cand. jur.) frá Háskóla Íslands árið 1979, meistaraprófi í alþjóðalögum (LLM) frá New York University árið 1981 og stundaði nám í samningarétti við Harvard Law School árið 1986. Hann tók við starfi bankastjóra Landsbankans 1998. Áður starfaði hann sem skrifstofustjóri og síðar ráðuneytisstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu árin 1994-98. Halldór var aðstoðarbankastjóri við Evrópubankann í London (EBRD) 1991-1994. Þar áður starfaði hann sem skrifstofustjóri lögfræði- og alþjóðadeildar í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu árin 1981-1991.

Á vegum ráðuneytisins tók Halldór meðal annars þátt í þróun stóriðjuframkvæmda á Íslandi, átti sæti í fjölmörgum nefndum og ráðum og var fulltrúi Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Síðan Halldór hóf störf hjá Landsbankanum hefur hann setið í stjórnnum hjá fjölmörgum fyrirtækjum og samtökum, meðal annars Evrópsku bankasamtökunum og Samtökum iðnaðarins. Þá var hann formaður stjórnar Sambands íslenskra viðskiptabanka. Halldór hefur verið formaður stjórnar Landsbanki Heritable Bank Ltd í London síðan 2000 og formaður stjórnar Landsbanki Luxembourg SA síðan 2003, í stjórn Lex Life and Pension SA, sem og dótturfyrirtækja Landsbankans Kepler Equities SA og Merrion Landsbanki, síðan 2005 og í stjórn Landsbanki Guernsey Ltd síðan 2006.



Sigurjón Þ. Árnason útskrifaðist sem vélaverkfræðingur frá Háskóla Íslands 1992 og lauk MBA prófi í fjármálum frá University of Minnesota í Bandaríkjunum 1994. Hann nam hagverkfræði við Technische Universität í Berlin árin 1994-1995. Sigurjón hóf störf sem bankastjóri hjá Landsbankanum í apríl 2003. Áður starfaði hann hjá Búnaðarbanka Íslands hf. og var þar framkvæmdastjóri Rekstrarsviðs frá 1998 og forstöðumaður Hagfræði- og áætlanaeildar 1995-1998. Á árunum 1995-1997 var Sigurjón einnig stundakennari við Háskóla Íslands.

Sigurjón er formaður samninganefndar íslenskra banka og hefur verið formaður dótturfyrirtækis Landsbankans Kepler Equities SA síðan 2005. Hann hefur setið í stjórn hjá Landsbanki Heritable Bank frá 2003, Landsbanki Luxembourg frá 2001, Teather & Greenwood Ltd frá 2005, Merrion Landsbanki frá 2005, Lex Life & Pension SA frá 2005, Landsbanki Guernsey Ltd frá 2006, Hömlum hf. frá 2003, Intrum Justitia AB frá 2005 og Landsbanki Securities Holding plc frá 2007.

Framkvæmdastjórar

Atli Atlason, framkvæmdastjóri Starfsmannasviðs lauk viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands 1992. Hann var skipaður framkvæmdastjóri Starfsmannasviðs í maí 2003. Áður var hann starfsmannastjóri hjá Búnaðarbanka Íslands hf. frá 1999. Á árunum 1992 til 1999 starfaði hann sem fjármála- og starfsmannastjóri Fiskistofu. Atli er fulltrúi menntamálaráðherra í stjórn Félagsstofnunar stúdenta.



Ársæll Hafsteinsson er framkvæmdastjóri Lögfræðisviðs, útibúþjónustu, útlánaeftirlits og regluvörslu samstæðunnar. Ársæll útskrifaðist úr lagadeild Háskóla Íslands, öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1992 og löggildingu í verðbréfamiðlun 1999. Hann var skipaður í stöðu sína í Landsbankanum í maí 2003. Hann hóf störf hjá Búnaðarbanka Íslands hf. árið 1988, starfaði sem forstöðumaður lögfræðideildar Búnaðarbankans frá 1991 og aðallögfræðingur hans frá árinu 2000. Hann hefur setið í stjórnnum margra fyrirtæka, þar á meðal hjá Credit-info Group hf., Intrum Iceland hf., Intrum Justitia SA og Hömlum hf.



Brynjólfur Helgason er framkvæmdastjóri Alþjóðasviðs og staðgengill bankastjóra. Hann lauk MBA gráðu frá INSEAD í Frakklandi 1979 og cand. oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1977. Brynjólfur kom til starfa hjá Landsbankanum árið 1979. Hann var framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs frá 1998 til 2002 og framkvæmdastjóri ýmissa sviða frá 1988. Hann var áður framkvæmdastjóri Markaðssviðs frá stofnun þess árið 1984 en fram að því var hann forstöðumaður í Fyrirtækjaviðskiptum. Hann situr í stjórn Landsbanki Heritable Bank Ltd í London, Alþjóða viðskiptaráðsins á Íslandi og Bresk-íslenska viðskiptaráðsins. Brynjólfur hefur setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja. Þeirra á meðal eru Lýsing hf., Reiknistofa bankanna, Vátryggingafélag Íslands, Líftryggingafélag Íslands hf., Fjárvangur hf., SP-Fjármögnun hf., Landsbanki Luxembourg SA og Fransk-íslenska viðskiptaráðið.



S. Elín Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs lauk viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands 1979. Hún tók við starfi framkvæmdastjóra Fyrirtækjasviðs í maí 2003. Áður starfaði hún í Búnaðarbanka Íslands hf. í 24 ár, síðast sem framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs eftir að hafa gegnt starfi forstöðumanns og aðstoðarframkvæmdastjóra sama sviðs. Hún hefur setið í stjórn Landsbanki Luxembourg SA og SP-Fjármögnunar hf. frá 2003. Elín átti sæti í stjórn Búnaðarbankans frá 1998 til 2003 og Lýsingar hf. frá 2000 til 2003.





Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Upplýsingatæknisviðs lauk verkfræðiþrófi frá Háskóla Íslands 1990 og MSc prófi í iðnaðarverkfræði frá North Carolina State University 1991. Hann varð löggiltur verðbréfamiðlari árið 2001. Áður en hann varð framkvæmdastjóri Upplýsingatæknisviðs árið 2003 stýrði hann Fyrirtækjaráðgjöf Búnaðarbanka Íslands hf. frá 2001 en þar áður starfaði hann á Verðbréfasviði bankans frá 1996. Guðmundur er fulltrúi Landsbankans í samstarfsnefnd Reiknistofu bankanna og situr í stjórnnum Auðkennis hf. og Spans hf.



Haukur Þór Haraldsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs hlaut cand. oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1986 og MBA gráðu frá University of Minnesota 1991. Hann hefur verið framkvæmdastjóri og fjármálastjóri frá 1997 en var áður forstöðumaður Verðbréfavíðskipta og annarra deilda frá 1986. Hann er í samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila Fjármálaeftirlitsins og auk þess á hann sæti í stjórn hjá Lífeyrissjóði bankamanna, Tryggingasjóði innistæðueigenda og fjárfesta, Tónlistar- og ráðstefnuhúsi og geðhjúkrunarheimilinu Fellsenda.



Anna Bjarney Sigurðardóttir er framkvæmdastjóri Útibúaþróunar og einstaklingssviðs. Hún lauk cand. oecon. prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1991. Hún varð framkvæmdastjóri Útibúaþróunar og einstaklingssviðs í janúar 2008. Áður starfaði hún í Búnaðarbankanum í 12 ár; síðast var hún forstöðumaður Áætlaná og rekstrareftirlits en var áður sérfræðingur í bókhaldi, áætlanagerð og gæðamálum. Anna er stjórnarformaður Varðar Líftryggingar og situr í stjórn Varðar hf.



Ingólfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Einkabankasviðs lauk prófi í rekstrarhagfræði (cand. merc./MBA) frá háskólanum í Álaborg í Danmörku 1989 og hóf störf hjá Landsbankanum sama ár. Hann er einnig löggiltur verðbréfamiðlari. Ingólfur tók við starfi framkvæmdastjóra Einkabankasviðs árið 2004. Áður var hann framkvæmdastjóri Einstaklings- og markaðssviðs frá 2003 og svæðisstjóri aðalbanka Landsbankans frá 1999 til 2003. Hann hefur verið í stjórn VISA á Íslandi frá 2000 og Íslenska lífeyrissjóðsins frá 1995 þar sem hann hefur verið stjórnarformaður frá 2000.

Stefán H. Stefánsson, framkvæmdastjóri Eignastýringarsviðs lauk cand. oecon. prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1995 og MSc prófi í fjármálum árið 1996 frá háskólanum í Reading. Hann kom til starfa í Landsbankanum árið 1996 og tók við starfi framkvæmdastjóra Eignastýringarsviðs í apríl 2003. Áður var hann framkvæmdastjóri Prúnarsviðs bankans frá 2001 og þar áður var hann forstöðumaður Fjármálaráðgjafar bankans frá 1998 til 2001. Hann hefur verið verið stjórnarformaður Landsvaka hf. frá 2003 og var í stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins hf. frá 2001 til 2006. Stefán hefur setið í fjölda stjórna fyrir hönd bankans og var í stjórn Landsbanki Luxembourg frá 2003 til 2005 og hefur verið framkvæmdastjóri fjárfestingasjóðs Landsbanki Luxembourg síðan 2007. Meðal annarra mikilvægra starfa má nefna formennsku í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. frá 2000 til 2003 og simafyrirtækinu Íslandssími hf. frá 2002 til 2003 þar sem hann var í stjórn frá 2002.



Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri Verðbréfasviðs, nam hagfræði og stærðfræði í Gautaborg í Svíþjóð og lauk BA Econ. prófi frá háskólanum í Essex og MSc Econ. prófi frá London School of Economics. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra Verðbréfasviðs í maí 2003. Áður var hann framkvæmdastjóri Verðbréfasviðs Búnaðarbanka Íslands hf. frá 2001 og bankastjóri Bunadarbanki International SA í Lúxemborg frá árinu 2000. Yngvi Örn starfaði hjá Seðlabanka Íslands í 20 ár þar sem hann varð forstöðumaður Peningamálasviðs Seðlabankans 1987 og framkvæmdastjóri 1994. Hann hefur setið í fjölda nefnda um efnahags-, húsnæðis- og peningamál og fjölda stjórna ýmissa félaga og fyrirtækja, þar á meðal Reiknistofu bankanna. Yngvi Örn hefur verið formaður Sambands íslenskra bankamanna og Húsnæðisstofnunar ríkisins. Hann er nú í ráðgjafarnefnd Kauphallar Íslands og Verðbréfasráningar. Yngvi Örn sinnti um árabíl ráðgjafarstörfum á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, meðal annars í Jórdaníu, Malawi, Turkmenistan og Trinidad og Tobago.



Bankaráð

Björgólfur Guðmundsson útskrifaðist frá Verzlunarskóla Íslands. Hann var forstjóri Hafskips hf. um árabíl. Björgólfur á tæplega helmingshlut í Samson eignarhaldsfélagi ehf. og er einnig aðaleigandi og stjórnarformaður knattspyrnufélagsins West Ham United í Englandi. Hann var fyrst kosinn formaður bankaráðs Landsbankans í febrúar 2003 eftir kaup Samson eignarhaldsfélagsins á nær 45% eignarhlut í bankanum af íslenska ríkinu. Björgólfur hefur setið í stjórnnum fjölda atvinnufyrirtækja, félagasamtaka og stofnana á innlendum og erlendum vettvangi. Björgólfur er ákafur stuðningsmaður menningar, íþróttar og æskulýðsmála og í janúar árið 2005 veitti forseti Íslands honum fálkaorðuna fyrir framlag hans til viðskipta og menningar. Hann er formaður starfskjaranefndar Landsbankans.

Svafa Grönfeldt útskrifaðist frá Háskóla Íslands árið 1990 með BS-próf í stjórnmálafræði og fjölmiðlafræði. Árið 1995 lauk hún mastersprófi í stjórnun og boðskiptafræði frá Florida Institute of Technology og árið 2000 lauk hún doktorsprófi í vinnumarkaðsfræðum frá London School of Economics. Svafa er nú rektor Háskólans í Reykjavík en árin 2005-2007 var hún aðstoðarforstjóri Actavis Group. Áður var hún framkvæmdastjóri stjórnunarviðs Actavis Group (2004-2005), lektor í Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands (1997-2007) og framkvæmdastjóri og meðeigandi í IMG Gallup/Deloitte (1995-2004). Svafa var fyrst kosinn í bankaráð Landsbankans árið 2007.

Kjartan Gunnarsson lauk lagaprófi frá Háskóla Íslands árið 1978 og námi við Varnarmálaháskóla norska varnarmálaráðuneytisins árið 1980. Hann var framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins frá 1980 til 2006. Kjartan var fyrst kosinn til setu í bankaráði Landsbankans árið 1992 af Alþingi þegar bankinn var í eigu ríkisins. Hann var varaformaður og síðar formaður bankaráðs til ársins 1997. Þegar Landsbankinn varð hlutafélag árið 1997 var hann aftur kosinn varaformaður bankaráðs. Hann var stjórnarformaður Líftryggingafélags Íslands 1997-2003 og Vátryggingarfélags Íslands 1997-2002 og hefur setið í stjórn dótturfélags Landsbankans, Landsbanki Heritable Bank Ltd, í London síðan í mars 2003. Kjartan er nú formaður endurskoðunarnefndar Landsbankans.

Porgeir Baldursson útskrifaðist frá Verzlunarskóla Íslands árið 1960 og lauk MGK gráðu frá Den Grafiske Høskole í Danmörku 1965. Hann starfaði sem framleiðslustjóri Prentsmiðjunnar Odda frá 1965 og tók við starfi forstjóra árið 1982. Þorgeir sat í stjórn Samtaka atvinnulífsins frá 1999 til 2006 og hefur setið í stjórnnum allmargra íslenskra fyrirtækja frá árinu 1982. Hann hefur verið stjórnarformaður SP-Fjármögnunar, dótturfélags Landsbankans, frá 1995. Þorgeir var útnefndur ræðismaður Spánar á Íslandi árið 2000. Hann var fyrst kosinn í bankaráð Landsbankans árið 2003 og er nú í endurskoðunarnefnd Landsbankans.



Pór Kristjánsson, framkvæmdastjóri Brimöldu ehf., útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1989. Hann hefur gegnt ýmsum stjórnunarstörfum og hafði meðal annars umsjón með fjármála- og umbreytingarverkefnum bæði innanlands og erlendis á árunum 1989 til 2001 en þá kom hann til starfa hjá Actavis samstæðunni sem ráðgjafi stjórnar árið 2001. Síðar var hann þar aðstoðarframkvæmdastjóri til ársins 2004. Þar til nýlega var hann ráðgjafi hjá Samson eignarhaldsfélagi hf. Pór var fyrst kjörinn í bankaráð Landsbanka Íslands hf. árið 2006 en þar áður var hann varabankaráðsmaður allt frá árinu 2003. Hann situr nú í endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd Landsbankans. Áður hefur hann verið í stjórn Eimskipafélags Íslands hf., Straums Burðaráss Fjárfestingabanka hf., Icelandic Group hf., Árvakurs hf., Eddu útgáfufélags hf., West Ham United plc, Samson Properties hf. og Fjárfestingafélagsins Grettis hf.

Frá vinstri:

*Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri,
Pór Kristjánsson,
Kjartan Gunnarsson,
varaformaður bankaráðs,
Björgólfur Guðmundsson,
formaður bankaráðs,
Þorgeir Baldursson,
Svafa Grönfeldt,
Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri.*

Framkvæmdastjórar dótturfyrirtækja og erlendra starfsstöðva Landsbankans



Baldvin Valtýsson, yfirmaður útibús Landsbankans í London útskrifaðist með cand. oecon. gráðu frá Háskóla Íslands árið 1990 með stjórnun fyrirtækjaviðskipta sem sérvið. Baldvin varð yfirmaður útibús Landsbankans í London 30. apríl 2007. Áður starfaði hann hjá Fyrirtækjasviði Landsbankans á Íslandi frá 2003. Þar áður vann Baldvin hjá Búnaðarbanka Íslands þar sem hann hafði umsjón með útlánum til fyrirtækja. Baldvin var bæjarritari á Siglufirði frá 1991 til 1996 og starfaði hjá ferðaskrifstofunni Samvinnuferðir-Landsýn frá 1996.



Gunnar Thoroddsen, framkvæmdastjóri Landsbanki Luxembourg SA, útskrifaðist sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands 1994 og lauk LLM gráðu frá Duke University School of Law í Bandaríkjunum 1998. Hann lauk MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík árið 2002 og varð einnig héraðsdómslögmaður. Áður en hann varð framkvæmdastjóri Landsbanki Luxembourg 2004 var hann forstöðumaður Sér-tækra útlána og framkvæmdastjóri Hamla hf., dótturfélags Landsbankans.



John Conroy, forstjóri Merrion Landsbanki, lauk verkfræðinámi frá University College Dublin 1981 og MBA prófi frá Trinity College Dublin 1986. Áður en hann stofnaði Merrion Capital Group með samstarfsmönnum sínum starfaði hann í um 20 ár við hlutabréfasölu og fjárfestingar, var sérfræðingur í greiningu og síðar yfirmaður eigin fjárfestinga hjá NCB Stockbrokers. Conroy er virkur í írsku viðskiptalífi og situr í stjórn eircom, stærsta ljósvakafélags Írlands.



Kjartan Georg Gunnarsson, framkvæmdastjóri SP-fjármögnunar hf., lauk prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1983. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra hjá SP-Fjármögnun 1995. Áður starfaði hann hjá Fjárfestingafélagi Íslands 1985-1987 og sem framkvæmdastjóri hjá Féfangi frá 1987 þar til hann kom til starfa hjá SP-Fjármögnun. Hann hefur verið formaður stjórnar Varðar Vátryggingafélags hf. síðan 2006.

Laurent Quirin er forstjóri Landsbanki Kepler. Hann útskrifaðist frá European Business School 1986 með hagfræðigráðu. Hann tók þátt í stofnun Julius Baer France SA 1997 og starfaði þar sem framkvæmdastjóri og síðar forstjóri til 1999. Áður en hann réðist til Julius Baer starfaði hann hjá Dynabourse International, sem er verðbréfhalti Crédit Agricole Group SA, en þar tók hann til starfa sem sölumaður áður en hann varð forstöðumaður skuldabréfasviðs. Hann er í stjórn dótturfyrirtækja Landsbanki Kepler, Kepler Equities, Suisse SA og Landsbanki Kepler Inc.




Mark Sismey-Durrant, er forstjóri Landsbanki Heritable Bank og framkvæmdastjóri Icesave. Hann lauk BSc (Hons) gráðu í bankarekstri og fjármálum 1981 og MPhil gráðu í alþjóðabankarekstri og hagfræði árið 1983 frá Loughborough University of Science and Technology. Hann hefur stjórnað Heritable Bank í London frá 2002. Áður starfaði hann hjá Sun Bank plc frá 1990, síðast sem forstjóri og varaformaður stjórnar þar og hjá Sun Bank Offshore Ltd. Hann var einnig í stjórn hjá Sun Life Financial UK. Hann var stjórnarformaður Key Business Finance, dótturfyrirtækis Landsbanki Heritable sem keypt var árið 2005, og varð stjórnarmaður í Landsbanki Guernsey Ltd árið 2006. Hann var skipaður í stjórn British Bankers Association (BBA) 2007. Hann er einnig í fulltrúaráði BBA, formaður BBA Small Bank Advisory Panel, meðlimur í Chartered Institute of Bankers og Royal Society of Arts, Design and Manufactures.



Nick Stagg, forstjóri Landsbanki Securities UK Ltd útskrifaðist með BSc gráðu í eðlisfræði frá University College í London árið 1981 og fékk löggildingu sem endurskoðandi frá KPMG 1984. Hann var framkvæmdastjóri hjá fasteignarekstrarfélaginu Lambert Smith Hampton plc og starfaði einnig fyrir WS Atkins plc þar sem hann hafði umsjón með erlendri starfsemi þess í 24 löndum. Áður var hann fjármálastjóri hjá London Shop plc. Árið 2001 kom hann til starfa hjá Teather & Greenwood Holdings plc og varð forstjóri þar í ágúst 2004. Stagg situr í stjórn Inventive Leisure plc.



Skipurit Landsbankans





ÓLÍKIR HEIMAR. EINN HEIMUR. – George Quay byggingin. Írland.

Ársreikningur 2007

Lykiltölur úr ársreikningi

Rekstrarreikningur	2007	2006	2005	2004	2003
Vaxtatekjur	202.095	133.102	66.437	34.252	21.871
Vaxtagjöld	148.044	91.611	43.441	19.517	12.540
Hreinar vaxtatekjur	54.052	41.491	22.996	14.734	9.331
Þjónustutekjur	45.247	32.459	18.479	10.234	6.959
Þjónustugjöld	5.878	4.092	1.754	1.344	843
Hreinar þjónustutekjur	39.369	28.366	16.726	8.891	6.116
Aðrar rekstrartekjur	16.605	19.568	21.257	9.842	3.535
Hreinar rekstrartekjur	110.025	89.426	60.978	33.467	18.982
Laun og tengd gjöld	37.688	24.458	12.682	7.794	5.656
Rekstrarkostnaður	19.827	14.130	8.284	6.667	5.158
Rekstrargjöld alls	57.515	38.588	20.967	14.460	10.815
Virðisrýrnun viðskiptavildar	0	0	3.033	0	0
Virðisrýrnun útlána og krafna og eigna í sölu meðferð	6.956	6.144	6.197	4.485	4.656
Hagnaður fyrir skatta	45.555	44.694	30.781	14.521	3.512
Tekjuskattur	5.605	4.479	5.764	1.798	457
Hagnaður ársins	39.949	40.215	25.017	12.723	3.055
Tilheyrandi:					
Hluthöfum Landsbanka Íslands hf.	38.800	38.906	24.740	12.574	2.956
Minnihluta	1.150	1.309	277	149	99
Efnahagsreikningur	2007	2006	2005	2004	2003
Sjóður og innstæður í seðlabanka	81.559	31.669	16.611	18.237	11.642
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	162.929	215.618	86.919	72.060	37.130
Útlán og kröfur á viðskiptavini	2.022.738	1.438.395	984.593	542.215	326.400
Fjáreignir á gangvirði og hlutdeildarfélag	667.941	376.809	218.894	64.730	63.744
Aðrar eignir	122.379	110.432	98.443	39.900	9.323
Eignir samtals	3.057.546	2.172.924	1.405.460	737.141	448.239
Innlán frá fjármálafyrirtækjum	337.915	141.105	144.596	63.476	43.840
Innlán frá viðskiptavinum	1.421.410	682.846	334.163	215.730	152.320
Lántaka	835.985	1.014.976	689.989	375.084	209.357
Víkjandi lán	111.890	89.754	49.074	22.570	13.090
Aðrar skuldir	166.342	94.785	74.022	21.572	6.389
Eigið fé	180.008	144.282	110.059	37.705	22.382
Hlutdeild minnihluta	3.996	5.175	3.557	1.004	862
Skuldir og eigið fé samtals	3.057.546	2.172.924	1.405.460	737.141	448.239
Kennitölur	2007	2006	2005	2004	2003
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta	30,9%	40,3%	56,3%	57,2%	20,9%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	27,1%	36,3%	45,8%	49,5%	17,6%
Eiginfjárbáttur A	10,1%	13,0%	11,9%	7,8%	6,9%
Eiginfjárlutfall (CAD)	11,7%	14,8%	13,1%	10,4%	9,9%
Hlutfall rekstrarkostnaðar af hreinum rekstrartekjum	52,3%	43,2%	34,4%	43,2%	57,0%
Hlutfall rekstrarkostnaðar af meðalstöðu heildarfjármagns	2,2%	2,1%	2,0%	2,5%	3,0%
Vaxtamunur af meðalstöðu heildarfjármagns	2,1%	2,3%	2,2%	2,6%	2,6%
Hlutfall innlána af útlánnum til viðskiptamanna	70,3%	47,5%	33,9%	39,6%	48,0%
Hlutfall innlána af heildareignum	46,5%	31,4%	23,8%	29,3%	34,0%
Hlutfall framlags í afskriftareikning af stöðu útlána í lok árs	0,32%	0,37%	0,58%	0,73%	1,47%
Hlutfall endanlegra afskrifta af lánnum og kröfum	0,07%	0,13%	0,19%	0,33%	0,55%
Gengi hlutabréfa í lok tímabils	35,50	26,50	25,30	12,10	5,80
Breyting hlutabréfaverðs að teknu t.t. arðgreiðslna	35,5%	5,9%	110,7%	110,3%	61,6%
Stöðugildi í lok tímabils	2.640	2.117	1.725	1.121	1.025
Myntgengi					
Meðalgengi ISK / EUR í rekstrarreikningi ársins	87,64	87,57	76,59	86,97	87,39
Meðalgengi ISK / EUR í efnahagsreikningi í lok árs	91,65	93,72	74,7	83,51	89,76

Lykiltölur úr ársreikningi

Rekstrarreikningur	2007	2007	2007	2007	2006	2006	2006	2006
	Q4	Q3	Q2	Q1	Q4	Q3	Q2	Q1
Vaxtatekjur	57.935	54.036	49.078	41.046	34.887	33.154	37.527	27.535
Vaxtagjöld	42.708	39.591	35.578	30.167	25.306	23.840	23.865	18.601
Hreinar vaxtatekjur	15.227	14.445	13.500	10.879	9.581	9.314	13.662	8.934
Þjónustutekjur	11.534	11.813	11.013	10.886	9.323	7.547	7.791	7.797
Þjónustugjöld	1.874	1.595	1.285	1.124	1.325	979	849	940
Hreinar þjónustutekjur	9.660	10.218	9.729	9.762	7.998	6.568	6.943	6.857
Arðstekjur	237	23	1.371	385	161	99	269	1.834
Hreinar tekjur af veltufjáreignum	(5.306)	(1.858)	3.062	3.098	492	1.943	(1.011)	750
Hreinar tekjur af öðrum fjáreignum á gangvirði	113	2.501	655	436	5.913	594	(489)	7.680
Gangvirðisbreytingar vegna áhættuvarnarreikningskila	(14)	7	(37)	(7)	78	25	(25)	(96)
Gengismunur gjaldeyrisviðskipta	4.223	2.356	(296)	607	(58)	(145)	(12)	(49)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	671	(1.171)	1.191	(58)	1.133	(15)	(262)	843
Hagnaður af eignum í sölumeðferð	9	60	9	4.339	(479)	155	51	188
Aðrar rekstrartekjur	(68)	1.918	5.955	8.799	7.240	2.656	(1.478)	11.150
Hreinar rekstrartekjur	24.819	26.582	29.184	29.441	24.819	18.538	19.127	26.942
Laun og tengd gjöld	10.769	10.029	8.919	7.972	6.989	5.963	6.256	5.249
Rekstrarkostnaður	5.846	4.806	4.731	4.444	4.042	3.754	3.496	2.839
Rekstrargjöld alls	16.615	14.835	13.650	12.415	11.031	9.717	9.752	8.088
Virðisrýrnun útlána og krafna og eigna í sölumeðferð	2.286	1.620	1.501	1.549	1.332	1.597	1.660	1.555
Hagnaður fyrir skatta	5.919	10.127	14.033	15.476	12.457	7.224	7.714	17.299
Tekjuskattur	997	1.402	1.490	1.716	(1.596)	1.480	1.572	3.023
Hagnaður tímabilsins	4.922	8.725	12.542	13.760	14.053	5.744	6.143	14.276
Tilheyrandi:								
Hluthöfum Landsbanka Íslands hf.	4.584	8.518	12.248	13.450	13.664	5.281	5.966	13.995
Minnihluta	337	207	294	311	389	463	177	280
Efnahagsreikningur	31.12.2007	30.9.2007	30.6.2007	31.3.2007	31.12.2006	30.09.2006	30.06.2006	31.3.2006
Sjóður og innstæður í seðlabanka	81.559	48.440	33.976	18.431	31.669	25.714	22.806	19.403
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	162.929	134.379	278.072	251.881	215.618	168.993	68.793	75.597
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	2.022.738	1.840.584	1.567.895	1.483.887	1.438.395	1.303.676	1.294.462	1.208.510
Fjáreignir á gangvirði og hlutdeildarfélög	667.941	680.728	584.875	437.894	376.809	305.294	275.113	300.780
Aðrar eignir	122.379	142.552	132.329	125.097	110.432	158.395	150.295	165.613
Eignir samtals	3.057.546	2.846.682	2.597.147	2.317.190	2.172.924	1.962.072	1.811.468	1.769.902
Innlán frá fjármálafyrirtækjum	337.915	210.332	161.826	117.378	141.105	97.097	135.722	138.092
Innlán frá viðskiptavinum	1.421.410	1.390.022	1.187.254	913.183	682.846	513.054	475.045	469.333
Lántaka	835.985	749.629	781.541	903.780	1.014.976	979.748	853.367	806.627
Víkjandi lán	111.890	82.517	77.766	83.524	89.754	85.892	91.141	83.514
Aðrar skuldir	166.342	234.211	224.231	145.697	94.785	151.746	128.714	151.130
Eigið fé	180.008	176.486	161.312	149.869	144.282	129.876	123.088	117.187
Hlutdeild minnihluta	3.996	3.485	3.217	3.758	5.175	4.660	4.392	4.019
Skuldir og eigið fé samtals	3.057.546	2.846.682	2.597.147	2.317.190	2.172.924	1.962.072	1.811.468	1.769.902

Skýrsla bankaráðs og bankastjóra

Samstæðuársreikningurinn fyrir árið 2007 hefur að geyma samstæðureikning Landsbanka Íslands hf (bankans) og dótturfélaga (samstæðunnar). Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Heildarhlutafé bankans er að nafnverði kr. 11.192.754.087. Allir hlutir eru í sama flokki, með sömu réttindi og hver hlutur er ein króna eða margfeldi hennar. Fjöldi hluthafa Landsbankans í árslok var 27.753 samanborið við 28.735 í byrjun ársins. Samson eignarhaldsfélag ehf., sem er eigandi að 40,73% í félaginu er eini hluthafinn með eignarhlut yfir 10%.

Hagnaður samstæðunnar eftir skatta nam kr. 39.949 milljónum samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2007. Eigið fé samstæðunnar í árslok nam kr. 184.004 milljónum. Eiginfjárlutfall samstæðunnar var 11,7% sem var vel umfram 8% lögbundið lágmark. Heildareignir samstæðunnar námu kr. 3.057.546 milljónum þann 31. desember 2007.

Starfsmenn og stjórnendur Landsbankans eiga kauprétt á hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf. á genginu 3,58 til 39,4. Kaupréttir ávinnast á árunum 2003 til 2011. Kaupréttir ávinnast á fjórum árum og eru nýtanlegir í lok fjórða árs og á næstu tveim árum þar á eftir. Kaupréttir starfsmanna og stjórnenda námu kr. 1.488,7 milljónum hluta þann 31. desember 2007.

Bankaráð myndar fimm bankaráðsmenn og fimm varamenn sem kjörnir eru á aðalfundi til eins árs í senn. Kosið er til bankaráðs í samræmi við tilmæli um óhæði stjórnenda í Leiðbeiningum um stjórnarhætti sem gefnar voru út af Kauphöll Íslands, Viðskiptaráði og Samtökum atvinnulífsins. Tilnefningar til kjörs í bankaráð skal tilkynna með minnst fjögurra daga fyrirvara fyrir aðalfund. Samkvæmt samþykktum Landsbanka Íslands hf. skulu tillögur um breytingar á samþykktum félagsins berast félaginu með nægum fyrirvara til þess að þeirra sé getið í dagskrá fundarins.

Bankaráði er heimilt að auka hlutafé bankans í áföngum allt að kr. 1.027.923.716 að nafnverði með áskrift að nýju hlutafé. Hluthafar falla frá forkaupsrétti að nýju hlutafé eins og heimilt er samkvæmt 34. grein laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Bankaráði er heimilt að ákvarða nánar um verð og greiðsluskilmála við slíka aukningu. Heimild þessi gildir til 9. febrúar 2012. Bankaráði er heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir nýtt hlutafé að hluta eða að fullu með öðru en reiðufé.

Landsbankinn hefur sem lántaki gert lánasamninga með skilmálum sem varða breytingar á ráðandi hlut. Slíkir skilmálar fela í sér að lánsfjárhæð gæti fallið til greiðslu án fyrirvara ef nýr aðili eignast ráðandi hlut í bankanum. Ráðandi hlutur er skilgreindur sem sá sem ræður stjórn og stefnu bankans hvort sem er í krafti eignarhalds á atkvæðisbæru hlutafé, með samningum eða með öðrum hætti. Fjárhæð umræddra lánasamninga er samtals kr. 131.380 milljón.

Samstæðan lauk í ágúst kaupum á öllu hlutafé í breska verðbréfa- og fjárfestingabankanum Bridgewater Group plc. Starfsemi Bridgewater Group plc. var sameinuð starfsemi Teather & Greenwood Ltd undir nýju nafni, Landsbanki Securities (UK) Ltd.

Við kaupin nýtti bankaráð Landsbankans heimild sína til þess að auka hlutafé bankans í samræmi við samþykkt sem gerð var á aðalfundi bankans þann 9. febrúar 2007. Hlutafé bankans hefur þannig verið aukið um kr. 172.076.284 að nafnverði frá kr. 11.020.677.803 í kr. 11.192.754.087.

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnenda bankans er samstæðuársreikningurinn í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og gefur glöggga mynd af eignum og skuldum samstæðunnar, fjárhagsstöðu hennar og afkomu. Auk þess veiti samstæðuársreikningurinn upplýsingar um helstu áhættu- og óvissuþætti í rekstri samstæðunnar. Skýrsla bankaráðs veitir skýrt yfirlit um þróun og árangur í starfsemi samstæðunnar og um stöðu hennar.

Bankaráð og bankastjóri staðfesta hér með samstæðuársreikning Landsbanka Íslands hf fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. janúar 2008

Bankaráð



Björgólfur Guðmundsson
formaður



Kjartan Gunnarsson
Vara formaður



Þorgeir Baldursson
bankaráðsmaður



Þór Kristjánsson
Board Member



Svafa Grönfeldt
bankaráðsmaður

Bankastjóri



Sigurjón P. Arnason



Halldór J. Kristjánsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landsbanka Íslands hf

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning fyrir Landsbanka Íslands hf árið 2007. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðu Landsbanka Íslands hf á árinu 2007, efnahag samstæðunnar 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 28 janúar 2008

PricewaterhouseCoopers hf.


Vignir Hafn Gíslason


Þórir Ólafsson

Rekstrarreikningur samstæðu 2007

Skýringar	2007	2006
Vaxtatekjur	202.095	133.102
Vaxtagjöld	148.044	91.611
8 Hreinar vaxtatekjur	54.052	41.491
Þjónustutekjur	45.247	32.459
Þjónustugjöld	5.878	4.092
9 Hreinar þjónustutekjur	39.369	28.366
10,11 Arðstekjur	2.015	2.362
11 Hreinar tekjur af veltufjáreignum	(1.004)	2.174
11,12 Hreinar tekjur af öðrum fjáreignum á gangvirði	3.704	13.699
11 Gangvirðisbreytingar vegna áhættuvarnarreikningsskila	(51)	(18)
11 Gengismunur gjaldeyrisviðskipta	6.889	(263)
11,21 Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	633	1.699
11 Hagnaður/(tap) af eignum í sölumeðferð	4.417	(85)
Aðrar rekstrartekjur	16.605	19.568
Hreinar rekstrartekjur	110.025	89.426
13 Laun og tengd gjöld	37.688	24.458
Rekstrarkostnaður	19.827	14.130
Rekstrargjöld	57.515	38.588
14 Virðisrýmun útlána og krafna og eigna í sölumeðferð	6.956	6.144
Hagnaður fyrir skatta	45.555	44.694
15 Tekjuskattur	5.605	4.479
Hagnaður ársins	39.949	40.215
Tilheyrandi:		
Hluthöfum Landsbanka Íslands hf.	38.800	38.906
Minnihluta	1.150	1.309
16 Hagnaður á hlut:		
Hagnaður á hlut	3,56	3,67
Þynntur hagnaður á hlut	3,29	3,48

Efnahagsreikningur samstæðu 31. desember 2007

Skýringar	2007	2006
Eignir		
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	81.559	31.669
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	162.929	215.618
17 Útlán og kröfur á viðskiptavini	2.022.738	1.438.395
18 Skuldabréf	362.617	169.598
18 Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	64.407	49.328
18 Veltufjáreignir á móti framvirkum samningum	176.181	105.190
18,19 Markaðsafleiður	50.198	38.358
20 Afleiðusamningar vegna áhættuvarna	8.719	10.498
21 Hlutir í hlutdeildarfélögum	5.820	3.837
22 Rekstrarfjármunir	11.862	5.823
23 Ófnilslegar eignir	27.679	14.351
24 Fastafjármunir til sölu og eignarsamstæður í sölumeðferð	3.641	21.349
Óuppperð verðbréfaviðskipti	58.845	36.965
Aðrar eignir	20.352	31.944
Eignir samtals	3.057.546	2.172.924
Skuldir		
25 Innlán frá fjármálafyrirtækjum	337.915	141.105
26 Innlán frá viðskiptavinum	1.421.410	682.846
27 Lántaka	774.754	1.014.976
28 Fjárskuldir á gangvirði	61.231	0
29 Víkjandi lán	111.890	89.754
19 Veltufjárskuldir	62.161	20.866
20 Afleiðusamningar vegna áhættuvarna	6.953	6.473
30 Skattskuld	8.149	6.593
Skuldir vegna fastafjármuna til sölu og eignasamstæðna í sölumeðferð	0	7.242
Óuppperð verðbréfaviðskipti	48.399	29.987
31 Aðrar skuldir	40.679	23.623
Skuldir samtals	2.873.542	2.023.466
Eigið fé		
Hlutfé	10.865	10.581
Yfirverðsreikningur hlutfjár	53.417	50.595
Matsbreytingar og varasjóðir	191	2.060
Óráðstafað eigið fé	115.535	81.046
	180.008	144.282
Hlutdeild minnihluta	3.996	5.175
Eigið fé samtals	184.004	149.457
Skuldir og eigið fé samtals	3.057.546	2.172.924

32-39 Aðrar upplýsingar

Eiginfjáryfirlit samstæðu 2007

	Tilheyrandi hluthöfum félagsins							Samtals
	Hlutfé	Yfirverð		Varasjóður		Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	
		Yfirverð hlutfjár	Lögbundinn varasjóður	Þýðingarmunur	Gangvirði			
Eigið fé 1. Janúar 2006	10.614	52.009	268	(73)	1.864	45.377	3.557	113.617
Þýðingarmunur vegna erlendar starfsemi				269				269
Hreinar tekjur/göld færð beint á eigið fé Hagnaður ársins 2006				269		38.906	1.309	40.215
Samtals	0	0	0	269	0	38.906	1.309	40.484
Kaup og sala eigin bréfa	(33)	(1.683)						(1.715)
Greiddur arður						(3.237)		(3.237)
Breytingar á hlutdeild minnihluta							308	308
	(33)	(1.683)	0	0	0	(3.237)	308	(4.644)
Eigið fé 31. desember 2006	10.581	50.326	268	196	1.864	81.046	5.175	149.457
Eigið fé 1. Janúar 2007	10.581	50.326	268	196	1.864	81.046	5.175	149.457
Þýðingarmunur vegna erlendar starfsemi				(5)				(5)
Þýðingarmunur fjárfestingaeigna meðtaldar í fastafjármunum til sölu						(1.864)		(1.864)
Hreinar tekjur/göld færð beint á eigið fé Hagnaður ársins 2007				(5)	(1.864)	38.800	1.150	(1.868) 39.949
Samtals	0	0	0	(5)	(1.864)	38.800	1.150	38.081
Hlutfjárraukning	172	6.608					81	6.861
Kaup, sala og gangvirðisbreytingar eigin bréfa	111	(6.564)						(6.453)
Áfallnir kaupréttir		2.778					25	2.803
Greiddur arður						(4.311)	(56)	(4.367)
Seldur eignarhluti minnihluta							(2.344)	(2.344)
Breytingar á hlutdeild minnihluta							(35)	(35)
	283	2.822	0	0	0	(4.311)	(2.329)	(3.534)
Eigið fé 31. desember 2007	10.865	53.148	268	191	0	115.535	3.996	184.004

Útgefið hlutfé bankans er, samkvæmt samþykktum hans, 11.193 milljónir króna. Í lok ársins 2007 átti bankinn eigin bréf að nafnverði krónur 328 milljónir. Útistandandi hlutfé samkvæmt efnahagsreikningi er því 10.865 milljónir króna. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs.

Sjóðstreymi samstæðu 2007

	2007	2006
Innborgaðar vaxtatekjur	193.215	112.432
Greidd vaxtagjöld	(98.418)	(42.388)
Innborgaðar þjónustutekjur	43.796	31.259
Greidd þjónustugjöld	(6.176)	(3.012)
Innborgaðar arðstekjur	2.015	2.362
Hreinar tekjur af veltufjáreignum og aðrar tekjur	25.695	11.826
Greislur til starfsmanna og birgja	(52.999)	(18.618)
Greiddur tekjuskattur	(5.068)	(3.915)
Handbært fé frá rekstri fyrir breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	102.060	89.945
– hrein aukning/(minnkun) útlána og krafna á fjármálastofnanir	16.651	(125.964)
– hrein (minnkun) útlána og krafna á viðskiptavina	(601.729)	(387.282)
– hrein (minnkun) veltufjáreigna	(304.096)	(64.076)
– hrein (minnkun) annarra eigna	(22.948)	(24.398)
– hrein aukning innlána frá öðrum bönkum	316.899	54.705
– hrein aukning innlána frá viðskiptavinum	784.848	305.433
– hrein aukning/(minnkun) veltufjárskulda	4.296	(6.016)
– hrein aukning/(minnkun) annarra skulda	17.053	(6.194)
Handbært fé frá rekstri	313.034	(163.848)
Breyting á fastafjármunum og búnaði	(6.589)	(1.670)
Breyting á fjáreignum tilgreindum á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi	(4.150)	18.076
Breyting á dótturfélögum	758	(26.589)
Breyting á óefnislegum eignum	(4.596)	(942)
Handbært fé nýtt í fjárfestingarstarfsemi	(14.577)	(11.126)
Andvirði og endurgreiðsla lántöku og breytingar á fjármögnum verðbréfskulda	(164.424)	197.333
Greiddir vextir af langtíma lántöku og verðbréfskuldum	(39.310)	(39.087)
Andvirði og endurgreiðsla víkjandi lána	25.464	30.220
Greiddir vextir af víkjandi lánum	(5.520)	(4.508)
Greiddur arður	(4.311)	(3.237)
Breyting á eigin hlutafé	329	(1.715)
Handbært fé frá fjármögnun	(187.770)	179.006
Hækkun handbærs fjár	110.687	4.032
Handbært fé í upphafi árs	41.147	31.417
Gengismunur	(2.563)	5.698
Handbært fé í árslok	149.271	41.147

Skýringar við ársreikning samstæðu

1. Almennar upplýsingar

Landsbanki Íslands hf. (samstæðan) er viðskipta- og fjárfestingarbanki. Samstæðan er með rekstur í fjórtán löndum og voru starfsmenn hennar 2.640 í lok ársins.

Móðurfélag samstæðunnar er Landsbanki Íslands hf. (bankinn) sem er skráð hlutafélag með aðsetur á Íslandi. Skráð aðsetur höfuðstöðva bankans er Austurstræti 11, 155 Reykjavík. Bankinn var stofnaður á árinu 1886 og var ríkisbanki fram til ársins 1998 þegar ákveðið var að einkavæða bankann með almennu hlutafjárútbóði. Hlutabréf bankans eru skráð hjá OMX Nordic Exchange.

Bankaráð Landsbanka Íslands hf. samþykkti ársreikning samstæðunnar þann 28. janúar 2008.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara samstæðureikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á öll tímabilin sem birt eru í reikningsskilunum, nema annað sé tekið fram.

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur samstæðu Landsbanka Íslands hf. 2007 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ES). Ársreikningurinn fylgir IFRS og staðfestum túlkunum á honum sem voru í gildi 31. desember 2007.

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IFRS) sem samþykktir hafa verið af ES vikja frá öðrum IFRS stöðlum á eftirfarandi sviðum í starfsemi samstæðunnar:

Staðlar sem ekki hafa verið samþykktir af ES:

IAS 23 (Viðauki), "Borrowing costs" ("Lántökukostnaður" tekur gildi 1. janúar 2009). Þar er kveðið á um að lántökukostnaður skuli eignfærður sem hluti af kostnaði við eignamyndun ef hann tengist beint kaupum, framkvæmdum eða myndun eignar sem uppfyllir tiltekin skilyrði (eign sem tekur verulegan tíma að koma í nothæft eða söluhæft ástand.) Ekki verður heimilt að gjaldfæra slíkan kostnað. Þessi viðauki hefur ekki tekið gildi og hefur ekki verið samþykktur af ES. Samstæðan mun fara eftir þessum staðli um leið og hann hefur verið samþykktur af ES.

Skýringar við staðla sem ekki hafa verið samþykktir af ES:

IFRIC 12, 'Service concession arrangements' (gildistaka 1. janúar 2008)

IFRIC 13, 'Customer loyalty programmes' (gildistaka 1. júlí 2008).

IFRIC 14 'IAS 19 – The limit on a defined benefit asset, minimum funding requirements and their interaction' (gildistaka 1. janúar 2008).

Staðlar, viðbætur og skýringar sem samþykktar hafa verið af ES og tekið gildi á árinu 2007:

Staðlar:

IFRS-staðall 7, Fjármálagerning: skýringar ("Financial instruments: Disclosures"), og viðauki til skýringar á IAS-staðli 1, framsetning reikningsskila – eiginfjárfirlit ("Presentation of financial statements – Capital disclosures"), setja fram nýjar reglur um skýringar til þess að bæta upplýsingar um fjármálagerninga. Þar er meðal annars gert ráð fyrir upplýsingum um hversu veruleg áhættustaða sé og um aðferðir við áhættustýringu. Þessar nýju skýringar veita upplýsingar um umfang áhættu byggt á innri upplýsingum lykilstjórnenda. Gert er ráð fyrir að skýringar séu greinargóðar og veiti upplýsingar um umfang útlánaáhættu, lausafjáraáhættu og markaðsáhættu. IFRS 7 staðallinn kemur í stað IAS 30 "Disclosures in the financial statements of banks and similar financial institutions" og einnig í stað nokkurra ákvæða um skýringar í IAS 32 "Financial instruments, disclosure and presentation". Viðbótin við IAS 1 setti fram skýringar þar sem fram komi upplýsingar um eiginfjárhlutfall og eiginfjárstýringu.

Þessir staðlar hafa veruleg áhrif á flokkun og skýringar á fjármálagerningum samstæðunnar. Báðir staðlarnir hafa verið innleiddir í reikningsskilareglur samstæðunnar og liggja til grundvallar þessum samstæðureikningsskilum.

IFRS 4, "Insurance contracts"; Þessi staðall hefur engin áhrif á ársreikning samstæðunnar.

Túlkunarstaðlar:

IFRIC 7, 'Applying the restatement approach under IAS 29, Financial reporting in hyperinflationary economies'

IFRIC 8, 'Scope of IFRS 2'

IFRIC 9, 'Re-assessment of embedded derivatives'

IFRIC 10, 'Interim financial reporting and impairment'

IFRIC 11, 'IFRS 2 – Group and treasury share transactions'

Staðallinn sem vísað er til hér á eftir hefur verið birtur og samstæðunni gert skylt að fylgja honum frá og með 1. janúar 2008. Staðallinn hefur verið samþykktur af ES en er ekki tekinn upp innan samstæðunnar fyrr en krafist er:

IFRS-staðall 8, 'Operating segments', starfsþáttayfirlit (tekur gildi 1. janúar 2009). Þessi staðall kemur í stað IAS 14 og er samsvarandi reglum um starfsþáttgreiningu sem fram koma í bandaríska staðlinum SFAS 131, 'Disclosures about segments of an enterprise and related information'. Þessi nýi staðall gerir ráð fyrir framsetningu í samræmi við innri upplýsingagjöf stjórnenda. Samstæðan mun innleiða IFRS-staðal 8 frá og með 1. janúar 2009.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð að teknu tilliti til færslu fjáreigna og fjárskulda (þ.m.t. afleiðugerninga) sem tilgreindar eru á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi.

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notaðar séu tilteknar aðferðir við reikningshaldslegt mat. Stjórnendur bankans þurfa jafnframt að ákvarða notkun tiltekinna reikningsskilaaðferða. Sérstaklega er greint frá þessum aðferðum í skýringu nr. 3.

2.2 Samstæðureikningskil

(a) Dótturfélög

Dótturfélög eru öll fyrirtæki (þar á meðal fyrirtæki til sérstakra nota, SPE) þar sem samstæðan hefur vald til að ráða fjárhagslegri og stjórnunarlegri stefnu, sem fylgir að öðru jöfnu eignarhlut með meira en helmingi atkvæðaréttar. Lítið er til áhrifa af mögulegum atkvæðarétti sem hægt er að nýta eða breyta við mat á því hvort samstæðan ráði yfir öðru fyrirtæki. Dótturfélög eru að fullu hluti af samstæðunni frá þeim degi sem yfirlát yfir þeim færast til samstæðunnar. Þau eru færð úr samstæðunni frá þeim degi sem yfirlátið taka enda. Á reikningskiladegi eru dótturfélög bankans eftirtalin

Fyrirtæki	Eignarhluti	Starfsemi
Heritable Bank Ltd (Bretland)	100%	Fyrirtækjaviðskipti
Landsbanki Securities (Bretlandi) Holdings plc	100%	Verðbréfavíðskipti og fjármálaþjónusta
Landsbanki Holdings Europe SA (Lúxemborg)	100%	Eignarhaldsfélag
- Landsbanki Luxembourg SA (Lúxemborg)	100%	Viðskiptabankastarfsemi og fyrirtækjaviðskipti
- Landsbanki Kepler SA (Frakkland)	100%	Verðbréfavíðskipti og fjármálaþjónusta
Landsbanki Guernsey Ltd (Bretland)	100%	Viðskiptabankastarfsemi
Merrion Capital Group Ltd (Ireland)	67%	Verðbréfavíðskipti og fjármálaþjónusta
LI Investments AB (Svíþjóð)	100%	Eignarhaldsfélag
Landsbanki Holdings (Bretland) plc	100%	Eignarhaldsfélag
LI Investments Ltd (Bresku jómfrúreyjar)	100%	Eignarhaldsfélag
Landsvaki hf.	100%	Rekstrarfélag eigin sjóða Landsbankans
Landsbankinn eignarhaldsfélag ehf.	100%	Eignarhaldsfélag
Landsbankinn - Fjárfesting hf.	100%	Eignarhaldsfélag
Landsbankinn fasteignafélag ehf.	100%	Fasteignafélag
Landsbanki Vatnsafl ehf.	100%	Eignarhaldsfélag
SP - Fjármögnun hf.	51%	Leigustarfsemi og lausafjárútlán
Verðbréfun hf.	100%	Verðbréfavíðskipti
Stofnlánadeild Samvinnufélaga	100%	Eignarhaldsfélag
Hömlur hf.	100%	Eignarhaldsfélag
Span ehf.	100%	Tölvuþjónusta

Kaupaðferð í reikningshaldi er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði tilgreindra eigna sem látnar eru af hendi, útgefina eiginfjárgæringa og skulda sem stofnað er til eða teknar eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtökunnar. Aðgreinanlegar eignir og skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hversu mikil hlutdeild minnihluta er. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild. Ef kaupverð er lægra en gangvirði hreinna eigna hins yfirtekna dótturfélags er mismunurinn færður beint í rekstrareikning.

Viðskipti á milli fyrirtækja, innbyrðis stöður og óinnleystur hagnaður af færslum á milli fyrirtækja samstæðunnar eru felldar niður í samstæðureikningsskilunum. Óinnleyst tap er einnig felld niður nema viðskiptin gefi vísbendingu um að virði eignarinnar sem var yfirfærð hafi rýrnað. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þar sem þörf er á til að tryggja samræmi við aðferðir samstæðunnar.

(b) Viðskipti og hlutdeild minnihluta

Samstæðan fylgir þeirri reikningsskilaaðferð að fara með viðskipti við minnihluta eigendur sem viðskipti við aðila utan samstæðunnar. Sala til minnihluta eigenda veldur hagnaði eða tapi fyrir samstæðuna sem er skráð í rekstrarreikninginn. Kaup frá minnihluta eigendum kemur fram í viðskiptavild, sem er mismunurinn á milli greiðslu og þess virðis nettó eignar dótturfélagsins sem keypt er.

(c) Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru öll fyrirtæki sem samstæðan hefur veruleg áhrif á en ekki yfirlát yfir. Fylgir það að öðru jöfnu eignarhlut á bilinu 20% til 50% af atkvæðisbæru hlutafé. Hlutdeildaraðferð reikningsskila er beitt við færslu fjárfestingar í hlutdeildarfélagum en upphaflega eru þær færðar á kostnaðarverði. Fjárfesting samstæðunnar í hlutdeildarfélagum tekur einnig til viðskiptavildar, að frádregnu uppsöfnuðu tapi af virðisrýrnun, sem skilgreind er við kaup.

Hlutdeild samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarféлага sinna eftir kaup er færð í rekstrarreikning og hlutdeild í hreyfingum varasjóðs meðal eigin fjár eftir yfirtöku er færð í varasjóð meðal eigin fjár. Uppsafnaðar hreyfingar eftir kaup eru færðar til leiðréttingar á bókfærðri fjárhæð fjárfestingarinnar. Þegar hlutdeild samstæðunnar í tapi hlutdeildarfélags er jöfn og eða meiri en hlutdeild þess í hlutdeildarfélaginu, að meðtöldum öllum öðrum ótryggðum viðskiptakröfum, færir samstæðan ekki frekara tap, nema að hún hafi stofnað til skuldbindinga eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd hlutdeildarfélagsins.

Óinnleystur hagnaður af viðskiptum milli samstæðunnar og hlutdeildarféлага hennar eru felld niður að því marki sem nemur hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélagum. Óinnleyst tap er einnig felld niður nema viðskiptin gefi vísbendingu um að virði eignarinnar sem var yfirfærð hafi rýrnað. Reikningsskilaaðferðum hlutdeildarféлага hefur verið breytt þar sem þörf krefur til að tryggja samkvæmi við reikningsskil samstæðunnar.

2.3 Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttur tekur til eigna og starfsemi þar sem áhætta og arðsemi er ólík því sem gildir um aðra starfsþætti. Starfsþáttur heyrir undir tiltekið efnahagsumhverfi ef hann leggur til eignir eða þjónustu með áhættu og arðsemi sem er ólík því sem gildir um starfsþætti í öðru efnahagsumhverfi.

2.4 Umreikningur á erlendum gjaldmiðlum

(a) Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Í reikningsskilum fyrirtækja innan samstæðunnar eru liðir færðir í gjaldmiðli þess efnahagslega umhverfis sem þau starfa í (starfrækslugjaldmiðillinn). Samstæðureikningsskilin eru sett fram í milljónum íslenskra króna, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill samstæðunnar.

(b) Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í starfrækslugjaldmiðilinn með gengi í lok viðskiptadags. Gengishagnaður og -tap vegna uppgjörs slíkra viðskipta og umreikningur peningalegra eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning í árslok, nema þegar um er að ræða skilgreinda áhættuvörn vegna hreinnar fjárfestingar í erlendri starfsemi. Þá er gengismunur færður meðal eigin fjár. Gengismunur vegna umreiknings liða sem ekki eru peningalegir, eins og hlutabréfa sem tilgreind eru á gangvirði með breytingum færðum í rekstrarreikning, er færður sem hluti af þessum hreyfingum í rekstrarreikningi.

(c) Félög samstæðunnar

Afkoma og efnahagur félaga samstæðunnar þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en framsetningargjaldmiðilinn, eru umreiknuð í framsetningar- gjaldmiðilinn með eftirfarandi hætti:

- (i) eignir og skuldir efnahagsreiknings eru umreiknaðar á árslokagengi;
- (ii) iðir rekstrarreiknings eru umreiknaðir á meðalgengi tímabilsins (nema ef meðalgengið er ekki eðlileg nálgun við það gengi sem gildir á viðskiptadögum, í þeim tilfellum eru liðir rekstrarreiknings umreiknaðir á gengi viðskiptadaga),
- (iii) allar breytingar á gengi sem af þessu leiða eru færðar sem sérgreindur liður meðal eigin fjár.

Gengismunur sem verður til við umreikning hreinnar fjárfestingar í erlendri starfsemi og við lántöku og aðra gjaldmiðlasamninga sem eru skilgreindir sem áhættuvörn slíkra fjárfestinga, er færður í samstæðu undir eigið fé. Þegar erlent félag er selt er slíkur gengismunur færður í rekstrarreikning sem hluti af hagnaði eða tapi af sölu.

Farið er með viðskiptavild og breytingar á gangvirði sem eiga uppruna sinn í kaupum á erlendu félagi sem eignir og skuldir erlenda félagsins og eru þær umreiknaðar á árslokagengi.

2.5 Afleiður og áhættuvarnarreikningsskil

Afleiður eru upphaflega færðar á gangvirði á þeim degi sem afleiðusamningurinn er gerður og eftir það á gangvirði hverju sinni. Gangvirði miðast við markaðsverð á virkum mörkuðum og tekur tillit til nýlegra markaðsviðskipta og viðurkenndra matsaðferða, sem meðal annars eru afvöxtuð sjóðflæðislikön og virðislikön valréttarsamninga eftir því sem við á. Staða allra afleiðusamninga er færð til eignar þegar gangvirði er jákvætt og til skuldar þegar það er neikvætt.

Besti mælikvarðinn um gangvirði afleiðu við upphaflega færslu er viðskiptaverðið (þ.e. gangvirði endurgjaldsins sem reitt er af hendi eða móttekið) nema að gangvirði gerningsins miðist við verð sambærilegra viðskipta með svipaða gerninga. Einnig getur gangvirði miðast við eða verið reiknað á grunni virðislikana.

Innbyggðar afleiður, sem geta falist í ýmsum fjármálagerningum, eru aðskildar og færðar sérstaklega þegar hagræn einkenni þeirra og áhætta eru ekki nátengd móðurgerningnum og hann er ekki tilgreindur á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi. Þessar innbyggðu afleiður eru færðar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi.

(a) Gangvirðisvörn

Aðferð við færslu gangvirðishagnaðar eða -taps fer eftir því hvort afleiðan er skilgreind sem áhættuvörn og ef svo er, eðli þess sem verið er að verja. Samstæðan skilgreinir tilteknar afleiður sem áhættuvörn vegna gangvirðis eigna eða skulda (gangvirðisvörn). Áhættuvarnarreikningsskil eru notuð fyrir afleiður sem skilgreindar eru með þessum hætti svo fremi að ákveðnum skilyrðum sé fullnægt.

Við upphaf viðskiptanna skráir samstæðan tengslin á milli áhættuvarnargerninganna og áhættuvarðra fjármálagerninga, markmið áhættustjórnunar og hvernig skuli staðið að viðskiptum sem eru áhættuvarin. Samstæðan skjalfestir mat sitt, bæði við upphaf áhættuvarnarinnar og með áframhaldandi hætti, á því hvort afleiðurnar sem notaðar eru séu skilvirkar sem vörn við að vega á móti breytingum á gangvirði áhættuvarðra fjármálagerninga.

Breytingar á gangvirði afleiða sem eru skilgreindar og uppfylla skilyrði um að vera gangvirðisvörn eru færðar í rekstrarreikninginn ásamt öllum breytingum á gangvirði þess hluta eignarinnar eða skuldarinnar sem er áhættuvarin. Óskilvirkni í áhættuvarnarsambandi er skráð sem gangvirðisbreytingar vegna áhættuvarnarreikningsskila.

Ef áhættuvörnin uppfyllir ekki lengur skilyrði um áhættuvarnarreikningsskil, er leiðréttingin á bókfærðri fjárhæð áhættuvarins fjármálagernings færð í rekstrarreikning á grundvelli aðferðar um virka vexti til lokagjalds dags gerningsins.

(b) Áhættuvörn vegna hreinnar fjárfestingar í erlendri starfsemi

Allur hagnaður eða tap sem tengist virkum hluta áhættuvarnar vegna hreinnar fjárfestingar í erlendri starfsemi er færður á sérstakan lið meðal eigin fjár, en hagnaður eða tap sem tengist óvirka hlutanum er færður í rekstrarreikning. Uppsafnaður hagnaður eða tap vegna hreinnar fjárfestingar sem færður hefur verið meðal eigin fjár er yfirfærður í rekstrarreikning þegar erlenda starfsemin er seld.

(c) Afleiður sem uppfylla ekki skilyrði um áhættuvarnarreikningsskil.

Afleiðugerningar sem uppfylla ekki skilyrði um áhættuvarnarreikningsskil eru sýndir í efnahagsreikningi sem markaðsafleiður meðal veltufjáreigna eða veltufjárskulda. Breytingar á gangvirði þeirra eru færðar í rekstrarreikninginn.

2.6 Vaxtatekjur og –gjöld

Vaxtatekjur og –gjöld eru færð í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta á afskrifuðu kostnaðarverði fyrir alla fjármálagerninga.

Aðferð virkra vaxta byggist á því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjur eða –gjöldum dreift á viðeigandi tímabil. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagerningsins eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað samstæðan sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni. Útreikningurinn tekur til allra gjalda og greiðslna á milli aðila að samningnum, sem eru hluti af hlutfalli virkra vaxta sem og viðskiptakostnaði, yfirverði og afsláttum.

Þegar fjáreignir eða söfn sambærilegra fjáreigna hafa verið færðar niður vegna virðisrýrnunar eru vaxtatekjur færðar með sömu ávöxtunarkröfu og notuð var til að núvirða virðisrýrnunartapið. Vaxtatekjur af fjáreignum sem færðar hafa verið niður vegna virðisrýrnunar eru reiknaðar af hreinni fjárhæð fjáreignarinnar að teknu tilliti til niðurfærslunnar.

2.7 Þjónustutekjur

Þjónustutekjur og þóknarir eru að jafnaði færðar til tekna þegar þjónustan hefur verið veitt. Tekjum vegna lántökugjalda er að jafnaði frestað (ásamt tengdum beinum kostnaði) og þær færðar sem leiðrétting á virku vaxtahlutfalli lánsins. Þjónustutekjur vegna samninga eða vegna þátttöku í samningum um viðskipti fyrir þriðja aðila – eins og aðstoð og umsjón með hlutabréfaviðskiptum eða öðrum fjármálagerningum eða kaupum eða sölu á fyrirtækjum – eru færðar þegar viðskiptunum er lokið. Þjónustutekjur og þóknarir fyrir umsjón með eignasöfnum og aðra ráðgjöf og þjónustu eru færðar miðað við þjónustusamningana sem við eiga og er þeim að jafnaði dreift á viðeigandi tímabil. Þóknarir fyrir eignastýringu sem tengjast fjárfestingasjóðum eru færðar til tekna hlutfallslega yfir tímabilið sem þjónustan er veitt. Sömu grunnreglu við tekjufærslu er jafnframt beitt við aðra vörsluþjónustu sem veitt er með samfelldum hætti til lengri tíma.

2.8 Arðstekjur

Arður er færður í rekstrarreikning þegar réttindi til greiðslu hafa skapast.

2.9 Fjáreignir

Samstæðan skipar fjáreignum sínum í eftirfarandi flokka: veltufjáreignir, fjáreignir tilgreindar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi, útlán og kröfur. Flokkun fjárfestinga er ákvörðuð við upphaflega færslu í reikningsskil.

(a) Veltufjáreignir

Fjáreign er færð í þennan flokk ef megin tilgangurinn er að selja eignina innan skamms tíma. Afleiður eru einnig flokkaðar sem veltufjáreignir nema þær séu skilgreindar sem áhættuvörn.

(b) Fjáreignir tilgreindar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi

Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi þegar:

- Vissar fjárfestingar eru færðar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi, m.a. hlutabréf, sem farið er með og metin á gangvirði í samræmi við skráða áhættustýringu eða fjárfestingarstefnu; og
- Fjármálagerningar, svo sem skuldabréf í eigu samstæðunnar, innihalda innbyggðar afleiður og breyta verulega sjóðsflæði; og
- Fjáreignir sem liggja til grundvallar samningum um fjárfestingu og tengjast skuldum með sjóðsflæði sem er í samningsbundnum tengslum við afrakstur eignanna.

Slíkar fjáreignir eru færðar á gangvirði og breytingar á því færðar í rekstrarreikningi. Ekki er mögulegt að breyta síðar flokkun þeirra fjáreigna sem hafa verið settar í þennan flokk eftir upphaflega færslu.

(c) Útlán og kröfur

Útlán og kröfur eru fjáreignir með skilgreindum gjalddögum og eru ekki skráðar á virkum markaði. Til þeirra stofnast þegar samstæðan greiðir fjármuni beint til skuldara án þess að til standi að selja kröfuna.

Kaup og sala veltufjáreigna og fjáreigna sem tilgreindar eru á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi er skráð á þeim degi þegar samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Útlán eru færð þegar lántakendum eru greiddir út fjármunir tengdir útlánum.

Fjáreignir eru við upphaflega skráningu færðar á gangvirði auk viðskiptakostnaðar allra fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi. Fjáreignir sem færðar eru á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi eru við upphaflega skráningu færðar á gangvirði og viðskiptakostnaður gjaldfærður í rekstrarreikning.

Fjáreignir samstæðunnar eru afskráðar þegar (i) eignirnar hafa verið færðar til annars aðila eða rétturinn til sjóðstreymis af fjáreignunum er ekki lengur til staðar eða (ii) samstæðan hefur yfirfært alla áhættu og ávinning sem fylgir eignarhaldi eða (iii) samstæðan hefur hvorki yfirfært eða haldið eftir allri áhættu og ávinningi af eignarhaldi en hefur ekki haldið umráðarétti. Umráðarétti er haldið ef mótaðili getur ekki í raun selt eignina að öllu leyti ótengdum aðilan án þess að setja viðbótar hömlur á söluna.

Eftir upphaflega færslu eru veltufjáreignir og fjáreignir sem tilgreindar eru á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi bókfærðar á gangvirði. Útlán og kröfur eru bókfærðar á kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Hagnaður og tap sem myndast vegna breytinga á gangvirði fjáreigna sem tilgreindar eru á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi og veltufjáreigna er fært í rekstrarreikninginn á því tímabili sem það myndast.

Gangvirði skráðra fjárfestinga er byggt á gildandi tilboðsverði. Ef markaður fyrir fjáreign er ekki virkur (til dæmis óskráð verðbréf) ákvarðar samstæðan gangvirði með því að nota viðurkenndar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu, núvirt sjóðflæðislíkön og virðislíkön fyrir vilnanir og aðrar matsaðferðir sem almennt eru notaðar af aðilum á markaði.

2.10 Fjármálagerningar þar sem samjöfnun er beitt

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettófjárhæðin færð í efnahagsreikninginn þegar fyrir liggur hvort tveggja lagalegur réttur til að jafna saman og ætlunin er að gera gerningana upp samtímis á nettógrunni.

2.11 Sölu- og endurkaupasamningar

Sölu- og endurkaupasamningar (repos) eru fjármálagerningar sem kveða á um sölu verðbréfa með þeim skilmálum að kaupa verðbréfin aftur á fyrirfram ákveðnu verði. Verðbréf sem seld eru með sölu- og endurkaupasamningi eru ekki afskráð þar sem samstæðan yfirfærir ekki alla áhættu og ávinning sem tengist þeim.

2.12 Verðbréf lánuð og tekin að láni

Lán verðbréfa eru fjármálagerningar þar sem verðbréf eru ekki seld heldur er þeim skilað aftur til samstæðunnar við lok samningstíma. Yfirráð verðbréfaanna er áfram í höndum samstæðunnar á öllu viðskiptatímabilinu og verðbréfin eru áfram færð í efnahagsreikninginn sem veltufjáreign eða færð sem fjáreignir á gangvirði í rekstrarreikning, eftir því sem við á.

Verðbréf tekin að láni eru ekki færð á ársreikning, nema ef þau eru seld til þriðja aðila. Í þeim tilfellum er sú skuldbinding að kaupa aftur verðbréfið færð sem veltufjárskuld á gangvirði og allur síðari hagnaður og tap fært í rekstrarreikning sem hreinar tekjur af veltufjáreignum.

2.13 Virðisrýrnun útlána og krafna

Við hver reikningsskil metur samstæðan hvort hlutlæg merki séu um að virði útláns eða safns útlána hafi rýrnað. Útlán eða safn útlána hefur rýrnað og tap vegna virðisrýrnunar orðið til ef til eru hlutlæg merki um virðisrýrnun. Þetta á við vegna eins eða fleiri atvika sem urðu eftir upphaflega tilurð eignarinnar og að það tapsatvik (eitt eða fleiri) hafi áhrif á áætlað sjóðstreymi útlánsins eða útlánasafnsins sem hægt er að áætla með ábyggilegum hætti. Til hlutlægra merkja um að virðisrýrnun hafi átt sér stað teljast sýnileg gögn um eftirfarandi atviks:

- (i) verulegir fjárhagserfiðleikar lántakanda;
- (ii) samningsbrot, eins og vanefnd afborgunar eða vaxta,
- (iii) lántaka í fjárhagserfiðleikum hefur, af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum, verið veitt ívilnandi skuldbreyting sem að jafnaði væri ekki tekin gild af samstæðunni,
- (iv) líklegt er að lántakinn verði gjaldþrota eða þurfi að fara í fjárhagslega endurskipulagningu,
- (v) gögn sýna mælanlega lækkan áætlaðs sjóðstreymis af útlánasafni frá upphaflegri tilurð þess jafnvel þó ekki sé hægt að tengja lækkanina við einstök útlán í safninu, þar með talið:
 - óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í safninu; eða
 - almenn efnahagsleg skilyrði á landsvísu eða staðbundin sem tengjast útlánasafninu.

Samstæðan skilgreinir einstök mikilvæg útlán og metur fyrst hvort hlutlæg merki eru um virðisrýrnun þeirra. Því næst skilgreinir samstæðan hvort það á við um einstök eða mörg útlán og kröfur sem ekki hafa verið skilgreind mikilvæg hver fyrir sig. Ef samstæðan metur að engin hlutlæg merki séu um virðisrýrnun á mikilvægum útlánnum er útlánið flokkað í útlánasafn með svipuð einkenni útlánaáhættu og virðisrýrnun þeirra metin í heild. Einstök mikilvæg lán sem hafa hlotið virðisrýrnun eru ekki tekin með í virðisrýrnunarmati á eignasöfnum.

Ef hlutlæg merki eru um að virðisrýrnun hafi orðið á útlánnum og viðskiptakröfum er fjárhæð tapsins mæld sem mismunurinn á bókfærðu verði eignarinnar og endurheimtanlegu virði hennar. Endurheimtanlegt virði er núvirði áætlaðs sjóðstreymis (að undanskildu lánatapi í framtíðinni sem ekki hefur fallið til) afvaxtað með upphaflegum virkum vöxtum fjáreignarinnar. Bókfærð fjárhæð eignarinnar er lækkuð vegna virðisrýrnunar með færslu á afskriftareikning í efnahagsreikningi og til gjalda í rekstrarreikninginn. Ef útlán er með breytilega vexti, er afvöxtunarlutfallið sem notað er til að reikna út virðisrýrnunartapið, gildandi virkir vextir samkvæmt lánasamningi.

Við virðisrýrnunarútreikninga veðkrafna, sem gerðir eru með núvirtu sjóðstreymi, er tekið tillit til áætlaðs sölu- eða innlausnarverðmætis veðsins að fradregnum kostnaði við innlausn eða sölu. Slíkur útreikningur er gerður með hlutlægu mati á tapi hvort sem líklegt er eða ekki að gengið verði að veðinu.

Við mat á virðisrýrnun útlánaflokka eru útlán og kröfur flokkaðar eftir svipuðum einkennum útlánaáhættu (þ.e. út frá matsferlum samstæðunnar sem taka tillit til eignategundar, atvinnugreinar, staðsetningu, veðtegundar, stöðu gjaldfellingar og annarra þátta sem máli skipta). Þessi einkenni tengjast mati á væntanlegu sjóðsflæði af slíkum lánaflokkum með því að gefa til kynni möguleika skuldara að standa í skilum samkvæmt lánsamningi.

Framtíðarsjóðstreymi útlánasafna er metið með tilliti til virðisrýrnunar út frá samningsbundnu sjóðstreymi eignanna í samstæðunni og reynslu af tapi eigna með svipuð einkenni útlánaáhættu. Tapreynsla er leiðrétt út frá nýjustu greinanlegum gögnum til að endurspeglar áhrifin af núverandi skilyrðum sem höfðu ekki áhrif á tímabilinu sem tapreynsla var byggð á og til að undanskilja áhrif af tapsþáttum sem voru til staðar en eru það ekki núna.

Mat á breytingum í framtíðarsjóðstreymi eignasafna á að vera í samræmi við breytingar á greinanlegum gögnum frá einu tímabili til annars (til dæmis fasteignaverði, greiðslustöðu eða öðrum þáttum sem gefa til kynna breytingar á líkum þess að tap verði á safninu og umfangi tapsins). Samstæðan endurskoðar reglulega aðferðir og ályktanir sem notaðar eru við að áætla framtíðarsjóðstreymi til að lágmarka misræmi í áætluðu og raunverlegu tapi.

Þegar útlán er óinnheimtanlegt, er það endanlega afskrifað og fært til lækunar á afskriftareikningi útlána í efnahagsreikningi. Útlán eru afskrifuð eftir að öllum nauðsynlegum innheimtuferlum hefur verið lokið samkvæmt reglum samstæðunnar og fjárhæð tapsins hefur verið reiknuð út. Ef greiðslur innheimtast eftir að lán hefur verið endanlega afskrifað er sú fjárhæð færð á móti virðisrýrnun útlána í rekstrarreikningi.

Ef tap vegna virðisrýrnunar lækkar vegna hlutlægra atvika sem verða eftir að upphaflegt mat á virðisrýrnun einstakra eigna eða eignasafna var ákveðin er tapið bakfært yfir afskriftareikning útlána í efnahagsreikningi. Mótfærslan er færð á virðisrýrnun útlána í rekstrarreikningi.

2.14 Óáþreifanlegar eignir

(a) Viðskiptavild

Viðskiptavild endurspeglar þá fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði hluta samstæðunnar í hreinum aðgreinanlegum eignum yfirtekens dótturfélags/hlutdeildarfélagi á yfirtökudegi. Viðskiptavild vegna samruna og kaupa dótturfélaga er hluti af óefnislegum eignum samstæðunnar. Viðskiptavild vegna kaupa á hlutdeildarfélagum er innifalinn í bókfærðu verði fjárfestinga hlutdeildarféлага. Viðskiptavild er metin árlega með tilliti til virðisrýrnunar og bókfærð á kostnaðarverði að frádregnu uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi. Söluhagnaður eða –tap við ráðstöfun dótturfélags/hlutdeildarfélagi innifelur bókfærða fjárhæð viðskiptavildar sem því tengist.

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar í því skyni að meta hana með tilliti til virðisrýrnunar.

(b) Hugbúnaður og aðrar óáþreifanlegar eignir

Hugbúnaðarleyfi sem hafa verið keypt eru eignfærð miðað við þann kostnað sem stofnað var til við að kaupa og koma þessum tiltekna hugbúnaði í notkun. Kostnaðurinn er afskrifaður á áætluðum nýtingartíma (fimm ár).

Kostnaður við þróun eða viðhald hugbúnaðar er gjaldfærður þegar kostnaðurinn fellur til.

Aðrar óáþreifanlegar eignir eru viðskiptasamningar sem eru hluti af kaupum á rekstrareiningum og eru gjaldfærðir á nýtingartíma þeirra (áætlaður tími er 15 ár)

2.15 Rekstrarfjármunir

Allir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á þessum eignum.

Kostnaður sem fellur til eftir upphafleg kaup er einungis eignfærður þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur í framtíðinni muni renna til samstæðunnar og unnt er að meta kostnaðarverðið með öruggum hætti. Viðhald og viðgerðir eru gjaldfærðar í rekstrarreikning á því tímabili sem til þeirra er stofnað.

Lóðir eru ekki afskrifaðar. Afskrift annarra eigna er reiknuð með beinlínuaðferð til að dreifa kostnaði þeirra að frádregnu hrakvirði á nýtingartíma þeirra með eftirfarandi hætti:

Húseignir	25–100 ár,
Tölvubúnaður	3–5 ár,
Aðrir lausafjármunir	3–10 ár.

Hrakvirði eigna og nýtingartími er endurskoðað árlega og leiðrétt ef það á við

Söluhagnaður og –tap af rekstrarfjármunum er mismunur á söluverði fjármunar og bókfærðu verði hans á söluþegi. Söluhagnaður og –tap er fært í rekstrarreikning.

2.16 Virðisrýrnun annarra eigna en fjáreigna

Eignir sem hafa ótilgreindan nýtingartíma eru ekki afskrifaðar en eru háðar árlegu virðisrýrnunarprófi. Eignir sem almennt eru afskrifaðar eru metnar með tilliti til virðisrýrnunar þegar atvik eða breyttar aðstæður benda til þess að bókfært verð verði ekki endurheimt. Virðisrýrnun eignar hefur átt sér stað þegar bókfært verð er hærra en endurheimtanlegt verð hennar. Endurheimtanlegt verð er gangvirði að frádregnum sölukostnaði eða nýtingarvirði hvort sem hærra er. Við mat á virðisrýrnun eru eignir flokkaðar miðað við lægsta greinlega sjóðstreymi (sjóðstreymiseiningar). Virði annarra ófjárhagslegra eigna en viðskiptavildar sem hefur rýrnað er endurmetið með tilliti til mögulegrar hækkunar á hverjum reikningsskiladegi.

2.17 Fastafjármunir og eignasamstæður í sölumeðferð

Fastafjármunir til sölu eru fullnustueignir sem eru í sölufæri og eignasamstæður sem flokkaðar hafa verið sem eignir sem áformað er að selja. Skuldir eignasamstæðu sem ætlaðar eru til sölu eru sérgreindar í efnahagsreikningi. Einstakar eignir meðal fastafjármuna sem ætlaðir eru til sölu eru metnar á bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem lægra er.

2.18 Leigusamningar

(a) Félög samstæðunnar eru leigutakar

Leigusamningar sem samstæðan á aðild að eru aðallega rekstrarleigusamningar s.s. húsaleigusamningar. Heildargreiðslur fyrir rekstrarleigu eru færðar línulega í rekstrarreikning á tíma leigusamningsins.

Þegar rekstrarleigusamningi er rift áður en leigutíminn er útrunninn, er hver sú fjárhæð sem greidd er leigusala gjaldfærð á því tímabili sem riftun á sér stað.

(b) Félög samstæðunnar eru leigusalar

Fjármögnunarleigusamningar eru færðir til eignar sem kröfur miðað við núvirði leigugreiðslna. Mismunurinn á heildar kröfunni og núvirði kröfunnar er fært sem áfallnar tekjur. Leigutekjur eru færðar til tekna yfir tímabil leigusamningsins með aðferð sem endurspeglar stöðugt, reglubundið arðsemishlut

2.19 Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé og ígildi þess er skilgreint í sjóðstreymi sem reiðufé og óbundnar innstæður hjá Seðlabanka og kröfur á aðrar fjármálastofnanir.

2.20 Óvissar skuldbindingar

Skuldbindingar vegna endurskipulagningar og deilumála eru færðar í reikningsskilin þegar (i) lögformleg eða væntanleg skuldbinding er á samstæðunni vegna fyrri atvika; (ii) meiri líkur en minni eru á því að fjármunum verði ráðstafað til þess að mæta skuldbindingunni; (iii) og hægt er að áætla fjárhæðina með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar eru metnar á núvirði þeirra gjalda sem ætlað er að þurfi til að gera upp skuldina þar sem notaður er afvöxtunarstuðull fyrir skatta sem endurspeglar núverandi mat markaða á tímavirði peninga og þeirrar áhættu sem einkennir skuldbindinguna. Hækkun á skuldbindingunni vegna tímans sem líður er færð sem vaxtagjöld.

2.21 Fjárhagslegar ábyrgðir

Samningar um fjárhagslegar ábyrgðir eru samningar sem krefjast þess að útgefandi inni af hendi tiltekna greiðslur til að bæta samningshafa tap sem hann verður fyrir ef tiltekinn skuldari stendur ekki við greiðslur á tilskildum tíma, samkvæmt skilmálum skuldasamnings. Bankar, fjármálastofnanir og aðrir aðilar fá slíkar fjárhagslegar ábyrgðir frá viðskiptavinum til tryggingar á láni, yfirdrætti og öðru

Fjárhagslegar ábyrgðir eru upphaflega færðar í reikningana á gangvirði þess dags sem samningurinn var gerður. Eftir upphaflega færslu eru skuldir samstæðunnar vegna slíkra ábyrgða metnar sem hærra gildið, annars vegar af upphaflegu mati, án afskrifta, sem skipt er línulega á tíma samningsins og færð meðal þjónustutekna í rekstrarreikningi, og hins vegar besta mati á útgjöldum vegna uppgjörs á hvers konar fjárhagslegum skuldbindingum sem stofnast á reikningsskiladegi. Slíkt mat ákvarðast á grundvelli reynslu af sams konar viðskiptum og tapi, ásamt mati stjórnenda.

2.22 Starfskjör

(a) Eftirlaunaskuldbindingar

Félög samstæðunnar hafa lífeyrismálum sínum með ýmsum hætti. Flest félög samstæðunnar eru með reglubundnar greiðslur þar sem félögin greiða í almenna sjóði eða séreignasjóði og er þá ýmist um að ræða skyldusparnað, samningsbundinn sparnað eða frjálstan sparnað. Ekki hvíla frekari greiðsluskuldbindingar á samstæðunni eftir að framlögin hafa verið greidd. Framlöggin eru færð sem gjöld vegna réttinda starfsmanna á gjalddaga í hverjum mánuði.

Nokkur félaga samstæðunnar hafa réttindatengda lífeyrissjóði. Réttindatengdur lífeyrissjóður er sjóður sem skilgreinir ákveðna lífeyrisfjárhæð sem starfsmaður fær við starfslok og fer hún venjulega eftir einum eða fleiri þáttum, svo sem aldri, starfsaldri og launum.

Skuldin sem færð er á efnahagsreikninginn vegna lífeyrisgreiðslna reiknast sem núvirði skilgreindra lífeyrisskuldbindinga á uppgjörsdegi að frádregnu gangvirði eigna sjóðsins ásamt leiðréttingum vegna tryggingafræðilegs hagnaðar eða taps sem ekki er fært til bókar ásamt réttindatengdum kostnaði vegna fyrri tímabila. Réttindatengdar lífeyrisskuldbindingar eru reiknaðar út árlega af sjálfstætt starfandi tryggingastærðfræðingum sem núvirða réttindin með því að beita aðferðinni sem miðar við áunnin réttindi. Núvirði réttindatengdrar lífeyrisskuldbindingar er ákvörðuð með því að afvaxta áætlað framtíðarsjóðsstreymi með vöxtum skuldabréfa fyrirtækja, sem hafa traust lánshæfismat, í þeim gjaldmiðli sem lífeyrinn verður greiddur í og hafa svipaðan líftíma og viðkomandi lífeyrisskuldbinding.

Tryggingafræðilegur hagnaður eða tap vegna breytinga á reynslugrunni og tryggingafræðilegum forsendum sem samsvarar meira en hærri fjárhæðinni af annars vegar 10% af verðgildi eigna sjóðsins eða hins vegar 10% af réttindatengdum lífeyrisskuldbindingum er gjaldfært eða tekjufært meðan á áætluðum eftirstandandi meðalstarfstíma stendur. Réttindatengdur kostnaður vegna fyrri tímabils er færður beint undir rekstarkostnað nema viðbætur við lífeyrinn séu háðar því að starfsmenn haldi áfram störfum í tiltekinn tíma (ávinnslutími). Í þeim tilvikum er réttindatengdur kostnaður vegna fyrri tímabila afskrifaður línulega á ávinnslutímanum..

(b) Kaupréttarsamningar

Samstæðan hefur gert kaupréttarsamninga við starfsmenn sína sem gerir þeim kleift að eignast hlut í bankanum. Kaupréttur er í samræmi við markaðsverð hlutafjár þegar kaupréttarsamningur er gerður. Kostnaður vegna kaupréttarsamninga er gjaldfærður á kaupréttartímabilinu í samræmi við samnings-ákvæði.

Allir kaupréttarsemaningar eru gerðir upp með hlutfé og samstæðan gjaldfærir núvirði fenginnar þjónustu á því tímabili sem hún er látin af hendi.

Samstæðan notar Black-Scholes verðmatslíkan til þess að ákvarða núvirði gerðra kaupréttarsamninga. Mikilvægustu stærðirnar í líkaninu eru gangvirði hlutabréfa á samningsdegi, dreifing og flökt í arðsemi, arðsemishlutfall og vaxtahlutfall áhættulausra vaxta.

2.23 Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur er færður að fullu til skuldar sem tímabundinn mismunur milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðra fjárhæða þeirra í samstæðureikningsskilunum. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar færslu eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja sem hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað eða tap. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með því að nota skattthlutföll sem hafa verið lögleidd eða efnislega lögleidd fyrir dagsetningu efnahagsreiknings og vænst er að verði í gildi þegar viðkomandi frestuð skattinneign er innleyst eða frestuð tekjuskattskuldbinding er gerð upp.

Meginhluti tímabundins mismunar er til kominn vegna endurmats tiltekinna fjáreigna og -skulda, þar á meðal afleiðusamninga, og afskrifta af rekstrarfjármunum. Tímabundinn mismunur á einnig við um frestað skattalegt tap ásamt mismuninum á gangvirði keyptrar eignar og skattalegu verði þeirra.

Frestuð skattinneign er færð þegar líklegt er að tímabundinn mismunur nýtist á móti skattalegum hagnaði í framtíðinni.

Frestaður tekjuskattur sem er til kominn vegna tímabundins mismunar tengdum fjárfestingum í dóttur- og hlutdeildarfélögum er færður í samstæðureikningsskilin. Það er þó ekki gert þegar samstæðan ræður tímasetningu viðsúnnings tímabundins mismunar og líklegt er að hann muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð

Skattáhrif yfirfæranlegs skattalegs taps eru færð til eignar í þeim tilfellum þar sem líklegt er talið að það muni nýtast á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

2.24 Lántökur

Lántökur eru upphaflega færðar á gangvirði, sem er fjárhæð lánsins við útgáfu að frádregnum áföllnum lántökukostnaði. Eftir það eru lán færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

2.25 Víkjandi lán

Samstæðan hefur tekið lán með víkjandi skilmálum. Lánin víkja fyrir öðrum lánnum samstæðunnar. Við útreikning eiginfjáhlutfalls eru þessi lán talin til eiginfjárbáttar A og eiginfjárbáttar B. Víkjandi lán eru færð meðal skulda með vöxtum, gengismun og verðbótum.

2.26 Fjárskuldir tilgreindar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi í upphafi

Fjárskuldir eru tilgreindar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi þegar:

- það dregur úr ósamræmi sem myndi verða í mati ef markaðsaflæiður og tengdir undirliggjandi fjármálagerningar væru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði eins og til dæmis lán og kröfur eða útgefin skuldabréf banka; og
- fjármálagerningar eins og skuldabréf fela í sér eina eða fleiri aflæiður sem hafa veruleg áhrif á sjóðflæði; og
- samstæðan er þátttakandi í fjárfestingasamningum þar sem skuldbindingin er tengd virði eignar sem er hluti af fjárfestingasafni.

Slíkar fjárskuldir eru færðar á gangvirði með breytingum í gegnum rekstrarreikning. Þegar fjárskuldir hafa verið tilgreindar í þennan flokk verður því ekki breytt.

2.27 Hlutfé

(a) Kostnaður við útgáfu hluta

Kostnaður sem tengist útgáfu nýs hlutfjár er færður til lækkunar á innborguðu hlutfé.

(b) Arður af hlutfé

Arður af hlutfé er færður til lækkunar á eigin fé á því tímabili sem úthlutun hans er samþykkt á hluthafafundi.

(c) Eigin hlutabréf

Þegar bankinn eða aðrir aðilar innan samstæðunnar kaupa hlutfé í bankanum sjálfum er andvirðið dregið frá heildarhlutfé. Þegar slík hlutabréf eru síðar seld eða gefin út aftur, er andvirðið fært til hækkunar á eigin fé.

2.28 Sjóðir og eignir í vörslu samstæðunnar

Samstæðan er vörsluðili ýmissa sjóða og eigna fyrir einstaklinga, stofnanir og lífeyrissjóði. Þar meðtaldir eru ýmsir hlutdeildarsjóðir í vörslu samstæðunnar. Eignir og tekjur þessara sjóða og eigna eru ekki innifaldar í samstæðureikningskilunum þar sem þær tilheyra ekki samstæðunni.

2.29 Samanburðartölur

Þar sem nauðsynlegt er hafa samanburðartölur verið lagfærðar til samræmis við breytta framsetningu á rekstrarárinu.

3. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Skráning eigna og skulda með tilliti til næsta reikningsárs er byggð á mati samstæðunnar. Stöðugt er farið yfir slíkt mat með hliðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er í eðli sínu sjaldan í samræmi við raunverulega niðurstöðu. Hér á eftir er fjallað um verulega hættu á því að matsaðferðir geti valdið verulegri breytingu á bókfærðri fjárhæð eigna og skulda innan næsta fjárhagsárs.

(a) Virðisrýrnun útlána og krafna

Eignasafn samstæðunnar er yfirfarið með tilliti til virðisrýrnunar að minnsta kosti ársfjórðungslega. Við mat á því hvort um sé að ræða tap vegna virðisrýrnunar sem ber að færa í rekstrarreikning gengur samstæðan úr skugga um hvort fyrir liggja greinanleg gögn sem benda til þess að það sé marktæk lækkun á áætluðu sjóðflæði eignasafns áður en lækkunin er talin eiga við tiltekið lán í eignasafninu. Meðal þessara gagna gætu verið visbendingar sem gefa til kynna óhagstæða þróun á greiðslugetu skuldara láns í eignasafni eða staðbundnar hagrænar aðstæður sem endurspeglar vanskil í eignasafninu. Stjórnendur byggja á tapsreynslu áhættusamra eigna og hlutlægum visbendingum um sams konar virðisrýrnun í eignasafninu við áætlun sjóðflæðis. Aðferðafræðin og forsendurnar sem liggja til grundvallar mati á fjárhæð og tíma sjóðflæðis eru endurmetnar reglulega til þess að draga úr mögulegum mismun milli áætlaðs og raunverulegs taps.

(b) Gangvirði aflæiða

Gangvirði fjármálagerninga sem ekki eru skráðir á virkum markaði er ákvarðað með ýmsum viðurkenndum matsaðferðum. Matsaðferðir (líkön) eru prófaðar og yfirfarnar reglulega af hæfum og óháðum aðila þegar þær eru notaðar til að ákvarða gangvirði. Öll líkön eru vottuð áður en þau eru notuð og gæða-prófuð til þess að tryggja að niðurstaðan sé áreiðanleg og samanburðarhæf við verð á markaði. Líkönin styðjast eingöngu við mælanleg gögn en þó verður að taka tillit til þess að útlánaáhætta er háð mati stjórnenda. Breytingar á þessum forsendum gætu haft áhrif á skráð gangvirði fjármálagerninga.

4. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Áhættureglur og ferlar samstæðunnar tryggja að áhætta í rekstri hennar sé bæði þekkt og mæld, og að eftirlit sé haft með áhættunni. Áhættunni er stýrt á þann hátt að hún sé innan þeirra marka sem samstæðan hefur sett sér, og samræmist kröfum eftirlitsaðila á fjármálamarkaði. Samstæðan setur sér stefnu um áhættusamsetningu þannig að sveiflur vegna óvæntra atburða sem hafa áhrif á bæði eigið fé samstæðunnar og afkomu séu bæði takmarkaðar og viðráðanlegar.

Bankaráð ber ábyrgð á stefnumótun samstæðunnar varðandi áhættu og sér til þess að hún falli að stefnu samstæðunnar, reynslu stjórnenda hennar, eiginfjárhlutfalli og áhættusækni bankans. Bankastjórar bera ábyrgð á daglegri stjórnun bankans gagnvart bankaráði og stýra áhættu bankans í gegnum fastanefndir hans. Auk þess bera framkvæmdastjórar ábyrgð á starfsemi hvers sviðs gagnvart bankastjórum og að áhættan sé í samræmi við starfsreglur bankans.

Fastir fundir framkvæmdastjóra er vettvangur samráðs milli bankastjóra og framkvæmdastjóra.

Fastanefndir bankans eru fimm: lánanefnd, fjármálanefnd, eignastýringarnefnd, rekstrarnefnd og áhættustýringarnefnd samstæðunnar. Áhættustýringarnefnd samstæðunnar ber ábyrgð á virkri áhættustjórnun og eftirliti innan samstæðu Landsbankans.

Auk þessara nefnda eru framkvæmdastjórufundir samráðsvettvangur bankastjórnar og framkvæmdastjóra. Innan bankaráðs starfa tvær nefndir, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, sem undirbúa umfjöllun í bankaráði um tiltekin starfssvið og annast nánari athugun á málum sem þeim tengjast.

Regluvörður hefur eftirlit með því að reglum bankans um verðbréfavíðskipti, reglum um víðskipti innherja og fleira, lögum um verðbréfavíðskipti, lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og öðrum viðeigandi lögum og reglum sé framfylgt á samstæðugrundvelli. Í sérhverju dótturfélagi Landsbankans er starfandi regluvörður undir eftirliti regluvarðar móðurfélagsins sem leggur skýrslu um störf regluvarða dótturfélaganna fyrir bankaráðs.

Forstöðumaður innri endurskoðunar bankans er innri endurskoðandi samstæðunnar enda er innri endurskoðun skipulögð á samstæðugrunni. Innri endurskoðun er mikilvægur þáttur í áhættu- og eftirlitskerfi bankans og gerð er úttekt á sérhverri einingu bankans að minnsta kosti árlega.

4.1 Fjármálagerningar og aðferðir við áhættustjórnun

Eignir og skuldir víðskiptavina geta borið fasta eða breytilega vexti í skemmri eða lengri tíma. Mikilvægt er að samstæðan hafi góða stjórn á fjárfestingum sínum til þess að ná jafnvægi vaxta og binditíma lána. Samstæðan leitast við að stýra vaxtamun með því að bjóða bæði skammtíma- og langtímalán á sama tíma og hún þarf að viðhalda nægilegri lausafjárstöðu til þess að standa við skuldbindingar sínar. Samstæðan stuðlar að því að ná ásættanlegum vaxtamun með því að veita lán til fyrirtækja og einstaklinga með mismunandi lánkjörum þar sem tekið er tillit til tapsáhættu. Slík áhætta er ekki eingöngu tengd vaxtaberandi eignum í efnahagsreikningi heldur einnig ábyrgðum og afleiðum.

Með stöðutökum og víðskiptum með fjármálagerninga innan og utan skráðra markaða getur bankinn nýtt sér skammtímahreyfingar á hlutabréfa- og skuldabréfamörkuðum sem og gjaldeyris- og vaxtahreyfingar. Gjalddeyrísáhættu er almennt haldið í jafnvægi. Hluti af gjaldeyrísáhættu samstæðunnar er varin með vaxtaskiptasamningum í erlendum gjaldmiðlum. Vaxtaáhætta er einnig að hluta til varin gegn falli á gangverði eigna með föstum vöxtum og hækkan gangvirðis innlána víðskiptavina á föstum kjörum með vaxta- og gjaldmiðlavaxtaskiptasamningum.

4.1.1 Áhættuvarnarreikningsskil

Til að verjast sveifluáhrifum á rekstrarreikning vegna breytinga á markaðsvöxtum mun samstæðan verja framtíðarsjóðsflæði af föstum tekjum með vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningum, sem í reynd breyta föstum vöxtum í breytilega. Samstæðan skilgreinir tilteknar afleiður sem áhættuvörn vegna gangvirðis eigna eða skulda. Áhættuvarnarreikningsskil eru notuð fyrir afleiður sem skilgreindar eru með þessum hætti svo fremi að ákveðnum skilyrðum sé fullnægt.

(a) Gangvirðisvörn

Samstæðan ver hluta af vaxtaáhættu sinni með vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningum vegna hvers kyns hugsanlegrar rýrnunar á gangvirði fastvaxta eigna og skulda bæði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum. Hreint gangvirði þessara skiptasamninga þann 31. desember 2007 var að fjárhæð 1.765 milljónir króna.

(b) Áhættuvarnir vegna hreinnar fjárfestingar

Samstæðan ver gjaldeyrísáhættu sem fylgir hreinni fjárfestingu í erlendri starfsemi með lántöku í erlendri mynt. Lántökur að fjárhæð 86.469 milljónir króna 31. desember 2007 (2006: 50.288 milljónir króna) voru færðar sem áhættuvarnir og leiddu til gengishagnaðar á árinu að fjárhæð 2.504 milljónir króna (2006: Tap 6.857 milljónir króna) sem er fært á eigið fé á móti gengismun af dótturfélögum.

4.2 Útlánaáhætta

Stærsti áhættuþáttur samstæðunnar er útlánaáhætta hennar. Útlánaáhætta er sú áhætta að lántaki eða mótaðili í víðskiptum samstæðunnar geti ekki staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Mótaðilaáhættu er stýrt með því að setja mörk um viðunandi áhættu gagnvart einstökum lántökum eða hópum lántaka, tilteknum landsvæðum eða atvinnugreinum. Slíkir áhættuþættir eru undir stöðugu eftirliti og eru endurskoðaðir reglulega. Útlánaáhætta er einnig stýrt með reglulegu mati á lánshæfi víðskiptavinar, breytingum á útlánaheimildum eða með því að afla betri trygginga fyrir skuldbindingum víðskiptavinar.

Útlánaáhætta og stýring er miðlæg innan samstæðunnar. Bankaráð setur útlánareglur samstæðunnar, sem meðal annars fjalla um hámark skuldbindinga einstakra víðskiptavina og tengdra aðila. Tilgangur þeirra er að takmarka hámarksáhættu á samstæðugrundvelli. Reglurnar taka til heildaráhættu víðskiptavina, þannig að afleiðri áhættu víðskiptavina er bætt við beinar kröfur bankans og dótturfélaga. Fjármálagerningum útgefnum af víðskiptavini sem eru til tryggingar öðrum skuldbindingum þriðja aðila, sem ekki er fjárhagslega tengdur, er einnig bætt við beinar kröfur. Samkvæmt innri reglum bankans skal heildaráhætta einstaks víðskiptavinar eða fjárhagslega tengdra aðila að hámarki nema 20% af eigin fé samstæðunnar.

Víðskiptavinir sem flokkast í bestu áhættuflokka, samkvæmt áhættuflokkunarkerfi bankans, mega hafa heildaráhættu sem nemur allt að 25% af eigin fé samstæðunnar, en þó aðeins til skamms tíma. Aðilum í lægri áhættuflokkum er heimilt að hafa heildaráhættu gagnvart samstæðunni sem nemur allt að 10% af eigin fé hennar. Þó er heimilt með sama hætti að hækka þá áhættustöðu í allt að 15% og skal þá sá hluti sem er yfir 10% flokkast meðal skammtímaskuldbindinga.

Í árslok 2007 voru 9 viðskiptavinir með stóra áhættuskuldbindingu gagnvart samstæðu Landsbankans. Viðskiptavinir eru flokkaðir með stóra áhættuskuldbindingu ef heildarskuldir þeirra, eða fjárhagslega eða stjórnunarlega tengdra aðila, er umfram 10% af eigin fé samstæðunnar samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar fjármála fyrirtækja. Allar stórar áhættuskuldbindingar Landsbankans voru innan þessara marka í lok árs 2007. Bankaráð kannar reglulega ítarlegar skýrslur um skuldbindingar stærstu viðskiptavina samstæðunnar. Lánanefnd fer yfir skýrslur um stöðu stórra áhættuskuldbindinga og aðrar skýrslur yfir útlánasafn samstæðunnar, t.d. haggreiningar einstakra atvinnugreina. .

Lánanefnd bankans setur ítarlegri útlánareglur sem byggja á grunnreglum bankaráðs. Útlánaheimildir starfsmanna eru vel skilgreindar og þröskulstær. Lánanefnd framselur og endurskoðar útlánaheimildir til starfsmanna bankans ásamt því að bera ábyrgð á endurskoðun útlánareglna. Lánanefnd fundar reglulega og í henni sitja bankastjórar auk framkvæmdastjóra bankans. Lánanefnd fjallar um allar útlánaákvæðanir sem eru utan heimilda útibúa, dótturfélaga eða fyrirtækjasviðs. Nefndin fylgist með útlánaþróun með tilliti til atvinnugreina, landsvæða, trygginga og annarra þátta ásamt því að fylgjast með vanskilum og vanskilapróun. Ítarlegar skýrslur um stöðu stærstu viðskiptavina bankans eru til umfjöllunar í lánanefnd ásamt því að nefndin fjallar um sérstakar skýrslur til dæmis um stöðu hagkerfisins, einstakar atvinnugreinar og fleira.

(a) Veð

Veðtrygging lána er hefðbundin aðferð til þess að lágmarka útlánaáhættu. Samstæðan fær veð til tryggingar skuldbindingum viðskiptavinar þar sem ástæða er til í formi veðréttar í eignum viðskiptavinarins. Við það eignast samstæðan kröfu til þessara eigna til fullnustu núverandi og verðandi skuldbindingum viðskiptavinar. Hægt er að tryggja lán sem samstæðan veitir með íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði, lóðum, verðbréfum, farartækjum, veiðiskípum ásamt öfurfærarlegum kvóta, flugvéllum o.fl. Samstæðan hefur einnig tryggingar fyrir útlánum í viðskiptakröfum og rekstrarfjármunum svo sem vélum, búnaði, hráefni og birgðum. Íbúðaveð er fyllilega tryggt með undirliggjandi húseign. Minni kröfur eru gerðar til tryggingar einstaklingslána til skamms tíma svo sem vegna yfirdráttar og kreditkortaána.

(b) Afleiður

Samstæðan er með strangt eftirlit með opnum stöðum afleiðuviðskipta bæði með tilliti til fjárhæða og skilmála. Á hverjum tíma er fjárhæð útlánaáhættu takmörkuð við gildandi gangvirði fjármálagerninga sem eru samstæðunni hagstæðir og er með hliðsjón af afleiðum einungis lítill hluti af samningnum eða hugsanlegum verðmætum sem notuð eru til þess að gefa til kynna fjárhæð útistandandi fjármálagerninga. Fylgst er með þessari áhættustöðu um leið og útlánamörkum viðskiptavina ásamt hugsanlega óvarðri stöðu sem orsakast af hreyfingum á markaði.

(c) Ábyrgðir og skuldbindingar

Ábyrgðir og bakábyrgðir sem fela í sér óafturkallanlega tryggingu fyrir því að samstæðan inni greiðslur af hendi til þriðja aðila, verði viðskiptavini ókleift að standa við skuldbindingar sínar, fela í sér sömu útlánaáhættu og útlán. Innflutnings- og skjalaábyrgðir eru veðtryggðar með þeim vörusendingum sem þær tengjast og því stafar minni áhætta af þeim en beinum útlánum. Ónotaðar lánsheimildir fela í sér skuldbindingar um að auka útlán í formi lána eða bankaábyrgða. Hugsanlegt er að samstæðan verði fyrir tapi vegna ónotaðra heimilda. Samstæðan hefur eftirlit með binditíma lánsheimilda þar sem skuldbindingum til lengri tíma fylgir almennt meiri útlánaáhætta..

(d) Greiðsluöfnunarsamningar

Samstæðan takmarkar frekar mótaðilaáhættu sína vegna fjármálagerninga með greiðsluöfnunarsamningum. Samningarnir tryggja að við gjaldfellingu geti samstæðan beitt skuldajöfnuði milli allra samninga sem falla undir greiðsluöfnunarsamninginn. Samningarnir ná yfir öll markaðsviðskipti milli samstæðunnar og viðskiptamanns.

4.2.1 Mat útlánaáhættu

(a) Útlán og kröfur

Einn af grundvallarþáttum við mat á umfangi útlánaáhættu er mat á vanskilum með skilvirku flokkunarkerfi útlánaáhættu. Samstæðan metur útlánaáhættu með því að flokka viðskiptamenn (eða útlánastöðu) með einfaldri flokkun. Mismunandi aðferðum er beitt við að flokka og meta viðskiptavini og lánastöður en þeim er öllum sameiginlegt að flokka útlán eftir áhættu og segja fyrir um vanskil. Hver útlánaflokkur er tengdur vanskilalíkani.

Samstæðan metur líkur á vanskilum einstakra mótaðila með því að styðjast við eigið mat og annarra á mismunandi flokkum mótaðilanna. Þessar matsaðferðir hafa verið þróaðar innan samstæðunnar og felast bæði í tölfærðilegum greiningum og mati starfsmanna í útlánadeild og er niðurstaðan sannreynd með samanburði við ytri gögn. Viðskiptavinir samstæðunnar eru flokkaðir í þrettán útlánaflokka eftir gæðum sem greindir eru í fjögur stigaprep eins og fram kemur hér að neðan. Stigin gefa til kynna líkurnar sem gefnar eru hverjum áhættuflokki. Í meginatriðum þýðir það að útlánastöður færast milli flokka eftir því hvernig líkur vanskila breytast. Matsaðferðirnar eru yfirfarnar reglulega og þær endurbættar eftir því sem þörf gerist. Samstæðan sannreynir reglulega stigaflokkunina og með hvaða hætti hún getur sagt fyrir um útlánatöp.

Eigin áhættuflokkun samstæðunnar og tenging við ytra mat á vanskilalíkum.

Flokkun samstæðunnar	Lýsing	Frá	Vanskilalíkur Til
1	Áhættuflokkur 1-3	0,0%	0,55%
2	Áhættuflokkur 4-6	0,55%	2,29%
3	Áhættuflokkur 7-12	2,29 +	
4	Áhættuflokkur 13	Lán í erfiðri stöðu	

Vanskilalíkur ákvarðast af hættunni á 90 daga vanskilum innan næstu 12 mánaða eins og fram kemur í skilgreiningu í reglum Basel II.

(b) Skuldabréf

Ytra mat á skuldabréfum svo sem mat Moody's eða sambærilegra greiningaraðila er notað til þess að stýra útlánastöðum. Litið er á fjárfestingu í slíkum verðbréfum og skuldagerningum sem leið til þess að auka gæði útlánasafns og viðhalda stöðugri fjármögnun á sama tíma.

4.2.2 Reglur um virðisrýrnun og niðurfærslu

Matsaðferðir sem lýst er í kafla 4.2.1 beinast að gæðaflokkun fá upphafi útlána og fjárfestinga. Aftur á móti er einungis tekið tillit til niðurfærslu vegna virðisrýrnunar við gerð reikningsskila til þess að gera grein fyrir útlánatapi á reikningsskiladegi þegar gögn um virðisrýrnun liggja fyrir.

Niðurfærsla vegna virðisrýrnunar er reiknuð út frá hverjum og einum af fjórum áhættuflokkum samtæðunnar. Stærta hluta niðurfærslunnar má þó rekja til neðstu tveggja flokkanna. Í tölfunni hér fyrir neðan er flokkun útlána og krafna samtæðunnar ásamt niðurfærslu og áhættumati:

Eigin áhættuflokkun samtæðunnar

Flokkun samtæðunnar	2007		2006	
	Útlán og kröfur (%)	Niðurfærsla (%)	Útlán og kröfur (%)	Niðurfærsla (%)
1. Áhættuflokkur 1-3	27,0	0,0	25,0	0,0
2. Áhættuflokkur 4-6	46,8	0,2	53,3	0,5
3. Áhættuflokkur 7-12	24,6	2,8	20,0	2,9
4. Áhættuflokkur 13	1,6	17,4	1,7	21,9
	100	1,08	100	1,21

Samkvæmt starfsreglum samtæðunnar eru einstakar fjáreignir umfram mikilvægismörk skoðuð að minnska kosti árlega eða oftar ef aðstæður krefjast þess. Niðurfærsla einstakra flokka ræðst af mati á tapi einstakra útlána og nær til allra verulegra útlána í flokknum. Matið tekur jafnan tillit til veðtryggingar (þar með aðgengi að veðinu) og væntanlegrar greiðslu vegna viðkomandi útláns.

Sameiginlegt mat á niðurfærslu er vegna: (i) safna lána með sambærileg einkenni sem hvert og eitt er innan mikilvægismarka; og (ii) útlánataps sem metið er á grundvelli sögulegrar reynslu, matsreynslu og með tölfræðilegum aðferðum en hefur ekki verið sérgreint.

4.2.3 Hámark útlánaáhættu án útlánatryggingar og vægis útlána

Eftirfarandi tafla sýnir mestu mögulegu útlánaáhættu samtæðunnar 31. desember 2007 og 2006 án tillits til útlánatryggingar eða útlánamats. Eignir í efnahagsreikningi eru hreinir eignaliðir eins og þeir koma fram í efnahagsreikningi.

	Hámark útlánastöðu	
	2007	2006
Staða útlánaáhættu vegna liða í efnahagsreikningi er eftirfarandi:		
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	162.929	215.618
Útlán og kröfur á viðskiptavinum:		
Útlán og kröfur á einstaklinga:		
– Veðlán	261.843	194.232
– Önnur útlán og kröfur	117.566	104.903
Útlán og kröfur á fyrirtæki og opinbera aðila	1.665.311	1.155.871
Afskriftareikningur útlána og krafna	(21.981)	(16.611)
Skuldabréf	362.617	169.598
Skuldabréf á móti framvirkum samningum	53.236	45.583
Markaðsafleiður	50.198	38.358
Afleiðusamningar vegna áhættuvarna	8.719	10.498
Óuppgerð verðbréfavíðskipti	58.845	36.965
Aðrar eignir	20.352	31.944
Staða útlánaáhættu vegna liða utan efnahagsreiknings er eftirfarandi:		
Fjárhagsábyrgðir	112.602	95.911
Útlánaskuldbindingar og aðrar lánaskuldir	131.757	123.156
Samtals útlánaáhætta	2.983.993	2.206.026

4.2.4 Útlán og kröfur

Eftirfarandi tafla sýnir heildarstöðu útlána og krafna á viðskiptavinum:

Útlán og kröfur	2007		2006	
	Viðskipta- vinir	Fjármála- fyrirtæki	Viðskipta- vinir	Fjármála- fyrirtæki
Engin vanskil eða virðisrýrnun	1.972.961	162.929	1.387.665	215.618
Vanskil (einn dagur eða meira), en engin virðisrýrnun	46.736	0	53.071	0
Virðisrýrnuð staða	25.022	0	14.271	0
Afskriftareikningur útlána og krafna	(21.981)	0	(16.611)	0
Samtals útlán og kröfur	2.022.738	162.929	1.438.395	215.618

(a) Útlán og kröfur án vanskila og virðisrýrnunar

Gæði útlána í útlána og kröfufafninu sem ekki eru í vanskilum eða virðisrýrð má meta útfra innra flokkunarkerfi sem samstæðan hefur innleitt.

Staðan 31. desember 2007	Einstaklingar		Fyrirtæki og opinberir aðilar	Viðskipta- vinir samtals	Fjármála- fyrirtæki
	Veðlán	Önnur útlán			
1. Áhættuflokkur 1-3	101.430	19.338	423.235	544.003	153.176
2. Áhættuflokkur 4-6	132.346	34.337	758.236	924.919	9.752
3. Áhættuflokkur 7-12	15.647	29.583	428.922	474.152	0
4. Áhættuflokkur 13	1.158	2.024	26.706	29.887	0
Útlán og kröfur án vanskila og virðisrýrnunar	250.580	85.281	1.637.100	1.972.961	162.929

Staðan 31. desember 2006	Einstaklingar		Fyrirtæki og opinberir aðilar	Viðskipta- vinir samtals	Fjármála- fyrirtæki
	Veðlán	Önnur útlán			
1. Áhættuflokkur 1-3	82.488	19.575	251.743	353.806	210.207
2. Áhættuflokkur 4-6	102.653	25.098	623.880	751.630	5.411
3. Áhættuflokkur 7-12	11.599	24.685	224.602	260.885	0
4. Áhættuflokkur 13	782	2.663	17.898	21.343	0
Útlán og kröfur án vanskila og virðisrýrnunar	197.521	72.021	1.118.123	1.387.665	215.618

(b) Útlán og kröfur í vanskilum en án virðisrýrnunar

(i) Útlán og kröfur í vanskilum en án virðisrýrnunar

Eftirfarandi tafla sýnir útlán og kröfur í vanskilum (einn dagur eða meira) en ekki virðisrýrð, með greiningu á seinkun greiðslna. Taflan sýnir heildarfjárhæð útlánsins ef afborgun er í vanskilum.

Staðan 31. desember 2007	Einstaklingar		Fyrirtæki og opinberir aðilar	Viðskipta- vinir samtals
	Veðlán	Önnur útlán		
Vanskil allt að 30 dagar	5.168	9.950	13.645	28.762
Vanskil 30 - 60 dagar	2.208	1.262	2.858	6.328
Vanskil 60 - 90 dagar	704	795	2.934	4.434
Vanskil yfir 90 dagar	1.727	821	4.664	7.212
Samtals útlán og kröfur í vanskilum en án virðisrýrnunar	9.807	12.828	24.101	46.736

Staðan 31. desember 2006	Einstaklingar		Fyrirtæki og opinberir aðilar	Viðskipta- vinir samtals
	Veðlán	Önnur útlán		
Vanskil allt að 30 dagar	4.773	10.459	18.539	33.770
Vanskil 30 - 60 dagar	1.927	1.353	5.232	8.511
Vanskil 60 - 90 dagar	793	432	2.250	3.475
Vanskil yfir 90 dagar	872	995	5.447	7.314
Samtals útlán og kröfur í vanskilum en án virðisrýrnunar	8.365	13.239	31.467	53.071

Engin virðisrýrnun er á lánum til fjármálafyrirtækja.

(ii) Greiðslur af útlánum og kröfum til viðskiptavina í vanskilum en án virðisrýrnunar

Eftirfarandi tafla sýnir gjaldfallnar greiðslur af útlánum og kröfum til viðskiptavina í árslok.

Staðan 31. desember 2007	Einstaklingar		Fyrirtæki og opinberir aðilar	Viðskiptavinir samtals	Sem % af heildarláni til viðsk.v.
	Veðlán	Önnur útlán			
Vanskil allt að 30 dagar	40	960	1.415	2.415	0,12
Vanskil 30 - 60 dagar	15	436	961	1.411	0,07
Vanskil 60 - 90 dagar	7	175	562	744	0,04
Vanskil yfir 90 dagar	35	980	3.896	4.911	0,24
Gjaldfallin greiðsla samtals	97	2.550	6.834	9.481	0,47

Staðan 31. desember 2006	Einstaklingar		Fyrirtæki og opinberir aðilar	Viðskiptavinir samtals	Sem % af heildarláni til viðsk.v.
	Veðlán	Önnur útlán			
Vanskil allt að 30 dagar	37	787	1.187	2.011	0,14
Vanskil 30 - 60 dagar	14	356	1.313	1.683	0,11
Vanskil 60 - 90 dagar	6	147	712	864	0,06
Vanskil yfir 90 dagar	14	877	2.079	2.970	0,20
Gjaldfallin greiðsla samtals	71	2.167	5.291	7.529	0,51

(c) Útlán og kröfur til viðskiptavina með sérgreindri virðisrýrnun

Staðan 31. desember 2007	Einstaklingar		Fyriræki og opinberir aðilar	Samtals
	Veðlán	Önnur útlán		
Mat á einstökum virðisrýrdum útlánum	345	2.350	22.328	25.022

Staðan 31. desember 2006	Einstaklingar		Fyriræki og opinberir aðilar	Samtals
	Veðlán	Önnur útlán		
Mat á einstökum virðisrýrdum útlánum	1.122	2.501	10.648	14.271

Veðtrygging lána er hefðbundin aðferð til þess að lágmarka útlánaáættu. Samstæðan fær veð til tryggingar skuldbindingum viðskiptavinar þar sem ástæða er til í formi veðréttar í eignum viðskiptavinarins. Við það eignast samstæðan kröfu til þessara eigna til fullnustu núverandi og verðandi skuldbindingum viðskiptavinar. Hægt er að tryggja lán sem samstæðan veitir með íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði, lóðum, verðbréfum, farartækjum, veiðiskipum og tengdum aflaheimildum, flugvéllum o.fl. Samstæðan hefur einnig tryggingar fyrir útlánum í viðskiptakröfum og rekstrarfjármunum svo sem vélum, búnaði, hráefni og birgðum. Íbúðaveð er fyllilega tryggt með undirliggjandi húseign. Minni kröfur eru gerðar til tryggingar einstaklingslána til skamms tíma svo sem vegna yfirdráttar og kreditkortaána.

Við virðisrýrnun einstakra útlána hefur útlánatrygging verið metin ófullnægjandi til þess að mæta núvirði lánsins.

(d) Endursamið um útlán og kröfur

Endurlán felst í lengingu lánstíma, breytingu endurgreiðsluskilmála og samþykki greiðsluáætlana. Við endurskipulagningu útláns er vanskilaláni komið í skil og fylgt eftir í samræmi við önnur sambærileg lán. Verklagsreglur taka mið af mælikvörðum eða skilyrðum sem að mati stjórnenda gefa til kynna að greitt verði af láninu eftir endurskipulagningu þess. Þessar verklagsreglur eru í sífelldri skoðun. Endurlán til einstaklinga voru að fjárhæð kr. 2.972 milljónir þann 31. desember 2007 (kr. 1.156 milljónir 31.12.2006).

4.2.5 Skuldabréf

Taflan hér fyrir neðan sýnir flokkun skuldabréfa samkvæmt mati Moody's eða sambærilegum matsfyrirtækja þann 31. desember 2007.

Moody	Markaðs- verðbréf	Verðbréf á gangvirði	Áhættu- varin skuldabréf	Samtals
Aaa	87.722	973	42.456	131.151
Aa1	61.287	0	2.546	63.834
Aa2	44.120	0	0	44.120
Aa3	70.432	0	5.892	76.323
A3 til A1	65.772	0	0	65.772
Lægra en A3	15.128	274	0	15.402
Utan mats	16.796	113	2.342	19.251
Staða 31. desember 2007	361.256	1.361	53.236	415.853

4.2.6 Innleyst veð

Samstæðan leysti til sín eftirfarandi veðsettar eignir á árinu 2007:

Tegund eigna	Bókfært verð 2007
Íbúðarhúsnæði	658
Annað	169
	827

Innleystar eignir eru flokkaðar sem fastafjármunir til sölu í efnahagsreikningi (sjá skýringu 24).

4.2.7 Samantekt áhættuskuldbindinga

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun áhættuskuldbindinga miðað við 31. desember 2007. Í töflunni hefur áhættuskuldbindingum verið skipt eftir svæðum í samræmi við staðsetningu lögheimilis mótaðila bankans.

(a) Landfræðileg skipting

	Ísland	Bretland og Írland	Önnur ríki Evrópu	US og CAN/önnur lönd	Samtals
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	50.982	73.199	28.902	9.847	162.929
Útlán og kröfur á viðskiptavini:					
Útlán og kröfur á einstaklinga:					
– Veðlán	146.448	80.644	34.360	392	261.843
– Önnur útlán og kröfur	103.342	7.904	5.549	771	117.566
Útlán og kröfur á fyrirtæki og opinbera aðila	941.910	324.945	253.514	144.940	1.665.311
Afskriftareikningur útlána og krafna					(21.981)
Skuldabréf	68.257	43.218	169.303	81.839	362.617
Skuldabréf á móti framvirkum samningum	50.690	5	2.459	83	53.236
Markaðsafleiður	29.151	11.718	7.538	1.791	50.198
Afleiðusamningar vegna áhættuvarna	1.010	3.292	478	3.938	8.719
Óuppgerð verðbréfavíðskipti	3.400	28.924	26.419	101	58.845
Aðrar eignir	4.427	6.507	9.418	0	20.352
Staðan 31. desember 2007	1.399.618	580.355	537.940	243.703	2.739.634
Staðan 31. desember 2006	1.069.712	316.036	468.681	132.531	1.986.959

(b) Atvinnugreinar

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun áhættuskuldbindinga eftir atvinnugreinum mótaðila bankans.

Útlán og kröfur	2007		2006					
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki		162.929		215.618				
Opinberir aðilar		23.759		8.892				
Fyrirtæki								
Útgerð		173.489		134.061				
Verslun		245.200		229.312				
Landbúðnaður		12.467		6.170				
Iðnaður og verktakar		327.423		177.854				
Þjónusta		879.252		596.053				
Annað		3.721		3.529				
Einstaklingar								
Veðlán		261.843		194.232				
Önnur lán		117.566		104.903				
Afskriftarreikningur útlána og krafna		(21.981)		(16.611)				
Samtals útlán og kröfur		2.185.667		1.654.013				
Aðrar fjáreignir	Þjónusta	Fjármála-fyrirtæki	Iðnaður og verktakar	Verslun	Útgerð/land-búnaður	Opinberir aðilar/aðrir	Einstaklingar	Samtals
Skuldabréf	13.780	292.284	11.435	2.846	1.276	40.995	0	362.617
Skuldabréf á móti framvirkum samningum	1.647	8.438	695	0	0	42.456	0	53.236
Markaðsafleiður	7.908	28.309	1.976	2.152	3.219	2.682	3.954	50.198
Afleiðusamningar vegna áhættuvarna	0	7.708	0	0	0	1.010	0	8.719
Óuppgerð verðbréfavíðskipti	3.900	54.352	0	0	592	2	0	58.845
Aðrar eignir	3.978	8.925	3	28	0	2.287	5.131	20.352
Staðan 31. desember 2007	31.212	400.016	14.109	5.026	5.086	89.432	9.085	553.967
Staðan 31. desember 2006	13.445	232.290	11.296	4.051	3.743	55.815	12.306	332.946

4.3 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er sú áhætta að verðbreytingar á mörkuðum hafi áhrif á virði eigna og skulda samstæðunnar innan og utan efnahags. Hér er um að ræða vaxta- og hlutabréfaáhætta í veltubók sem og gjaldeyrisáhætta í öllum bókum samstæðunnar. Markaðsáhætta er að mestu leyti bundin við veltubók- arviðskipti bankans

Bankaráð setur takmarkanir um hámark markaðsáhættu bankans og má hún ekki vera hærri en 15% af heildaráhættugrunni bankans. Þar af má áhætta vegna hlutabréfa ekki vera hærri en 12%, gjaldeyrisáhætta má ekki vera hærri en 7,6% til lengri tíma og 3,3% til skemmri tíma og áhætta vegna vaxta- breytinga markaðsskuldabréfa og annarra fjármálagerna má ekki vera hærri en 6%. Fjármálanefnd bankans (ALCO) setur ítarlegri reglur um leyfilega markaðsáhættu samstæðunnar. Áhættueftirlit er á samstæðugrundvelli og er í höndum Áhættustýringar. Heimildir til stöðutöku tengdri markaðsáhættu eru að mestu leyti bundnar við Verðbréfasvið í höfuðstöðvum samstæðunnar þar sem heildarmarkaðsáhættu samstæðunnar er jafnframt stýrt. Auk Verð- bréfasviðs móðurfélags eru viðskiptaborð í dótturfélögunum Kepler, Securities UK og Merrion Capital með takmarkaðar heimildir til stöðutöku í eigin reikning.

Heildaráhætta vegna markaðsáhættu er reiknuð fyrir samstæðuna í lok hvers vinnudags og henni er stýrt með heimildakerfi sem fjármálanefnd (ALCO) hefur sett. Þar sem enginn einn mælikvarði fangar alla þætti markaðsáhættu, notar samstæðan nokkrar aðferðir í daglegum áhættumælingum, þar á meðal vágreiningu (e. VaR, Value At Risk), álagsprófanir (e. stress testing) og kennistærðir m.a. nettóstöðu og virði per "basispunkt".

Vágreining er notuð til þess að mæla markaðsáhættu í veltubók. Vágreining er tölfræðilegur mælikvarði sem mælir mesta vænta tap bankans næsta vinnudag undir eðlilegum markaðsaðstæðum við 99% líkindamörk. Mælikvarðinn gefur til kynna að tap samstæðunnar verði ekki hærri en vágildið nema fyrir einn vinnudag af hverjum hundrað. Vágildislíkön bankans eru áreiðanleikaprófuð samkvæmt viðmiðunarreglum Basel nefndarinnar um bankaeftirlit (e. Basel Committee on Banking Supervision).

Eftirfarandi töflur sýna yfirlit yfir markaðsáhættu bankans mælda með vágreiningu, annars vegar fyrir heildarhlutabréfaáhættu og hins vegar hlutabréfa- hættu án fjáreigna tilgreindra á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi og óskráðra bréfa:

Markaðsáhætta	1. janúar til 31. desember 2007				1. janúar til 31. desember 2006		
	Meðal	Hæsta	Lægsta	31.12.07	Meðal	Hæsta	Lægsta
Vaxtaáhætta	401	886	169	886	176	749	58
Gjaldeyrisáhætta	791	2.067	2	2.064	67	360	2
Hlutabréfaáhætta	1.482	3.288	501	2.081	1.281	2.908	541
Samtals áhættuvirði (99% 1. dags eignarhaldstími)	2.673	5.808	844	5.031	1.524	4.017	601
Samtals áhættuvirði (99% 10. daga eignarhaldstími)	8.453	18.367	2.669	15.909	4.819	12.703	1.901

Markaðsáhætta án fjáreigna tilgreindra á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi

	1. janúar til 31. desember 2007				1. janúar til 31. desember 2006		
	Meðal	Hæsta	Lægsta	31.12.07	Meðal	Hæsta	Lægsta
Vaxtaáhætta	401	886	169	886	176	749	58
Gjaldeyrisáhætta	791	2.067	2	2.064	67	360	2
Hlutabréfaáhætta	1.088	2.910	330	1.110	1.183	1.926	323
Samtals áhættuvirði (99% 1. dags eignarhaldstími)	2.280	5.433	604	4.060	1.426	3.035	383
Samtals áhættuvirði (99% 10. daga eignarhaldstími)	7.210	17.181	1.910	12.839	4.509	9.598	1.211

Markaðsáhætta án fjáreigna tilgreindra á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi og óskráðra bréfa

	1. janúar til 31. desember 2007				1. janúar til 31. desember 2006		
	Meðal	Hæsta	Lægsta	31.12.07	Meðal	Hæsta	Lægsta
Vaxtaáhætta	401	886	169	886	176	749	58
Gjaldeyrisáhætta	791	2.067	2	2.064	67	360	2
Hlutabréfaáhætta	675	1.531	278	607	296	427	180
Samtals áhættuvirði (99% 1. dags eignarhaldstími)	1.866	4.025	551	3.557	539	1.536	240
Samtals áhættuvirði (99% 10. daga eignarhaldstími)	5.901	12.728	1.742	11.248	1.704	4.857	759

Samstæðan telur mikilvægt að meta hversu árángursrík vágildislíkön þess eru. Vágildislíkönin eru bakprófuð þannig að fjöldi daga er talinn þar sem viðskiptatap fer fram yfir áætlað vágildi. Reglugerðarstaðlinum fyrir bakpöfun er ætlað að mæla vágildi miðað við 10 daga eignatímabil með 99% áreið- anleika. Í tveimur tilvikum á síðustu 12 mánuðum fór veltubók Landsbankans fram yfir viðeigandi vágildismörk við bakpöfun.

4.3.1 Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhættu samstæðunnar er stýrt með það að markmiði að lágmarka þennan heildaráhættuþátt innan ákveðinnar nettóstöðu sem sett er af Fjármálanefnd (ALCO). Breytingar á verði gjaldmiðla miðað við íslenskar krónur hefur áhrif á eiginfjárhlutfall samstæðunnar þar sem eignir í erlendum gjaldmiðli nema 69% af eignagrundi samstæðunnar og eigið fé samstæðunnar er í Íslenskum krónum. Samstæðan viðheldur töluvert opinni gjaldeyrisstöðu og gefur út vikjandi lán í erlendum gjaldmiðli sem áhættuvörn.

Eftirfarandi tafla sýnir eignir og skuldir samstæðunnar á bókfærðu verði flokkaðar eftir gjaldmiðli. Fjárhæðir utan efnahagsreiknings sýnir grundvallarfjárhæðir fjármálagerninga í erlendum gjaldmiðlum.

Samandregnar eignir, skuldir og liðir utan efnahagsreiknings.

Staðan 31. desember 2007	ISK	EUR	USD	GBP	CHF	Annað	Samtals
Eignir							
Handbært fé og innstæða hjá Seðlabanka	69.285	8.510	0	1.145	0	2.619	81.559
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	22.411	59.290	15.168	57.906	1.203	6.951	162.929
Útlán og kröfur á viðskiptavini	568.579	458.048	190.106	323.779	213.366	268.860	2.022.738
Skuldabréf	116.166	170.072	59.917	11.730	823	3.909	362.617
Hlutabréf	19.656	17.802	1.199	6.421	7	19.322	64.407
Veltufjáreignir á móti framvirkum samningum	92.931	40.169	23.157	11.440	399	8.085	176.181
Markaðsafleiður	18.066	13.694	9.289	2.516	591	6.044	50.198
Afleiðusamningar vegna áhættuvarna	783	485	7.142	213	5	92	8.719
Fjárfesting í hlutdeildarfélagum	5.404	416	0	0	0	0	5.820
Rekstrarfjármunir	10.355	657	62	789	0	0	11.862
Óefnislegar eignir	2.996	10.539	0	14.144	0	0	27.679
Fastafjármunir og eignasamstæður í sölumeðferð	608	0	0	3.033	0	0	3.641
Óuppgærd verðbréfavíðskipti	3.724	26.270	799	27.982	0	70	58.845
Aðrar eignir	4.201	10.189	26	5.478	426	32	20.352
Samtals eignir	935.164	816.140	306.864	466.575	216.820	315.983	3.057.546
Skuldir							
Innlán frá lánastofnunum	19.167	90.845	20.373	25.084	5.999	176.447	337.915
Innlán frá einstaklingum	300.444	191.999	20.472	897.372	1.365	9.758	1.421.410
Lántaka	99.302	460.718	160.976	6.171	17.453	30.134	774.754
Fjárskuldir á gangverði	0	37.706	895	0	0	22.630	61.231
Vikjandi lán	6.569	74.310	28.326	0	0	2.685	111.890
Veltufjárskuldir	7.373	20.882	12.371	18.463	582	2.490	62.161
Afleiðusamningar vegna áhættuvarna	0	6.720	0	0	103	130	6.953
Skattskuld	8.149	0	0	0	0	0	8.149
Óuppgærd verðbréfavíðskipti	0	22.122	443	23.516	2.285	33	48.399
Aðrar skuldir	17.872	10.978	131	11.018	643	37	40.679
Eigið fé	184.004	0	0	0	0	0	184.004
Samtals skuldir og eigið fé	642.880	916.280	243.987	981.624	28.430	244.344	3.057.546
Hrein staða í efnahagsreikningi	292.284	(100.141)	62.877	(515.049)	188.390	71.639	
Hrein staða utan efnahagsreiknings	406.483	(162.831)	26.569	(530.217)	187.887	72.110	
Hrein staða	(114.199)	62.690	36.309	15.168	503	(471)	

4.3.1 Gjaldeyrissáhætta (framhald)

Staðan 31. desember 2006	ISK	EUR	USD	GBP	CHF	Annað	Samtals
Eignir							
Handbært fé og innstæða hjá Seðlabanka	20.481	10.054	333	125	591	85	31.669
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	24.531	65.641	13.950	109.140	922	1.434	215.618
Útlán og kröfur á viðskiptavini	542.618	309.612	141.165	204.757	118.553	121.690	1.438.395
Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	36.463	131.544	0	1.592	0	0	169.598
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	24.810	4.860	1.005	7.131	756	10.766	49.328
Veltufjáreignir á móti framvirkum samningum	80.528	2.321	3.418	11.231	0	7.692	105.190
Markaðsafleiður	15.737	10.250	8.852	1.598	783	1.137	38.358
Afleiðusamningar vegna áhættuvarna	1.022	7.489	505	1.444	34	3	10.498
Fjárfesting í hlutdeildarfélagum	3.531	306	0	0	0	0	3.837
Rekstrarfjármunir	4.083	785	0	666	288	0	5.823
Óefnislegar eignir	1.691	5.500	95	6.998	68	0	14.351
Fastafjármunir og eignasamstæður í sölumeðferð	18.524	0	0	2.825	0	0	21.349
Óuppgerð verðbréfavíðskipti	5.130	21.068	225	8.996	1.520	26	36.965
Aðrar eignir	16.472	12.361	29	2.549	431	102	31.944
Samtals eignir	795.622	581.791	169.577	359.052	123.947	142.935	2.172.924
Skuldir							
Innlán frá lánastofnunum	37.427	50.728	10.585	33.201	3.668	5.496	141.105
Innlán frá einstaklingum	80.440	81.128	13.159	350.257	121	157.741	682.846
Lántaka	108.800	538.249	250.896	24.699	22.219	70.113	1.014.976
Víkjandi lán	6.226	78.602	2.137	0	0	2.789	89.754
Veltufjárskuldir	12.375	3.359	1.963	1.305	97	1.767	20.866
Afleiðusamningar vegna áhættuvarna	1.591	2.358	981	1.095	48	400	6.473
Skattskuld	5.985	492	0	116	0	0	6.593
Skuldir meðal eignasamstæðna í sölumeðferð	7.242	0	0	0	0	0	7.242
Óuppgerð verðbréfavíðskipti	0	20.142	581	5.886	2.003	1.375	29.987
Aðrar skuldir	10.980	5.492	240	6.407	502	2	23.623
Eigið fé	149.457	0	0	0	0	0	149.457
Samtals skuldir	420.524	780.550	280.542	422.966	28.658	239.683	2.172.924
Hrein staða í efnahagsreikningi	375.097	(198.759)	(110.965)	(63.914)	95.289	(96.748)	
Hrein staða utan efnahagsreiknings	(375.993)	199.281	110.516	64.175	(95.192)	97.213	
Hrein staða	(896)	522	(449)	261	97	465	

4.4 Misræmi í eignum og skuldum

(a) Vaxtaáhætta eignasafns

Vaxtaáhætta eignasafns felst í þeim áhrifum sem vaxtabreytingar eigna og skulda utan veltubókar hafa á vaxtamun og/eða markaðsvirði eigin fjár. Sú áhætta felst aðallega í misvægi milli tímalengdar vaxtabindingar eigna og skulda. Vaxtaáhætta eignasafns er einn af mikilvægari áhættuþáttum bankans.

Eftirfarandi tafla sýnir samantekt á vaxtaáhættu samstæðunnar. Hún sýnir eignir og skuldir hennar á bókfærðu verði. Flokkun bókfærðs verðs byggist á því hvort endurverðlagning á samningi eða gjalddagi er fyrir í tíma.

Staðan 31. desember 2007	Að 3 mánuðum	3-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Ekki vaxtaberandi	Samtals
Eignir						
Handbært fé og innstæða hjá Seðlabanka	81.559	0	0	0	0	81.559
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	147.665	12.741	1.629	894	0	162.929
Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.164.282	400.984	240.042	217.431	0	2.022.738
Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	253.712	6.734	60.652	41.518	0	362.617
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	0	0	0	0	64.407	64.407
Veltufjáreignir á móti framvirkum samningum	362	4.535	8.888	39.451	122.944	176.181
Markaðsafleiður	50.198	0	0	0	0	50.198
Afleiðusamningar vegna áhættuvarna	8.719	0	0	0	0	8.719
Fjárfesting í hlutdeildarfélagum	0	0	0	0	5.820	5.820
Rekstrarfjármunir	0	0	0	0	11.862	11.862
Óefnislegar eignir	0	0	0	0	27.679	27.679
Fastafjármunir og eignasamstæður í sölumeðferð	0	0	0	0	3.641	3.641
Óuppgerð verðbréfavíðskipti	0	0	0	0	58.845	58.845
Aðrar eignir	0	0	0	0	20.352	20.352
Samtals eignir	1.706.497	424.994	311.212	299.294	315.550	3.057.546
Skuldir og eigið fé						
Innlán frá lánastofnunum	311.385	23.799	2.471	260	0	337.915
Innlán frá einstaklingum	1.211.370	134.809	63.947	11.284	0	1.421.410
Lántaka	425.589	22.421	234.096	92.648	0	774.754
Fjárskuldir á gangverði	12.148	2.854	12.523	0	33.706	61.231
Víkjandi lán	28.788	2.858	1.180	79.064	0	111.890
Veltufjárskuldir	62.161	0	0	0	0	62.161
Afleiðusamningar vegna áhættuvarna	6.953	0	0	0	0	6.953
Skattskuld	0	0	0	0	8.149	8.149
Óuppgerð verðbréfavíðskipti	0	0	0	0	48.399	48.399
Aðrar skuldir	0	0	0	0	40.679	40.679
Eigið fé	0	0	0	0	184.004	184.004
Samtals skuldir og eigið fé	2.058.394	186.741	314.217	183.256	314.937	3.057.546
Hrein staða innan efnahagsreiknings	(351.897)	238.253	(3.006)	116.038	613	
Hrein staða utan efnahagsreiknings	98.632	11.236	(5.761)	(14.961)	(89.147)	
Vaxtanæmnisbil	(253.265)	249.489	(8.767)	101.077	(88.534)	

4.4 Misræmi í eignum og skuldum (framhald)

Staðan 31. desember 2006	Að 3 mánuðum	3-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Ekki vaxta- berandi	Samtals
Eignir						
Handbært fé og innstæða hjá Seðlabanka	31.669	0	0	0	0	31.669
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	202.425	12.938	254	0	0	215.618
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	966.114	270.116	93.997	108.168	0	1.438.395
Skuldabréf	52.924	74.982	17.981	23.711	0	169.598
Hlutabréf	0	0	0	0	49.328	49.328
Veltufjáreignir á móti framvirkum samningum	245	1.463	9.037	34.838	59.607	105.190
Markaðsafleiður	38.358	0	0	0	0	38.358
Afleiðusamningar vegna áhættuvarna	10.498	0	0	0	0	10.498
Fjárfesting í hlutdeildarfélagum	0	0	0	0	3.837	3.837
Rekstrarfjármunir	0	0	0	0	5.823	5.823
Óefnislegar eignir	0	0	0	0	14.351	14.351
Fastafjármunir og eignasamstæður í sölumeðferð	0	0	0	0	21.349	21.349
Óuppgerð verðbréfavíðskipti	0	0	0	0	36.965	36.965
Aðrar eignir	0	0	0	0	31.944	31.944
Samtals eignir	1.302.234	359.500	121.269	166.717	223.204	2.172.924
Skuldir og eigið fé						
Innlán frá lánastofnunum	131.501	7.808	1.789	8	0	141.105
Innlán frá einstaklingum	602.074	64.857	10.292	5.623	0	682.846
Lántaka	669.750	54.756	221.659	68.810	0	1.014.976
Víkjandi lán	30.621	0	3.839	55.293	0	89.754
Veltufjárskuldir	20.866	0	0	0	0	20.866
Afleiðusamningar vegna áhættuvarna	6.473	0	0	0	0	6.473
Skattskuld	0	0	0	0	6.593	6.593
Skuldir meðal eignasamstæðna í sölumeðferð	0	0	0	0	7.242	7.242
Óuppgerð verðbréfavíðskipti	0	0	0	0	29.987	29.987
Aðrar skuldir	0	0	0	0	23.623	23.623
Eigið fé	0	0	0	0	149.457	149.457
Samtals skuldir og eigið fé	1.461.287	127.421	237.579	129.734	216.902	2.172.924
Hrein staða innan efnahagsreiknings	(159.053)	232.079	(116.310)	36.983	6.302	
Hrein staða utan efnahagsreiknings	59.969	(90.454)	31.553	58.538	(59.607)	
Vaxtanæmnisbil	(99.084)	141.625	(84.757)	95.521	(53.305)	

(b) Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er áhættan sem felst í því að Landsbankinn lendi í erfiðleikum með að afla sér lausafjár til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar á réttum tíma, annað hvort með því að auka skuldir eða umbreyta eignum án þess að verða fyrir verulegu tapi. Því er þörf á að hafa traustan aðgang að nægu lausafé á ófyrirsjáanlegum tímum og að óútreiknanlegu marki til að mæta óvæntri lausafjárbörf. Slíkur aðgangur og í raun lausafjárbörf sem slík, er háð markaðsaðstæðum og öðrum ytri þáttum og hegðun annarra aðila á markaði.

Fjármálanefnd bankans (ALCO) mótast stefnu í lausafjárstýringu, hefur eftirlit með lausafjárstöðu og er ráðgefandi um eigna- og skuldasamsetningu bankans. Markmiðið er að lágmarka sveiflur í lausafjárstöðu og tryggja að bankinn hafi ávallt nægjanlegt aðgengi að fjármagni til að mæta útstreymi vegna skuldbindinga næstu mánaða. Fjárstýring annast lausafjárstýringu bankans og metur áætlað greiðsluflæði fram í tímann í samvinnu við Áhættustýringu.

Markmið samstæðunnar er að lágmarka óstöðugleika í lausafé og tryggja að samstæðan hafi ávallt nægjanlegt aðgengi að fjármagni til að mæta útstreymi vegna skuldbindinga næstu mánaða. Stefna samstæðunnar er að viðhalda lausafjárstöðu þannig að hún geti þolað að minnsta kosti 12 mánaða fjárfurrð að teknu tilliti til varfærni í innlausn eigna (net of haircut), með því að draga saman í rekstri. Lausafjárstýring samstæðunnar er í samstillt náði við skipulag Moody's Bank financial Strength Rating (BFSR).

Bankinn fylgir reglum Seðlabanka Íslands um lausafjárlutfall en þær fela í sér að lágmarkslutfall milli greiðsluflæðis eigna og skulda þarf að vera hærra en 1 fyrir næstu þrjú mánuði. Reglur Seðlabanka Íslands fela meðal annars í sér álagspróf (stress test) þar sem eignir og skuldir eru metnar með því að nota sérstakan stuðul (co-efficient) til að spegla hverslu aðgengilegar umræddar eignir væru ef til kæmi lausafjárfurrð og hversu mikilvægt væri á að endurgreiða vikomandi lán á gjalddaga.

Samstæðan uppfyllir þær kröfur sem bankinn hefur sett sér í stefnu sinni um lausafjárlutfall, sem og lausafjárlutfall í lok ársins. Lausafjárlutfall bankans var 2,23 í árslok 2007 eins og það er reiknað með því að taka tillit til eigna og skulda í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands nr. 317/2006, um lausafjárlutfall.

Eftirfarandi tafla sýnir greiðsluflæði samstæðunnar fyrir fjáreignir og skuldir án afleiða, m.v. samningsbundnar endurgreiðslur. Flokkunin miðast við tímalengd frá dagsetningu efnahagsreiknings. Nema fyrir skuldabréf, veltufjáreignir á móti framvirkum samningum og hlutabréf sem eru flokkuð með væntum eftirstöðvum. Fjárhæðirnar sem fram koma í töflunni sýna samningsbundið ónúvirt greiðsluflæði.

Staðan 31. desember 2007	Að 3 mánuðum	3-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Eignir					
Handbært fé og innstæða hjá Seðlabanka	81.559	0	0	0	81.559
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	147.325	13.098	1.990	898	163.311
Útlán og kröfur á viðskiptavini	430.172	324.428	943.963	705.650	2.404.214
Skuldabréf	362.617	0	0	0	362.617
Hlutabréf	64.407	0	0	0	64.407
Veltufjáreignir á móti framvirkum samningum	176.181	0	0	0	176.181
Óuppgerð verðbréfavíðskipti	58.845	0	0	0	58.845
Samtals eignir	1.321.104	337.526	945.953	706.549	3.311.132
Skuldir					
Innlán frá lánastofnunum	308.412	30.118	3.065	395	341.990
Innlán frá einstaklingum	1.247.884	130.404	40.972	11.283	1.430.543
Lántaka	26.691	88.243	632.225	167.746	914.905
Fjárskuldir á gangverði	411	2.507	26.304	33.706	62.928
Víkjandi lán	0	7.721	27.847	212.322	247.890
Veltufjárskuldir	7.105	0	0	0	7.105
Skattskuld	5.255	2.894	0	0	8.149
Óuppgerð verðbréfavíðskipti	48.399	0	0	0	48.399
Samtals skuldir	1.644.157	261.887	730.413	425.452	3.061.909
Staðan 31. desember 2006					
Eignir					
Handbært fé og innstæða hjá Seðlabanka	31.669	0	0	0	31.669
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	203.574	13.439	71	0	217.085
Útlán og kröfur á viðskiptavini	440.091	230.468	637.645	425.815	1.734.018
Skuldabréf	169.598	0	0	0	169.598
Hlutabréf	49.328	0	0	0	49.328
Veltufjáreignir á móti framvirkum samningum	105.190	0	0	0	105.190
Óuppgerð verðbréfavíðskipti	36.965	0	0	0	36.965
Samtals eignir	1.036.417	243.907	637.716	425.815	2.343.854
Skuldir					
Innlán frá lánastofnunum	130.476	8.239	4.064	8	142.787
Innlán frá einstaklingum	576.071	69.505	38.826	13.299	697.701
Lántaka	83.324	213.066	714.672	160.473	1.171.535
Víkjandi lán	1.532	3.266	29.183	151.177	185.158
Veltufjárskuldir	1.245	0	0	0	1.245
Skattskuld	0	6.593	0	0	6.593
Óuppgert verðbréfavíðskipti	29.987	0	0	0	29.987
Samtals skuldir	822.635	300.669	786.745	324.957	2.235.006

4.5 Greiðsluflæði afleiðna

4.5.1 Afleiður sem gerðar eru upp nettó

Afleiður samstæðunnar sem verða gerðar upp nettó eru eftirfarandi:

Vöruafleiður: Vöruvalréttir

Kredit afleiður: Heildar skiptasamningar

Afleiður vegna eiginfjárgerninga: Framvirkir samningar um eigið fé

Gjaldeyrisafleiður: OTC gjaldeyrissamningar keyptir og seldir

Vaxtaafleiður: Vaxtaskiptasamningar

